

Bahá'u'lláh og nýi tíminn

Kynning á bahá'í trúnni



eftir
J. E. Esslemont

Bahá'u'lláh og nýi tíminn

Bahá'u'lláh og nýi tíminn

Kynning á bahá'í trúnni

eftir

J.E. Esslemont

Eðvarð T. Jónsson

þýddi

Útgefandi:

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI,

Óðinsgata 20, Reykjavík.

Bókin heitir á frummálinu:
BAHÁ'U'LLÁH AND THE NEW ERA
An Introduction to the Bahá'í Faith

Frumútgáfa á Bretlandseyjum 1923
Fyrsta útgáfa á íslensku í þýðingu
Hólmfríðar Árnadóttur 1939
Önnur útgáfa endurbætt 1960
Þriðja útgáfa (ný þýðing) 1978

PDF útgáfa 2020

© á Íslandi:
Andlegt þjóðarráð bahá'ía
— Öll réttindi áskilin —

Kápu teiknaði:
Geoffrey Pettypiece
Setning og prentun (1978):
Prentstofa G. Benediktssonar
Bókband (1978): Arnarfell h.f.

Efnisyfirlit

	Formáli	7
I.	Fagnaðartíðindin	9
II.	Báb: Fyrirrennarinn	19
III.	Bahá'u'lláh: Dýrð Guðs	31
IV.	‘Abdu’l-Bahá: Þjónn Bahá	58
V.	Hvað er bahá'í?	78
VI.	Bænin	95
VII.	Heilsa og lækning	107
VIII.	Trúarleg eining	121
IX.	Sönn siðmenning	138
X.	Leiðin til friðar	161
XI.	Ýmsar kenningar og fyrirmæli	179
XII.	Trú og vísindi	200
XIII.	Uppfylling spádómanna í bahá'í trúnni	215
XIV.	Spádómar Bahá'u'lláh og ‘Abdu’l-Bahá	237
XV.	Fortíð og framtíð	254
	Eftirmáli	281
	Eftirmáli útgefanda	285

Formáli

Eg komst fyrst í kynni við bahá'í kenningarnar í desember 1914, er ég ræddi við nokkra vini, sem hitt höfðu 'Abdu'l-Bahá, og fékk að láni nokkur smárit. Viðfeðmi þessara kenninga, fegurð þeirra og kraftur hrifu mig strax. Mér virtust þær mæta brýnum þörfum nútímans í fyllri og ríkari mæli en nokkur trúarbrögð, sem ég hafði áður kynnst, og frekari kynni af þeim hafa aðeins orðið til þess að styrkja og staðfesta þessa skoðun.

Er ég reyndi að afla mér meiri fræðslu um hreyfinguna, komst ég að raun um, að það var talsverðum vandkvæðum bundið að ná í það lestrarefni, sem ég þurfti á að halda. Brátt fékk ég þá hugmynd að draga saman í bókarformi hið helsta, sem ég hafði lært, til þess að það yrði aðgengilegra fyrir aðra. Þegar samband komst á við Palestínu eftir heimsstyrjöldina, skrifaði ég til 'Abdu'l-Bahá og sendi honum fyrstu níu kafla bókarinnar, sem þá var næstum fullunnin. Ég fékk afar vengjarnlegt og uppörfandi svar og hjartanlegt heimboð til Haifa, og þess var jafnframt óskað að ég tæki allt handritið með mér. Ég þáði boðið með þökkum og varð þeirra miklu forréttinda aðnjótandi að vera gestur 'Abdu'l-Bahá í tvo og hálfan mánuð veturinn 1919–1920. Meðan á heimsókninni stóð ræddi 'Abdu'l-Bahá við mig um bókina við ýmis tæki-

færi. Hann gaf mér margar mikilsverðar ábendingar um endurbætur á henni og lagði til að þegar ég hefði endurskoðað handritið, myndi hann láta þýða það á persnesku til þess að hann gæti lesið það yfir og gert á því endurbætur og leiðréttingar, þar sem nauðsyn krefði. Bókin var því endurskoðuð og þýdd og 'Abdu'l-Bahá gaf sér tíma, þrátt fyrir mikið annríki sitt, til að leiðrétta þrjá og hálfan kafla (kafla I., II., V. og hluta af III.) áður en hann lést. Ég harma það mjög, að 'Abdu'l-Bahá gat ekki lokið leiðréttingu handritsins, þar sem það hefði aukið stórlega gildi bókarinnar. Nefnd á vegum Andlega þjóðarráðsins í Englandi hefur þó endur-skoðað bókina kostgæfilega og Ráðið gefið samþykki sitt til útgáfunnar.

J.E. Esslemont

Fagnaðartíðindin

„Sá, sem öllum þjóðum heims var heitið, er kominn. Allar þjóðir og öll samfélög hafa beðið eftir opinberun, og Hann, Bahá'u'lláh, er mesti kennari og uppfræðari mannkynsins.“ – ‘Abdu'l-Bahá.

Mesti viðburður veraldarsögunnar

Ef menn kynna sér þróun mannsins, eins og hún er skráð á spjöld sögunnar, verður þeim ljóst að aflvakar allra mannglegra framfara eru þeir einstaklingar, sem koma fram öðru hvoru og hefja sig yfir viðteknar hugmyndir sinna tíma og uppgötva og boða sannleika, sem mannkynið hafði ekki áður þekkt. Uppfinningamaðurinn, brautryðjandinn, snillingurinn, spámaðurinn – þetta eru mennirnir, sem umsköpun heimsins hvílir fyrst og fremst á. Carlyle segir:

„Auðsæ sannindi, mjög auðsæ að okkur virðist, eru þau, að maður, sem gæddur er æðri visku, sem eignast hefur áður óþekkt sannindi, er ekki aðeins máttugri en tíu menn, sem ekki þekkja þau, eða tíu þúsund, heldur er hann máttugri en allir menn; á meðal þeirra stendur hann gæddur himnesku valdi ljósvakans, líkt og hann hefði í höndum sér sverð úr vopnabúri himinsins sjálfs, sem engin herklæði eða vígturn stenst til lengdar.“ – (Sign of the Times).

Við finnum fjölda mörg dæmi um þennan sannleika í sögu vísindanna, tónlistarinnar og annarra lista, en hvergi verður okkur gífurleg þýðing mikilmennisins og boðskapar hans ljósari en í trúarbrögðunum. Hinn dásamlegasti og leyndardómsfyllsti allra manna, spámaðurinn, hefur í aldanna rás komið fram á tímum, er andlegu lífi manna hefur hrörnað og siðir þeirra spillst. Einn gegn heiminum, án nokkurs, sem gæti frætt hann, leiðbeint honum, skilið hann til fulls eða deilt með honum ábyrgð hans, rís hann upp eins og sjáandi meðal blindra til að kunngera guðspjall réttlætis og sannleika.

Nokkra meðal spámanna ber hæst. Með nokkurra alda millibili birtist mikill guðlegur opinberandi – Krishna, Sarapústra, Móses, Jesús, Múhammed – í austrinu, eins og andleg sól, til þess að lýsa upp myrkvaða hugi mannanna og vekja sálir þeirra af svefni. Hver svo sem skoðun okkar er á mikilleika þessara trúarbragðahöfunda hvers um sig, verðum við að játa, að þeir hafa átt drýgstan þátt í uppfræðslu mannkynsins. Þessir spámenn lýsa því yfir einróma, að orðin, sem þeir mæla, komi ekki frá þeim sjálfum, heldur séu þeir farvegir opinberunar og flytji guðlegan boðskap. Í skráðum ummælum þeirra úir og grúir af fyrirheitum og loforðum um mikinn heimsfræðara, sem birtast muni „í fyllingu tímans“ til þess að halda áfram starfi þeirra og fullkomna það; heimsfræðara, sem stofna muni ríki friðar og réttlætis á jörðunni og gera alla kynþætti, trúarbrögð, þjóðir og ættkvíslir að einni fjölskyldu, svo að það megi verða „ein hjörð og einn hirðir“, og allir „frá hinum lægsta til hins hæsta“ megi þekkja og elska Guð.

Vissulega hlýtur koma þessa mannkynsfræðara, er hann birtist, að vera mesti viðburður veraldarsögunnar á síðari tímum. *Og bahá'í hreyfingin kunngerir heiminum þau fagnadartíðindi, að þessi Fræðari hafi í rauninni birst, að opinberun hans hafi verið flutt og skráð og sérhver, sem leitar af alvöru, geti rannsakað hana, að „dagur Drottins“ sé þegar runninn og „sól réttlætisins“ sé komin á loft. Og samt hafa aðeins fáeinir*

á fjallatindunum eygt þennan dýrlega hnött, en geislar hans lýsa þegar upp himin og jörð og áður en langt um líður mun hann rísa fjöllum ofar og skína af fullum styrk á sléttur og dali, veitandi öllum líf og leiðsögn.

Hverfull heimur

Það er öllum ljóst, að gamli tíminn háði dauðastríð sitt á síðustu öld og fyrri hluta þessarar aldar¹ og fæðingarhríðir nýja tímans hófust í heiminum. Hinar gömlu meginreglur efnishyggu og eiginhagsmuna, gamlir hleypidómar og úlfúð flokkadrátta og föðurlandsástar, eru að líða undir lok með skömm í rústunum, sem eftir þær standa, og í öllum löndum sjáum við merki um nýjan anda trúar, bræðralags, alþjóðahyggu, sem er að sprengja af sér hina gömlu fjötra og virðir einskis gömul landamæri. Byltingarkenndar breytingar, meiri en þekkt hafa nokkru sinni fyrr, hafa orðið á öllum sviðum mannlegra athafna. Gamla tímabilið er ekki úr sögunni ennþá. Það heyrir baráttu upp á líf og dauða við hið nýja. Illræðin eru margvísleg, mögnuð og ægiprungin, en verið er að afhjúpa þau, kanna þau og takast á við þau af nýrri djörfung og von. Skýin eru mörg, mikilúðleg og ógnandi, en ljósið brýst í gegn og lýsir upp braut framfara og birtir tálmana og torfærurnar, sem loka veginum fram á við.

Öðru máli gegndi um átjándu öldina. Þá komst tæpast nokkur geisli í gegnum það andlega og siðferðilega myrkur, sem grúfði yfir heiminum. Það var eins og dimmasta næturstundin rétt fyrir dögun, þegar þeir fáu lampar og kerti, sem enn lifir á, magna aðeins myrkrið í kring. Í bók sinni „Friðrik mikli“ skrifar Carlyle þannig um átjándu öldina:

„Öld, sem enga sögu hefur og getur tæpast nokkra haft. Öld, sem var spilltari af falsi en nokkur önnur öld – sem var sér ekki fláræðis síns lengur meðvitandi, svo fólksk var hún orðin og falsinu samdauna og svo rótspilt af því, að mælirinn var fullur

1 Þessi bók er skrifuð skömmu eftir fyrri heimsstyrjöldina.

og franska byltingin varð að binda endi á hana . . . Mjög viðeigandi endalok fyrir slíka öld, að mér finnst, og er þakklátur fyrir . . . Því að einu sinni enn var hinum harðbrjósta og gálausu mannanna börnum þörf á guðlegri opinberun, ef þeirra átti ekki að bíða ástand engu betra en apanna.“ – Friðrik mikli. I. bók, 1. kafli.

Í samanburði við átjándu öldina er nútíminn eins og dagrenning eftir myrkur eða vor eftir vetur. Heimurinn iðar af nýju lífi, svellur af nýjum hugsjónum og vonum. Það sem fyrir fáeinum árum virtust óframkvæmanlegir draumórar, er nú orðið að veruleika. Annað, sem virtist eiga mjög langt í land, hefur nú verið nýtt í almenningsþágu. Við fljúgum í loftinu og siglum neðansjávar. Við sendum skeyti í kringum hnöttinn með eldingarhraða. Á nokkrum áratugum höfum við orðið vitni að kraftaverkum, sem of langt yrði upp að telja.

Sól réttlætisins

Hvað veldur þessari skyndilegu vakningu um allan heim? Bahá'íar trúa því, að hún sé að þakka mikilli úthellingu Heilags Anda í spámanninum Bahá'u'lláh, sem fæddist í Persíu árið 1817 og lést í Landinu helga árið 1892.

Bahá'u'lláh kenndi að spámaðurinn eða „birting Guðs“ sé ljósgjafi hins andlega heims á sama hátt og sólin er ljósgjafi hins jarðneska heims. Hin efnislega sól skín á jörðina og lætur efnislegar lífverur vaxa og þroskast, og á sama hátt skín sól sannleikans í birtingu Guðs á heim hjartans og sálarinnar og upplýsir hugsanir, siðgæði og skapgerð manna. Og líkt og geislar efnislegu sólarinnar hafa áhrif, sem ná til dimmustu og skuggalegustu afkima heimsins, og veita jafnvel þeim skepnum sem aldrei hafa séð sólina, birtu og yl, þannig hefur úthelling Heilags Anda í gegnum opinberanda Guðs áhrif á líf allra manna og innblæs næma hugi jafnvel á stöðum og meðal þjóða, þar sem nafn spámannsins er óþekkt með öllu. Koma birtingarinnar er eins og vorkoman. Hún er upp-

risudagurinn, þegar hinir andlega dauðu eru reistir upp til nýs lífs, þegar veruleiki hinna guðlegu trúarbragða er endurnýjaður og staðfestur að nýju, þegar „nýir himnar og ný jörð“ birtast.

En í heimi náttúrunnar veldur vorið ekki aðeins þroska og vekur líf, heldur eyðileggur það og fjarlægir hið gamla og gagnslausa; því að sama sólin, sem lætur blómin springa út og trén bruma, veldur einnig rotnun og upplausn þess, sem er dautt og gagnslaut; hún þíðir ísinn og bræðir vetrarsnjóinn og leysir úr læðingi flóð og storma, sem hreinsa og skíra jörðina. Þannig er það einnig í andlega heiminum. Andlega sólskinið veldur samskonar umbyltingu og breytingu. Því er það, að upprisudagurinn er einnig dagur dómsins þegar venjum og hugmyndum er varpað fyrir róða, þegar snjórinn og ísinn, sem hrannaðist saman um veturinn, bráðnar og ummyndast, og orkan, sem var njörvuð í viðjum frostsins, leysist og flæðir yfir heiminn og endurnýjar hann.

Boðför Bahá'u'lláh

Bahá'u'lláh lýsti því yfir, skýrt og ítrekað, að hann væri hinn langbráði fræðari og kennari allra þjóða, farvegur undursamlegrar náðar, sem öll fyrri trúarbragðaform mundu sameinast í, líkt og fljótin sameinast í hafinu. Hann lagði traustan grundvöll að einingu um allan heim og hornsteininn að þeirri dýrlegu friðaröld á jörðu og góðvild meðal manna, sem spámennirnir hafa talað um og skáldin lofsungið.

Leit að sannleikanum, eining mannkyns, eining trúarbragðanna, kynþáttanna, þjóðanna, austurs og vesturs, sættir trúar og vísinda, útpurkun fordóma og hjátrúar, jafnrétti karla og kvenna, grundvöllun friðar og réttlætis, stofnun alþjóðlegs dómstóls, sameining tungumálanna, skyldu-menntun – þessar og margar aðrar kenningar þeim líkar, voru opinberaðar af penna Bahá'u'lláh á síðari hluta níttjándu aldar í ótölulegum bókum og pistlum, en margir þeirra voru stílaðir til konunga og stjórnenda jarðarinnar.

Boðskapur hans, einstæður að víðfeðmi og djúpum skilningi, er í dásamlegu samræmi við tákn og þarfir tímanna. Aldrei hefur mannkynið horfst í augu við jafn flókin og tröllaukin vandamál og nú. Aldrei hafa tillögurnar um lausn þeirra verið jafn margar og mótsagnakenndar. Líkast til hefur eftirvæntingin eftir slíkum fræðara aldrei verið jafn einlæg og almenn.

Spádómar rætast

‘Abdu’l-Bahá ritar:

„Þegar Kristur birtist fyrir tuttugu öldum afneituðu gyðingar honum, þótt þeir hefðu beðið komu hans með ópreyju og tárfeðlandi beðið svofelldrar bænar: „Ó Guð, flýtt komu Messíasar,“ en þegar sól sannleikans rann upp risu þeir gegn honum með miklum fjandskap og loks krossfestu þeir þennan himneska anda, orð Guðs, og nefndu hann Belsebub, hinn illa, eins og ritað stendur í guðspjallinu. Ástæðan fyrir þessu var sú, að þeir sögðu: „Samkvæmt skýrum texta Gamla testamentisins munu birtingu Krists fylgja viss tákn og meðan þessi tákn koma ekki fram, þá er hver sá svikari, sem lýsir því yfir að hann sé Messías. Eitt þessara tákna er að Messías skuli koma frá óþekktum stað, samt þekkjum við allir bústað þessa manns í Nazaret og getur nokkuð gott komið frá Nazaret? Annað tákn er, að hann skuli stjórna með járnstaf, þ.e. að hann skuli beita sverði, en þessi Messías á ekki einu sinni tréstaf. Enn eitt þessara tákna og skilyrða er þetta: Hann verður að sitja í hásæti Davíðs og grundvalla ríki Davíðs. Þessi maður er svo fjarri því að sitja í hásæti, að hann á ekki einu sinni mottu til að sitja á. Annað þessara skilyrða er, að hann útbreiði lög Gamla testamentisins; samt hefur þessi maður numið þessi lög úr gildi, hann hefur jafnvel brotið lögmál hvíldardagsins, þótt skýr texti Gamla testamentisins segi, að hver sá sem segist vera spámaður og gerir kraftaverk og brjóti lögmál hvíldardagsins, hann skuli taka af lífi. Eitt tákna er, að á ríkisstjórnardögum hans muni réttlætið hafa vaxið svo, að réttvísinn og velgjörðirnar muni ná jafnvel til dýraríkisins – höggormurinn og músinn munu dvelja í sömu holu, örninn og dúfan í einu hreiðri, ljónið og lambið í

sama haga og úlfurinn og kiðið munu drekka úr sömu lind. Samt hefur óréttlætið og harðýðgin vaxið svo á hans dögum að þeir hafa krossfest hann! Eitt skilyrðanna er það, að á dögum Messíasar muni gyðingar verða blómleg þjóð og hrósa sigri yfir öllum þjóðum heims; en nú búa þeir við hina mestu niðurlægingu og þrælkun í Rómaveldi. Hvernig getur þá þessi maður verið Messías, sem heitið var í Gamla testamentinu?“

Slíkar voru mótbárur þeirra gegn sól sannleikans, þótt þessi Andi Guðs væri vissulega hinn fyrirheitni Gamla testamentisins. En þar sem þeir skildu ekki merkingu þessara tákna, krossfestu þeir orð Guðs. Nú halda bahá'íar því fram, að hin skráðu tákn hafi komið fram í birtingu Krists; þó ekki í þeim skilningi sem gyðingar lögðu í þau, þar sem orð Gamla testamentisins eru táknræn. Meðal þeirra er tákn um herradóm. Því að bahá'íar segja, að herradómur Krists hafi verið himneskur, guðdómlegur, eilífur herradómur, en ekki af sama tagi og herradómur Napóleons, sem hvarf eftir skamman tíma. Í nær tvö þúsund ár hefur þessi herradómur Krists staðið og stendur enn og um alla eilífið mun þessi heilaga vera sitja í eilífu hásæti.

Á sama hátt hafa öll hin táknin komið fram, en gyðingar skildu það ekki. Þótt nær tuttugu aldir hafi liðið síðan Kristur birtist með himneskri dýrð, bíða gyðingar enn komu Messíasar og telja sig gera rétt, en segja Krist vera svikara.“ – Ritað af 'Abdu'l-Bahá til birtingar í þessari bók.

Ef gyðingar hefðu snúið sér til Krists, þá hefði hann útskýrt fyrir þeim sanna merkingu þeirra spádóma, sem vörðudu hann sjálfan. Við skulum læra af þeirra dæmi og athuga hvað Bahá'u'lláh sjálfur hefur ritað varðandi túlkun þeirra áður en við fellum þann dóm, að spádómarnir um birtingu fræðara hinna síðustu tíma hafi ekki ræst, því að óneitanlega eru margir spádómanna, „innsiglið“ orð, og hinn sanni fræðari er sjálfur hinn eini, sem getur rofið innsiglið og afhjúpað raunverulega merkingu þess, sem felst í umbúðum orðanna.

Bahá'u'lláh hefur ritað margt til að skýra forna spádóma, en hann færir ekki sönnur á spámannshlutverk sitt með stuðningi þeirra. Fyrir alla, sem geta skynjað, er sólin sín

eigin sönnun. Er hún kemur upp, þurfum við enga gamla spádóma til að sannfæra okkur um að hún skíni. Þannig er það einnig með birtingu Guðs, þegar hún kemur fram. Þótt allir fyrri spádómar hyrfu í gleysku, væri hún samt nægur og ríkulegur vitnisburður um eigið sannleiksgildi öllum þeim, sem halda andlegum skilningarvitum sínum opnum.

Sannanirnar fyrir spámannshlutverkinu

Bahá'u'lláh bað engan að viðurkenna yfirlýsingar sínar og tákn í blindni. Þvert á móti brýndi hann rækilega fyrir mönnum í kenningum sínum að aðhyllast ekki myndugleika í blindni og hvatti alla til að opna augu sín og eyru og nota sína eigin dómgreind, sjálfstætt og óttalaust, til að ganga úr skugga um sannleikann. Hann hvatti til ýtarlegustu rann-sóknar og reyndi aldrei að dyljast. Hann lét í té, sem fyllsta vitnisburðinn um spámannshlutverk sitt, orð sín og verk og ummyndandi áhrif þeirra á líf og skapgerð manna. Próf-steinarnir, sem hann benti á, voru þeir sömu og hinir miklu fyrirrennarar hans höfðu bent á. Móse sagði:

„Þegar spámaður talar í nafni Drottins og það rætist eigi né kemur fram, þá er það orð, sem Drottinn hefur eigi talað; af ofdirfsku sinni hefur spámaðurinn talað það; þú þarft ekki að hræðast hann.“ 5. Mósebók, 18, 22. v.

Kristur benti jafn skýrt á sama prófstein og vísaði til hans sem sönnunar fyrir því tilkalli, sem hann sjálfur gerði. hann sagði:

„Gætið yðar fyrir falsspámönnunum, er koma til yðar í sauðaklæðum, en eru hið innra glefsandi vargar; af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá. Hvort geta menn lesið vínber af þyrnum eða fíkjur af þistlum. Þannig ber sérhver gott tré góða ávöxtu, en skemmt tré ber vonda ávöxtu . . . Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.“ – Matt. VII. 15.–20. v.

Í eftirfarandi köflum munum við reyna að sýna hvort

tilkall Bahá'u'lláh til spámannshlutverksins standist eða falli um sjálft sig, þegar þessum prófsteinum er beitt, hvort það, sem hann hefur talað, hefur ræst og komið fram og hvort ávextir hans hafa verið góðir eða vondir; með öðrum orðum, hvort spádómar hans hafa ræst og fyrirmælum hans verið framfylgt, og hvort lífsstarf hans hefur stuðlað að menntun og framförum mannkynsins og siðferðisumbótum, eða hinu gagnstæða.

Erfiðleikar við rannsókn

Auðvitað mæta erfiðleikar þeim, sem reyna að komast að sannleikanum um þennan málstað. Bahá'í trúin hefur, eins og allar miklar siðferðilegar og andlegar umbótastefnur, verið stórlega rangfærð. Bæði vinir og óvinir eru fullkomlega sammála um hinar hræðilegu ofsóknir á hendur Bahá'u'lláh og fylgjendum hans og þjáningar þeirra. En yfirlýsingar átrúendanna og frásagnir andstæðinganna greinir þó mjög á um gildi hreyfingarinnar og eðlisgerð stofnenda hennar. Það er nákvæmlega eins og á tímum Krists. Sagnritarar, hvort sem þeir eru kristnir eða gyðingar, eru sammála um krossfestingu Krists og ofsóknir og píslarvætti fylgjenda hans, en átrúendurnir segja að Kristur hafi uppfyllt og þróað kenningar Móse og spámannanna, þar sem andstæðingar þeirra lýsa því aftur á móti yfir, að hann hafi brotið lögin og fyrirmælin og hafi átt dauðadóminn skilið.

Í trúarbrögðum, sem í vísindum, opinberast leyndardómur sannleikans aðeins hinum auðmjúka og lotningarfulla leitanda, sem reiðubúinn er að leggja til hliðar hverskonar forðoma og hjátrú – að selja allt sem hann á til þess að geta keypt „eina dýrmæta perlu.“ Til þess að skilja til fulls þýðingu bahá'í trúarinnar verðum við að hefja rannsókn á henni í anda einlægrar og sjálflausrar sannleiksástar, sýna þrautseigju á vegi leitarinnar og treysta á guðlega leiðsögn. Í ritum stofnenda hennar munum við finna lykilinn að leyndardómum þessarar miklu andlegu vakningar og endanlegan mælikvarða á gildi hennar. En því miður verða hindranir á

vegi þess leitanda, sem ekki skilur persnesku og arabísku, en á þeim málum eru kenningarnar ritaðar. Aðeins lítið brot ritninganna hefur verið þýtt á ensku og mörgum þýðingum, sem hafa birst, er mjög ábótavant bæði hvað varðar nákvæmni og stíl. En þótt sögulegar frásagnir og þýðingar séu ófullkomnar og ófullnægjandi standa hin miklu grundvallarsannindi, sem mynda heilsteypa og trausta undirstöðu þessa málstaðar, eins og fjöll upp úr þoku óvissunnar.¹

Tilgangur bókarinnar

Í eftirfarandi köflum verður leitast við að setja fram, að svo miklu leyti sem það er unnt, með sanngirni og fordóma-laust, meginatriðin í sögu og þó sérstaklega kenningum Bahá'í málstaðarins, til þess að lesendum verði kleift að mynda sér skynsamlega skoðun á mikilvægi þeirra, og leiðist ef til vill til þess að kafa dýpra í þessi efni.

Þótt leitin að sannleikanum sé mikilvæg, er hún þó ekki eini tilgangur og markmið lífsins. Sannleikurinn er ekki dauður hlutur, sem settur er á fornminjasafn, er hann finnst, merktur, flokkaður, skráður, sýndur og síðan látinn eiga sig, þurr og ófrjór. Hann er lifandi og verður að skjóta rótum í hjörtum mannanna og bera ávexti í lífi þeirra áður en þeir uppskera fullt endurgjald leitar sinnar.

Hið raunverulega markmið með útbreiðslu þekkingar á spámannlegri opinberun er, að þeir, sem sannfærast um sannleiksgildi hennar, geti byrjað að sýna meginreglur hennar í verki, „lifað lífinu“ og útbreitt fagnaðartíðindin og þannig flýtt fyrir komu þess blessaða dags, er vilji Guðs verður svo á jörðu sem á himni.

¹ Nú eru til óviðjafnanlegar þýðinga Shoghi Effendi á ritningum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá úr persnesku og arabísku. Þær ásamt umtalsverðum ritum frá hans eigin penna um sögu trúarinnar, greinargerðum fyrir grundvallarsannindum hennar og mótun stjórnskipulags hennar, gera verkefni nútíma leitanda miklum mun auðveldara en það var á tímum dr. Esslemont.

Báb: Fyrirrennarinn

„Sannlega hefur kúgarinn ráðið af dögum Ástmögur veraldanna í þeim tilgangi að slökkva ljós Guðs meðal skepna hans og halda mannkyninu fjarri elfu himnesks lífs á dögum Drottins hans, hins náðuga, hins örláta.“ – Bahá'u'lláh, Konungataflan.

Fæðingarstaður nýju opinberunarinnar

Persía, fæðingarstaður bahá'í opinberunarinnar, hefur einstaðan sess í veraldarsögunni. Á fyrri frægðardögum sínum var þessi þjóð sannkölluð drottning meðal þjóða, skaraði fram úr að menningu, valdi og glæsileika. Hún gaf heiminum mikla konunga og stjórnámálamenn, spámenn og skáld, heimspekinga og listamenn. Sarapústra, Kýros og Daríus, Hafiz og Firdawsí, Sa'dí og 'Umar Khayyám eru einungis fáeinir af mörgum frægum sonum hennar. Iðnaðarmenn hennar báru af öðrum að listfengi; gólfteppi hennar áttu ekki sína líka, stálblöð hennar tóku öðrum fram, leirker hennar voru heimsfræg. Hvarvetna í Mið-Austurlöndum og Austurlöndum nær skildi hún eftir minjar um fyrri frama.

Þrátt fyrir þetta hafði hún á átjándu og níttjándu öld sokkið í hörmulegt niðurlægingarástand. Forn dýrð hennar virtist glötuð fyrir fullt og allt. Stjórn hennar var spillt og í örvæntingarfullri fjárþröng; sumir stjórnenda hennar voru vit-

grannir, aðrir grimmdarseggir. Prestar hennar voru kreddu-fullir og einstrengingslegir, fólkið fáfrótt og hjátrúarfullt. Flestir tilheyrðu shí'ih sértrúarflokki¹ moslema, en einnig voru allmargir sarapústratrúar, gyðingar eða kristnir, í margháttaðri andstöðu hverjir við aðra. Allir töldu sig fylgja guðdómlegum kennurum, sem hvöttu þá til þess að tilbiðja einn Guð og lifa saman í ást og einingu, samt forðuðust þeir, fyrirlitu og hunsuðu hverjir aðra og sérhver trúflokkur leit á hina sem óhreina, eins og hunda og heiðingja. Menn ástunduðu bölbænir og formælingar á óttalegan hátt. Það var hættulegt fyrir gyðing eða sarapústrasinna að ganga á götunni á votviðrisdegi, því ef blaut fót hans snertu moslem, var mosleminn saurgaður, og hinn gat þurft að gjalda fyrir brot sitt með lífi sínu. Ef moslem þáði peninga af gyðingi, sarapústrasinna eða kristnum manni, varð hann að þvo þá áður en hann gat stungið þeim í vasann. Sæi gyðingur barn sitt gefa vesælum beiningamanni af trú Múhammeds glas af vatni sló hann gjarnan glasið úr hendi þess, því bölbænir fremur en vinsemd skyldu vera hlutskipti trúvillinganna! Moslemar skiptust sjálfir í marga sértrúarflokka, sem áttu í hörðum og grimmilegum deilum sín á milli. Sarapústrasinnar tóku ekki mikinn þátt í þessum gagnkvæmu ásökunum, heldur lifðu í samfélögum út af fyrir sig og neituðu að hafa samneyti við þá samlanda sína, sem játuðu önnur trú-arbrögð.

Þjóðfélagsmálin voru í jafn vonlausri hnignun og trúmál-in. Uppfræðsla var vanrækt. Litið var á vestræn vísindi og listir sem óhrein fyrirbæri í andstöðu við trúna. Réttvísir var skrumskæld. Rán og stuldir voru daglegir viðburðir. Vegirnir voru slæmir og hættulegir yfirferðar. Skelfilegir gallar voru á skipulagi heilbrigðismála.

En, þrátt fyrir allt þetta, var kertalog hins andlega lífs ekki

1 Eftir dauða Múhammeds klofnaði islam í tvær meginfylkingar, shí'ih og sunní. Shí'ihar staðhæfa, að 'Alí, tengdasonur Múhammeds, hafi verið fyrsti lögmæti arf-taki spámannsins, og að einungis afkomendur hans séu hinir réttmætu kalífar.

útkulnað í Persíu. Hér og þar, mitt í ríkjandi heimsbyggju og hjátrú, var enn hægt að finna nokkrar heilagar sálir og margur maðurinnól í brjósti sér þrá eftir Guði, eins og Símon og Anna áður en Jesús birtist. Margir biðu óþreyjufullir eftir komu hins fyrirheitna boðbera Guðs og voru þess fullvissir að hún væri í nánd. Þannig var málum komið í Persíu, þegar Bábin, dagboði nýs tíma, kom allri þjóðinni í uppnám með boðskap sínum.

Uppvaxtarár

Mírza 'Alí Muhammed, sem síðar tók sér titilinn Báb (þ.e. Hlið), fæddist í Shíráz í Suður-Persíu, 20. október, 1819 e.K. Hann var siyyid, það er að segja afkomandi Múhammeds spámanns. Faðir hans, velþekktur kaupmaður, dó skömmu eftir fæðingu hans, og var honum þá komið í fóstur hjá móðurbróður sínum, sem var kaupmaður í Shíráz. Í bernsku lærði hann lestur og þau undirstöðufræði, sem venja var að kenna börnum. Fimmtán ára gamall gerðist hann kaup-sýslumaður, fyrst með fóstura sínum og síðan öðrum frænda, sem bjó í Búshírh á ströndum Persaflóa.

Í æsku vakti hann eftirtekt sakir mikils fríðleika og yndisþokka og einnig sakir framúrskarandi guðrækni og lyndisgöfgi. Hann stundaði bænagjörð, föstu og önnur fyrir-mæli íslam af óbifanlegri festu og hlýddi ekki aðeins bók-stafnum heldur lifði í anda kenninga spámannsins. Hann kvæntist, þegar hann var tuttugu og tveggja ára gamall. Honum fæddist einn sonur, sem dó í bernsku á fyrsta ári boðunarferils Bábsins.

Yfirlýsingin

Er hann varð tuttugu og fimm ára gamall lýsti hann því yfir samkvæmt guðlegri fyrirskipun að „Guð, hinn upphafni, hefði útvalið hann í stöðu Bábs (Hliðs). Í bókinni „A Traveller's Narrative“¹ lesum við:

1 „A Traveller's Narrative Written to Illustrate the Episode of the Báb,“ E.G. Browne ritaði formálann.

„Það sem hann átti við með orðinu „Báb“ var þetta: hann væri farvegur náðar einhverrar mikillar veru, sem enn væri hulin slæðu dýrðarinnar; sem gædd væri ótölulegum og takmarkalausum fullkomnunum; að hann lifði og hrærðist sakir vilja hennar og héldi fast við bönd ástar hennar.“ – (Episode of the Báb, bls. 3).

Á þessum dögum var trú á aðsteðjandi birtingu guðlegs boðbera sérstaklega ríkjandi meðal sértrúarflokks, sem nefndist shaykhís, og það var virtum guðsmanni af þessum sértrúarflokki, Mullá Husayn-i-Bushrú'í, sem Bábin kynnti fyrst köllun sína. Nákvæm dagsetning þessarar tilkynningar er gefin í einu af ritum Bábsins, Bayán, en hún átti sér stað tveimur klukkustundum og ellefu mínútum eftir sólsetur á fimmta degi mánaðarins Jamádíyu'l-Avval, 1260 A.H.¹ (þ.e. 23. maí, 1844 e.K.) 'Abdu'l-Bahá fæddist þessa sömu nótt, en ekki er vitað með vissu á hvaða stundu. Eftir nokkurra daga rækilega könnun og íhugun sannfærðist Mullá Husayn um það, að boðberinn, sem shí'íar höfðu lengi beðið eftir, væri að sönnu kominn. Nokkrir vina hans tóku brátt þátt í ákafri hrifningu hans yfir þessari uppgötvun. Áður en langt um leið hafði meirihluti shaykhía viðurkennt Bábin og urðu þekktir sem bábíar; og brátt barst frægð hins unga spámanns um allt landið eins og eldur í sinu.

Útbreiðsla bábí-breyfingarinnar

Átján fyrstu lærisveinar Bábsins (hann var sjálfur hinn nítjándi) urðu þekktir undir heitinu „bókstafir hins Lifandi“. Hann sendi þessa lærisveina til ýmissa staða í Persíu og Turkistán til að flytja fregnina um komu sína. Sjálfur lagði hann af stað í pílagrímsför til Mekka og kom þangað í desember 1844 og lýsti þar opinskátt yfir köllun sinni. Er hann sneri aftur til Búshíhr olli yfirlýsingin um köllun hans miklu

¹ A.H. –Anno Hejirae– á ári Hijrat (þ.e. árið, sem Múhammed flúði frá Mekka til Medína, 622 e. Kr.)

uppnámi. Eldleg mælska hans, furðuverk hinna skjótrituðu og innblásnu rita hans, frábær viska hans og þekking, hugrekki hans og eldmóður sem endurbótamanns, vöktu hina mestu hrifningu fylgismanna hans og í sama mæli ótta og andúð rétttrúaðra moslema. Hinir skriftlærðu shí'íar forðæmdu hann með miklu offorsi og töldu ríkisstjórnann í Fárs, Husayn Khán, ofstækisfullan og harðúðugan stjórnanda, á að taka að sér að bæla niður þessa nýju trúvillu. Þá hófst fyrir Bábinnt langt tímabil fangelsana, nauðungarflutninga, yfirheyrslna fyrir dómstólum, húðstrýkinga og svívirðinga, sem lauk með þíslarvætti hans 1850.

Tilkall Bábsins

Fjandskapurinn, sem tilkallið til Báb-dæmis vakti, tvöfaldaðist, þegar hinn ungi umbótamaður steig skrefi lengra og lýsti því yfir að hann væri sjálfur Mihdí (Mahdi), sem Múhammed hafði spáð að koma mundi. Shí'íar héldu því fram, að Mihdí væri tólfti Imáminn,¹ sem þeir trúðu að hefði horfið á leyndardómsfullan hátt fyrir u.þ.b. þúsund árum. Þeir trúðu því að hann væri enn á lífi og mundi birtast aftur í sama líkama og áður; og þeir túlkuðu spádómana um herradóm hans og dýrð, sigra hans og þau „tákn“, sem fylgja áttu komu hans, á bókstaflegan hátt eins og gyðingar höfðu túlkað samskonar spádóma um Messías. Þeir álitu, að hann mundi birtast með jarðneskum yfirráðum og miklum her og lýsa yfir köllun sinni, að hann mundi vekja upp og endurlífga hina dauðu og svo framvegis. Þar sem þessi tákn fylgdu ekki komu Bábsins, afneituðu þeir honum með sömu heiftúðugu fyrirritningunni og gyðingar sýndu Jesú. Bábíar túlkuðu

1 Imám shí'ihanna er hinn guðlega áformaði arftaki spámannsins, sem hinir trúðu verða allir að hlýða. Ellefu menn höfðu þetta embætti á hendi, hver fram af öðrum, og hinn fyrsti var 'Alí, frændi og tengdasonur Múhammeds. Allur þorri shí'íha trúir því að tólfti Imáminn, sem þeir nefndu Imám Mihdí, hafi á barnsaldri horfið niður í neðanjarðargöng árið 329 A.H., og að hann muni í fyllingu tímans koma fram til að kollvarpa trúvillingunum og stofnsetja ríki blessunar á jörðu.

hinsvegar marga spádómana á táknrænan hátt. Þeir litu á yfirráð hins Fyrirheitna eins og á yfirráð „harmkvælamannsins“ frá Nazaret, þ.e. að þau væru ekki af þessum heimi. Þeir töldu að dýrð hans væri andleg, ekki jarðnesk; sigrar hans væru sigrar yfir hjörðum mannanna; og þeir fundu gnægð sannana fyrir tilkalli Bábsins í dásamlegu lífi hans og kenningum, óbifanlegri trú hans, ósigrandi staðfestu og í valdi hans til að reisa upp til nýs andlegs lífs þá, sem lágu í gröfum fáfræði og villu.

Er Bábin hafði gert tilkallið til Mihdí-dæmis, lét hann þó ekki staðar numið. Hann tók sér hina helgu nafnbót „Nuqtíy-i-úlá“ eða „Frumpunktur“. Þetta var nafnbót, sem fylgjendur Múhammeds sjálfs höfðu gefið honum. Jafnvel Ímámarnir voru skör lægra settir en „Punkturinn“ og fengu innblástur sinn og myndugleika frá honum. Er Bábin tók sér þessa nafnbót, gerði hann, líkt og Múhammed, tilkall til þess að heyra til hinum miklu trúarbragðahöfundum. Það var einmitt af þessari ástæðu sem shí'íar litu á hann sem trúniðing, líkt og litið hafði verið á Móses og Jesú sem trúniðinga á undan honum. Hann kunngerði jafnvel nýtt tímatal, innleiddi sólarárið á nýjan leik, og lét hinn nýja tíma hefjast sama árið og hann kunngerði köllun sína.

Ofsóknir aukast

Tilraunir til að bæla niður Bábin og kenningar hans urðu æ miskunnarlausari og ákveðnari, þegar í ljós kom að menn af öllum stigum, ríkir og fátækir, lærðir og fáfróðir, urðu hugfangnir af kenningum hans. Hús voru rænd og eyðilögð. Konur voru teknar og fluttar á brott. Mikill fjöldi átrúendanna var líflátinn í Teheran, Fárs, Mázindarán og annarsstaðar. Margir voru hálshöggðir, hengdir, skotið úr fallbyssum, brenndir eða brytjaðir niður. Þrátt fyrir allar tilraunir til kúgunar urðu átrúendurnir vissari í sinni sök, því að á þennan hátt rättust margir spádómanna um komu Mihdí bókstaflega. Þannig lesum við í arfsögn, sem Jábír skráði og shí'íar telja áreiðanlega:

Í honum verður fullkomnun Móse, dýrmæti Jesú, þolgæði Jobs. Dýrlingar hans verða niðurlægðir á tímum hans, og menn munu senda hver öðrum höfuð þeirra að gjöf, líkt og þeir nú senda hver öðrum höfuðin af Tyrkjum og Deylamítum. Þeir munu verða líflátnir og brenndir og verða hræddir, óttaslegnir og lostnir skelfingu. Jörðin mun litast af blóði þeirra og konur þeirra kveina hástöfum; þessir eru að sönnu dýrlingar mínir.“ – (New History of the Báb, þýdd af E.G. Browne úr persnesku, bls. 132.)

Píslarvætti Bábsins

Þann 9. júlí 1850 varð Bábin sjálfur, sem þá var á þrítugasta og fyrsta aldursári sínu, fórnarlamb ofstækisæðis kúgara sinna. Hann var leiddur á aftökustaðinn á gamla herskálatorginu í Tabríz ásamt tryggum fylgismanni sínum, æskumanni að nafni Áqá Muhammad 'Alí, sem hafði sárþænt hann um að fá að líða píslarvættið með honum. Um það bil tveimur stundum fyrir nón var reipum brugðið undir handleggi þeirra og þeir hengdir upp, þannig að höfuð Muhammad 'Alí hvíldi við brjóst hins elskaða Meistara. Deild armenskra hermanna var tilkvödd og fékk skipun um að skjóta. Samstundis riðu skotin af, en þegar púðurreyknum létti kom í ljós að Bábin og félagi hans voru enn á lífi. Kúlurnar höfðu aðeins slitið sundur reipin, sem héldu þeim uppi, þannig að þeir féllu ósærðir til jarðar. Bábin hélt til nálægs herbergis, þar sem hann fannst á tali við einn af vinum sínum. Um nón voru þeir hengdir upp aftur. Armenarnir töldu að kraftaverk hefði gerst og neituðu að skjóta aftur, svo að kalla varð annan herflokk á vettvang, sem hlýddi skipuninni. Í þetta sinn unnu kúlurnar tilætlað verk. Líkamar beggja fórnarlambanna voru sundurskotnir og hræðilega limlestir, þótt andlit þeirra væru nær ósködduð.

Þetta illvirki gerði herskálatorgið í Tabríz að öðru Golgata. Óvinir Bábsins hrósuðu sigri sakbitnir og álitu að þessi hataði stofn bábí trúarinnar væri nú slitinn upp með rótum og nú mundi gjöreyðing hennar auðveld. En sigurgleðin varð skammvinn! Þeir skildu ekki að tré sannleikans er ekki hægt

að fella með venjulegri öxi. Hefðu þeir aðeins gert sér ljóst, að þessi glæpur þeirra varð aðeins til þess að stuðla að auknum viðgangi málstaðarins! Með píslardauða Bábsins rættist heitasta ósk hans og baráttumóður fylgjenda hans jókst. Slíkur varð andlegur eldmóður þeirra, að naprir vindar ofsóknanna æstu hann aðeins. Því meira kapp, sem lagt var á að slökkva hann, þeim mun hærra stigu logarnir.

Grafhýsi á Karmel-falli

Eftir píslarvætti Bábsins var líkamsleifum hans og hins trúa vinar hans varpað á brún virkisgrafar fyrir utan borgarveggina. Aðra nóttina var þeim bjargað á miðnætti af nokkrum bábíum. Árum saman voru þær faldar á ýmsum leyndum stöðum í Persíu, en loks voru þær fluttar með mikilli fyrirhöfn og áhættu til Landsins helga. Þær hvíla nú í grafhýsi í fögru umhverfi í hlíðum Karmel-fjalls, skammt frá helli Elía, og aðeins nokkrar mílur frá þeim stað, þar sem Bahá'u'lláh eyddi síðustu æviárum sínum og þar sem jarðneskar leifar hans hvíla nú. Enginn af þeim þúsundum pílagríma frá öllum hlutum heimsins, sem koma til að votta helgu grafhýsi Bahá'u'lláh virðingu sína, vanrækir að biðja bænir sínar einnig við grafhýsi hins tryggja ástvinar hans og fyrirrennara, Bábsins.

Ritverk Bábsins

Rit Bábsins eru mikil að vöxtum, og það var talin ein af sönnunum fyrir guðdómlegri andagift hans, hversu fljótur hann var, án alls undirbúnings og yfirvegunar, að semja flóknar ritskýringar, djúpvittrar ritgerðir og andríkar bænir.

Meginstef hinna ýmsu rita hans hefur verið dregið saman með svofelldum orðum:

„Sum þeirra (þ.e. ritverka Bábsins) voru skýringar og útleggningar á ritningargreinum í Kóraninum; sum voru bænir, hugvekjur og ábendingar um (sanna merkingu tiltekinna) kafla; önnur voru hvatningar, áminningar, ritgerðir um ýmsa þætti

kenningarinnar um einingu Guðdómsins . . . hvatning um endurbætur á lunderni, aðskilnað frá veraldlegu ástandi og fastheldni við guðlegan innblástur. En meginkjarni rita hans var lofgjörð og lýsing á þeim veruleika, sem brátt átti að birtast, sem var eina markmið hans og ætlunarverk, hugfólgnasta ósk hans. Því að hann leit á sjálfan sig sem boðbera fagnaðartíðinda og taldi, að sitt raunverulega eðli væri einungis tæki fyrir opinberun meiri fullkonnunar þessa eina. Og að sönnu lét hann ekki af því eitt andartak á degi og nóttu að lofsama hann, heldur gaf öllum fylgjendum sínum til kynna, að þeir skyldu vænta komu hans með þeim hætti, sem hann lýsir í ritum sínum: „Ég er bókstafur í þeirri máttugustu bók og dropi úr því ómælishafi, og þegar hann birtist, mun mitt sanna eðli, leyndardómar mínir, dulgátur og spásagnir verða augljósar, og fóstur þessarar trúar mun þroskast gegnum stig verundar hennar og framþróunar, ná stöðu „hinnar fegurstu allra mynda“ og verða skrítt kyrtlinum: „Lofaður sé Guð, bestur skapara!“ . . . og svo upptendraður var hann af eldi hans, að minningin um hann var skínandi kerti dimmra náttu hans í Máh-Kú fangelsinu og tilhugsunin um hann var bestur félagi hans í þrengingunni í Chihríq-dýflissunni. Þannig öðlaðist hann andlegan unað; hann var ölvður af víni hans; og fagnaði í minningunni um hann.“ – (A Traveller's Narrative, bls. 54.)

Sá, sem Guð mun birta

Bábnum hefur verið líkt við Jóhannes skírara, en staða Bábsins er ekki aðeins staða kallara eða fyrirrennara. Bábin var sjálfur birting Guðs, stofnandi sjálfstæðra trúarbragða, jafnvel þótt lífsskeið þessara trúarbragða spannaði aðeins fáein ár. Bahá'íar trúa því, að Bábin og Bahá'u'lláh hafi verið samstofnendur trúar sinnar. Eftirfarandi orð Bahá'u'lláh bera þessum sannleika vitni:

„Að svo skammur tími skuli hafa aðskilið þessa völdugustu og undursamlegu opinberun frá fyrri birtingu sjálfs mín, er leyndardómur, sem enginn maður fær afhjúpað, og dul, sem enginn hugur fær skilið. Lífsskeið hennar var forákvarðað og enginn maður mun nokkru sinni uppgötva ástæðuna fyrir því

nema og þangað til hann fræðist um innihald minnar huldu bókar.“

Í skírskotunum sínum til Bahá'u'lláh, birti Bábinns hinsvegar fullkomið sjálfleysi og lýsti því yfir að á dögum „Þess, sem Guð mun birta“:

„Heyri einhver frá honum eina ritningargrein og hafi hana yfir þá er það betra en hann lesi Bayáninn (þ.e. opinberun Bábsins) þúsund sinnum.“ (A Traveller's Narrative, bls. 349.)

Hann taldi það gæfu sína að þola hverskonar þrengingar, ef hann gæti með því, þótt í litlu væri, greitt götu „Þess, sem Guð mun birta“, sem var, samkvæmt yfirlýsingu hans sjálfs, eina uppspretta innblásturs hans og jafnframt eina markmið ástar hans.

Upprisa, paradís og helvíti

Skýringar Bábsins á hugtökunum upprisu, dómsdegi, paradís og helvíti, eru mikilvægur hluti kenninga hans. Hann segir, að með upprisu sé átt við komu nýrrar birtingar sólar sannleikans. Upprisu dauðra táknar andlega vakningu þeirra, sem sofa í gröfum fáfræði, gáleysis og girnda. Dómsdagur er dagur nýrrar birtingar – með því að hafna eða veita viðtöku opinberun hennar eru sauðirnir skildir frá höfrunum, því að sauðirnir þekkja rödd góða hirðisins og fylgja honum. Paradís er fögnuðurinn, sem felst í því að þekkja og elska Guð, eins og hann opinberast í birtingu sinni, og ná þannig hæsta fullkomnunarstigi sínu og hljóta eftir dauðann inngöngu í Guðsríki og eilíft líf. Helvíti er einfaldlega skortur á þessari þekkingu á Guði og þar af leiðandi missir himneskrar fullkomnunar og eilífrar hylli. Hann lýsti því skilmerkilega yfir, að þessi hugtök hefðu enga raunverulega merkingu aðra en þessa, og að ríkjandi hugmyndir um upprisu efnislíkamans, efnislegan himin og helvíti, o.s.frv., væru einskærir hugarórar. Hann kenndi að maðurinn lifði eftir dauðann og að þroskinn til fullkomnunar sé takmarkalaus í framhaldslífinu.

Félagslegar og siðrænar kenningar

Í ritum sínum segir Bábin fylgjendum sínum, að þeir verði að einkennast af bróðurást og háttþrýði. Nytsamar listir og iðnir skuli efla. Undirstöðumenntun ætti að veita öllum. Í hinni nýju og undursamlegu ráðsályktun, sem nú fór í hönd, mundu konur verða meira frelsis aðnjótandi. Fátækir skuli hljóta framfæri af almannafé, en betl er stranglega bannað ásamt notkun áfengis til drykkjar.

Leiðarsnúra hins sanna bábí verður að vera hrein ást, án vonar um endurgjald eða ótta við refsingu. Þannig segir hann í Bayáninum:

„Tigna Guð með þeim hætti, að þótt endurgjald tilbeiðslu þinnar yrði eldurinn, mundi það engu breyta um tilbeiðslu þína á honum. Ef þú tignar Guð vegna ótta, þá er það óverðugt fótiskör heilagleika Drottins . . . Hið sama gildir, ef þú tilbiður Guð vegna vonar um paradís; því að þá hefur þú gert sköpun Guðs jafna honum sjálfum.“ – (Bábís of Persia II. eftir Edward G. Browne.)

Þjáning og sigur

Það, sem tilfært var hér að framan, sýnir þann anda, sem gegnsýrði allt líf Bábsins. Að þekkja Guð og elska, endurspegla eigindir hans og ryðja brautina fyrir komandi birtingu hans – þetta var eina takmark og stefnumið verundar hans. Hann óttaðist ekki lífið og dauðinn hafði engan brodd fyrir hann, því að ástin hafði varpað óttanum á dyr, og píslarvættið var einungis fögnuðurinn yfir að leggja allt það, sem hans var, við fætur ástvinar síns.

Það er undarlegt að þessi hreina og fagra sál, þessi innblásni kennari himnesks sannleika, þessi trúfasti ástmögur Guðs og manna skuli hafa verið svo hataður af þeim, sem játuðu trú á dögum hans, að þeir skuli hafa ráðið hann af dögum! Vissulega gátu ekkert annað en hugsunarlausir forðómar blindað menn fyrir þeirri staðreynd, að hann var að sönnu spámaður, heilagur sendiboði Guðs. Hann hafði

hvorki veraldlegt vald né dýrð, en hvernig verður andlegt vald og yfirráð sannað nema með afneitun allrar jarðneskrar aðstoðar og sigri yfir allri jarðneskri andstöðu, hversu máttug og grimmileg sem hún er? Hvernig er hægt að sanna vantrúuðum heimi himneska ást nema með þeim hæfileika hennar að þola til hins ýtrasta ógæfu og þrengingar, hatur óvina og svik þeirra, sem vildu sýnast vinir, og rísa þó yfir þetta með heiðríkum huga, óskelfdur og án biturleika, og geta enn blessað og fyrirgefið?

Bábin hafði þjáðst og Bábin hafði sigrað. Þúsundir hafa borið vitni um einlægni ástar sinnar til hans með því að fórna lífi sínu og öllum eigum í þjónustu við hann. Konungar mættu öfunda hann af valdi hans yfir hjörtum manna og lífi. Auk þess hefur „Sá, sem Guð mun birta“ komið fram, staðfest tilkall hans og þegið hollustu fyrirrennara síns og veitt honum hlutdeild í dýrð sinni.

Bahá'u'lláh: Dýrð Guðs

„Ó, þú sem bíður, tef eigi lengur, því að hann er kominn. Sjá tjaldbúð hans og dýrð hans, sem í henni dvelur. Það er hin forna dýrð í nýrri birtingu.“ – Bahá'u'lláh.

Fæðing og uppvaxtarár

Mírzá Husayn 'Alí, sem síðar tók sér nafnbótina Bahá'u'lláh¹ (þ.e. Dýrð Guðs), var elsti sonur Mírzá 'Abbás frá Núr, vesírs eða ráðherra. Fjölskylda hans var auðug og mikils metin og margir meðlimir hennar gegndu mikilvægum stöðum í ríkisstjórninni og í borgara- og hernaðarlegri stjórn Persíu. Hann fæddist í Tihrán (Teheran), höfuðborg Persíu, milli dögunar og sólaruppkomu 12. nóvember 1817.² Hann sótti hvorki æðri né lægri skóla og sú litla tilsögn, sem hann fékk, var í heimahúsum. Eigi að síður sýndi hann þegar á barnsaldri dásamlega visku og þekkingu. Faðir hans dó meðan hann enn var ungur og fól honum umsjá bræðra hans og systra og mikilla fjölskyldueigna.

'Abdu'l-Bahá, elsti sonur Bahá'u'lláh, sagði þeim, sem þetta ritar, eftirfarandi um bernskudaga föður síns:

1 Borið fram með áherslu á annað og fjórða atkvæði; fyrra atkvæðið er nánast hljóólaust.

2 Annar dagur í Muharram (föstumánuði moslema).

„Frá barnæsku var hann einstaklega ástúðlegur og gjafmildur. Hann unni útilífi og eyddi mestum tíma í garðinum eða úti á ökrunum. Hann hafði feikilegt aðdráttarafl og allir urðu þess varir. Fólk hópaðist ávallt um hann, ráðherrar og hirðmenn umkringdu hann og börnin elskuðu hann einnig. Er hann var aðeins þrettán eða fjórtán ára gamall, varð hann frægur fyrir lærdóm sinn. Hann gat talað um hvaða málefni, sem vera skyldi, og leyst öll vandamál, sem borin voru upp við hann. Á miklum mannfundum ræddi hann ýmis efni við ‘ulamá (leiðtoga hinna skriftlærðu) og útskýrði flókin, trúarleg vandamál. Allir hlustuðu á hann af mikilli athygli.

Þegar Bahá'u'lláh var tuttugu og tveggja ára gamall, dó faðir hans, og stjórnin æskti þess að hann tæki stöðu föður síns í stjórnarráðinu, eins og venja var til í Persíu, en Bahá'u'lláh þáði ekki boðið. Þá sagði forsætisráðherrann: „Látið hann í friði. Slík staða er honum ósamboðin. Hann hefur hærri markmið. Ég skil hann ekki, en ég er þess fullviss að honum er ætlað eitthvert háleitt hlutverk. Hugsanir hans eru ekki eins og okkar. Látið hann í friði.“ “

Fangelsaður sem bábí

Þegar Bábin kunngerði köllun sína árið 1844, játaðist Bahá'u'lláh, sem þá var á tuttugusta og sjöunda aldursári, málstað þessarar nýju trúar af djörfung og varð brátt þekktur sem einn voldugasti og ótrauðasti flytjandi hennar.

Hann hafði þegar tvívegis þolað fangelsi fyrir málstaðinn og eitt sinn verið pyndaður, þegar atburður nokkur gerðist í ágúst 1852, sem hafði hræðilegar afleiðingar í för með sér fyrir bábíana. Einn fylgismanna Bábsins, æskumaður að nafni Sadiq, hafði orðið hugstola við píslarvætti meistara síns, sem hann hafði sjálfur orðið vitni að, og í hefndarskyni skaut hann á keisarann úr launsátri. Í stað þess að nota kúlu, hlóð hann skotvopn sitt með höglum og þótt nokkur þeirra hittu keisarann, kenndi hann sér einskis meins. Unglingurinn dró keisarann af baki hestinum, en var þegar í stað handsamaður af lífverði hans hátignar og líflátinn á staðnum. Allir fylgismenn Bábsins voru ranglega bendlaðir við þennan

glæp og hroðaleg fjöldamorð hófust á þeim. Áttatíu þeirra voru samstundis myrtir í Teheran með viðurstyggleikum pyntingum. Margir aðrir voru teknir og fangelsaðir, þar á meðal Bahá'u'lláh. Hann reit síðar:

„Á engan hátt vorum vér viðriðnir þetta illvirki og dómstólararnir færðu óhrekjanlegar sönnur á sakleysi vort. Eigi að síður tóku þeir oss höndum og fluttu oss frá Níyávarán, sem þá var aðsetur hans hátignar, fótfangandi í hlekkjum, berhöfðaða og berfætta, í neðanjarðardýflissuna í Teheran. Ruddafenginn maður, sem fylgdi oss eftir riðandi, þreif höttinn af höfði voru, meðan flokkur böðla og embættismanna rak oss áfram. Vér vorum hafðir í haldi í fjóra mánuði á stað, sem var svo skelfilegur, að engu verður til jafnað. Dimm og þröng gryfja hefði verið ákjósanlegri en sú dýflissa, sem þessi Rangtleikni og aðrir, sem svipuðum rangindum voru beittir, voru lokaðir í. Er vér komum þangað, vorum vér fyrst leiddir eftir niðdimmum gangi, þaðan sem vér gengum niður þrjá krappa stiga til myrkrastofunnar, sem oss var ætluð. Almyrkt var í dýflissunni og samfangar vorir töldu nær hundrað og fimmtíu sálir: þjófar, morðingjar og stigamenn. Þótt þröng væri inni var ekkert annað op á myrkrastofunni en það, sem vér höfðum komið inn um. Enginn penni getur sagt frá þessum stað og engin tunga lýst andstyggilegum daun hans. Flestir þessara manna höfðu hvorki fót né fleti til að liggja á. Guð einn þekkir hlutskipti vort á þessum daunilla og óhugnanlega stað.

Meðan vér sátum í þessari prísund hugleiddum vér dag og nótt gjörðir, aðstæður og framferði bábíanna, og íhuguðum hvað gæti hafa fengið svo hugumstóra, göfuga og gáfaða menn til að fremja svo fíflðjarfan og svívirðilegan verknæð gegn persónu hans hátignar. Þessi Rangtleikni ákvað því að rísa upp, þegar hann yrði leystur úr haldi, og vinna að því af fullri einurð að endurlífga þetta fólk.

Nótt eina, í draumi, hljómuðu þessi upphöfnu orð á alla vegu: „Vissulega munum vér gera þig sigursælan af sjálfum þér og penna þínum. Ver eigi sorgmæddur sakir þess, er þér hefur fallið í skaut og óttast ekki, því að þú ert óhultur. Áður en langt um líður mun Guð hefja upp fjársjóðu jarðarinnar – menn, sem munu hjálpa þér með fulltingi sjálfs þín og nafns þíns, sem Guð

hefur endurlífgað með hjörtu þeirra, er borið hafa kennsl a hann.“ “ (Bahá'u'lláh, Epistle to the Son of the Wolf, bls 20–21.)

Útlegð í Bagdad

Þessi hræðilega fangavist stóð í fjóra mánuði, en Bahá'u'lláh og félagar hans voru fullir áhuga, eldmóðs og hamingju. Næstum daglega var einn þeirra eða fleiri, pyndaður eða líflátinn og hinir minntir á, að næst gæti röðin komið að þeim. Þegar böðlarnir komu til að ná í einhvern vinanna og kölluðu nafn hans, dansaði hann bókstaflega af gleði, kyssti hendur Bahá'u'lláh, vafði hina trúbræður sína örmum og skundaði síðan í fagnandi ákefð til píslarvættis síns.

Það hefur verið óhrekjanlega sannað, að Bahá'u'lláh átti enga aðild að samsærinu gegn keisaranum og rússneski ráðherrann bar lyndishreinleika hans vitni. Auk þess var hann svo veikur, að talið var að hann mundi deyja. Í stað þess að dæma hann til dauða, gaf keisarinn þau fyrirmæli, að hann skyldi sendur í útlegð til 'Íráq-i-'Arab, í Mesópótamíu; og þangað hélt Bahá'u'lláh hálfum mánuði síðar með fjölskyldu sinni og allmörgum öðrum átrúendum. Þeir þjáðust mikið af kulda og vösbúð á þessari löngu vetrarferð og komu til Bagdad örsnauðir og aðframkomnir.

Strax og heilsa hans leyfði hóf Bahá'u'lláh að kenna þeim, sem leituðu fræðslu, og hvetja og uppörva átrúendurna. Brátt ríkti friður og hamingja meðal bábíanna.¹ Þetta stóð þó ekki lengi. Hálfbróðir Bahá'u'lláh, Mírzá Yahyá, einnig þekktur undir nafninu Subh-i-Azal, kom til Bagdad, og skömmu síðar byrjaði skoðanaágreiningur, sem hann sáði til, að vaxa, á líkan hátt og gerst hafði meðal lærisveina Krists. Þessi ágreiningur (sem síðar, í Adríanópel, varð opinskár og ofsafenginn) olli Bahá'u'lláh miklum sársauka, því að eina

¹ Þetta var snemma árs 1835, eða níu árum eftir yfirlýsingu Bábsins, og rættist þannig spádómur hans um „árið níu.“

stefnumið hans í lífinu var að stuðla að einingu meðal þjóða heimsins.

Tvö ár í eyðimörkinni

Þegar Bahá'u'lláh hafði dvalið eitt ár í Bagdad, hélt hann einn út í óbyggðir Sulaymáníyyih og tók ekkert með sér nema fót til skiptanna. Hann ritar um þetta tímabil í *Kitáb-i-Íqán* eftirfarandi:

„Á fyrstu dögum komu vorrar til þessa lands, er vér sáum tákni yfirvofandi atburða, ákváðum vér að draga oss í hlé, áður en þeir gerðust. Vér héldum út í eyðimörkina og þar lifðum vér lífi algjörar einveru í tvö ár. Augu voru grétu angistartárum og í blæðandi hjarta voru svall úthaf kveljandi sársauka. Marga nótt höfðum vér ekkert til viðurværis og margan dag fékk líkami vor enga hvíld. Við hann, sem hefur verund mína í höndum sér! Þrátt fyrir þessar skúrir þrenginga og stöðugar ógæfu, var sál vor umvafin sælum unaði og öll verund vor var gagntekin ólýsanlegri gleði. Því að í einsemd vorri urðum vér ekki varir ábata eða tjóns, heilsu eða sjúkleika nokkurrar sálar. Einir samneyttum vér anda vorum og gleymdum heiminum og öllu, sem í honum er. Vér vissum þó ekki, að möskvar himneskrar ákvörðunar taka fram viðamestu hugmyndum dauðlegra manna og að spjót ráðsályktunar hans flýgur hærra djörfustu fyrirætlunum þeirra. Enginn getur forðast snörurnar, sem hann leggur, og engin sála getur fundið lausn, nema í undirgefni við vilja hans. Sem Guð er réttlátur! Er vér drögum oss í hlé, hugleiddum vér ekki afturkomu, og aðskilnaður vor vænti ekki endurfunda. Eina ætlunin með brottför vorri var að forðast að verða misklíðarefni meðal hinna trúföstu, tilefni úlfúðar félögum vorum, ástæða til sársauka nokkurri sálu eða orsök hryggðar nokkru hjarta. Enga aðra ósk ólum vér í brjósti og ekkert annað markmið höfðum vér í huga. Og þó réð hver maður ráðum sínum samkvæmt ástriðu sinni og fylgdi sínum eigin fánýtu hugarórum fram til þeirrar stundar, er frá hinni dulúðgu uppsprettu framgekk skipun, sem bauð oss að hverfa aftur þangað, þaðan sem vér komum. Vér gáfum vilja vorn undir vilja hans og hlýddum þessari skipun.

Hvaða penni getur skýrt frá því, sem vér sáum, er vér komum

aftur! Tvö ár höfðu liðið og á þeim tíma höfðu óvinir vorir stöðugt og markvisst bruggað saman ráð til að útrýma oss og allir bera þessu vitni.“ – (Kitáb-i-Íqán, bls. 159–161.)

Andstaða mullánna

Eftir að Bahá'u'lláh kom aftur úr eyðimörkinni, varð frægð hans meiri en nokkru sinni fyrr og fólk flyktist til Bagdad hvaðanæva að til þess að sjá hann og heyra kenningar hans. Gyðingar, kristnir menn, sarapústrasinnar ásamt moslemum fengu áhuga á hinum nýja boðskap. Mullárnir (skriftlærðir moslemar) urðu honum mjög andvígir og stóðu í stöðugu ráðabruggi til að kollvarpa honum. Eitt sinn sendu þeir einn úr sínum hópi til þess að ræða við hann og leggja fyrir hann tilteknar spurningar. Erindrekanum fannst svör Bahá'u'lláh svo sannfærandi og viska hans svo einstæð, þótt hún hefði augsýnilega ekki áunnist með námi, að hann neyddist til að játa að þekking og skilningur Bahá'u'lláh ætti sér enga hliðstæðu. Til þess þó að mullárnir, sem höfðu sent hann, sannfærðust um spámannshlutverk Bahá'u'lláh, bað hann hann um að gera kraftaverk í sönnunarskyni. Bahá'u'lláh tjáði sig fúsan til að verða við þessum tilmælum með þeim skilyrðum, að mullárnir kæmu sér sjálfir saman um hvaða kraftaverk hann ætti að framkvæma og undirrituðu og innsigliðu skjal þess efnis, að á grundvelli þessa kraftaverks játuðu þeir sannleika boðunar hans og hættu allri andstöðu gegn honum; mundi hann þá leggja til umbeðna sönnun eða standa afhjúpaður sem svikari ella. Hefði markmið mullánna verið að komast að sannleikanum, þá var þetta vissulega gullið tækifæri fyrir þá, en fyrirætlun þeirra var allt önnur. Þeir ætluðu með réttu eða röngu að láta niðurstöðuna verða sér í vil. Þeir óttuðust sannleikann og flýðu af hólmi fyrir þessari djarflegu áskorun. Þessi ósigur varð þeim þó aðeins hvatning til nýs ráðabriggs um útrýmingu hins undirokaða trúarsamfélags. Aðalræðismaður Persíu í Bagdad kom þeim til hjálpar og sendi ítrekuð skilaboð til keisarans þess efnis, að Bahá'u'lláh

bakaði islam meira tjón nú en nokkru sinni fyrr, hefði ennþá skaðleg áhrif í Persíu og því ætti að reka hann í útlegð til ennþá fjarlægari staðar.

Það var einkennandi fyrir Bahá'u'lláh, að í þessari kreppu, þegar stjórnir Tyrklands og Persíu höfðu tekið saman höndum um að uppræta hreyfinguna að tilhlutan mullánna, þá ríkti friður og heiðríkja í huga hans. Hann hvatti og innblés fylgismenn sína og ritaði ódauðleg hughreystingar- og leiðsagnarorð. 'Abdu'l-Bahá segir frá því hvernig *Hulín orð* voru rituð á þessum tíma. Bahá'u'lláh fór oft í gönguferðir á bökkum Tígris-ár. Hann var vanur að koma aftur, glaður í bragði, og rita niður þessa ljóðrænu gimsteina viturlegra ráðlegginga, sem fært hafa lækningu og hjálp þúsundum þjáðra og sorgbitinna hjartna. Árum saman voru aðeins til fáein skrifuð eintök af Huldum orðum og þeirra varð að gæta mjög vandlega, til þess að þau kæmust ekki í hendur hinna mörgu óvina, en nú er þessi litla bók líklega þekktust af öllum verkum Bahá'u'lláh og lesin í öllum hlutum heims. *Kitáb-i-Íqán* (Bók fullvissunnar) er annað þekkt ritverk eftir Bahá'u'lláh og skrifuð um sama leyti, undir lok dvalar hans í Bagdad (1862–1863).

Yfirlýsing í Ridván,¹ nálægt Bagdad

Eftir miklar samningaumleitanir gaf Tyrklandsstjórn, að beiðni stjórnar Persíu út tilskipun, þar sem Bahá'u'lláh var vísað til Konstantínópel. Þegar fylgjendur hans heyrðu þessar fréttir urðu þeir mjög felmtsfullir. Þeir flyktust um hús Leiðtogans elskaða svo að fjölskyldan varð að slá upp tjöldum í garði Najíb Páshá í útjaðri borgarinnar í tólf daga meðan verið var að búa út vagnlestina í þetta langa ferðalag. Það var á þessu tólf daga tímabili (22. apríl–3. maí 1863, þ.e. nítján árum eftir yfirlýsingu Bábsins), að Bahá'u'lláh kunngerði allmörgum fylgismönnum sínum þau

1 Frambórið: Risván

fagnaðartíðindi, að hann væri sá, sem Bábinns hefði sagt að koma mundi – hinn útvaldi Guðs, sá sem allir spámennirnir höfðu gefið fyrirheit um. Garðurinn, þar sem þessi minnisstæða yfirlýsing átti sér stað, er þekktur undir nafninu Ridván-garðurinn meðal bahá'ía, og daganna, sem Bahá'u'lláh eyddi þar, er minnst á Ridvánhátíðinni, sem haldin er árlega á sama tíma. Þessa daga sýndi Bahá'u'lláh mikinn fögnuð, virðuleika og þrótt í stað sorgar og örvæntingar. Fylgjendur hans fylltust hamingju og áhuga og múgur manns kom til að votta honum virðingu sína. Allir fyrimenn í Bagdad, jafnvel ríkisstjórinn sjálfur, komu til að heiðra fangann, sem var á förum.

Konstantínópel og Adríanópel

Ferðin til Konstantínópel tók þrjá til fjóra mánuði, en í hópnum voru ásamt Bahá'u'lláh og fjölskyldu hans tuttugu og sex lærisveinar. Er þeir komu til Konstantínópel voru þeir settir í varðhald í litlu húsi, sem var allt of þröngt fyrir svo stóran hóp. Seinna fengu þeir betra húsnæði, en eftir fjóra mánuði voru þeir fluttir á ný, í þetta sinn til Adríanópel. Þótt ferðin til Adríanópel tæki aðeins fáeina daga, var hún hræðilegasta ferðin, sem þeir höfðu farið. Mikil snjócoma var mestallan tímann og sakir skorts á mat og klæðum voru þjáningar þeirra ólýsanlegar. Fyrsta veturinn í Adríanópel var Bahá'u'lláh og fjölskyldu hans, alls tólf manns, fengið húsnæði í litlu húsi með þremur herbergjum, án þæginda og morandi af skordýrum. Um vorið voru þeim fengin þægilegri hóbýli. Þau voru í Adríanópel í rúmlega fjögur og hálft ár. Hérna tók Bahá'u'lláh upp kennslu sína á ný og safnaði um sig miklum fjölda fylgismanna. Hann kunngerði köllun sína opinberlega og var tekið af mikilli hrifningu af meirihluta bábíanna, sem þaðan í frá voru þekktir sem bahá'íar. Minnihlutinn undir forystu hálfbróður Bahá'u'lláh, Mírzá Yahyá, snerist þó gegn honum af mikilli heift og gekk í flokk fyrri óvina hans, shí'íanna, með það fyrir augum að kollvarpa honum. Miklir erfiðleikar fóru í hönd og að lokum

rak tyrkneska stjórnin bæði bábíana og bahá'íana frá Adríanópel og sendi Bahá'u'lláh og fylgjendur hans í útlegð til 'Akká í Palestínu, en þangað komu þeir (samkvæmt frásögn Nabíls)¹ 31. ágúst, 1868. Mírzá Yahyá og félagar hans voru sendir til Kýpur.

Bréf til konunganna

Um þetta leyti ritaði Bahá'u'lláh hin frægu bréf til soldánsins í Tyrklandi, margra þjóðhöfðingja í Evrópu, páfans og keisarans í Persíu. Síðar, í Kitáb-i-Aqdas, ávarpaði hann aðra þjóðhöfðingja, stjórnendur og forseta Bandaríkjanna, trúarleiddtoga almennt og allt mannkynið. Öllum kunngerði hann köllun sína og hvatti þá til að beina kröftum sínum að grundvöllun sannra trúarbragða, réttlátrar ríkisstjórnar og alþjóðlegs friðar. Í bréfi sínu til keisarans bar hann með myndugleik upp málstað hinna ofsóttu bábía og bað þess að verða færður fram fyrir þá, sem áttu upptökin að þessum ofsóknum. Óþarft er að geta þess, að þessi beiðni var virt að vettugi; Badí', hinn ungi og tryggi bahá'í, sem flutti bréfið frá Bahá'u'lláh, var handtekinn og dó kvalafullum dauðdaga, er glóðheitum múrsteinum var þrýst á hold hans.

Í sama bréfi gefur Bahá'u'lláh átakanlega lýsingu á sínum eigin þjáningum og vonum:

„Ó konungur. Ég hefi séð á vegum Guðs það, sem engin augu hafa séð né eyru numið. Vinir hafa snúið við mér baki, vegirnir eru mér torveldaðir; vötn öryggis eru þornuð upp; slétta friðsemdar skrælnuð. Hversu miklar hörmungar hafa ekki stigið niður og hversu miklar munu ekki stíga niður! Ég geng í átt til Hins máttka, hins gjöfula, en á eftir mér hlykkjast höggormurinn. Tárin gegnvæta beð minn; en ég hryggist ekki yfir sjálfum mér. Ég sver við Guð, höfuð mitt þráir spjótin sakir ástar á Drottni sínum, og ég geng aldrei fram hjá tré að hjarta

¹ Höfundur Dagboða, sem fjallar um sögu trúarinnar í bernsku hennar. Nabíl var þátttakandi í ýmsum þeim atburðum, sem hann lýsir, og þekkti persónulega marga fyrstu fylgjendur hennar.

mitt ávarpi það ekki og segi: Ó, værir þú aðeins höggvið niður í nafni mínu og líkami minn krossfestur á þér á vegum Drottins míns! Já, því að ég sé mannkynið rata í villu í ölvun sinni og þeir vita það eigi: þeir hafa upphafið lostasemdir sínar og sett Guð sinn til hliðar, líkt og þeir teldu fyrirmæli Guðs spé eitt, afþreying eða leikfang; og þeir halda að þeir geri vel og séu í tryggri höfn óhultrar borgar. Það er ekki eins og þeir ætla; á morgun munu þeir sjá það, sem þeir afneita núna.

Serin munum vér halda frá þessum afskekktu útlegðarstað (Adrianópel) til fangelsisins í 'Akká. Og sagt er, að hún sé vissulega ömurlegust allra borga í heiminum, sú óásjálegasta, að loftslag hennar sé hið versta og vatn hennar hið fúlasta; líkt og hún væri höfuðból uglunnar, þar heyrir ekkert nema væl hennar. Og þar ætla þeir að fangelsa þennan þjón og loka fyrir augliti voru dyrum vægðarinnar og svipta oss lífsgæðum veraldarinnar það sem eftir er ævi vorrar. Ég sver við Guð, þó að þreytan dragi úr mér mátt og hungrið ríði mér að fullu, þótt beður minn sé harður steinn og félagar mínir dýr eyðimerkurinnar, þá mun ég ekki hvarfla heldur vera þolinmóður, eins og hinir einörðu og ákveðnu eru þolinmóðir, í styrk Guðs, konungs forverunnar, skapara þjóðanna; og undir öllum kringumstæðum mun ég færa Guði þakkir mínar. Og vér treystum á náð hans (upphafinn sé hann) . . . að hann muni snúa ásjónum allra manna í einlægni til sín, hins máttka, hins gjöfula. Sannlega svarar hann þeim, sem til hans biðja, og er nálægur þeim, sem á hann kalla. Og vér biðjum hann að gera þessa dimmu þrenging að brynju fyrir líkama sinna heilögu og vernda þá þannig fyrir bitrum sverðum og nístandi eggvopnum. Sakir þrengingarinnar hefur ljós hans skinið og vegsemd hans ljómað án afláts; þessi hefur aðferð hans verið á horfnum dögum og umliðnum öldum.“ (A Traveller's Narrative, bls. 146, 147.)

Fangelsisvist í 'Akká

Á þeim tíma var 'Akká fangelsisborg, sem allir verstu glæpamennirnir í tyrkneska heimsveldinu voru sendir til. Er Bahá'u'lláh og fylgjendur hans, menn konur og börn, 80–84 að tölu, komu þangað eftir stranga sjóferð voru þau lokuð

inni í herskálunum. Staðurinn var óhreinn og í hæsta máta gleðisnauður. Engin rúm voru þar né önnur þægindi. Maturinn var svo slæmur og ófullnægjandi, að eftir nokkurn tíma báðu fangarnir um að fá að kaupa mat sinn sjálfir. Fyrstu dagana grétu börnin án afláts og nánast ógjörningur var að sofa. Brátt kom upp malaría, blóðkreppusótt og aðrir sjúkdómar og allur hópurinn, að tveimur undanteknum, veiktist. Þrír létust af völdum veikindanna og þjáningar þeirra, sem eftir lifðu, voru ólýsanlegar.¹

Þetta stranga varðhald stóð í rúm tvö ár og á þeim tíma var engum bahá'íanna leyft að fara út úr fangelsinu nema fjórum mönnum, sem í fylgd varðmanna fór út daglega til að kaupa matvæli.

Meðan á varðhaldinu í herskálunum stóð voru allar gestakomur stranglega bannaðar. Allmargir bahá'íar komu fótgangandi alla leið frá Persíu til þess að sjá elskaðan leiðtoga sinn, en þeim var neitað um inngöngu í borgina. Þeir voru vanir að fara til staðar á sléttunni utanvert við þriðju virkisgröfina, en þaðan gátu þeir séð gluggana á híbýlum Bahá'u'lláh. Hann birtist þeim sjálfur í einum glugganna og eftir að hafa horft á hann úr fjarlægð, grétu þeir og sneru aftur til síns heima, fylltir nýrri ákefð til þjónustu og fórnar.

Slakað á hömlunum

Um síðir var slakað á varðhaldinu. Tyrkneski herinn var kvaddur til vopna og hermennirnir þurftu á skálunum að halda. Bahá'u'lláh og fjölskylda hans var flutt í hús, þar sem þau voru út af fyrir sig, og hinum var komið fyrir í ferðaskála í borginni. Bahá'u'lláh var í haldi í sjö ár til viðbótar í þessu húsi. Í litlu herbergi, nálægt hans eigin, urðu þrettán heimilismenn hans að búa um sig eftir bestu föngum! Framan af dvöl þeirra í þessu húsi þjáðust þau mikið sakir

¹ Bahá'u'lláh lét selja sitt eigið teppi og gaf andvirðið upp í útfararkostnað tveggja þeirra, sem létust, en í stað þess að nota peningana á þennan hátt, slógu hermennirnir eign sinni á þá og fleygðu líkum fanganna í gryfju.

þrengsla, ónógs matar og skorts á venjulegum lífsþægindum. Innan tíðar fengu þau þó fáein herbergi til viðbótar og aðbúð þeirra varð nú þolanlegri. Frá því er Bahá'u'lláh og félagar hans yfirláta herskálana, voru heimsóknir leyfðar til þeirra og smám saman var slakað á þeim ströngu hömlum, sem hið keisaralega varðlið hafði sett á þá, þótt fyrir kæmi, að hert væri á þeim um stundarsakir.

Fangelsishliðin opnuð

Jafnvel þegar fangelsisvistin var óbærilegust, létu bahá'íarnir ekki bugast og hið kyrrláta trúnaðartraust þeirra haggðist ekki. Meðan Bahá'u'lláh var í herskálanum í 'Akká, ritaði hann til nokkurra vina:

„Óttist ekki. Þessar dyr munu opnast. Tjaldi mínu mun verða slegið upp á Karmel-fjalli og hinn mesti fögnuður ríkja.“

Þessi yfirlýsing varð fylgismönnum hans uppspretta mikillar hughreystingar og þegar fram liðu stundir rættist hún bókstaflega. Sagan um hvernig fangelsisdynar opnuðust hefur verið sögð best með orðum 'Abdu'l-Bahá, þýddum af dóttursyni hans, Shoghi Effendi:

„Bahá'u'lláh elskaði fegurð og grósku sveitarinnar. Dag nokkurn lét hann þessi orð falla: „Ég hef ekki litið gróðurlendi augum í níu ár. Sveitin er heimur sálarinnar; borgin er heimur líkamanna.“ Er ég heyrði þessi orð höfð eftir honum, skildi ég að hann þráði sveitina, og ég var þess einnig fullviss, að mér mundi heppnast allt það, sem ég gerði til þess að þessi ósk hans rættist. Á þessum tíma var í 'Akká maður, Muhammed Páshá Safwat, sem var mikill andstæðingur okkar. Hann átti höll, sem kölluð var Mazra'ih, fjórar mílur norður af borginni; yndislegur staður umlukinn gördum og þar rann lækur. Ég fór og heimsótti þennan Páshá. Ég sagði: „Páshá, þér hafið skilið höll yðar eftir mannlausa og búið í 'Akká.“ Hann svaraði: „Ég er sjúkurlingur og get ekki yfirgefið borgina. Búi ég í höllinni, verð ég einmana og fjarri vinum mínum.“ Ég sagði: „Leigið okkur staðinn meðan þér búið þar ekki og höllin stendur auð.“ Þessi

málaleitan kom honum mjög á óvart, en hann féllst brátt á hana. Húsið fékk ég leigt á mjög lágu verði, u.þ.b. fimm pund á ári. Ég greiddi leigu fyrir fimm ár og gerði samning. Ég sendi verkamenn til þess að sjá um viðgerðir á húsinu og koma skipulagi á garðinn og reisa baðhús. Ég fékk einnig vagn fyrir Hina blessuðu fegurð.¹ Dag nokkurn ákvað ég að fara og sjá staðinn með mínum eigin augum. Þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli í margendurteknum tilskipunarbréfum þess efnis, að við mættum ekki undir nokkrum kringumstæðum fara út fyrir borgarveggina, gekk ég óhindraður gegnum borgarhlíðið. Hermenn voru á verði, en þeir hreyfðu engum mótmælum, svo að ég hélt beint til hallarinnar. Næsta dag fór ég þangað aftur með nokkrum vinum og embættismönnum. Alls engin tilraun var gerð til að hindra för mína, þótt varðmenn stæðu báðu megin við borgarhlíðið. Annan dag hélt ég veislu, lagði á borð undir furutrjáním í Bahjí og safnaði um það fyrirmönnum og embættismönnum úr borginni. Um kvöldið héldum við heim til borgarinnar saman.

Dag einn hélt ég í heilaga návist Hinnar blessuðu fegurðar og sagði: „Staðurinn í Mazra'ih er reiðubúinn fyrir þig ásamt vagni til að aka þér þangað.“ (Á þeim tíma voru engir vagnar í 'Akká eða Haifa.) Hann neitaði að fara og sagði: „Ég er fangi.“ Síðar bað ég hann aftur en fékk sama svar. Ég gekk svo langt að biðja hann í þriðja sinn, en hann sagði enn: „Nei!“ og ég dirfðist ekki að halda áfram. Í 'Akká var Muhammed nokkur Shaykh, velþekktur maður, sem hafði töluverð áhrif. Hann elskaði Bahá'u'lláh og var í miklum metum hjá honum. Ég kallaði til mín þennan Shaykh og útskýrði fyrir honum málið. Ég sagði: „Þú ert djarfur. Farðu í kvöld í hina heilögu návist, krjúptu á kné frammi fyrir honum, gríptu hendur hans og slepptu þeim ekki fyrr en hann lofar að yfirgefa borgina!“ Hann var arabi . . . Hann fór beint til Bahá'u'lláh og settist niður við hné hans. Hann tók um hendur Hinnar blessuðu fegurðar, kyssti þær og spurði: „Hversvegna ferð þú ekki úr borginni.“ Hann sagði: „Ég er fangi.“ Shaykhinn svaraði: „Guð forði því! Hver hefur vald

1 Jamál-i-Mubárák (í bókstaflegri þýðingu: Hin blessaða fegurð) var titill, sem vinir og fylgjendur Bahá'u'lláh notuðu oft um hann.

til að gera þig að fanga. Þú hefur haldið sjálfum þér í fangelsi. Það var þinn eiginn vilji að vera í þrúðinni og nú bið ég þig að koma út og fara til hallarinnar. Þar er gróskumikið og unaðslegt umhverfi. Trén eru fögur og glóaldinin líkjast eldhnöttum!“ Ætíð þegar Hin blessaða fegurð sagði: „Eg er fangi, það getur ekki orðið,“ tók Shaykhinn hendur hans og kyssti þær. Í heila klukkustund hélt hann áfram að sárbiðja hann. Að lokum sagði Bahá'u'lláh: „Khaylí khúb (gott og vel)“ og Shaykhinn uppskar laun þolinmæði sinnar og þrautseigju. Hann kom til mín fagnandi með fréttirnar um samþykki hans heilagleika. Þrátt fyrir stranga tilskipun 'Abdu'l-'Azíz, sem hafði bannað mér að hitta eða samneyta á nokkurn hátt Hinni blessuðu fullkomnun, tók ég vagninn næsta dag og ók með honum til hallarinnar. Enginn hreyfði neinum mótmælum. Ég skildi hann þar eftir og sneri aftur til borgarinnar.

Í tvö ár var hann á þessum töfrandi fagra stað. Þá var það ráð tekið að flytja á annan stað, til Bahjí. Svo vildi til, að farsótt hafði brotist út í Bahjí og eigandi hússins flúði burt í skelfingu ásamt allri fjölskyldu sinni og vildi því láta húsið falt án endurgjalds. Við tókum húsið á afar lágrí leigu, og þar voru dyr tignar og sannra yfirráða opnaðar á gátt. Bahá'u'lláh var fangi að nafninu til (því að strangar tilskipanir 'Abdu'l-'Azíz, soldáns, voru aldrei numdar úr gildi), en í reynd sýndi hann slíka göfgi og virðuleik í lífi sínu og fari, að allir auðsýndu honum lotningu og stjórnendur Palestínu öfunduðust yfir áhrifum hans og valdi. Ríkisstjórar og Mutasarrifar, hershöfðingjar og héraðs-embættismenn báðu auðmjúklega um að sér yrði veittur sá heiður að komast í návist hans — en hann gaf sjaldan samþykki sitt fyrir því.

Eitt sinn bað ríkisstjóri borgarinnar um leyfi til að heimsækja Hina blessuðu fullkomnun ásamt vissum hershöfðingja á þeim forsendum, að æðri stjórnvöld hefðu fyrirskipað honum það. Beiðnin var samþykkt. Hershöfðinginn, sem var mjög feitlaginn Evrópumaður, varð svo gagntekinn af hátignarlegri návist Bahá'u'lláh, að hann kraup á kné á gólfinu við dyrnar. Slík var auðmýkt gestanna beggja, að það var aðeins eftir að Bahá'u'lláh hafði ítrekað boð sitt, að þeir fengust til að reykja vatnspípuna, sem þeim var boðin. Jafnvel þá snertu þeir hana aðeins með vörum, lögðu hana síðan til hliðar, krosslögðu hendur og sátu

kyrrir í slíkri undirgefni og lotningu, að það vakti undrun allra nærstaddra.

Lotning vinanna samfara ást þeirra, tillitssemin og virðingin, sem allir fyrimenn og embættismenn sýndu, straumur píla-gríma og sannleiksleitenda, andi hollustu og þjónustu, sem alls staðar birtist, tigin og konungleg ásýnd Hinnar blessuðu fullkonnunar, skjótvirkni fyrimæla hans, fjöldi eldhugaðra stuðningsmanna hans – allt þetta bar vitni þeirri staðreynd, að Bahá'u'lláh var í rauninni ekki fangi heldur konungur konunga. Tveir harðstjórar voru honum andsnúnir, tveir valdamiklir einvaldar, þó ávarpaði hann þá mjög ströngum orðum, jafnvel þegar hann var lokaður inni í þeirra eigin fangelsum, líkt og konungur ávarpar þegna sína. Síðar bjó hann í Bahjí eins og prins, þrátt fyrir hinar harðorðu tilskipanir. Oft sagði hann: „Sannlega, sannlega hefur hinu ægilegasta fangelsi verið breytt í Edenslund.“

Vissulega hefur slíkt aldrei þekkst, síðan heimurinn var skapaður.“

Lífið í Bahjí

Bahá'u'lláh hafði á fyrri erfiðleikaárum sýnt hvernig vegsama á Guð þrátt fyrir fátækt og opinbera smán, og á síðari árum sínum sýndi hann hvernig vegsama á Guð, þegar heiður og allsnægtir veitast. Gjafir hundruð þúsunda tryggra fylgjenda hans veittu honum yfirráð mikilla fjármuna. Þótt lífi hans í Bahjí hafi verið lýst sem sönnu lífi konungs, í æðstu merkingu orðsins, þá má enginn ætla að það hafi einkenst af efnislegri dýrð og öfgum. Hin blessaða fullkonnun og fjölskylda hans lifðu mjög óbrotnu og hófsömu lífi og eigingjörn sóun peninga í munað var óþekkt á því heimili. Nálægt heimili hans gerðu fylgjendur hans yndislegan garð, sem nefndur var Ridván, og þar eyddi hann oft mörgum dögum og jafnvel vikum og svaf á næturnar í litlu skýli í garðinum. Stundum fór hann í lengri ferðir. Hann heimsótti 'Akká og Haifa nokkrum sinnum og oftast en einu sinni sló hann upp tjöldum sínum á Karmelfjalli, eins og hann hafði spáð, er hann var fangi í herskálunum í 'Akká.

Tíma sínum eyddi Bahá'u'lláh mestmegnis í bænir og hugleiðslu, í ritun hinna helgu bóka, opinberun taflna og andlega uppfræðslu vinanna. Til að gefa honum fullt næði til að sinna þessu mikla verki, tók 'Abdu'l-Bahá að sér stjórn allra annarra málefna; hann hitti jafnvel mullána, skáldin og meðlimi stjórnarinnar. Þeir voru allir ánægðir og himinlifandi að hitta 'Abdu'l-Bahá að máli og gerðu sér útskýringar hans og samræður fyllilega að góðu, og þótt þeir hefðu ekki hitt Bahá'u'lláh sjálfan, fylltust þeir vináttu til hans vegna viðkynningar sinnar við son hans, því að viðhorf 'Abdu'l-Bahá veitti þeim skilning á stöðu Föður hans.

Hinn virti austurlandafræðingur, prófessor Edward G. Browne, heimsótti Bahá'u'lláh í Bahjí árið 1890 og færði í letur þau áhrif, sem hann varð fyrir:

„Fylgdarmaður minn beið andartak, meðan ég dró skó af fótum mér. Síðan lyfti hann dyratjaldinu með snöggu handtaki og lét það falla niður aftur, er ég gekk inn. Ég var staddur í stórum sal og fyrir gafli hans var lágt hægindi, en gegnt dyrunum voru tveir eða þrír stólar. Þótt ég hefði óljósan grun um hvert eg væri kominn og hvern ég mundi sjá (mér hafði ekki verið gert það fyllilega ljóst), liðu ein eða tvær sekúndur áður en ég varð -annlaus. Í horninu, þar sem hægindið nam við vegginn sat virðulegur og undursamlegur maður, krýndur höfuðfati af þeirri tegund, sem förumunkar nefna táj (en af óvenjulegri hæð og gerð) og um það neðst var sveipað litlum, hvítum höfuðdúk. Ásýnd þess, sem ég horfði á, get ég aldrei gleymt, þótt ég geti ekki lýst henni. Þessi nístandi augu virtust lesa innsta hugskot mitt; vald og myndugleiki lýsti af þessum miklu brúnum; djúpar rúnir á enni og andliti gáfu til kynna aldur, sem hrafnsvart hár og skegg, er náði næstum niður á mitti í óútskýranlegri fegurð, virtust afsanna. Þarflaust var að spyrja frammi fyrir hverjum ég stóð, er ég laut honum, sem nýtur ástar og virðingar, sem konungar mættu öfunda hann af og keisarar þrá án árangurs!

Mild og virðuleg rödd bauð mér að setjast og mælti síðan: „Lof sé Guði, að þú hefur náð takmarki þínu! . . . Þú hefur

komið til að sjá fanga og útlaga . . . Vér æskjum veröldinni aðeins góðs og hamingju þjóðunum; samt telja þeir oss upphafsmann deilna og undirróðurs, verðuga fjötra og útlegðar . . . Að allar þjóðir verði ein í trú og allir menn bræður; að bönd ástúðar og einingar milli mannanna sona styrkist; að trúarbragðaágreiningi linni og mismunun kynþátta hverfi úr sögunni – hvaða tjón er að þessu? . . . Þó mun þetta verða; þessar tilgangslausu deilur, þessi eyðileggjandi stríð munu líða undir lok og Hinn mesti friður komast á . . . Þarfnist þið í Evrópu þess ekki líka? Er þetta ekki það, sem Kristur hafði sagt fyrir um? . . . Samt sjáum vér konunga ykkar og stjórnendur sóa fjársjóðum sínum af meira örlæti á tæki til eyðingar mannkynsins, en á það, sem stuðla mun að hamingju þess . . . Þessum deilum og þessum blóðsúthellingum og ósætti verður að linna og allir menn verða sem ein fjölskylda, ein ættkvísl. Lát manninn eigi miklast af því, að hann elskar land sitt; lát hann fremur miklast af því, að hann elskar meðbræður sína . . .`

Þessi og mörg önnur voru, svo framarlega sem ég man, orðin, sem ég heyrði af vörum Bahá. Látum þá, sem lesa þau, hugleiða vel með sjálfum sér hvort slíkar kenningar eigi skilið fjötra og dauða, og hvort líklegra sé að veröldin tapi eða hagnist við útbreiðslu þeirra.“ (Formáli að „A Traveller's Narrative“ (Frásögn ferðamanns), bls. 39.)

Uppstigning

Þannig eyddi Bahá'u'lláh ævikvöldi sínu í ró og einfaldleika uns hann lést 29. maí, 1892, eftir hitasótt, sjötíu og fimm ára gamall. Meðal síðustu taflnanna, sem hann opinberaði, var erfðaskrá hans, rituð með hans eigin hendi, undirrituð og innsigluð. Níu dögum eftir andlát hans, rauf elsti sonur hans innsiglið í nærveru fjölskyldumeðlimanna og fáeinna vina og innihald þessa stutta en merkilega skjals var kunngert. Í þessari erfðaskrá var 'Abdu'l-Bahá útnefndur fulltrúi föður síns og útskýrandi kenninga hans, og fjölskyldu og ættingjum Bahá'u'lláh og öllum átrúendunum var boðið að snúa sér til hans og hlýða honum. Með þessari ráðstöfun var komið í veg fyrir flokkadrætti og klofning og eining málstaðarins tryggð.

Spámannshlutverk Bahá'u'lláh

Það er mikilvægt að gera sér ljósa grein fyrir spámannshlutverki Bahá'u'lláh. Orðum hans, eins og orðum annarra guðdómlegra „birtenda“, má skipta í tvo flokka. Í öðrum þeirra ritar hann eða talar einfaldlega eins og maður, sem Guð hefur falið að flytja boðskap meðbræðrum sínum, en í hinum er það Guð sjálfur, sem orðin mælir.

Hann skrifar í *Kitáb-i-Íqán*:

„Vér höfum á undangengnum blaðsíðum eignað tvenns konar stöðu hverjum þeim ljósbera, sem rís frá dagsbrún eilífs heilagleika. Aðra stöðuna, stöðu kjarnlægrar einingar, höfum vér þegar skýrt. „Engan greinarmun gerum vér á neinum þeirra.“ (Kóraninn 2:136). Hin er staða auðkennis og heyrir til heimi sköpunarinnar og takmörkunum hennar. Þannig hefur sérhver birting Guðs sérstök einstaklingseinkenni, ákveðið afmarkað hlutverk, forákvarðaða opinberun og sérákveðnar takmarkanir. Hver þeirra er kunn undir sérstöku nafni, auðkennist af sérstakri eigind, uppfyllir ákveðna köllun og er ætlað að flytja sérstaka opinberun. Þannig mælti hann: „Suma postulana höfum vér gert ágætari öðrum. Til sumra hefur Guð talað, suma hefur hann reist upp og gert veggamlega. Og Jesú, syni Maríu, sýndum vér óræk tákni og vér styrktum hann með Heilögum Anda.“ (Kóraninn 2:253) . . .

Þannig, séð frá sjónarhóli einingar þeirra og æðstu sjálfslausnar, hafa eigindir Guðdómsins, Guðdómsleikans, fullkomins einstæði og innsta kjarna verið, og eru, heimfæranlegar á þessa kjarna verundarinnar, því að allir dvelja þeir í hásæti himneskrar opinberunar og eru grundvallaðir í sæti guðlegrar leyndar. Með birtingu þeirra er opinberun Guðs kunngerð og í ásjónum þeirra opinberast fegurð Guðs. Því er það, að orð Guðs sjálfs hafa hljómað af vörum þessara birtenda guðlegrar verundar.

Séð í ljósi annarrar stöðu þeirra – stöðu auðkenna, aðgreiningar, tímanlegra takmarkana, einkenna og mælikvarða – birta þeir fyllstu þjónustu, algjöra örbirgð og fullkomna sjálfsúþurrkun. Þannig mælti hann: „Ég er þjónn Guðs. Ég er aðeins maður eins og þið“ . . .

Ef einhver þessara alltumlykjandi birtinga Guðs kunngerði: „Ég er Guð“, þá mælir hann vissulega sannleikann og á því leikur enginn vafi. Því það hefur hvað eftir annað verið sannað, að með opinberun þeirra, eigindum þeirra og nöfnum, hefur opinberun Guðs, eigindir hans og nöfn, verið kunngerð í heiminum Þannig hefur hann opinberað: „Þessi spjót voru Guðs, ekki þín.“ (Kóraninn 8:17). Og einnig segir hann: „Í sannleika, þeir sem hétu þér hollustu, hétu í raun Guði hollustu.“ (Kóraninn 48: 10.) Og ef einhver þeirra mælti orðin: „Ég er boðberi Guðs“, þá talar hann sannleikann, óvæfengjanlegan sannleika. Þannig mælti hann: „Múhammed er ekki faðir neins manns meðal yðar, heldur er hann boðberi Guðs.“ Séðir í þessu ljósi eru þeir allir einungis boðberar Hins fullkomna konungs, hins óbreytilega kjarna. Og ef þeir allir kunngerðu: „Ég er innsigli spámannanna“, þá töluðu þeir vissulega sannleikann og á því léki enginn vafi. Því að þeir eru aðeins ein persóna, ein sál, einn andi, ein verund, ein opinberun. Þeir eru allir birtendur „upphafsins“ og „endisins“, hins „fyrsta“ og hins „síðasta“, hins „séða“ og hins „hulda“, en allt lýtur þetta að honum, sem er innstur andi andanna og eilífur kjarni kjarnanna. Og ef þeir segðu: „Vér erum þjónar Guðs“, þá er það sömuleiðis augljós og óvæfengjanleg staðreynd. Því að þeir hafa verið birtir í fyllstu þjónustu, þjónustu, sem engum manni getur nokkru sinni auðnast. Þannig hafa þessir kjarnar verundarinnar, er þeir voru í hafdjúpum aldinnar og eilífrar dýrðar, eða þegar þeir svifu upp á háleitustu tinda guðlegra leyndardóma, lýst því yfir, að orð þeirra væru rödd Guðdómsins, kall Guðs sjálfs. Væri auga skilningsins lokið upp, mundi það sjá, að í þessu ástandi hafa þeir talið sig fullkomlega útpurrkaða og án tilveru fyrir augliti hans, sem er hinn gagntakandi, hinn ólýtanlegi. Mér virðist sem þeir hafi titið á sjálfa sig sem alls ekkert og talið sína eigin minning innan þeirrar hirðar sem guðlast. Því að hið minnsta hyisl sjálfsins í þeim helgidómi er vitnisburður um sjálfsupphafningu og óháða tilvist. Í augum þeirra, sem gengið hafa inn í þann helgidóm, er slíkt í sjálfu sér hörmuleg yfirtroðsla. Hversu hörmulegra væri það, ef eitthvað annað væri nefnt í þeirri návist, ef hjarta mannsins, tunga hans, hugur eða sál, væri önnum kafin við annað en Hinn ástfólgna, ef augu hans sæju annað

auglit en fegurð hans, ef eyru hans heyrðu annan söng en rödd hans og fætur hans fetuðu annan veg en veg hans.

Á þessum degi leikur andblær Guðs um alla hluti og andi hans hefur gagntekið allt. Slík er úthelling náðar hans, að penninn kyrrist og tungan fær ekki mælt.

Í krafti þessarar stöðu hafa þeir kunngert, að rödd þeirra sé rödd Guðs, en í krafti stöðu þeirra sem boðbera hafa þeir lýst því yfir, að þeir séu boðberar Guðs. Þeir hafa ætíð sniðið orð sín að þörfum aðstæðnanna og gert sjálfa sig ábyrga fyrir þessum yfirlýsingum, sem ná allt frá ríki guðlegrar opinberunar til ríkis sköpunarinnar, og frá fullveldi Guðdómsins til fullveldis jarðneskrar tilvistar. Því er það, að allt sem þeir segja, hvort sem það varðar ríki Guðdómsins, drottinveldisins, spámennskunnar, boðberans, varðarins, hins postullega hlutverks eða þjónustu, er satt og alls engi vafi leikur á því. Þess vegna verður að íhuga kostgæfilega þau ummæli, sem vér höfum vitnað til til stuðnings röksemdafærslu vorri, til þess að ólík orð birtenda hins Ósýnilega og uppsprettur heilagleikans hætti að þjá sálina og vera ráðgáta huganum.“ – (Kitáb-i-Íqán, bls. 176–181).

Þegar Bahá'u'lláh talar sem maður, er staða hans algjör auðmýkt, „eyðing í Guði“. Það sem greinir mannlegan persónuleika birtandans frá öðrum mönnum er fullkomin sjálfsafneitun þeirra sem og fullkomnun krafta þeirra. Undir öllum kringumstæðum getur hann sagt, eins og Kristur í Getsemane-garðinum: „Verði þó ekki minn vilji, heldur þinn.“ Bahá'u'lláh segir því í pistli sínum til sháhsins:

„Ó, konungur! Ég var maður, eins og aðrir menn, sofandi á beði mínu, þegar sjá! andblær frá hinum Aldýrlega lék um mig og kenndi mér þekkingu á öllu, sem hefur verið. Þetta er ekki frá mér, heldur þeim, sem er almáttkur og alvitur. Og hann bauð mér að hefja upp raust mína milli himins og jarðar, og sakir þessa féll mér það í hlut, sem fékk sérhvern skilningsríkan mann til að tárast. Þann lærdóm, sem tíðkast meðal manna, nam ég ekki, og skóla þeirra sótti ég ekki . . . Þetta er aðeins lauf, sem vindar vilja Drottins þíns, hins almátka, hins allofaða, hafa feykt. Getur það verið kyrrt, þegar stormarnir geisa? Nei, við hann, sem er drottinn allra nafna og eiginda! Þeir feykja því,

eins og þeim líst. Hið tímanlega er sem ekkert frammi fyrir honum, sem er hinn eilífi. Knýjandi skipanir hans hafa náð til mín og látið mig flytja lofgjörð hans meðal allra manna. Ég var sem andvana, þegar boð hans gekk fram. Hönd vilja Drottins þíns, hins vorkunnláta, hins miskunnsama, umbreytti mér. Getur nokkur talað það af sjálfum sér, sem allir menn munu nota gegn honum? Nei, við hann, sem kenndi penna hinna eilífu leyndardóma, nema sá, sem náð hins almáttka, hins alvolduga hefur styrkt.“ (Lawh-i-Sultán, tilvitnun í The Promised Day is Come, bls. 40–41)

Eins og Jesús þvoði fætur lærisveina sinna, þannig var Bahá'u'lláh stundum vanur að matreiða og vinna önnur yfirlætislaus störf fyrir fylgjendur sína. Hann var þjónn þjónanna og gladdist aðeins af þjónustunni, gerði sér að góðu að sofa á beru gólfinu, væri þess þörf, að lifa á vatni og brauði, eða jafnvel stundum á því, sem hann nefndi „hina himnesku næringu, það er að segja, hungur!“ Fullkomin auðmýkt hans kom fram í djúpri lotningu hans fyrir náttúrunni, fyrir mannlegu eðli og einkum og sér í lagi fyrir helgum mönnum, spámönnum og píslarvottum. Í hans augum töluðu allir hlutir um Guð, frá hinum smæsta til hins stærsta.

Guð hafði útvalið mannlega persónu hans til að vera guðlegur talsmaður hans og penni. Hann gekk ekki í gegnum þessar óumræðilegu þrengingar og erfiðleika af eigin vilja. En eins og Jesús sagði: „Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan bikar frá mér,“ þannig sagði Bahá'u'lláh: „Ef annar talsmaður eða útskýrandi hefði fengist, þá hefðum vér ekki gerst skotspónn gagnrýni, hæðni og bölbæna fólksins.“ (Ishráqát-taflan). En hin guðlega köllun var skýr og ákveðin og hann hlýddi. Vilji Guðs varð hans vilji, velþóknun Guðs varð velþóknun hans og með „geislandi jafnaðargeði“ kunngerði hann:

„Sannlega segi ég: Hvað eina, sem gerast kann á vegi Guðs, er sálinni ástfólgið og þrá hjartans. Banvænt eitur á vegi hans er

hreint hunang og sérhver þrenging svalandi drykkur.“ (Bahá'u'lláh, Epistle to the Son of the Wolf, bls. 17).

Eins og áður var minnst á, talar Bahá'u'lláh stundum „í stöðu Guðdómsins“. Þá er mannleg persóna hans svo fullkomlega undirgefin, að hún skiptir alls engu mál lengur. Fyrir hans munn talar Guð til skepna sinna, kunngerir þeim ást sína, fræðir þær um eigindir sínar, gerir kunnan vilja sinn, boðar lög sín þeim til leiðsagnar og biður um ást þeirra, hollustu og þjónustu.

Í ritum Bahá'u'lláh eru tíð umskipti frá einu þessara forma til annars. Stundum er það augljóslega maðurinn, sem talar, síðan er fyrirvaralaust haldið áfram, eins og Guð væri að tala í fyrstu persónu. En jafnvel þegar Bahá'u'lláh talar eins og maður, talar hann sem boðberi Guðs, sem lifandi fordæmi um algera hollustu við vilja Guðs. Allt líf hans er þrungið Heilögum Anda. Þar af leiðandi er ekki hægt að draga nein skörp skil milli hinna mannlegu og guðlegu þátta í lífi hans og kenningum. Guð mælir til hans svofelldum orðum:

„Seg: Ekkert er sýnilegt í musteri mínu, nema musteri Guðs, né í fegurð minni nema fegurð Guðs, né í verund minni nema verund hans, né í mér sjálfum nema hann sjálfur, né í hreyfingu minni néma hreyfing hans, né í undirgefni minni nema undirgefni hans, né í penna mínum nema penni hans, hins dýrlega, hins dádá.“

Seg: Ekkert hefur verið í sálu minni nema sannleikurinn og í sjálfum mér var ekkert annað að sjá en Guð.“ – (Súratu'l-Haykal, bls. 30).

Ætlunarverk hans

Ætlunarverk Bahá'u'lláh var að grundvalla einingu — einingu alls mannkyns í og með Guði. Hann segir:

„Hinn aldyrlegi ávöxtur af tré þekkingarinnar er þetta orð: Þér eruð allir ávextir eins trés og lauf einnar greinar. Lát

manninn ekki miklast af því, að hann elskar ættjörð sína, lát hann fremur miklast af því að hann elskar meðbræður sína.“

Spámenn fyrri tíma hafa boðað friðaröld á jörðu og góðvild meðal manna, og þeir hafa gefið líf sitt til þess að flýta komu hennar, en sérhver þeirra hefur lýst því yfir skýrt og skorinort, að þessu dásamlega takmarki yrði ekki náð fyrr en eftir „komu Drottins“ á hinum síðustu dögum, er illvirkjarnir yrðu dæmdir og hinum réttlátu umbunað.

Sarabústra spáði þrjú þúsund ára sundrung á undan komu Sháh Bahrám, endurlausnara heimsins, sem vinna mundi sigur á Ahríman, anda hins illa, og grundvalla ríki réttlætis og friðar.

Móses spáði því, að börn Ísraels yrðu að þola langa útlegð, ofsóknir og ánaud, uns Drottinn herskaranna birtist til að safna þeim saman frá öllum þjóðunum, eyða kúgurunum og stofnsetja ríki sitt á jörðunni.

Kristur sagði: „Ætlið ekki, að ég sé kominn til að flytja frið á jörðu, heldur sverð.“ (Matt. X., 34.) Hann sagði fyrir um tímabil styrjalda, þjáninga og þrenginga, sem vara mundi, þangað til Mannssonurinn kæmi „í dýrð föðurins“.

Múhammed kunngerði, að vegna rangsleitni gyðinga og kristinna manna hefði Alláh kveikt hatur og úlfúð í milli þeirra, sem vara mundu til upprisudagsins, er hann sjálfur kæmi til að dæma þá alla.

Bahá'u'lláh kunngerði hins vegar, að hann væri sá, sem allir þessir spámenn höfðu spáð að koma myndi – hinn guðlegi Birtandi, og að á spádómstímabili hans myndi friðarríkið verða stofnsett á jörðu. Þessi staðhæfing er einstæð og án fordæma, samt kemur hún heim og saman við tákn tímanna og spádóma allra hinna miklu spámanna. Bahá'u'lláh opinberaði svo skýrt og ótvírætt ráðin til að koma á friði og einingu meðal mannkynsins, að það á sér engin fordæmi í sögu trúarbragðanna.

Því verður ekki neitað að frá komu Bahá'u'lláh hafa átt sér stað meiri styrjaldir og eyðilegging en dæmi eru til um

áður, en þetta er einmitt það, sem spámennirnir sögðu að gerast mundi á hinum „mikla og ógurlega degi Drottins.“ Þetta staðfestir því þá skoðun, að „koma Drottins“ sé ekki einungis í vændum, heldur sé nú þegar staðreynd. Samkvæmt dæmisögu Krists verður víngarðseigandinn að tortíma hinum illu vínyrkjum, áður en hann selur víngarðinn í hendur öðrum, sem gjalda munu honum af ávexti garðsins á réttum árstíma. Þýðir þetta ekki, að hin ægilega eyðing Drottins kemur yfir þær grimmu stjórnir, ágjarna og einstrengingslega presta, mullá eða kúgara, sem öldum saman hafa misnotað völd sín á jörðunni, eins og hinir illu vínyrkjar, og sölsað undir sig ávöxt hennar?

Verið getur að hræðilegir atburðir og hörmungar, sem enga hliðstæður eiga sér, muni enn gerast á jörðunni, en Bahá'u'lláh fullvissar okkur um, að „áður en langt um líður munu þessar gagnslausu deilur, þessi eyðileggjandi stríð hverfa úr sögunni og hinn mesti friður koma.“ Ófriður og styrjaldir eru orðin svo óþolandi plága meðal þjóðanna, að mannkynið verður að finna lausn frá þeim eða tortímast ella.

„Fylling tímans“ er komin og með henni Hinn fyrirheitni lausnari!

Rit Bahá'u'lláh

Rit Bahá'u'lláh eru mjög víðfeðm og alhliða. Þau fjalla um öll svið mannlegrar tilveru, einstaklinginn og samfélagið, efnisleg og andleg málefni, um túlkun fornra og nýrra helgibóka og hafa að geyma spámannlega sýn náinnar og fjarlægðar framtíðar.

Undrun sætti hve víðtæk og nákvæm þekking hans var. Hann gat vitnað til og útskýrt ritningar ýmissa trúarbragða, sem bréfritarar hans og fyrirspyrjendur voru kunnugir, á sannfærandi hátt og af myndugleika, þótt svo virðist sem honum hafi aldrei með venjulegu móti verið tiltækar þær bækur, sem hann vitnaði til. Hann lýsir því yfir í „*Epistle to the Son of the Wolf*“; að hann hafi aldrei lesið Bayáninn, þótt hann í sínum eigin ritum sýni fullkomna þekkingu og

skilning á opinberun Bayánins. (Eins og þegar hefur verið skýrt frá, lýsti Bábinns því yfir að opinberun hans, Bayáninn, væri innblásinn af og ætti upptök sín í „honum, sem Guð mun birta“!) Bahá'u'lláh fékk aldrei tækifæri til að ræða við upplýsta vestræna hugsuði, að því undanskildu, að árið 1890 átti hann fjórum sinnum samræður við prófessor Edward Granville Browne, en hvert viðtal stóð í tuttugu til þrjátíu mínútur. Þrátt fyrir þetta bera rit hans vitni um fullan skilning á þjóðfélags-, trúarbragða- og stjórnmálalegum vanda Vesturlanda, svo að jafnvel óvinir hans urðu að játa, að þekking hans og víska væri óviðjafnanleg. Hin langa og velþekkta fangelsisvist hans tekur af öll tvímæli um það, að sá þekkingarauður, sem birtist í ritum hans, hlýtur að hafa komið frá einhverri andlegri uppsprettu, algerlega óháð venjulegum námsaðferðum eða fræðslu með aðstoð kennara og bóka.¹

Stundum skrifaði hann á nútíma persnesku, því máli, sem landar hans töluðu daglega og er mjög blandað arabísku. Við önnur tækifæri, þegar hann beindi máli sínu til lærðra fylgjenda Sarapústra, skrifaði hann hreina klassíska persnesku. Honum var jafn tamt að rita arabísku, stundum mjög einfalt mál, stundum það klassíska mál, sem er á Kóraninum. Fullkomið vald hans á þessum ólíku tungumálum og stílbrögðum var þeim mun merkilegra, sem hann var með öllu ómenntaður í bókmenntum.

Í sumum rita hans er vegi heilagleikans lýst í svo einföldum orðum að „vegfarandinn, sem hann fer, mun eigi villast, jafnvel ekki fíráðlingurinn.“ (Jes. 35., 8.) Sum rit hans eru auðug að skáldlegu líkingamáli, djúpri heimspeki og tilvitnunum til ritninga sarapústrasinna, moslema og annarra, eða

¹ Er 'Abdu'l-Bahá var spurður hvort Bahá'u'lláh hefði lagt sérstaka stund á vestrænar bókmenntir og sett kenningar sínar fram í samræmi við þær, svaraði hann því til, að bækur Bahá'u'lláh, sem ritaðar voru og gefnar út þegar á áttunda tug síðustu aldar, innihéldu hugmyndir og hugsjónir, sem Vesturlandamenn þekktu vel nú orðið, þótt þær á þeim tímum hefðu verið með öllu óþekktar á Vesturlöndum.

til persneskra og arabískra bókmennta og arfsagna, sem aðeins skáldið, heimspekingurinn eða fræðimaðurinn getur metið að verðleikum. Enn önnur rita hans fjalla um æðri svið hins andlega lífs, sem þeim einum er skiljanlegt, sem lagt hafa að baki hin lægri svið. Rit hans líkjast allsnægtaborði, hlaðið mat og lostæti af ýmsu tagi, og hver sá, sem leitar sannleikans í alvöru og einlægni, mun fá þar saðning og svölun.

Sakir þessa hafði málstaður hans áhrif meðal hinna lærðu og menntuðu, andlegra skálda og velþekktra rithöfunda. Jafnvel sumir leiðtogar trúarsamfélags súfía og stjórnmalamenn, sem einnig voru rithöfundar, löðuðust að orðum hans, því að þau tóku öllu öðru fram að yndisleik í framsetningu og andlegri dýpt.

Bahá'í andinn

Frá fangelsinu í 'Akká kom Bahá'u'lláh af stað djúptækri hreyfingu í ættlandi sínu, Persíu, og ekki aðeins þar, heldur í hans var óbrigðul mildi, hæverska og þolgæði, samt hafði þetta afl undraverðan lífsþrótt og yfirskilvitlegt vald. Því tókst að hrinda í framkvæmd því, sem virtist óframkvæmanlegt. Fyrir áhrif þess urðu þeir, sem gáfu sig því á vald, að nýrri sköpun. Þeir fylltust ást, trú og áhuga, og jarðnesk gleði og sorgir bliknuðu við samanburð. Þeir voru reiðubúnir að gangast undr ævilangar þjáningar eða þola grimman dauða með fullu jafnaðargeði og geislandi fögnuði í krafti óbifanlegs trausts á Guð.

Dásamlegast af öllu var þó, að hjörtu þeirra voru svo þrungen fögnuði nýs lífs, að þar rúmaðist hvorki beiskja né hefndarhugur til kvalaranna. Þeir vörðu sig aldrei með ofbeldi og í stað þess að kveina yfir örlögum sínum, töldu þeir sig hamingjusamasta allra manna að hafa fengið tækifæri til að viðurkenna þessa nýju og dýrlegu opinberun og geta lifað eða dáið til að bera sannleika hennar vitni. Vissulega gátu hjörtu þeirra fagnað, því að þeir trúðu að Guð, hinn æðsti,

hinn eilífi, hinn ástfólgni, hefði talað til þeirra með mannlegri tungu, hefði kallað þá til að vera þjóna sína og vini, hefði komið til að grundvalla ríki sitt á jörðunni og flytja ómetanlega gjöf friðarins stríðspreyttum og sundruðum heimi.

Slík var trúin, sem Bahá'u'lláh hafði vakið í brjósti þeirra. Hann kunngerði sitt eigið ætlunarverk, eins og Bábinn hafði sagt fyrir um, og það má þakka trúu starfi fyrirrennara hans, að þúsundir manna voru reiðubúnir að fagna komu hans – þúsundir manna, sem höfðu hrist af sér hlekk hjátrúar og hleypidóma og sem biðu þess með flekklausu hjarta og opnum huga, að hin fyrirheitna dýrð Guðs yrði birt. Hvorki fátækt né hlekkir, ömurlegar kringumstæður né ytri niðurlæging gat dulið fyrir þeim hina andlegu dýrð Drottins þeirra – þetta dimma jarðneska umhverfi jók einungis á ljóma raunverulegrar dýrðar hans.

‘Abdu’l-Bahá: Þjónn Bahá

„Þegar haf návistar minnar hefur fjarað út, og bók opinberunar minnar er á enda, snúið yður þá til hans, sem Guð hefur fyrirhugað, sem runninn er af þessari fornu rót.“ – Bahá’u’lláh, (Kitáb-i-Aqdas).

Fæðing og uppvaxtarár

‘Abbás Effendi, sem síðar tók sér nafnið ‘Abdu’l-Bahá (þ.e. þjónn Bahá), var elsti sonur Bahá’u’lláh. Hann fæddist í Teheran skömmu fyrir miðnætti 23. maí, 1844,¹ sömu nótt-ina og Bábin kunngerði köllun sína.

Hann var níu ára gamall, þegar föður hans, sem hann unni hugástum, var varpað í neðanjarðardýflissuna í Teheran. Múgurinn lét greipar sópa um hús þeirra, fjölskyldan var rænd öllum eigum sínum og skilin eftir allslaus. ‘Abdu’l-Bahá segir frá því, er honum dag einn var leyft að fara inn í fangelsisgarðinn til að sjá elskaðan föður sinn á daglegri gönguferð í garðinum. Skelfileg breyting hafði orðið á Bahá’u’lláh. Hann var svo sjúkur, að hann tæpast gat gengið. Hár hans og skegg var í vanhirðu, háls hans sár og

1 Fimmtudag 5. jamádí I, 1260 A.H.

bólginn undan þungum stálhring og líkami hans boginn undan þunga hlekkjanna. Þessi sjón skildi eftir óafmáanleg spor í viðkvæmri vitund drengsins.

Tíu árum áður en Bahá'u'lláh kunngerði opinberlega ætlnarverk sitt, uppgötvaði 'Abdu'l-Bahá af skörpu innsæi sínu, að hann var að sönnu Hinn fyrirheitni, sem allir fylgismenn Bábsins biðu eftir. 'Abdu'l-Bahá var þá aðeins níu ára gamall og þetta var á fyrsta ári dvalar þeirra í Bagdad. Sextíu árum síðar lýsti hann því andartaki, er þessi fullvissa laust sál hans með yfirpyrmandi afli:

„Ég er þjónn Hinnar blessuðu fullkomnunar. Ég var barn í Bagdad. Þar og þá kunngerði hann mér orðið, og ég trúði á hann. Um leið og hann hafði birt mér orðið, kastaði ég mér fyrir heilagar fætur hans og sárþændi hann um að þiggja blóð mitt sem fórn á vegi sínum. Fórn! Hve unaðslegt finnst mér þetta orð! Fyrir mér er engin hylli þessari meiri! Hvaða dýrð gæti mér hlotnast, sem væri meiri en sú, að fjötur væri lagður á háls minn sakir hans, fætur mínir hlekkjaðir sakir ástar hans, líkami minn limlestur og varpað í sædjúpin sakir málstaðar hans! Ef við erum elskhugar hans í raun og sannleika – ef ég er þjónn hans í raun og sannleika, þá verð ég að fórna lífi mínu, og öllu, sem mér tilheyrir, við heilaga fótiskör hans.“ – (Diary of Mírzá Ahmad Sohrab, janúar, 1914).

Um þetta leyti fóru vinir hans að kalla hann „leyndardóm Guðs“. Bahá'u'lláh gaf honum þetta nafn og hann gekk venjulega undir því, meðan á dvölinni í Bagdad stóð.

'Abbás var harmi lostinn þau tvö ár, sem faðir hans var í eyðimörkinni. Helsta huggun hans var að afrita og læra utanbókar töflur Bábsins, og hann eyddi miklum tíma í einveru og hugleiðslu. Þegar faðir hans kom loks aftur, var drengurinn frá sér numinn af fögnuði.

Æska

Hann varð, frá því faðir hans kom aftur, nánasti félagi hans, og kalla mátti, að hann væri verndari föður síns. Þótt

hann væri kornungur, sýndi hann undraverða visku og dómgreind og tók að sér að ræða við hina fjölmörgu gesti, sem komu til að hitta föður hans að máli. Væru þeir einlægir sannleiksleitendur, fengu þeir að ganga á fund Bahá'u'lláh; að öðrum kosti leyfði hann þeim ekki að ónáða föður sinn. Við mörg tækifæri hjálpaði hann föður sínum að svara spurningum gestanna og greiða úr erfiðleikum þeirra. Það var eitt sinn, að einn af leiðtogum súfía, 'Alí Shawkat Páshá að nafni, bað um útskýringar á orðunum: „Eg var hulinn leyndardómur,“ sem kemur fyrir í þekktri islamskri arfsögn.¹ Bahá'u'lláh sneri sér til „leyndardóms Guðs“, 'Abbás, og bað hann að skrifa skýringuna. Drengurinn, sem þá var 15 eða 16 ára gamall, reit strax mikilvæga ritgerð, þar sem þessi orð voru svo skilmerkilega útskýrð, að jafnvel Pásháinn undraðist. Þetta rit er nú útbreitt meðal bahá'ía, og margir, sem standa utan bahá'í trúarinnar, þekkja vel til þess.

'Abbás var á þessum tíma tíður gestur í moskunum, þar sem hann ræddi guðfræðileg málefni við klerka og lærdómsmenn. Hann gekk aldrei í neinn skóla, og faðir hans var eini kennari hans. Eftirlætis afþreying hans var að fara á hestbak, og hafði hann mikla gleði af því.

Eftir yfirlýsingu Bahá'u'lláh í garðinum fyrir utan Bagdad, varð 'Abdu'l-Bahá nátengdari föður sínum en nokkru sinni fyrr. Hann vék ekki frá hlið föður síns, á degi eða nóttu, á hinni löngu leið til Konstantínópel; á daginn reið hann með vagni Bahá'u'lláh, og á nóttunni vakti hann í nánd við tjald hans. Hann leysti föður sinn undan öllum heimilisáhyggjum og ábyrgð, að svo miklu leyti, sem það var unnt, og var stoð og stytta allrar fjölskyldunnar.

Árin, sem þeir dvöldu í Adríanópel, varð 'Abdu'l-Bahá öllum kær og ástfólginn. Hann kenndi mikið og varð þekktur sem „Meistarinn“. Í 'Akká, þegar nær allur hópurinn sýktist af taugaveiki, malaríu og blóðkreppusótt, þvoði hann

1 Vitnað er til þessarar arfsagnar í einni af töflum Bahá'u'lláh. Sjá V. kafla í þessari bók.

sjúklingunum, hjúkraði þeim, mataði þá, vakti yfir þeim án þess að hvílast, uns hann varð örmagna og fékk sjálfur blóðkreppusótt og var hættulega veikur í einn mánuð. Eins og í Adríanópel, var hann elskaður og virtur af háum sem lágum, allt frá ríkisstjóranum til hins vesælasta beiningamanns.

Kvönfang

Eftirfarandi frásögn af hjúskap 'Abdu'l-Bahá, var höfundinum vinsamlega látin í té af persneskum sagnfræðingi, sem er bahá'í:

„Á æskuárum 'Abdu'l-Bahá var eðlilega mikill áhugi á því meðal bahá'ía, að hann fengi kvönfang við sitt hæfi, og margir ólu þá ósk í brjósti, að fjölskyldum þeirra félli þessi mikli heiður í skaut. En lengi vel sýndi 'Abdu'l-Bahá engin merki þess, að hann hygðist festa ráð sitt, og enginn gat skilið viskuna að baki þessu. Seinna varð það ljóst, að forsjónin hafði fyrirhugað 'Abdu'l-Bahá að kvænast stúlku, sem hafði fæðst vegna blessunar, sem Bábinn hafði veitt foreldrum hennar í Isfáhán. Faðir hennar var Mírzá Muhammad 'Alí, sem var frændi „konungs píslarvottanna“ og „ástvínar píslarvottanna“, og hún var komin af einni göfugustu og virtustu ættinni í Isfáhán. Þegar Bábinn var í Isfáhán átti Mírzá Muhammad 'Alí engin börn, en kona hans þráði að eignast barn. Er Bábinn heyrði þetta, gaf hann honum dálítið af mat sínum og sagði honum að neyta hans ásamt konu sinni. Er þau höfðu neytt matarins, varð brátt ljóst að langþráður draumur þeirra um barn mundi rætast. Þeim fæddist dóttir, sem hlaut nafnið Munírih Khánum.¹ Seinna fæddist þeim sonur, sem fékk nafnið Siyyid Yahyá, og síðar varð þeim fleiri barna auðið. Nokkru seinna dó faðir Munírih, föðurbræður hennar dóu píslarvættisdaða fyrir hendi Zillu's-Sultán og prestanna, og fjölskyldan lenti í miklum erfiðleikum og þoldi hatrammar ofsóknir, því að þau voru bahá'íar. Bahá'u'-

1 Íhugunarvert er að bera þessa sögu saman við söguna af fæðingu Jóhannesar skírara. Sjá Lírkasarguðspjall, 1. kafla.

lláh leyfði þá Munírih og Siyyid Yahyá að koma til 'Akká til að forða þeim undan ofsóknum. Bahá'u'lláh og kona hans, Navváb, móðir 'Abdu'l-Bahá, sýndu Munírih svo mikið ástríki og gæsku, að öðrum varð ljóst, að þau mundu vilja gifta hana 'Abdu'l-Bahá. Ósk föður og móður varð einnig ósk 'Abdu'l-Bahá. Hann elskaði Munírih, sem endurgalt ást hans, og áður en langt um leið voru þau sameinuð í hjónabandi.“

Samstilling og hamingja ríkti í hjónabandi þeirra. Af þeim börnum, sem þeim fæddust, lifðu fjórar dætur af raunir hinna löngu fangelsisvistar, og hafa þær náð hylli allra þeirra, sem hafa átt því láni að fagna að kynnast fornfýsi þeirra og fögru líferni.

Miðja sáttmálans

Bahá'u'lláh gaf það með ýmsu móti til kynna, að 'Abdu'l-Bahá ætti að takast á hendur stjórn málstaðarins eftir sinn dag. Mörgum árum fyrir dauða sinn kunngerði hann þetta óbeinum orðum í Kitáb-i-Aqdas. Margoft skírskotaði hann til 'Abdu'l-Bahá sem „miðju sáttmála míns“, „hinnar mestu greinar“, og „greinarinnar, sem runnin er af þessari fornu rót“. Hann talaði venjulega um hann sem „Meistarann“, og vildi að öll fjölskyldan sýndi honum sérstaka lotningu. Í erfðaskrá sinni skildi hann eftir skýr fyrirmæli þess efnis, að allir ættu að snúa sér til 'Abdu'l-Bahá og hlýða honum.

Eftir andlát hinnar „Blessuðu fegurðar“ (eins og Bahá'u'lláh var yfirleitt nefndur af fjölskyldu sinni og fylgjendum), tók 'Abdu'l-Bahá við þeirri stöðu, sem faðir hans, hafði ætlað honum. Hann varð leiðtogi málstaðarins og lögmætur túlkandi kenninga Bahá'u'lláh, en nokkrir ættingjar hans og aðrir snerust gegn honum og urðu jafn bitrir mótstöðumenn hans og Subh-i-Azal hafði verið Bahá'u'lláh. Þeir reyndu að vekja missætti meðal átrúendanna, og er þeim tókst það ekki, hófust þeir handa um að senda tyrknesku stjórninni upplagnar ákærur á hendur 'Abdu'l-Bahá.

Samkvæmt fyrirskipun föður síns, lét 'Abdu'l-Bahá reisa byggingu í hlíðum Karmel-fjalls, fyrir ofan Haifa, og átti hún að vera varanlegur hvílastaður jarðneskra leifa Bábsins, en þar áttu einnig að vera vistarverur til funda og þjónustugerðar. Óvinir hans skýrðu yfirvöldunum frá því, að þessari byggingu væri ætlað að verða virki, þaðan sem 'Abdu'l-Bahá og fylgismenn hans hyggðust stjórna uppreisn gegn stjórninni og leggja undir sig nærliggjandi héruð Sýrlands.

Aftur hert á fangelsisvistinni

Sökum þessara og annarra upploginna sakargifta var 'Abdu'l-Bahá og fjölskylda hans aftur hneppt í fangelsi innan múranna í 'Akká um sjö ára skeið, en áður hafði hann í rösk tuttugu ár notið ferðafrelsis í næsta nágrenni 'Akká. Þetta kom þó ekki í veg fyrir, að honum tækist að útbreiða bahá'í boðskapinn í Asíu, Evrópu og Ameríku. Horace Holley ritar eftirfarandi um þetta tímabil:

„Karlar og konur af öllum kynþáttum, trúarbrögðum og þjóðerni komu til 'Abdu'l-Bahá, eins og kennara og vinar, og nutu ástríkrar gestrisni við borð hans, og lögðu fyrir hann þær spurningar um þjóðfélagsmál, siðgæðismál og andleg mál, sem hverjum og einum brunnu á vörum. Er þeir höfðu dvalið þar lengri eða skemmri tíma – fáeinar klukkustundir eða nokkra mánuði, – sneru þeir heimleiðis innblásnir, endurnýjaðir og uppræddir. Vissulega hefur heimurinn aldrei þekkt annað eins gistihús.

Innan dyra þess hvarf hin stranga stéttaskipting Indlands eins og dögg fyrir sólu, kynþáttafordómar gyðinga, kristinna manna og moslema gleymdust með öllu, og allar hefðbundnar venjur þurrkuðust út, nema meginlögmál hins hlýja hjarta og leitandi huga – allt annað var bannað og gert útlægt af sameinandi kærleik húsbóndans á heimilinu. Þetta var eins og Arthur konungur og hringborðið . . . en þessi Arthur aðlaði konur jafnt sem karla og sendi þau ekki frá sér með sverði, heldur orði.“ – (The Modern Social Religion, Horace Holley, bls. 171).

Á þessum árum átti 'Abdu'l-Bahá mjög umfangsmikil bréfaskipti við átrúendur og fyrirspyrjendur í öllum hlutum heims. Í þessu starfi voru dætur hans honum til mikillar styrktar, einnig nokkrir túlkar og ritarar.

Hann eyddi miklum tíma í sjúkravítjanir og heimsóknir til bágstaddra og í fátækustu hverfum 'Akká var enginn gestur velkomnari en „Meistarinn“. Pílagrímur nokkur, sem var í heimsókn í 'Akká um þetta leyti, segir svo frá:

„Það var venja 'Abdu'l-Bahá að deila út ölmusu til fátæklinganna hvern föstudagsmorgunn. Öllum, sem leita hjálpar hans, gefur hann lítið eitt af sínum eigin vanefnum. Einn morguninn höfðu um hundrað manns raðað sér upp, sitjandi eða krjúpandi á götunni fyrir utan hús 'Abdu'l-Bahá. Engin orð fá lýst þessu vesalings fólki: karlar, konur og börn, – fátækir, vesælir, vonleysislegir, hálfklæddir, margir bæklaðir og blindir, beiningamenn í orðsins fyllstu merkingu, snauðari en orð fá lýst, og allir biðu í eftirvæntingu, uns 'Abdu'l-Bahá birtist í dyrunum. Hann gekk hratt frá einum til annars, nam stundum staðar til að segja samúðar- eða huggunarorð, stakk litlum pening í hverja útrétta hönd, snerti andlit barns, tók í hönd gamallar konu, sem hélt fast í klæðisfald hans, færði blindum mönnum ljós með orðum sínum, spurði eftir þeim, sem voru of veikburða eða máttfarnir til að sækja hjálpina og sendi þeim sinn skerf með boðskap ástar og hughreystingar.“ (Glimpses of 'Abdu'l-Bahá, M.J.M., bls. 13).

Persónulegar þarfir 'Abdu'l-Bahá voru fáar. Hann vann ár og síð. Honum nægði að borða tvær fábrotnar máltíðir á dag. Hann átti fá klæði, öll úr ódýrum efnum. Hann vildi ekki lifa í óhófi, þegar aðrir bjuggu við skort.

Hann hafði mikla ást á börnum, blómum og náttúrufegurð. Fjölskyldan var vön að koma saman kl. 6 eða 7 á morgnana til að drekka te, og meðan Meistarinn drakk teið sitt, sungu börnin á heimilinu bænir sínar. Thornton Chase segir um þessi börn:

„Eg hef aldrei séð slík börn, svo siðprúð, óeigingjörn, tillits-söm við aðra, yfirlætislaus, greind og fljót að neita sér um þá hluti, sem börnum þykir gaman að.“ – (In Galilee, bls. 51).

„Guðsþjónusta blómanna“ var einn liðurinn í lífinu í ‘Akká, sem hverjum pílagrími var ljúft að minnast. Frú Lucas skrifar:

„Þegar Meistarinn andar að sér angan blóma, er unun að horfa á hann. Það er einsogilmurinn af jasintunum sé að segja honum eitthvað, er hann grefur andlit sitt í blómunum. Það líkist viðleitni eyrans að heyra fagan samhljóm – spennt at-
hygli.“ – (A Brief Account of my Visit to ‘Akká, bls. 26.)

Það var honum gleðiefni að gefa fjölmörgum gestum sín-
um blóm.

Thornton Chase dregur í fáum orðum saman þau áhrif, sem hann varð fyrir, er hann dvaldi sem gestur í fangelsinu í ‘Akká:

„Við gistum í fimm daga innan þessara múra, fangar ásamt honum, sem dvelur í þessari „mestu prísund“. Það er fangelsi friðar, ástar og þjónustu. Þar rúmast engar óskir, engar þrár aðrar en þær, sem lúta að velferð mannkynsins, friði í heimin-
um, viðurkenning á Guði föður og gagnkvæmum réttindum manna, sem eru sköpun hans, börn hans. Vissulega er hið raunverulega fangelsi, hið kæfandi andrúmsloft, viðskilnaður við allar sannar þrár hjartans, fjötur heimsástandsins, utan þessara steinmúra, en innan þeirra er frelsi og hreinn ljómi anda Guðs. Allar áhyggjur, umbrot, erfiðleikar og kvíði vegna ver-
aldlegra hluta, er þar útilokaður.“ (In Galilee, bls. 24).

Flestum mundi finnast fangelsisvist hörmuleg ógæfa, en fyrir ‘Abdu’l-Bahá fól hún í sér enga ógn. Hann skrifaði eftirfarandi, meðan hann var í fangelsinu:

„Hryggist ekki sakir fangavistar minnar og ógæfu; því að þetta fangelsi er yndislegur garður minn, paradísarbústaður minn

og hásæti yfirráða minna meðal mannkynsins. Ógæfa mín í fangelsinu er dýrðarkóróna mín, sem ég miklast af meðal hinna réttlátu.

Hver og einn getur verið hamingjusamur, þegar hann nýtur þæginda, rósemi, velgengni, heilsu, ánægju og fögnuðar; en sé maðurinn hamingjusamur og ánægður á erfiðleikatímum, þegar raunir eða sjúkdómar steðja að, þá ber það vitni um göfgi.“ – (Tablets of 'Abdu'l-Bahá, II. bindi, bls. 258, 263).

Tyrkneskar rannsóknarnefndir

Árið 1904 og 1907 skipaði tyrkneska stjórnin nefndir, sem rannsaka áttu ákærurnar á hendur 'Abdu'l-Bahá, og ljúgvitni voru færð fram gegn honum. Jafnframt því sem 'Abdu'l-Bahá neitaði ákærunum, lýsti hann sig reiðubúinn til að lúta hvaða dómsúrskurði, sem upp yrði kveðinn. Hann kvaðst mundu verða hamingjusamur, þótt hann yrði dæmdur í dýflissu, dreginn um strætin, honum formælt, hrækt á hann og hann grýttur, eða hverskonar niðurlægning, sem honum yrði sýnd, og þótt hann yrði hengdur eða skotinn.

Milli yfirheyrslna rannsóknarnefndarinnar lifði hann sínu vanabundna lífi í stökustu rósemi, gróðursetti aldintré í garði og annaðist hjónavígsluathöfn með tign og ljóma andlegs frelsis. Ítalski ræðismaðurinn bauðst til að tryggja Honum undankomu til hvaða hafnar í öðru landi, sem hann kysi, en þessu boði hafnaði hann þakklátur en staðfastlega, og sagði, að hverjar sem afleiðingarnar yrðu, væri hann fast-ráðinn í að feta í fótspor Bábsins og hinnar Blessuðu Fullkomnunar, sem reyndu aldrei að bjarga sjálfum sér eða flýja óvini sína. Eigi að síður hvatti hann flesta bahá'ía til að hverfa burtu úr nágrenni 'Akká, sem var orðinn þeim hættulegur dvalarstaður, en sjálfur var hann um kyrrt ásamt nokkrum trúföstum vina sinna og beið örlaga sinna.

Þeir fjórir spilltu embættismenn, sem voru í síðustu rannsóknarnefndinni, komu til 'Akká fyrri hluta vetrar 1907, dvöldu í einn mánuð og fóru aftur til Konstantínópel eftir að hafa lokið svonefndri „rannsókn“ sinni. Þeir ætluðu að skýra

frá því, að ákærurnar gegn 'Abdu'l-Bahá væru sannar og mæla með útleigð hans eða aftöku. Þeir voru ekki fyrr komnir til Tyrklands en þar var gerð bylting, og nefndarmennirnir fjórir, sem studdu gömlu stjórnina, urðu að flýja til að forða lífinu. Ungtyrkir náðu yfirráðum og allir þeir, sem sátu í fangelsi vegna trúarbragða- eða stjórnmálaskoðana sinna, voru leystir úr haldi í Tyrkjaveldi. Í september 1908 var 'Abdu'l-Bahá látinn laus úr fangelsinu, og næsta ár var soldáninum, 'Abdu'l-Hamíd, varpað í dýflissu.

Ferðir til Vesturlanda

Eftir lausnina úr fangelsinu hélt 'Abdu'l-Bahá áfram sínu heilaga líferni þrotlausrar kennslu, bréfaskrifta, fátækra- og sjúkraitjana, með þeim einu breytingum, að hann flutti frá 'Akká til Haifa og frá Haifa til Alexandríu, uns hann lagði af stað í fyrstu heimsókn sína til Vesturlanda í ágúst 1911. Á ferðum sínum um Vesturlönd hitti 'Abdu'l-Bahá menn með hinar margvíslegustu skoðanir og breytti til hlítar eftir því boðorði Bahá'u'lláh, að „samneyta öllum mönnum með gleði og ilman“. Hann kom til London snemma í september 1911 og dvaldi þar í einn mánuð. Á þessum tíma veitti hann daglega mörgum áheyrn og tók þátt í margvíslegri starfsemi. Hann ávarpaði söfnuði séra R.J. Campells í City Temple, og Wilberforce prófests í St. John's í Westminster, og var gestur borgarstjórans við morgunverð. Síðan hélt hann til Parísar, þar sem hann hélt daglega ræður og fyrirlestra fyrir áhugasama áheyrendur af ýmsu þjóðerni. Í desember fór hann aftur til Egyptalands, og næsta vor lagði hann af stað til Ameríku fyrir þrábeiðni amerísku vinanna. Hann kom til New York í apríl 1912. Næstu mánuðina ferðast hann um Ameríku þvera og endilanga, og hélt ræður og ræddi við menn af öllu tagi, sem lifðu við gagnólík lífsskilyrði – háskólastúdenta, sósíalista, mormóna, gyðinga, kristna menn, trúleysingja, esperantista, friðarsinna, nýhyggjumenn, kvenréttindakonur. Hann hélt einnig ræður í kirkjum flestra trúfélaga, ætíð við hæfi áheyrendanna og í samræmi við tæki-

færið. Þann 5. desember sigldi hann til Bretlands, þar sem hann eyddi sex vikum og heimsótti Liverpool, London, Bristol og Edinborg. Hann hélt eftirtektarverða ræðu í Esperantistafélaginu, þar sem hann tilkynnti, að hann hefði hvatt bahá'ía í Austurlöndum til að læra Esperanto til þess að efla skilning milli Austur- og Vesturlanda. Hann dvaldi tvo mánuði í París og eyddi tímanum, eins og áður, í mót-tökur og ráðstefnur; þaðan fór hann til Stuttgart, þar sem hann hélt mjög vel heppnaða fundi með þýskum bahá'íum; þaðan til Búdapest og Vín, þar sem hann stofnaði ný bahá'í samfélög. Hann sneri aftur til Egyptalands í maí, 1913, og þaðan til Haifa, 5. desember, 1913.

Heimkoman til Landsins helga

Hann var þá á sjötugasta aldursári, og langt og erfitt ævi-starf hans, sem náð hafði hámarki með hinum erfiðu ferðum til Vesturlanda, höfðu dregið úr líkamsþreki hans. Eftir heimkomuna ritaði hann þessa innfjálgu töflu til átrúend-anna á Austur- og Vesturlöndum:

„Vinir, sú stund nálgast, er ég verð ekki lengur á meðal yðar. Eg hef gert allt, sem hægt var að gera. Ég hef þjónað málstað Bahá'u'lláh, eins og ég hef haft getu til. Ég hef stritað nótt og dag öll ár ævi minnar.

Ó, hve ég þrái að sjá átrúendurnar axla ábyrgðina á málstaðnum! Nú er tíminn kominn til að kunngera ríki Abhá (þ.e. hins dýrlegasta). Nú er runnin upp stund einingar og samræmis! Nú er runninn upp dagur andlegrar samstillingar vina Guðs! . . .

Eg legg við hlustir í austur, vestur, norður og suður, ef ske kynni, að ég heyrði söngva ástar og vináttu hljóma frá fundum átrúendanna. Dagar mínir eru taldir, og, að þessu undanskildu, er enginn fögnuður til fyrir mig.

Ó, hve ég þrái að sjá vinina sameinaða, eins og skínandi perluband, eins og tindrandi sjö stjarnan, eins og sólargeislarnir, eins og gasellur í einum haga!

Hinn leyndardómsfulli næturgali syngur fyrir þá; vilja þeir

ekki leggja við eyrun? Paradísarfuglinn kvakar; vilja þeir ekki heyra? Engillinn í ríki Abhá kallar til þeirra; vilja þeir ekki hlýða raust hans? Sendiboði sáttmálans ber bón sína fram við þá; vilja þeir ekki gefa henni gaum?

Ó! Ég bíð, bíð þess að heyra þær gleðifréttir, að vinirnir séu holdtekjur hollustu og einlægni, líkamning ástar og vináttu og birting einingar og samstillingar!

Vilja þeir ekki gleðja hjarta mitt? Vilja þeir ekki fullnægja þrá minni? Vilja þeir ekki gefa gaum að bæn minni? Vilja þeir ekki uppfylla vonir mínar? Vilja þeir ekki svara kalli mínu?

Eg bíð, ég bíð þolinmóður!“

Óvinir bahá'í málstaðarins, sem höfðu gert sér glæstar vonir, þegar Bábin varð fórnarlamb heiftar þeirra, þegar Bahá'u'lláh var gerður útlægur úr heimalandi sínu og fangelsaður ævilangt, og aftur þegar Bahá'u'lláh lést – þessum óvinum jókst nú kjarkur á nýjan leik, þegar þeir sáu hve lasburða og þreyttur 'Abdu'l-Bahá var, er hann sneri aftur frá Vesturlöndum. En þeir urðu aftur fyrir miklum vonbrigðum. Eftir stuttan tíma gat 'Abdu'l-Bahá aftur skrifað í þessum tón:

„Þessi efnislíkami og mannlega orka mundu eflaust hafa látið undan hinni stöðugu áreynslu og sliti . . . en aðstoð og hjálp hins Þráða vörðu og vernduðu hinn vanmegna og auðmjúka 'Abdu'l-Bahá . . . Sumir hafa fullyrt, að 'Abdu'l-Bahá sé að kveðja þennan heim hinstu kveðju, að líkamsþróttur hans sé þorrinn, og ekki líði á löngu uns veikindin bindi endi á líf hans. Þetta er fjarri sanni. Þótt sáttmálsbrjótunum og vanþroska sálum virðist, eftir ytri aðstæðum að dæma, líkaminn lasburða vegna raunanna á hinum blessaða vegi, þá – lof sé Guði – eru hin andlegu öfl sakir forsjónar Hinnar blessuðu fullkomnunar í hinni mestu endurnýjun og styrkingu. Guði sé þökk, að nú hef eg jafnvel endurheimt líkamsþróttinn með fulltingi blessunar Bahá'u'lláh; ég hef öðlast guðlegan fögnuð, hin æðstu fagnaðartíðindi skína og fullkomin hamingja flæðir um verund mína“. – (Star of the West, V. bindi, nr. 14, bls. 213.)

Meðan Evrópustríðið stóð og að því loknu, gat 'Abdu'l-Bahá, þrátt fyrir ótal önnur störf, sent frá sér mikilfengleg og hrífandi bréf, þegar samgöngur komust aftur í eðlilegt horf. Þau kveiktu nýjan áhuga og þjónustulöngun í átrúendum um allan heim. Með tilstuðlan lífgefandi afls þessara bréfa tók málstaðurinn að þróast hraðfara og hvarvetna sýndi trúin merki um nýjan lífsþrótt og kraft.

Stríðstímar í Haifa

Merkileg framsýni kom fram hjá 'Abdu'l-Bahá síðustu mánuðina fyrir styrjöldina. Venjulega voru margir píligrímar í Haifa á friðartímum, bæði frá Persíu og öðrum löndum heims. Um það bil sex mánuðum áður en styrjöldin hófst, bar einn hinna öldnu bahá'ía, sem bjuggu í Haifa, fram þá ósk, að nokkrir átrúendur frá Persíu fengju leyfi til að heimsækja Meistarann. 'Abdu'l-Bahá veitti ekki þetta leyfi og eftir það lét hann þá píligríma, sem voru í Haifa, smám saman fara, uns þeir voru allir á burt í lok júlí, 1914. Þegar styrjöldin braust skyndilega út og kom heiminum í uppnám fyrstu dagana í ágúst, varð viska og fyrirhyggja 'Abdu'l-Bahá öllum ljós.

Þegar stríðið skall á, varð 'Abdu'l-Bahá, sem þegar hafði eytt fimmtíu og fimm árum ævi sinnar í útlegð og fangelsi, aftur fangi tyrknesku stjórnarinnar. Sambandið við vinina og átrúendurna utan Sýrlands slitnaði næstum alveg, og hann ásamt fámennum hópi fylgismanna varð nú aftur að þola erfiðleika, matvælskort og mikla persónulega hættu og óþægindi.

Meðan á styrjöldinni stóð, var 'Abdu'l-Bahá önnur kafinn við að sinna bæði andlegum og líkamlegum þörfum fólksins í kringum sig. Hann skipulagði sjálfur miklar akuryrkjuframkvæmdir í grennd við Tiberias, fékk ríkulega hveitiuppskeru og gat þannig forðað hungursneyð, ekki aðeins meðal bahá'íana, heldur einnig meðal fátæklinga af öllum trúarbrögðum í Haifa og 'Akká, en hann sá vel fyrir þörfum þeirra. Hann bar umhyggju fyrir öllum og linaði

þjáningar þeirra, að svo miklu leyti sem hann gat. Á hverjum degi var hann vanur að gefa hundruðum fátæklinga litla peningaupphæð. Auk þessa gaf hann þeim brauð. Væri brauð ekki til, gaf hann þeim döðlur eða eitthvað annað. Hann heimsótti oft 'Akká til þess að hughreysta og hjálpa átrúendunum og fátæklingunum þar. Meðan á stríðinu stóð hafði hann daglega fundi með átrúendunum og með hans hjálp héldu þeir gleði sinni og rósemi öll þessi erfiðu ár.

Sir 'Abdu'l-Bahá 'Abbás, K B.E.

Fögnuðurinn var mikill í Haifa, þegar breska og indverska riddaraliðið tók borgina, 23. dag septembermánaðar, klukkan 3 síðdegis, 1918, eftir um það bil tuttugu og fjögurra stunda orrustu. Skelfingar stríðsins voru á enda og yfirráðum Tyrkja lokið.

Frá því Bretar hernámu borgina, sóttist fjöldi hermanna og háttsettra embættismanna eftir áheyrn hjá 'Abdu'l-Bahá og höfðu gleði af fræðandi samræðum hans, víðsýni og djúpsæi, virðulegri hæversku hans og ósvikinni gestrisni. Svo gagnteknir voru fulltrúar stjórnarinnar af göfgi hans og stórvirki hans í þágu friðar og sátta, að hann var aðlaður og fór athöfnin fram í garði ríkisstjórans í Haifa, 27. apríl, 1920.

Síðustu árin

Veturinn 1919–1920 varð höfundur þessarar bókar þeirra miklu forréttinda aðnjótandi, að dvelja sem gestur á heimili 'Abdu'l-Bahá í Haifa og kynnast náið daglegum lifnaðarháttum hans. Hann var þá óvenjulega þróttmikill, þótt hann væri næstum sjötíu og sex ára gamall, og leysti daglega af hendi ótrúlega mikið starf. Þótt hann væri oft þreyttur, náði hann sér svo fljótt aftur, að undrun sætti, og þjónusta hans var ætíð þeim til reiðu, sem þörfnuðust hennar mest. Polinmæði hans, sem aldrei brást, mildi, vingjarnleiki og kurteisi gerði návist hans að stöðugri blessun. Það var venja hans, að eyða miklum hluta nætur í bæn og hugleiðslu. Frá því snemma á morgnana þar til á kvöldin, að stuttum miðdegis-

blundi undanskildum, var hann önnur kafinn við að lesa og svara bréfum frá mörgum löndum og sinna margvíslegustu málefnum viðkomandi heimilinu og málstaðnum. Seinni hluta dags hvíldist hann venjulega dálitla stund og fékk sér þá gönguferð eða ökuferð, en jafnvel þá fylgdu honum einn eða tveir pílgrímar eða heill hópur, sem hann ræddi við um andleg málefni, eða hann notaði tækifærið til að líta inn til eða sinna einhverjum fátæklingi. Er hann kom til baka kallaði hann vinina til hins venjubundna kvöldfundar í stofu sinni. Bæði við hádegis- og kvöldverð hélt hann uppi samræðum við hóp af pílgrímum og vinum og hreif gesti sína með glaðværum og spaugilegum sögum, sem og dýrmætum viðræðum um margs konar efni. „Heimili mitt er heimili hláturs og gleði,“ sagði hann, og það var sannmæli. Hann hafði unun af því að safna saman fólki af ýmsum kynþáttum, þjóðerni og trúarbrögðum í einingu og hjartanlegri vináttu við borð sitt. Hann var að sönnu ástríkur faðir, ekki aðeins litla samfélaginu í Haifa, heldur bahá'í samfélaginu um heim allan.

Andlát 'Abdu'l-Bahá

'Abdu'l-Bahá hélt margvíslegum störfum sínum áfram með litlum breytingum, þrátt fyrir vaxandi vanheilsu og þreytu, þar til einum eða tveimur dögum fyrir andlátíð. Föstudaginn 25. nóvember, 1921, var hann viðstaddur hádegisbænagjörðina í moskunni í Haifa, og síðan deildi hann út ölmusu til hinna fátæku með sinni eigin hendi, eins og hann var vanur. Eftir hádegisverð las hann fyrir nokkur bréf. Er hann hafði hvílt sig, gekk hann um í garðinum og ræddi við garðyrkjumanninn. Um kvöldið veitti hann blessun sína og heilræði elskuðum og tryggum þjóni á heimilinu, sem kvongast hafði sama dag, og síðan sótti hann fund vinanna, eins og vandi hans var, í stofu sinni. Tæpum þremur dögum síðar, u.þ.b. 1.30 eftir miðnætti mánudaginn 28. nóvember, bar andlát hans að með svo friðsömum hætti,

að dætur hans tvær, sem vöktu við beð hans, héldu að hann hefði farið að sofa.

Sorgarfregnin barst brátt um alla borgina og var send símleiðis um allan heim. Næsta morgun (þriðjudaginn 29. nóvember) fór útförin fram:

Slík útför hafði vissulega aldrei sést áður í Haifa né í allri Palestínu . . . svo djúpar voru tilfinningarnar, sem sameinuðu þúsundir syrgjenda af ólíkum trúarbrögðum, kynþáttum og þjóðum.

Landsstjórinn, sir Herbert Samuel, ríkisstjórinn í Jerúsalem, ríkisstjórinn í Föníkíu, helstu embættismenn stjórnarinnar, ræðismenn ýmissa landa, með aðsetur í Haifa, leiðtogar ýmissa trúarsamfélaga, fyrimenn í Palestínu, gyðingar, kristnir menn, moslemar, drúsar, Egyptar, Grikkir, Tyrkir, Kúrdar og fjöldi amerískra og evrópskra og innfæddra vina hans, karlar, konur og börn af öllum stéttum og stigum . . . allir, um tíu þúsund manns, syrgðu látinn ástvin . . . „Ó, Guð, Guð okkar!“ kveinaði mannfjöldinn, „faðir okkar hefur yfirgefið okkur, faðir okkar hefur yfirgefið okkur!“ . . .

Líkfylgðin þokaðist hægt upp Karmel-fjall, vingarð Guðs . . . Eftir tveggja klukkustunda göngu kom hún að garðinum umhverfis grafhýsi Bábsins . . . Er hinn mikli manngrúi hnappaðist saman, hófu fulltrúar hinna ýmsu trúflokka, moslemar, gyðingar og kristnir menn, upp raddir sínar í lofsöng og eftirsjá og kvöddu ástvin sinn hinstu kveðju, sumir undirbúnir, aðrir í andartaks hrifning, og hjörtu þeirra allra brunnu af ást til 'Abdu'l-Bahá. Svo einróma lofuðu þeir hann sem vitran fræðara og mannkynssætti á þessari ráðvilltu og döpru öld, að bahá'íarnir virtust engu geta við það bætt.“ — (The Passing of 'Abdu'l-Bahá, eftir Lady Blomfield og Shoghi Effendi).

Níu ræðumenn, sem allir voru mikilsvirtir fulltrúar samfélaga moslema, kristinna manna og gyðinga, báru mælskt og hrífandi vitni um ást sína og addáun á því hreina og göfuga lífi, sem nú var lokið. Síðan var kistan borin í hinn látlausa og helgaða grafreit.

Vissulega var með þessu verðskuldaður heiður sýndur minningu manns, sem hafði allt sitt líf unnið að einingu trúarbragða, kynþátta og tungumála, og ennfremur sannaði þetta, að lífsstarf hans hafði borið árangur, að hugsjónir Bahá'u'lláh, sem voru innblástur hans, sjálft líf hans, höfðu þegar byrjað að gegnsýra heiminn og brúa þann trúarbragða- og stéttamun, sem öldum saman hafði staðfest gjá milli moslema, kristinna manna, gyðinga og annarra flokka, sem fjölskylda mannsins hafði greinst í.

Ræður og ritstörf

Rit 'Abdu'l-Bahá eru fjölmörg og flest í formi bréfa til átrúenda og fyrirspyrjenda. Mikill fjöldi ávarpa hans og fyrirlestra hafa verið skráðir og gefnir út. Af þeim þúsundum pílagríma, sem heimsóttu hann í 'Akká og Haifa, hefur fjöldi skrifað lýsingu á þeim áhrifum, sem þeir urðu fyrir, og eru margar þessara frásagna komnar á prent.

Kenningar hans eru því mjög vel varðveittar og þær spanna víð og margvísleg svið. Hann tók mörg vandamála Austur- og Vesturlanda til nánari umfjöllunar en faðir hans hafði gert, og gaf nákvæmari fyrirmæli um beitingu þeirra almennu meginreglna, sem Bahá'u'lláh hafði sett fram. Mörg rita hans hafa ekki enn verið þýdd á vestrænar tungur, en þegar er nægilega mikið aðgengilegt til að veita djúpa og fulla þekkingu á hinum mikilvægari meginreglum kenninga hans.

Hann talaði persnesku, arabísku og tyrknesku. Á ferðum hans um Vesturlönd voru fyrirlestrar hans ætíð túlkaðir. Augljóst er, að í þýðingu hafa ræður hans glatað miklu af fegurð sinni, málsnilld og krafti, en slíkur var máttur andans, sem orðum hans fylgdi, að allir hrifust, sem á hlýddu.

Staða 'Abdu'l-Bahá

Hin einstæða staða sem Hin blessaða fullkomnun veitti 'Abdu'l-Bahá er gefin til kynna í eftirfarandi orðum:

„Þegar haf návistar minnar hefur fjarð út og bók opinberunar minnar er á enda, snúið þá augliti yðar til hans, sem Guð hefur áformað og runninn er af þessari fornu rót.“

Hann segir enn fremur:

„ . . . Berið allt, sem þér eigi skiljið í bókinni, undir hann, sem greinst hefur frá þessum völduga stofni.“

'Abdu'l-Bahá ritaði sjálfur eftirfarandi:

„Samkvæmt skýrum texta Kitáb-i-Aqdas hefur Bahá'u'lláh gert miðju sáttmálans að túlkanda orðs síns – og þessi sáttmáli er svo máttugur og óbifanlegur, að frá upphafi tímanna til þessa dags hafa engin trúarbrögð átt sér hans líka.“

Sjálf fylling þeirrar þjónustu, sem 'Abdu'l-Bahá veitti með útbreiðslu trúar Bahá'u'lláh í Austur- og Vesturlöndum, varð stundum til þess að vekja misskilning meðal átrúendanna varðandi stöðu hans.

Mörgum bahá'úm, sem lifðu í andrúmslofti, er mengað var hnignun hefðbundinna trúarkenninga, fannst, er þeir gerðu sér grein fyrir hreinleika þess anda, sem mótaði orð og gerðir 'Abdu'l-Bahá, að þeir sýndu honum heiður með því að líkja honum við birtingu Guðs eða hylla hann sem „endurkomu Krists“. Ekkert olli honum jafn mikilli hryggð og það, er menn gátu ekki skilið að hæfni hans til þjónustu við Bahá'u'lláh stafaði af hreinleik þess spegils, sem snúið var í átt til sólar sannleikans, en ekki sólinni sjálfri.

Þar við bættist, að trú Bahá'u'lláh fól í sér, andstætt trúarbrögðum fortíðarinnar, vaxtarbrodd alheimssamfélags. Þau ár, sem 'Abdu'l-Bahá kenndi, frá 1892–1921, þróaðist trúin stig af stigi í átt til hins sanna heimsskipulags. Þróun hennar krafðist stöðugrar stjórnar og sérstakra fyrirmæla 'Abdu'l-Bahá, sem einn þekkti fyllingu þessa nýja og dulda innblásturs, sem mönnunum var miðlað á þessari öld. Uns erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá var birt að honum látnum og þýðing

hennar skýrð af Shoghi Effendi, Verði trúarinnar, lögðu bahá'íar andlega leiðsögn Meistarans næstum óhjákvæmlega að jöfnu við andlega leiðsögn Bahá'u'lláh sjálfs.

Áhrifa þessarar barnslegu ákefðar verður ekki vart lengur innan bahá'í samfélagsins, heldur ríkir þar fyllri skilningur á leyndardómi þeirrar óviðjafnanlegu hollustu og þjónustu, sem 'Abdu'l-Bahá veitti, og bahá'íar geta nú á dögum gert sér betur grein fyrir einstæðum einkennum þess starfs, sem hann innti af hendi. Trúin, sem árið 1892 virtist svo veikburða og vanmáttug, er fyrirmynd hennar og túlkandi var gerður útlægur og varpað í fangelsi, hefur með ómótstæðilegum krafti byggt upp samfélag í mörgum löndum¹ og býður byrginn vanmegna og hnignandi siðmenningu með kenningum, sem einar geta opinberað framtíð örvilnaðs mannkyns.

Erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá birtir skýrt og greinilega leyndardómsfulla stöðu Bábsins og Bahá'u'lláh, og stöðu hans sjálfs:

Þetta er undirstaða trúar fylgjenda Bahá (megi líf mitt verða fórnað þeim). Hans heilagleiki, hinn upphafni (Bábinn) er birting einingar og eindar Guðs og fyrirrennari Hinnar fornu fegurðar. Hans heilagleiki, Abhá-fegurðin (megi lífi mínu verða fórnað staðföstum vinum hans) er hin æðsta birting Guðs og uppspretta guðlegasta kjarna hans. Allir aðrir eru þjónar hans og lúta boðum hans.“

Með þessari yfirlýsingu og mörgum öðrum, þar sem 'Abdu'l-Bahá leggur áherslu á að menn byggi þekkingu sína á trúnni á hinum *almennu* töflum hans, var lagður grundvöllur að trúarlegri einingu með þeim afleiðingum, að allur misskilningur, sem orsakaðist af því að skírskotað er til einstaklinga í töflum, þar sem Meistarinn svarar persónulegum

¹ Árið 1972 hafði trúin náð til meira en þrjú hundruð landa og landssvæða í heiminum.

spurningum, hvarf að fullu og öllu. Það hafði þó enn meiri þýðingu, að grundvölluð var sérstök stjórnskipan með Vörð trúarinnar í forsæti, og þar með voru öll völd, sem áður höfðu verið í höndum einstakra áhrifamanna í hinum ýmsu svæðisbundnu hópum, fengin í hendur sérstökum stofnunum.

Fyrirmynd bahá'í lífernís

Bahá'u'lláh var fyrst og fremst opinberandi orðsins. Fjörutíu ára fangavist veitti honum takmörkuð tækifæri til að umgangast meðbræðurna. Það varð því hið mikilvæga hlutverk 'Abdu'l-Bahá, að skýra opinberunina, sýna orðið í verki og vera hin mikla bahá'í fyrirmynd í raunverulegri snertingu við heim nútímans í sínum margvíslegustu myndum og starfsemi. Hann sýndi, að enn er hægt, þrátt fyrir ys og þys nútímalífs og þrátt fyrir sjálfselsku og baráttu fyrir efnisgæðum, sem ríkjandi er allsstaðar, að lifa lífi fullkominnar hollustu við Guð og þjónustu við meðbræður sína, sem Kristur og Bahá'u'lláh og allir spámennirnir hafa krafist af mönnunum.

Hann stóð óbifanlegur, eins og viti á bjargi, sem vetrarstormur næða um og vorblærinn leikur um mjúklega. Annars vegar var hann þjáður, hrakinn, ofsóttur og svikinn, en hins vegar dádur, elskaður og hylltur, en jafnvægi hans og hugarró varð ekki haggað. Hann lifði lífi trúarinnar og hvetur fylgjendur sína til að gera slíkt hið sama hér og nú. Hann hóf á loft gunnfána friðar og einingar í stríðandi heimi, merki hins nýja tíma, og hann fullvissar þá, sam sameinast um það, að þeir muni fyllast anda hins nýja dags. Það er hinn sami Heilagi Andi, sem innblés spámenn og dýrlinga fyrri tíma, en það er ný úthelling þess anda, sniðin að þörfum hins nýja tíma.

Hvað er bahá'í

Maðurinn verður að bera ávexti. Maður, sem enga ávexti ber, er, með orðum hans heilagleika Andans (þ.e. Krists), líkur tré, sem ekki ber ávöxt, og tré, sem engan ávöxt ber, er elds-matur.“ – (Bahá'u'lláh, Words of Paradise).

Herbert Spencer sagði eitt sinn, að engin pólitísk gullgerðarlist gæti kallað fram gullna hegðun úr blý-hvötum, og það er jafn satt, að engin pólitísk gullgerðarlist getur kallað fram gullið þjóðfélag úr blý-einstaklingum. Bahá'u'lláh hélt fram þessum sannleika, eins og allir fyrri spámenn. Hann kenndi, að til þess að stofna Guðsríki á jörðu, yrði fyrst að stofna það í hjörtum mannanna. Þegar við tökum bahá'í kenningarnar til athugunar, verðum við því fyrst að byrja á þeim fyrirmælum Bahá'u'lláh, sem snerta hátterni einstaklingsins, og reyna að gera okkur skýra mynd af því hvað það þýðir að vera bahá'í.

Lífínu lífað

Þegar 'Abdu'l-Bahá var eitt sinn spurður: „Hvað er bahá'í?“ svaraði hann: „Að vera bahá'í þýðir einfaldlega að elska allan heiminn; að elska mannkynið og reyna að þjóna því; að vinna að allsherjarfriði og allsherjarbræðralagi.“ Við annað tækifæri skilgreindi hann bahá'ía „sem mann, er

gæddur er öllum fullkomnunum starfandi manns.“ Í ávarpi sem hann hélt í Lundúnum, sagði hann, að maður gæti verið bahá'í, þótt hann hefði aldrei heyrt nafnið Bahá'u'lláh. Hann sagði enn fremur:

Sá, sem lifir lífinu í samræmi við kenningar Bahá'u'lláh, er þegar orðinn bahá'í. Aftur á móti getur maður kallað sig bahá'ía í fimmtíu ár, en lifi hann ekki lífinu, þá er hann ekki bahá'í. Ófriður maður getur sagt að hann sé snotur, en hann blekkir engan, og svartur maður getur kallað sig hvítan, samt blekkir hann engan, ekki einu sinni sjálfan sig.“ (‘Abdu’l-Bahá in London.)

Á hinn bóginn er sá maður, sem ekki þekkir sendiboða Guðs, eins og jurtt, sem vex í skugga. Þótt hann hafi aldrei séð sólina, getur hann með engu móti lifað án hennar. Hinir miklu spámenn eru andlegar sólar, og Bahá'u'lláh er sól þessa dags, sem við lifum á. Sólar fyrri daga hafa vermt heiminn og endurlífgað, og ef þessar sólar hefðu ekki skinið, mundi jörðin núna vera köld og líflaus, en það er sólskin dagsins í dag sem eitt getur þroskað ávextina, sem sólar fyrri daga hafa vakið til lífs með kossum sínum.

Hollusta við Guð

Til þess að lifa bahá'í lífinu í allri þess fyllingu, eru bein og meðvituð tengsl við Bahá'u'lláh jafn nauðsynleg og sólskinið liljunni eða rósinni, til þess að hún springi út. Bahá'íinn tignar ekki mannlegan persónuleika Bahá'u'lláh, heldur dýrð Guðs, sem birtir sig í þeim persónuleika. Hann ber lotningu fyrir Kristi og Múhammed og öllum þeim fyrri boðberum, sem Guð hefur sent mannkyninu, en hann viðurkennir Bahá'u'lláh sem flytjanda boðskapar Guðs á þeirri nýju öld, sem við lifum á, og lítur á hann sem hinn mikla heimsfræðara, sem kominn er í heiminn til að halda áfram og fullkomna starf fyrirrennara sinna. Vitsmunaleg játning trúarbragða gerir mann ekki að bahá'ía né heldur grandvör

breytni, sem einvörðungu er sýnd hið ytra. Bahá'u'lláh krefst heilshugar og algjörrar hollustu af fylgjendum sínum. Guð einn hefur rétt til að gera slíkt tilkall, en Bahá'u'lláh talar sem birtandi Guðs og opinberandi vilja hans. Boðberar fyrri tíma hafa tekið jafn skýrt til orða um þetta atriði. Kristur sagði: „Sá sem vill fylgja mér, afneiti sjálfum sér, taki sinn kross á sig og fylgi mér. Því hver sem vill bjarga lífi mínu, mun missa það, en sá sem glatar lífi sínu mín vegna, mun finna það.“ Með öðrum orðum, allir birtendur Guðs hafa gert þetta sama tilkall til fylgjenda sinna, og saga trúarbragðanna sýnir ljóslega að meðan þetta tilkall var hrein-skilnislega viðurkennt og undir það gengist, hafa trúarbrögðin blómgastr, þrátt fyrir alla jarðneska andstöðu, þrátt fyrir þjáningar, ofsóknir og píslarvætti hinna trúuðu. En ætíð þegar tilslakanir hafa læðst inn og ytri „virðing“ komið í stað algjörrar helgunar, hefur trúarbrögðunum hnignað. Þau hafa komist í tísku, en jafnframt hafa þau misst lífgefandi og ummyndandi vald sitt, valdið til að gera kraftaverk. Sönn trúarbrögð hafa enn ekki orðið tíska. Guð gefi, að sá dagur megi renna upp; en það er eins satt nú og það var á dögum Kristis, að „þröngt er hliðið og mjór er vegurinn, sem til lífsins leiðir, og fáir, sem rata hann“. Hlið andlegrar fæðingar, líkt og hlið líkamlegrar fæðingar, hleypir aðeins einum inn í einu tálmunarlaust. Ef fleirum tekst að fara þessa leið framvegis en hingað til, er það ekki vegna þess að hliðið hafi víkkað, heldur vegna ríkari tilhneigingar af mannanna hálfu til hinnar „miklu uppgjafar“, sem Guð krefst; sakir þess að löng og bitur reynsla hefur loks opnað augu þeirra fyrir þeirri flónsku, að fara sínar eigin leiðir í stað þess að velja leið Guðs.

Leit að sannleikanum

Bahá'u'lláh leggur öllum fylgjendum sínum þá skyldu á herðar að vera réttlátir og skilgreinir réttlæti sem:

„Lausn mannsins frá hindurvitnum og eftirlíkingu, svo að

hann sjái birtendur Guðs með augum einingarinnar og íhugi öll málefni með skarpri sjón.“ – (Words of Wisdom).

Það er nauðsynlegt, að sérhver maður sjái sjálfur og skilji dýrð Guðs birta í mannlegu musteri Bahá'u'lláh, að öðrum kosti væri bahá'í trúin fyrir honum innihaldslaust nafn. Spámennirnir hafa ætíð hrópað til mannanna að opna augun, en ekki loka þeim, beita skynsemi sinni, en bæla hana ekki niður. Skýr sýn og frjáls hugsun, en ekki þrælbundin trúgirnir, mun gera þeim kleift að sjá í gegnum skýjaþykkni hleypidóma, hrista af sér fjötra blindrar eftirlíkingar og öðlast skilning á sannleika nýrrar opinberunar.

Sá, sem vill verða bahá'í, þarf að leita sannleikans án ótta, en hann ætti ekki að einskorða leit sína við efnisheiminn. Andlegir jafnt sem líkamlegir skynkraftar hans ættu að vera vakandi. Hann ætti að nota öll skilningarvitin, sem Guð hefur gefið honum, til að öðlast sannleikann og trúa engu án gilda og fullnægjandi raka. Sé hjarta hans hreint, og hugur hans hleypidómalaus, þá mun sá, sem leitar af alvöru, ekki komast hjá því að bera kennsl á hina himnesku dýrð í hvaða musteri, sem hún kann að birtast. Bahá'u'lláh segir enn fremur:

„Maðurinn ætti að þekkja sitt eigið sjálf og vita hvað leiðir til upphafningar og niðurlægingar, til smánar og heiðurs, til auðlegðar og fátæktar.“ – (Tablet of Tarázát)

„Uppspretta alls lærdóms er þekking á Guði, vegsömuð sé dýrð hans! og hana er ekki hægt að öðlast nema með þekkingu á himneskri birtingu hans.“ (Words of Wisdom)

Birtandinn er hinn fullkomni maður, hin mikla fyrirmynd mannkynsins, fyrsti ávöxturinn á mannkynsmeiðnum. Við þekkjum ekki hina duldu möguleika í okkur sjálfum fyrr en við þekkjum hann. Kristur segir okkur að líta á liljur vallarins, hvernig þær vaxa, og staðhæfir að Salómon í allri sinni dýrð hafi ekki verið svo skríddur sem ein þeirra. Liljan sprettur úr mjög óásjálegum lauk. Ef við hefðum aldrei séð

lilju í fullum blóma, aldrei virt fyrir okkur óviðjafnanlegan þokka blaðanna og blómsins, hvernig gætum við þekkt þann veruleika, sem fólst í lauknum? Við gætum tekið hann í sundur af mikilli vandvirkni og grandskoðað hann, en við mundum aldrei uppgötva þá blundandi fegurð, sem garðyrkjumaðurinn veit hvernig á að vekja. Við getum þannig enga hugmynd gert okkur um þá andlegu fegurð, sem dulin er í eðli okkar og meðbræðra okkar, uns við höfum séð dýrð Guðs opinberaða í birtanda hans. Með því að þekkja og elska birtanda Guðs og fylgja kenningum hans verður okkur smám saman gert kleift að draga fram í dagsljósið hinar duldu fullkomnunareiginleika innra með okkur; þá, en ekki fyrr verður okkur ljós þýðing og tilgangur lífsins og alheimsins.

Ástin til Guðs

Að þekkja opinberun Guðs er það sama og að elska hann. Annað er ógerlegt án hins. Samkvæmt því, sem Bahá'u'lláh segir, er tilgangurinn með sköpun mannsins sá, að hann geti þekkt Guð og tignað hann. Hann segir í einni af töflum sínum:

„Ástin hefur verið orsökina fyrir sköpun allra lifandi vera, eins og segir í kunnri arfsögn: „Eg var fólgin fjársjóður, og ég þráði að menn fyndu mig. Þessvegna skóp ég sköpunarverkið til þess að gera mig kunnan.““

Ög í Huldum orðum segir hann:

„Ó, verundarson! Elska mig til þess að ég megi elska þig. Ef þú elskar mig ekki, getur ást mín á engan hátt náð til þín. Vit þetta, ó þjónn.“

„Ó, sonur hinnar undursamlegu vitrunar! Ég hefi blásið í þig anda míns eigin Anda til þess að þú megir verða ástvinur minn. Hversvegna hefur þú yfirgefið mig og leitað annars ástvinar?“

Að vera ástvinur Guðs! Fyrir bahá'ía er þetta eini tilgangur lífsins. Að eiga Guð sem nánasta vin sinn og félaga,

óviðjafnanlegan ástmögur, og eiga fyllingu gleðinnar í návist hans! Og að elska Guð jafngildir því að elska allt og alla, því að allir eru af Guði. Hinn sanni bahá'í verður fullkominn ástvinur. Hann mun elska alla af hreinu og hlýju hjarta. Hann mun engan hata. Hann mun engan fyrirlíta, því að honum hefur lærst að sjá ásýðu Hins elskaða í öllum ásýðum og finna ummerki hans hvarvetna. Ást hans mun ekki takmarkast við trúflokk, þjóð, stétt eða kynþátt. Bahá'u'lláh segir:

„Til forna var kunngert: „Föðurlandsást er þáttur í trú Guðs.“ Tunga tignarinnar hefur . . . á degi birtingar hans kunngert: „Þeim ber ekki að miklast, sem elskar land sitt, heldur þeim, sem elskar heiminn.“ Með þeim krafti, sem þessi upphöfnu orð leystu úr læðingi, hefur hann léð fuglum manns-hjartnanna nýjan mátt og gefið þeim stefnu, og hefur afmáð sérhvern vott takmarkana og helsis úr heilagri bók Guðs.“ – (Tablet of the World.)

Og hann segir enn fremur:

„Sæll er sá, sem tekur bróður sinn fram yfir sjálfan sig; slíkur maður tilheyrir fólki Bahá.“ – (Words of Paradise)

‘Abdu’l-Bahá segir okkur að við verðum að vera eins og, „ein sál í mörgum líkömum, því að því meir sem við elskum hvern annan, þeim mun nær verðum við Guði.“ Hann sagði á samkomu í Ameríku:

„Með sama hætti eru himnesk trúarbrögð hinna heilögu birtenda Guðs ein, þótt þau beri ýmis nöfn og hafi ólíka hugtakafræði. Maðurinn verður að elska ljósið frá hvaða sjóndeildarhring, sem það skín. Hann verður að elska rósina úr hvaða jarðvegi, sem hún sprettur. Hann verður að leita sannleikans, hver sem uppspretta hans er. Að festa hugann við ljóskeríð er ekki að elska ljósið. Það er óviðeigandi að elska moldina í stað þess að njóta rósarinnar, sem vex úr moldinni. Það er gagnslaust að unna trénu, en gagnlegt að neyta ávaxtanna af

því. Menn verða að njóta ljúffengra ávaxta á hvaða tré, sem þeir vaxa, eða hvar sem þeir kunna að finnast. Það verður að viðurkenna orð sannleikans hver sem mælir þau. Algildum sannindum á að veita viðtöku í hvaða bók, sem þau eru skráð. Ef við hýsum hleypidóma, verða þeir orsök fáfræði og skorts. Trúarbragðadeilur og þrætur milli þjóða og kynþátta byggjast á miskilningi. Ef við rannsökum trúarbrögðin til að finna meginreglurnar, sem þau eru reist á, þá komumst við að raun um að þeim ber saman, því að grundvallarveruleiki þeirra er einn, ekki margfaldur. Sé þannig farið að, munu áhangendur trúarbragða heimsins sættast og sameinast.“

Og enn segir hann:

„Sérhver hinna elskuðu verður að elska hina og meina þeim ekki eignir sínar og líf, og umfram allt verður hann að reyna að gera aðra hamingjusama og fagnandi. En hinir verða einnig að vera óeigingjarnir og fórnfúsir. Þannig gæti þessi sólaruppkoma sent geislaflóð sitt um sjóndeildarhringinn, þessi söngur glatt alla menn og gert þá hamingjusama, þetta himneska lyf grætt alla kvilla, þessi andi sannleikans orðið lífgjafi hverri sál.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, 1. bindi, bls. 147.)

Viðskilnaður

Hollusta við Guð felur í sér viðskilnað við allt, sem ekki er af Guði, þ.e.a.s. allar eigingjarnar ástríður þessa heims og annars. Vegur Guðs getur legið gegnum allsnægtir eða allsleysi, heilbrigði eða vanheilsu, höll eða dýflissu, rósagarð eða pyndingaklefa. Hvert sem hlutskipti hans er, verður bahá'í-inn að læra að taka því með „geislandi jafnaðargeði“. Viðskilnaður táknar ekki fávíslegt skeytingarleysi um umhverfi sitt eða óvirka undirgefni við allar kringumstæður; hann táknar heldur ekki lítilsvirðingu á þeim gæðum, sem Guð hefur skapað. Sannur bahá'í verður ekki kaldlyndur eða sinnulaus, og hann lifir ekki meinlætaliði. Hann finnur ótal áhugamál, gnægð verkefna og djúpan fögnuð á vegi Guðs, en hann víkur ekki hársbreidd frá þeim vegi í leit að lysti-

semðum né seilist eftir því, sem Guð hefur meinað honum. Þegar maður verður bahá'í, verður vilji Guðs vilji hans, því að vera í andstöðu við Guð er hið eina, sem hann ekki fær þolað. Á vegi Guðs geta engar villur skelft hann, engir erfiðleikar valdið honum ótta. Ljós ástarinnar upplýsir dimmustu daga hans, breytir þjáningu í gleði og píslarvættinu sjálfu í sælu. Lífið er hafið upp á svið hins hetjulega og dauðinn verður ljúft ævintýri. Bahá'u'lláh segir:

Sá, sem hýsir í hjarta sínu ást, minni en mustarðskorn, til einhvers annars en mín, mun vissulega ekki fá inngöngu í ríki mitt.“ – (Súratu'l-Haykal.)

„Ó, mannsson! Ef þú elskar mig, snú baki við sjálfum þér; og ef þú leitar velþóknunar minnar, skeyt ekki um það, sem þitt er, til þess að þú megir deyja í mér og ég megi lifa að eilífu í þér.“

„Ó, þjónn minn! Hrist af þér fjötra þessa heims og leys sál þína úr þrísund sjálfsins. Gríp tækifærið, því að það mun ekki gefast þér framar.“ – Hulin orð.

Hlýðni

Hollusta við Guð felur í sér skýlausa hlýðni við opinberuð boð hans, jafnvel þegar ástæðan fyrir þessum boðum er dulin. Sjómaðurinn hlýðir afdráttarlaust skipunum skipstjóra síns, jafnvel þótt hann viti ekki hvað liggur að baki þeim, en viðurkenning hans á valdi skipstjórans er ekki blind. Hann veit mæta vel, að skipstjórinn hefur mikla reynslu að baki og hefur ótvírætt sannað hæfni sína sem skipstjórnarmaður. Ef svo væri ekki, væri það flónska að þjóna undir hans stjórn. Þannig verður bahá'íinn hiklaust að hlýða þeim, sem hefur hjálpræði hans í höndum sér, en vissulega væri hann fávís, ef hann hefði ekki fyrst gengið úr skugga um, að hann hafi sannað það ótvírætt, að honum beri að treysta. Er hann hefur fengið slíkar sannanir, væri það samt sem áður ennþá meiri fávíska að neita að hlýða, því að aðeins með skynsamlegri og fúsri hlýðni við vitran hús-bónda getum við notið gagns af visku hans og sjálfir öðlast

visku. Hversu vitur sem skipstjórinn er, hvernig á skipið að komast í höfn eða sjómennirnir að læra siglingarlist, ef enginn af áhöfninni hlýðir honum? Kristur benti skýrt á, að hlýðni er leið þekkingarinnar. Hann sagði:

„Mín kenning er ekki mín, heldur þess, sem sendi mig. Ef sá er nokkur, sem vill gera vilja hans, hann mun komast að raun um hvort kenningin er frá Guði, eða ég tala af sjálfum mér.“ — Jóh. VII. 16.–17.

Bahá'u'lláh segir svo:

„Trú á Guð og þekkingu á honum er ekki hægt að öðlast til fullnustu nema . . . með því að ástunda allt, sem hann hefur boðið og allt, sem penni dýrðarinnar hefur opinberað í bókinni.“ — (Tablet of Tajalliyát)

Afdráttarlaus hlýðni er dyggð, sem ekki nýtur almennrar hylli á þessum lýðræðistímum, og raunar mundi skýlaus undirgefni undir vilja einhverrar mennskrar veru hafa hræðilegar afleiðingar í för með sér. En einingu mannkynsins er aðeins hægt að grundvalla með því að hver og einn sé í fullu samræmi við hinn guðdómlega vilja. En deilur og sundrung mun ríkja áfram meðal manna, nema vilji Guðs sé opinberaður með óyggjandi hætti og menn snúi sér frá öðrum leiðtogum og hlýði sendiboða Guðs, í stað þess að sóa miklum hluta orku sinnar í að rífa niður viðleitni meðbræðra sinna, og vinni saman í einingu hver með öðrum Guði til dýrðar að sameiginlegum hagsmunamálum allra.

Þjónusta

Hollusta við Guð felur í sér líf, sem lifað er í þjónustu við meðbræður okkar. Guði er ekki hægt að þjóna á neinn annan hátt. Ef við snúum baki við meðbræðrum okkar, þá snúum við baki við Guði. Kristur sagði: „Það, sem þér gjörði einum af þessum mínum minnstu bræðrum, gjörði þér mér.“ Bahá'u'lláh sagði einnig:

„Ó, mannsón! Ef augu þín beinast að miskunn, yfirgef það, sem gagnar þér, og hald fast við það, sem gagna mun mannkyninu. Og ef augu þín beinast að réttlæti, kjós náungá þínum það, sem þú kýst sjálfum þér.“ – (Words of Paradise)

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Í bahá’í málstaðnum er litið á listir, vísindi og iðnir sem tilbeiðslu. Maður, sem býr til pappírsörk eins vel og honum er unnt, samviskusamlega, og einbeittir öllum kröftum sínum að því að gera hana sem best úr garði, er að tilbiðja Guð. Í stuttu máli, öll viðleitni og áreynsla, sem maðurinn leggur á sig af fyllingu hjarta síns, er lofgjörð, ef að baki búa hinar göfugustu hvatir og löngun til að þjóna mannkyninu. Þetta er lofgjörð: að þjóna mannkyninu og annast þarfir fólksins. Þjónusta er bæn. Læknir, sem annast sjúka með blíðu og mildi, hleypidómalaust og trúir á einingu mannkynsins, hann flytur lofgjörð.“ – (Paris Talks)

Kennsla

Sannur bahá’í trúir ekki aðeins á kenningar Bahá’u’lláh, heldur verða þær leiðarljós og innblástur öllu lífi hans, og hann miðlar öðrum glaður af þeirri þekkingu, sem er uppspretta verundar hans. Með þessu einu veitist honum í fullum mæli „kraftur og staðfesting andans.“ Ekki er öllum gefin mælska eða ritsnilli, en allir geta kennt með því að „lífa lífinu“. Bahá’u’lláh segir:

„Fólk Bahá verður að þjóna Drottni viturlega, kenna öðrum með lífi sínu og birta ljós Guðs í verkum sínum. Áhrif gerða eru í sannleika öflugri en áhrif orða . . . Áhrif orðsins, sem kennarinn mælir, eru háð hreinum hvötum hans og viðskilnaði. Sumir láta sér nægja orð, en sannleiksgildi orðanna er reynt í deiglu gerðanna og lífennisins. Gerðirnar afhjúpa stöðu mannsins. Orðin verða að vera samkvæm því, sem út hefur gengið frá vörum Guðs vilja og skráð er í töflunum.“ – (Words of Wisdom)

Bahá’íinn mun, samt sem áður, ekki þvinga skoðunum sínum upp á neinn, sem ekki vill hlusta á þær. Hann laðar

fólk að ríki Guðs, en reynir ekki að reka það inn. Hann líkist fremur góða hirðinum, sem leiðir hjörð sína og vekur henni unað með hljómlist, en þeim, sem notar hunda og svipu til að reka hana áfram.

Bahá'u'lláh segir í Huldum orðum:

„Ó, duftsins son! Vitrir eru þeir, sem mæla ekki, fyrr en þeir hafa fengið áheyrn, líkt og bikarsveinninn, sem ekki réttir fram bikarinn, fyrr en hann finnur þann, sem taka vill við honum, og elskhuginn, sem hrópar ekki úr djúpum hjarta síns, fyrr en hann lítur fegurð ástmeyjar sinnar. Sá því sæði visku og þekkingar í hreinan jarðveg hjartans og fel það, uns jasintur himneskrar visku spreitta úr hjartanu, en ekki úr eðju og leir.“

Og enn segir hann í *Isráqát-töflunni*:

„Ó, fólk Bahá! Þér eruð dögunarstaðir ástarinnar og dagsbrúnir hylli Guðs. Saurgið eigi tungur yðar með því að atyrða nokkurn eða smána og verjið augu yðar því, sem ekki er sæmlegt. Sýnið það, sem þér eigið (þ.e. sannleikann). Ef honum er veitt viðtaka, er tilganginum náð. Ef ekki, þá er fánýtt að álasa eða ónáða þann, sem hafnar. Látið hann afskiptalausn en stefnið áfram til Guðs, verndarans, hins sjálfumnóga. Gefið ekki tilefni til hryggðar, því síður til deilna og undirróðurs. Þess er vænst, að þér megið verða endurnærðir í skugganum af tré himneskrar hylli og breytið samkvæmt óskum Guðs. Þér eruð allir lauf af einu tré og dropar í einu úthafi.“

Hæverska og lotning

Bahá'u'lláh segir:

„Ó, fólk Guðs! Ég hvet yður til hæversku. Hæverskan er, hvað snertir upphafning stöðu sinnar, drottning allra dyggða. Sæll er sá, sem er uppljómaður af ljósi hæverskunnar og skryddur kyrtli ráðvendinnar. Sá, sem er hæverskur, hefur háleita stöðu. Þess er vænst, að þessi rangtleikni, og allir, muni öðlast hana, halda fast við hana og gæta hennar. Þetta er hið óvæfengjanlega boðorð, sem streymt hefur frá penna Hins mesta nafns.“ – (Tablet of the World).

Hann endurtekur hvað eftir annað:

„Látið allar þjóðir jarðarinnar samneyta hver annarri í fögnuði og ilman. Samneytið, þér menn, fylgjendum allra trúarbragða í fögnuði og ilman.“

‘Abdu’l-Bahá segir í bréfi til bahá’ía í Bandaríkjunum:

„Varist, varist að móðga nokkurt hjarta!
Varist, varist að særa nokkra sál!
Varist, varist að breyta ómannúðlega við nokkurn mann!
Varist, varist að svipta nokkra skapaða veru voninni!

Ef nokkur maður veldur einhverju hjarta hryggð eða hugsýki einhverri sál, væri það betra fyrir hann að fela sig í dýpstu djúpum jarðarinnar en ganga á yfirborði hennar.“

Hann kennir, að líkt og blómið er falið í brumhnappnum, þannig dvelji andi Guðs í sérhverju mannhjarta, hversu hrjúfur og ógeðþekkur, sem hann er á yfirborðinu. Þessvegna breytir sannur bahá’í gagnvart öllum mönnum, eins og garðyrkjumaðurinn gagnvart sjaldgæfri og yndislegri jurt. Hann veit að íhlutun og óþolinmæði fær brumhnappinn ekki til að blómgast; aðeins sólskin Guðs getur komið því til leiðar. Þessvegna er það áform hans, að færa þetta lífgefandi sólskin inn í öll dimm hjörtu og heimili.

‘Abdu’l-Bahá segir ennfremur:

„Ein kenninga Bahá’u’lláh gerir þá kröfu til mannsins, að hann fyrirgefi undir öllum kringumstæðum, elski óvin sinn og líti á óvildarmanninn sem velvildarmann. Ekki að líta eigi á hann sem óvin og síðan umbera hann . . . og sýna honum þolinmæði. Þetta er hræsni, en ekki sönn ást. Nei, þér verðið að líta á óvini yðar sem vini, óvildarmennina sem velvildarmenn og breyta gagnvart þeim í samræmi við það. Ást yðar og gæska verður að vera ósvikin . . . ekki einskært umburðarlyndi, því komi umburðarlyndið ekki frá hjartanu, er það hræsni.“ (Star of the West IV. bindi, bls. 191.)

Slík ráðlegging virðist óskiljanleg og mótsagnakennd, þangað til við gerum okkur ljóst, að þótt hinn ytri holdlegi maður kunni að hata og æskja ills, þá eru allir gæddir innra andlegu eðli, sem er hinn raunverulegi maður, og aðeins ást og góðvild getur komið frá honum. Það er að þessum sanna, innra manni meðbræðra okkar sem við verðum að beina hugsunum okkar og ást. Þegar hann vaknar til starfs, mun ytri maðurinn ummyndast og endurnýjast.

Augað, sem hylur syndirnar

Bahá'í kenningarnar eru hvergi ákveðnari og skilyrðislausari en í þeirri kröfu til mannsins, að hann haldi sér frá því að tala um galla og ávirðingar annarra. Kristur kvað fast að orði um sama málefni, en nú er venja að líta á Fjallræðuna sem „fullkomnunarleið“, sem venjulegur kristinn maður geti aldrei fylgt. Bæði Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá leggja þunga áherslu á, að allt sem þeir segi um þessi efni, sé fyllsta alvara þeirra. Við lesum í *Huldum orðum*:

„Ó, mannsson! Þeg yfir syndum annarra, meðan þú sjálfur syndgar. Brjótir þú þetta boðorð, munt þú bölvun hljóta; þessu ber ég vitni.“

„Ó, verundarson! Eigna engri sálu það, sem þú vildir eigi að þér væri eignað, og seg það ekki, sem þú eigi gerir. Þetta er boð mitt þér til handa, virð það.“

'Abdu'l-Bahá segir okkur:

„Að vera þöglir um galla annarra, biðja fyrir þeim og hjálpa þeim af góðsemi til að bæta úr göllum sínum.“

Að líta alltaf á hið góða, en ekki hið illa. Hafi maður tíu góða eiginleika og einn slæman, skal líta á hina tíu en gleyma þeim eina; hafi maður tíu slæma eiginleika og einn góðan, lítið á þann eina og gleymið hinum tíu.

Að leyfa okkur aldrei að mæla óvingjarnlegt orð um nokkurn mann, jafnvel þótt hann sé óvinur okkar.“

Hann ritar vini í Bandaríkjunum:

„Versti eiginleiki mannsins og mesta syndin er rógburður, einkum og sér í lagi komi hann frá munni þeirra, sem trúa á Guð. Ef hægt væri að finna eitthvert ráð til að loka dyrum rógburðarins að eilífu, og sérhver þeirra, sem trúa á Guð, lyki upp munni sínum til þess eins að lofa aðra, þá mundu kenningar hans heilagleika Bahá'u'lláh breiðast út, hjörtun uppljómast, mannsandinn verða dýrlegur og mannkynið öðlast ævarandi hamingju.“ – (Star of the West, IV. bindi, bls. 192.)

Auðmýkt

Jafnframt því sem okkur er boðið að loka augunum fyrir ávirðingum annarra og líta á dyggðir þeirra, þá er okkur á hinn bóginn boðið að finna okkar eigin galla, en gefa engan gaum að dyggðum okkar. Bahá'u'lláh segir í *Huldum orðum*:

„Ó, verundarson! Hvernig gast þú gleymt þínum eigin ávirðingum og gert þér títt um ávirðingar annarra? Sá, sem þetta gerir, kallar yfir sig bölvun mína.“

„Ó, útflytjendur! Ég skóp tunguna til að nefna mig, saurga hana ekki með lastmælum. Ef eldur sjálfsins yfirbugar þig, minnstu þinna eigin ávirðinga en ekki ávirðinga skepna minna, því að sérhver yðar þekkir sitt eigið sjálf betur en annarra.“

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Látið líf yðar vera útgeislan frá konungsríki Krists. Hann kom ekki til að láta þjóna sér, heldur til að þjóna öðrum . . . Í trú Bahá'u'lláh eru allir þjónar og þjónustumeysjar, bræður og systur. Um leið og einhverjum finnst hann vera dálítið betri eða fremri öðrum, er hann í hættu staddur, og ef hann kastar ekki frá sér frjókorni svo illrar hugsunar, er hann ekki hæfur til þjónustu við konungsríkið.

Óánægja með sjálfan sig er merki um framför. Sú sál, sem er ánægð með sjálfa sig, er ímynd hins illa, og sá, sem er óánægður með sjálfan sig er ímynd Hins miskunnsama. Þótt maður hafi

þúsund góða eiginleika, má hann ekki gefa þeim gaum; nei, hann verður heldur að reyna að finna galla sína og ófullkomleika . . . Hversu stórstígum framförum sem slíkur maður tekur, þá er hann samt ófullkominn, því að það er ætíð takmark framundan. Hann hefur ekki fyrr komið auga á það takmark, en hann verður óánægður með ástand sitt og leitast við að ná takmarkinu. Sjálfhælni ber vitni um sjálfsselsku.“ (Diary of Mirzá Ahmad Sohrab, 1914).

Þótt við séum áminnt um að viðurkenna syndir okkar og iðrast þeirra einlæglega, er eindregið bannað að játa þær fyrir prestum eða öðrum mönnum. Bahá'u'lláh segir í Fagnaðartíðindunum:

„Þegar hjarta syndarans er aðskilið öllu nema Guði, verður hann að leita fyrirgefningar Guðs og einskis annars. Skriftir frammi fyrir þjónunum (þ.e. mönnunum) eru ekki leyfilegar, því að þær eru ekki orsök himneskrar fyrirgefningar né leiðin til hennar. Slík játning frammi fyrir skepnunum veldur auðmýkingu og lítillækkun mannsins, og Guð – vegsömuð sé dýrð hans – vill ekki lægingu þjóna sinna. Sannlega er hann hinn góðsami og vorkunnláti. Syndarinn verður, milli sín og Guðs, að biðja um miskunn frá hafi miskunnsemdanna og sárþæna um aflát frá himni fyrirgefningarinnar.“

Sannsögli og ráðvendni

Í Tarázát-töflunni segir Bahá'u'lláh:

„Dyrnar að sálarró fyrir allan heiminn er sannlega ráðvendnin. Hún er tákn dýrðar frá návist Hins miskunnssama. Sá, sem hana öðlast, hefur öðlast fjársjóði og allsnægtir. Mestu dyrnar að öryggi og rósemi mannkynsins er ráðvendnin. Stöðugleiki sérhvers málefnis er henni háður, og hún upplýsir veraldir heiðurs, dýrðar og allsnægta . . .

Ó, lýður ljóssins (Bahá)! Bestu klæðin fyrir musteri yðar og hin ágætasta kóróna á höfuð yðar er ráðvendnin. Haldið fast við hana sakir boðs hins alvalda stjórnanda.“

Hann segir einnig:

„Meginregla trúarinnar er fæð orða og gnægð gerða. Vit með vissu, að sá, sem mælir fleira en hann gerir, væri betur settur óborinn en borinn, dauði hans er betri en líf hans.“ – (Words of Wisdom.)

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Sannsögli er undirstaða allra manndyggða. Án sannsögli verður framför og velgengni sérhverrar sálar gerð ókleif í öllum veröldum Guðs. Þegar þessi heilaga eigind er rótföst í manninum, munu honum hlotnast allir guðlegir eiginleikar.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá II. bindi, bls. 459.)

„Látið ljós sannleika og ráðvendni skína í svip yðar, svo að allir geti vitað að orð yðar, hvort sem um viðskipti eða skemmtun er að ræða, eru áreiðanleg og sönn. Gleymið sjálfinu og starfið fyrir heildina.“ (Boðskapur til bahá’ía í Lundúnum, okt. 1911.)

Sjálfsþekking

Bahá’u’lláh hvetur menn stöðugt til að gera sér grein fyrir og tjá til fullnustu þá fullkomnunareiginleika, sem með þeim felast – hið sanna innra sjálf, sem aðgreint er hinu takmarkaða ytra sjálfi, sem í besta falli er aðeins musteri, en þó alltof oft fangelsi, hins raunverulega manns. Hann segir í *Huldum orðum*:

„Ó, verundarson! Voldugum höndum gerði ég þig og styrkum fingrum skóp ég þig, og í brjóst þitt hefi ég lagt kjarna ljóss míns. Ger þér þetta að góðu og leita einskis annars, því að verk mitt er fullkomið og boð mín bindandi. Treyst því og drag það ekki í efa.“

„Ó, andans son! Auðugan skóp ég þig, hví vanvirðir þú sjálfan þig í fátækt? Göfugan gerði ég þig, hversvegna leitar þú lægingar? Úr kjarna þekkingarinnar gaf ég þér líf, hví leitar þú fræðslu hjá öðrum en mér? Úr leir kærleikans mótaði ég þig,

hví gerir þú þér títt um aðra? Bein sjón þinni að sjálfum þér, til þess að þú megir finna mig standa hið innra með þér, máttugan, völdugan og sjálfumnógan.“

„Ó, þjónn minn! Þú ert sem fínhesst sverð, fólgið í rökkri slíðursins, og verðmæti þess dulið smiðnum. Kom því út úr slíðri sjálfs og ástríðu, svo að verðmæti þitt megi verða deginum ljósara og sýnt öllum heimi.“

„Ó, vinur minn! Þú ert dagstjarna á himnum heilagleika míns, lát ekki saurgun heimsins myrkva ljóma þinn. Slít sundur blæjur gáleysisins, svo að handan skýjanna megir þú birtast skínandi og klæða alla hluti klæðum lífsins.“

Líf það, sem Bahá'u'lláh kallar fylgismenn sína til að lifa, er vissulega svo göfugt, að á öllu hinu víðfeðma sviði mannlegra möguleika er ekkert takmark háleitarar eða fegurra, sem maðurinn gæti keppt að. Þekking á hinu andlega sjálfi okkar táknar þekkingu á þeim æðstu sannindum, að við erum frá Guði og munum snúa aftur til hans. Þetta afturhvarf til Guðs er hið dýrlega markmið bahá'íans; en eina leiðin til að ná því markmiði er hlýðni við útvalda boðbera hans, og sérstaklega við boðbera þeirra tíma, sem við lifum á, Bahá'u'lláh, spámanns hins nýja tíma.

Bænin

„Bænin er stigi, sem allir geta gengið upp til himins.“ –
Múhammed

Samtal við Gud

‘Abdu’l-Bahá segir: „Bænin er samtal við Guð. Til þess að Guð geti gert mönnunum hug sinn og vilja skiljanlegan, verður hann að tala við þá á máli, sem þeir skilja, og það gerir hann fyrir munn heilagra spámannanna sinna. Meðan þessir spámenn lifa á jörðunni flytja þeir mönnunum boðskap Guðs milliliðalaust, og eftir andlátið heldur boðskapur þeirra áfram að ná til sálna mannanna í skráðum orðum þeirra og ritningum. En þessi leið er ekki sú eina, sem Guð getur notað til að tala við menn. Til er „mál andans“, sem er óháð máli og skrift, og með því getur Guð samneytt þeim og innblásið hjörtu þeirra, sem leita sannleikans, hvar sem þeir eru, hvaða tungumál sem þeir tala, og hvaða kynþætti sem þeir tilheyra. Opinberandinn heldur áfram að tala þessu máli við hina trúföstu, eftir að hann hefur yfirgefið veröld efnisins. Kristur hélt áfram að tala við lærisveina sína og innblása þá eftir krossfestinguna. Raunar hafði hann meiri áhrif á þá en nokkru sinni áður; og hið sama gildir um aðra spámenn. ‘Abdu’l-Bahá talar mikið um þetta andlega mál. Hann segir t.a.m.:

„Við ættum að tala mál himinsins – mál andans, – því að til er tungumál hjartans og andans. Það er jafn frábrugðið okkar tungutaki og okkar tungutak er frábrugðið máli dýranna, sem tjá sig með orgi og óhljóðum.

Það er mál andans, sem talar til Guðs. Þegar við í bæninni erum fráhverfir öllum ytri hlutum og snúum okkur til Guðs, þá er sem við heyrum rödd Guðs í hjörtum okkar. Án orða mælum við, gefum tilfinningar okkar til kynna, tölum við Guð og heyrum svarið . . . Við getum öll, ef við komumst í hið sanna andlega ástand, heyrt rödd Guðs.“ (Úr ávarpi, sem Ethel J. Rosenberg skrásetti).

Bahá'u'lláh lýsir því yfir, að æðri andleg sannindi verði aðeins tjáð á þessu andlega máli. Hið talaða eða ritaða orð er ófullnægjandi. Í lítilli bók, sem nefnd er *Dalirnir sjö*, lýsir hann ferð vegfarandans frá hinum jarðneska bústað til hins himneska heimilis, og segir, er hann talar um hærri áfanga ferðarinnar:

„Tungunni er ókleift að gefa lýsingu á þeim og orðin verða einskis megnug. Penninn kemur að engu liði innan þessarar hirðar og bleikið verður svartan ein . . . Aðeins hjartað getur tjáð hjartanu ásigkomulag leitandans; þetta er ekki verk boðberans, bókstafir rúma það heldur ekki.“

Viðhorf tilbeiðslunnar

Til þess að komast í það andlega ástand, sem gerir samtal við Guð kleift, segir 'Abdu'l-Bahá að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

„Við verðum af fremsta megni að leitast við að komast í þetta ástand með því að snúa baki við öllum hlutum og öllum mönnum og leita Guðs eins. Það kostar manninn nokkra áreynslu að komast í þetta ástand, en hann verður að vinna að því, sýna þrotlausa viðleitni. Við getum náð þessu ástandi með því að hugsa minna um jarðneska hluti en meira um andleg efni. Því minna sem við skeytum um það fyrra, þeim mun nær erum við hinu síðara. Valið er okkar.

Andlegur skilningur okkar, hin innri sýn, verður að opnast, svo að við getum séð táknið og ummerki anda Guðs í öllu. Allt getur endurspeglað okkur ljós andans.“ (Úr ávarpi, sem Ethel J. Rosenberg skrásetti).

Bahá'u'lláh hefur ritað:

„Leitandinn . . . ætti dag hvern við sólaruppkomu . . . að samneyta Guði og þreyja af öllu hjarta sínu í leitinni að Ástvininum. Hann ætti að eyða sérhverri villuráfandi hugsun með loga ástúðlegar minningar hans.“ (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, bls. 264.)

‘Abdu’l-Bahá heldur því sama fram:

„Þegar maðurinn leyfir andanum með atbeina sálar sinnar að upplýsa skilning sinn, þá inniheldur hann allt sköpunarverkið . . . En ef maðurinn opnar ekki hug sinn og hjarta fyrir blessun andans og snýr sálu sinni að hinu efnislega, að jarðneskum hluta eðlis síns, þá hefur hann fallið niður frá sínum háa stað og verður síðri hinum lægstu í dýraríkinu.“ (Paris Talks bls. 96–97)

Og enn fremur segir Bahá'u'lláh:

„Leysið sálir yðar, ó menn, úr hlekkjum sjálfsins og slítið öll bönd nema þau, sem binda yður við mig. Minningin um mig hvítþvær allt af saurgun, gætuð þér aðeins skynjað það . . . Syngjið, ó þjónar mínir, heilagt orð Guðs, sem þér hafið þegið, eins og þeir, sem hafa nálgast hann, syngja það, svo að sætleiki söngs yðar megi verma yðar eigin sálir og laða að sér hjörtu allra manna. Hver sá, sem í launung vistarveru sinnar, les hið heilaga orð, sem opinberað er af Guði – hinir vítt dreifandi englar munu dreifa víða veginum angan orðanna, sem munnur hans mælir . . . “ (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, bls. 293–294.)

Þörfin á meðalgangara

‘Abdu’l-Bahá segir um þetta:

„Meðalgangari er nauðsynlegur milli mannsins og Skaparans sem öðlast hefur til fullnustu ljós hinnar himnesku dýrðar og geislar því yfir allan mannheim, líkt og andrúmsloft jarðarinnar tekur á móti og dreifir hinum yljandi sólargeislum.“ – (Divine Philosophy)

„Ef við viljum biðja, verðum við að einbeita okkur að einhverjum hlut. Ef við snúum okkur til Guðs, verðum við að beina hjörtum okkar að ákveðnum miðpunkti. Tilbiðji maðurinn Guð án þess að hafa í huga birtanda hans, verður hann fyrst að gera sér hugmynd um Guð, og hans eigin hugur skapar þessa hugmynd. Þar sem hið takmarkaða fær ekki skilið hið ótakmarkaða, þannig er ekki hægt að skilja Guð á þennan hátt. Það sem maðurinn fær skilið er ekki Guð. Sú Guðshugmynd sem maðurinn smíðar sjálfum sér er ekki annað en hugarburður, táknmynd, ímyndun. Það eru engin tengsl milli slíkrar hugmyndar og hinnar æðstu Veru.

Vilji maðurinn þekkja Guð, verður hann að finna hann í hinum fullkomna spegli, Kristi eða Bahá'u'lláh. Í báðum þessum speglum sér hann endurspeglun sólar Guðdómsins.

Líkt og við þekkjum sólina á himninum af ljóma hennar, ljósi og hita, þannig þekkjum við Guð, þegar hann skín úr musteri birtandans, af fullkomnunareigindum hans, fegurð eiginleika hans og birtu ljóss hans.“ (Úr samræðum við Percy Woodcock í Akk, 1909).

Enn segir hann:

„Ef Heilagur Andi verður ekki meðalgangari, getur maðurinn ekki orðið aðnjótandi örlætis Guðs. Lát þér ekki sjást yfir augljós sannindi, því að það er auðskilið að barn er ekki hægt að uppfærða án fræðara, og þekking er ein af gjöfum Guðs. Gras og jurtir vaxa ekki úr jarðveginum án regns, þannig er skýið meðalgangari hinna himnesku gjafa og jarðvegarins . . . Ljósið hefur miðpunkt og vilji menn leita þess frá öðrum stað en miðpunktinum, munu þeir aldrei finna það . . . Minnstu daga Krists; sumir gerðu sér í hugarlund, að hægt væri að höndla sannleikann án úthellingar Messíasar, en einmitt þessi ímyndun varð þess valdandi að þeir fóru á mis við hann.“ (Tablets of 'Abdu'l-Bahá III. bindi, bls. 591, 592.)

Maður, sem reynir að tilbiðja Guð án þess að snúa sér til birtanda hans, er svipað farið og manni í dýflissu, sem reynir að njóta dýrðar sólskinsins með atbeina ímyndunaraflsins.

Bænin er skylda og nauðsyn

Bahá'íum er með ótvíræðu orðalagi gert að skyldu að biðja. Bahá'u'lláh segir í *Kitáb-i-Aqdas*:

„Syngið (eða lesið) orð Guðs á hverjum morgni og hverju kvöldi. Sá, sem vanrækir þetta, hefur ekki verið trúr sáttmála Guðs og boðum hans, og sá, sem hafnar þessu, tilheyrir þeim, sem hafnað hafa Guði. Öttist Guð, ó fólk mitt! Látið ekki of mikinn lestur (hins heilaga orðs) og störf á degi og nóttu gera yður drambsama. Yður er betra að syngja aðeins eina ritningargrein af gleði og fögnuði en lesa alla opinberun hins alvalda Guðs af gáleysi. Syngið töflur Guðs í þeim mæli, að þér bugist ekki af þreytu og hugarangri. Íþyngið ekki sálinni, svo að valdi leiða og þreytu, heldur endurnýið hana, svo að hún megi svífa á vængjum opinberunarinnar að dagsbrún sannreynda. Þetta færir yður nær Guði, ef þér tilheyrði þeim, sem skilja.“

‘Abdu’l-Bahá segir við bréfitara:

„Ó, þú andlegi vinur! Vit að bænin er nauðsyn og skylda og að enginn maður getur afsakað vanrækslu þeirra, nema hann sé andlega vanheill eða óyfirstíganlegar hindranir séu í vegi hans.“ (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá III. bindi, bls. 683.)

Annar bréfitari spurði: „Hversvegna biðja? Hvaða viska felst í því, þar sem Guð hefur komið öllu fyrir og framkvæmir allt eftir besta skipulagi – hver er þá viskan í því að biðja og sárþæna og skýra frá þörfum sínum og leita hjálpar?“

‘Abdu’l-Bahá svaraði:

„Vit með vissu, að það er sæmd hinum veika að biðja til hins Sterka og það sæmir þeim, sem leitar hylli að snúa sér í bæn til

hins dýrlega Gjafara. Þegar maður biður til Drottins síns, snýr sér til hans og leitar hylli frá útsævi hans, færir bænin ljós hjarta hans, uppljómun sjón hans, líf sálu hans og upphafningu verund hans.

Meðan þú biður til Guðs og segir: „Nafn þitt er lækning mín“, hugleið hvernig hjarta þitt gleðst, sál þín fagnar í anda ástar Guðs og hugur þinn laðast að ríki hans! Þessi aðlöðun eykur hæfileika og hæfni mannsins. Þegar keraldíð stækkar, eykst vatnið, og þegar þorstinn vex verður gjöf skýsins sæt á tungu mannsins. Þetta er leyndardómur bænarinnar og viskan, sem felst í því, að skýra frá þörfum sínum.“ (Úr töflu til bandaríks bahá'ía, þýddri af 'Alí Kulí Khan, okt. 1908)

Bahá'u'lláh hefur opinberað þrjár skyldubænir. Hinum trúaða er frjálst að velja hverja sem er af þessum þremur bænum, en honum er skylt að fara með eina þeirra á þann hátt, sem Bahá'u'lláh hefur mælt fyrir um.

Samlestur bæna

Þær bænir, sem Bahá'u'lláh hefur gert að daglegri skyldu bahá'íanna, á að fara með í einrómi. Aðeins þegar um er að ræða bæn fyrir hinum látnu hefur Bahá'u'lláh boðið bæna-samlestur, og eina krafan er sú, að bahá'íinn, sem les hana upphátt og allir aðrir viðstaddir, standi við bænagjörðina. Þetta er frábrugðið því sem tíðkast við bēnasamlestur í Islám, þar sem hinir trúuðu standa í röðum fyrir aftan ímám-inn (trúarleiddtogann), sem stjórnar bænagjörðinni, en þetta er bannað í bahá'í trúnni.

Þessi fyrirmæli, sem eru í samræmi við lög Bahá'u'lláh um afnám klerkastéttarinnar, þýða ekki að hann hafi metið að engu gildi bēnasamfunda. Hvað varðar gildi bæna á mannamótum segir 'Abdu'l-Bahá eftirfarandi:

„Menn kunna að segja: Ég get beðið til Guðs hvenær sem ég vil, þegar tilfinningar hjarta míns beinast að Guði; þegar ég er í eyðimörkinni, þegar ég er í borginni eða hvar sem ég kann að vera staddur. Hversvegna ætti ég að fara þangað, sem menn hafa

safnast saman á sérstökum degi og tiltekinni stundu til að sameinast í bæn með þeim, þegar verið getur að ég sé ekki í því hugarástandi að ég geti beðið?

Það er gagnslaus ímyndun að hugsa á þennan hátt, því að þar sem margir eru samankomnir er kraftur þeirra meiri. Aðskildir hermenn, sem berjast einn og einn, hafa ekki afl sameinaðs hers. Ef allir hermennirnir í þessu andlega stríði safnast saman, þá munu sameinaðar andlegar tilfinningar þeirra hjálpast að og bænir þeirra verða þóknanlegar Guði.“ – (Úr minnisblöðum Ethel J. Rosenberg).

Þó að 'Abdu'l-Bahá legði með þessum orðum áherslu á nauðsyn samkoma, þar sem bænir eru beðnar og andinn styrktur með sameiginlegri tilbeiðslu til Guðs, þá kenndi hann ekki, að bahá'í bænir séu einskonar skyldugar samlestursbænir. Skyldubæinirnar, sem Bahá'u'lláh opinberaði, eru ætlaðar einstaklingnum. Lestur bænar í hóp er ekki meðal kenninga bahá'í trúarinnar nema þegar um er að, ræða bænina, sem opinberuð var til upplesturs við jarðarfarir.

Bænin er mál ástarinnar

'Abdu'l-Bahá gaf eftirfarandi svar manni nokkrum, sem spurði hvort bænin væri nauðsynleg, þar sem búast mætti við, að Guð þekkti óskir allra manna:

„Ef einhver vinanna elskar annan mann, vill hann segja honum það. Þótt að hann viti, að vinurinn hefur orðið ástar hans var, langar hann samt til að láta það í ljós . . . Guð þekkir óskir allra hjartna, en löngunin til að biðja er manninum eðlileg og sprettur af ást manns til Guðs . . .

Bænin þarf ekki að vera í orðum heldur í hugsun og viðhorfi. Ef þessa ást og löngun skortir, er gagnslaut að reyna að þvinga hana fram. Orð án ástar eru innihaldslaus. Ef einhver talar við þig vegna þess að honum finnst það vera óþægileg skylda sín, án nokkurrar ástar eða ánægju af fundi þínum, mundir þú vilja ræða við hann?“ – (Grein í Fortnightly Review, júní 1911, eftir E.S. Stevens.)

Í öðru ávarpi sagði hann:

„Í æðstu bæninni biðja menn einungis sakir ástar á Guði, en hvorki af ótta við hann eða hel, eða í von um gjafir eða vist á himnum . . . Verði maður ástfanginn af einhverri mannveru, þá er ógjörningur að koma í veg fyrir að hann nefni nafn þess, sem hann elskar. Hversu miklu erfiðara er að láta vera að nefna nafn Guðs, þegar maður hefur lært að elska hann . . . Hinn andlegi maður finnur engan unað í neinu nema að minnast Guðs.“ — (Úr minnisblöðum Alma Robertson og annarra pílagríma, nów. og des., 1900.)

Lausn frá þrengingum

Samkvæmt kenningum spámannanna eru sjúkdómar og allar aðrar þrengingar afleiðingar óhlýðni við boðorð Guðs. ‘Abdu’l-Bahá segir, að jafnvel vatnsflóð, fellibyljir og jarðskjálftar séu óbeinlínis af sömu rótum runnin.

Þjáningar, sem eru afleiðing rangrar breytni, eru samt sem áður ekki hefnd, heldur til lækningar og uppfræðslu. Þær eru rödd Guðs, sem kunngerir manninum, að hann hafi villst af rétttri leið. Ef þjáningin er ægileg, er það aðeins vegna þess að hættan, sem stafar af rangri breytni, er ennþá ægilegri, því að laun syndarinnar er dauðinn.“ “

Líkt og þrengingin er afleiðing óhlýðni, þannig er aðeins hægt að losna undan þrengingunni með hlýðni. Engin tilviljun eða óvissa er í þessu efni. Ógæfa verður óhjákvæmilegt hlutskipti þeirra, sem snúa sér *frá* Guði, og blessun er óhjákvæmilegt hlutskipti þeirra, sem snúa sér *til* Guðs.

Þar sem allt mannkynið er ein lífheild, er þó velferð sérhvers einstaklings ekki aðeins undirorpin hans eigin breytni heldur einnig breytni meðbræðra hans. Breyti einn rangt, þjást allir í meira eða minna mæli; og breyti einn vel, hagnast allir. Hver og einn verður að bera byrðar annarra að nokkru leyti, og bestu mennirnir bera þyngstu byrðarnar. Helgir menn hafa ætíð liðið miklar þjáningar; spámennirnir hafa þjáðst mest allra. Bahá'u'lláh segir í *Kitáb-i-Íqán*:

„Þér hafið efalaust heyrt um þær þrengingar, fátækt, mótlæti og niðurlægingu, sem allir spámenn Guðs og fylgismenn þeirra hafa þolað. Þér hljótið að hafa heyrt um það, að höfuð fylgjenda þeirra voru send að gjöf til ýmissa borga.“

Ástæðan er ekki sú, að hinir heilögu menn og spámennirnir hafi verðskuldað refsingu öðrum fremur. Nei, þeir þjást oft vegna synda annarra og kjósa sér það hlutskipti að líða sakir annarra. Þeir láta sér annt um velferð heimsins, ekki sína eigin. Sannur mannvinnur biður þess ekki, að hann sem einstaklingur megi verða laus við fátækt, vanheilsu og ógæfu, heldur að mannkynið megi frelsast frá fáfræði og villu og því illa, sem óhjákvæmilega leiðir af þessu. Óski hann sér heilsu og auðæfa, er það í því skyni að geta þjónað ríki Guðs, en sé honum neitað um auðæfi og líkamlega heilsu, þá sættir hann sig við hlutskipti sitt með „geislandi jafnaðargeði“, fullviss þess, að sönn víska er að baki öllu, sem fellur í hans hlut á vegi Guðs.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Hryggð og sorg koma ekki til okkar af tilviljun; okkur er sent það af guðdómlegri miskunn til þess að fullkomna okkur . . . Þegar sorg og hryggð sækja okkur heim, minnumst við Föður okkar, sem er á himnum, og getur frelsað okkur frá auðmýkingu okkar . . . Því meira sem lagt er á manninn, þeim mun meiri verður uppskera andlegra dyggða hans.“ (Paris Talks, bls. 50–51.)

Fljótt á titið virðist það mjög óréttlátt, að saklausir líði fyrir seka, en ‘Abdu’l-Bahá fullvissar okkur um að óréttlætið sé aðeins á ytra borðinu, en þegar til lengdar láti ríki fullkomið réttlæti. Hann ritar:

„Hvað viðvíkur hvítvoðungum, börnum og smælingjum, sem þjást fyrir hendi kúgaranna . . . fyrir þessar sálir er endurgjald í öðrum heimi . . . þessi þjáning er mesta náðargjöf Guðs. Vissulega er þessi miskunn Guðs betri en öll þægindi þessa

heims og sá vöxtur og þróun, sem er einkenni þessarar stundlegu veraldar.“ (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, II. bindi, bls. 337.)

Bænir og náttúrulögmál

Mörgum finnst erfitt að trúá á gagnsemi bænarinnar, því að þeir telja, að svar við bænum feli í sér geðþóttaihlutun í lög náttúrunnar. Ef til vill getur líking hjálpað til við að eyða þessum misskilningi. Ef segulstáli er haldið yfir járnsvafi, flýgur svarfið upp og festist við segulinn, en þetta felur ekki í sér neina röskun á þyngdarlögmálinu. Þyngdaraflið heldur áfram að verka á svarfið eins og áður. Það sem gerist er, að æðra afl hefur skorist í leikinn, alveg jafn reglubundið og útreiknanlegt og þyngdaraflið. Bahá’íar líta svo á, að bænin vekji til starfs æðri öfl, sem lítil skil er vitað á ennþá; en engin ástæða virðist vera til að halda, að þessi öfl séu tilviljunarkenndari en kraftar efnisins. Munurinn er sá, að þau hafa enn ekki verið könnuð til fulls og rannsökuð með vísindalegum hætti, og starfsemi þeirra virðist leyndardómsfull og óútreiknanleg sökum fáfræði okkar.

Sumum veitist einnig erfitt að skilja hvernig bænin, sem virðist svo vanmáttug, geti verið sú kraftuppspretta, sem margir ætla. Þetta má kannski líka skýra með samlíkingu. Lítið afl þarf til að opna flóðgátt stíflu og leysa þannig úr læðingi og hafa hemil á gifurlegri vatnsorku. Og sé því beitt við stjórnvöl hafskips, ræður það stefnu hins risavaxna skips. Bahá’íar telja, að aflið, sem veitir bænheyrslu sé óþrotlegt afl Guðs. Hlutverk biðjandans er aðeins að beita því litla átaki sem þarf til að leysa úr læðingi eða ákvarða stefnu hins himneska örlætis, sem ævinlega er þeim búíð, sem lært hafa að biðja um það.

Bahá’í bænir

Bahá’u’lláh og ‘Abdu’l-Bahá hafa opinberað mikinn fjölda bæna handa fylgjendum sínum til nota við ýmis tækifæri og á ýmsum tímum. Hin andlega dýpt og mikilleiki, sem birtist í þessum bænum, hlýtur að hrífa hvern hugsandi

mann, en það er aðeins hægt að gera sér ljóst til fullnustu þýðingu þeirra og áhrif til góðs með því að gera þær að mikilvægum og reglubundnum þætti hins daglega lífs. Því miður er aðeins hægt að birta fáar þessara bæna hér vegna rúmleysis, en vilji lesandinn kynna sér fleiri bænir, er honum bent á önnur verk.

„Ó, Guð minn! Gef að fegurð þín verði fæða mín og návist þín drykkur minn. Gef að ég treysti vilja þínum og breyti samkvæmt boðum þínum. Gef að þjónusta mín verði þér þóknanleg og verk mín lofgjörð til þín. Gef að ég leiti fulltingis hjá þér einum og ákvarða að heimili mitt verði heilagur bústaður þinn. Þú ert hinn dýrmæti, ætíð nálægur, hinn ástúðlegi.“ – Bahá'u'lláh.

„Eg ber því vitni, ó Guð minn, að þú hefur skapað mig til að þekkja þig og tilbiðja þig. Ég staðfesti á þessu andartaki vanmátt minn og mátt þinn, fátækt mína og auðlegð þína. Þú einn ert Guð, hjálpin í nauðum, hinn sjálfnógi.“ – Bahá'u'lláh.

„Ó, Guð minn! Ó, Guð minn. Sameina hjörtu þjóna þinna og birt þeim þitt mikla áform. Megi þeir fylgja boðum þínum og halda lög þín. Hjálpa þeim, ó Guð, í viðleitni þeirra, og gef þeim styrk til að þjóna þér. Ó Guð, yfirgef þá ekki, en lát ljós þekkingar þinnar lýsa braut þeirra og gleð hjörtu þeirra með ást þinni. Vissulega ert þú hjálpari þeirra og Drottinn þeirra.“ – Bahá'u'lláh.

„Ó, þú góði Drottinn! Þú hefur skapað allt mannkynið af sama stofni. Þú hefur ákvarðað, að allir tilheyri sömu fjölskyldu. Í heilagri návist þinni eru þeir allir þjónar þínir, og allt mannkynið á sér athvarf í tjaldbúð þinni; allir hafa safnast saman við nægtaborð þitt; allir eru upplýstir af ljósi forsjónar þinnar.

Ó, Guð! Þú ert öllum góður, þú hefur séð fyrir öllum, skýlir öllum, veitir öllum líf, þú hefur gætt alla gáfum og hæfileikum og öllum hefur þú sökkt í úthaf miskunnar þinnar.

Ó, þú góði Drottinn! Sameina alla. Gef að trúarbrögðin samræmist og ger þjóðirnar að einni þjóð, svo að þær líti hver á aðra sem eina fjölskyldu og alla jörðina sem eitt heimili. Megi þær allar lifa saman í fullkomnu samræmi.

Ó, Guð! Drag að hún fána heimseiningar.

Bind hjörtun traustum böndum, ó Guð.

Ó, þú góði faðir, ó Guð! Gleð hjörtu okkar með ilman ástar þinnar. Lýs sjónum okkar með ljósi handleiðslu þinnar. Veit unað eyrum okkar með hljómfegurð orðs þíns og skýl okkur öllum í virki forsjónar þinnar.

Þú ert hinn mikli og máttugi. Þú ert sá, sem fyrirgefur, og þú ert sá, sem umber yfirsjónir alls mannkynsins.“ – ‘Abdu’l-Bahá.

Ó, þú almáttki! Ég er syndari, en þú ert sá, sem fyrirgefur! Ég er ófullkominn, en þú ert hinn vorkunnláti. Ég reika í myrkri yfirsjóna, en þú ert ljós fyrirgefningar.

Ó, þú góðsami Guð, fyrirgef syndir mínar, veit mér gjafir þínar, lít ekki á galla mína, skýl mér og lauga mig í lind þolinmæði þinnar og lækna mig af öllum sóttum og sjúkleika.

Helga mig og hreinsa og gef mér skerf af úthellingu heilagleikans, til þess að sorg og hryggð megi hverfa og fögnuður og hamingja stíga niður, breyt örvæntingu og vonleysi í gleði og traust og gef að hugrekki komi í stað ótta.

Vissulega ert þú fyrirgefandinn, hinn vorkunnláti, og þú ert hinn örláti, hinn ástfólgni.“ – ‘Abdu’l-Bahá.

„Ó, vorkunnláti Guð! Ég flyt þér þakkir fyrir að hafa vakið mig og gætt mig meðvitund. Þú hefur gefið mér sjáandi auga og heiðrað mig með heyrandi eyra. Þú hefur leitt mig til ríkis þíns og leiðbeint mér að vegi þínum. Þú hefur sýnt mér hina réttu leið og látið mig stíga inn í örð lausnarinnar. Ó, Guð! Veit mér staðfestu og ger mig sterkan og einarðan. Vernda mig fyrir ofsafengnum þolraunum og varðveit og skýl mér í traustbyggðu virki sáttmála þíns og erfðaskrár. Þú ert hinn voldugi! Þú ert sjáandinn! Þú ert heyrandinn! Ó, þú vorkunnláti Guð! Gef mér hjarta sem eins og tært gler uppljómast af ljósi ástar þinnar og veit mér hugsun, sem breyta mun þessari veröld í rósagarð sakir gjafmildi andans. Þú ert hinn vorkunnláti, hinn miskunnsami! Þú ert hinn mikli góði Guð!“ – ‘Abdu’l-Bahá.

Bahá’í bænir eru þó ekki bundnar við ákveðin form, þótt það sé mikilvægt. Bahá’u’lláh kennir, að allt líf manns skuli vera eins og bæn, og að verk, sem unnið er í réttum anda, sé tilbeiðsla, að sérhver hugsun, orð og gerð, sem helgað er dýrð Guðs og velferð meðbræðra okkar sé bæn í sönnustu merkingu orðsins.¹

1 Um bænir fyrir öðrum; sjá XI. kafla.

Heilsa og lækning

„Þeim, sem snýr ásjónu sinni til Guðs, veitist lækning á líkama, huga og sál.“ –‘Abdu’l-Bahá.

Líkami og sál

Samkvæmt bahá’í kenningunum þjónar líkaminn tíma-bundnu hlutverki í þróun sálarinnar, og þegar þeim tilgangi hefur verið náð, er hann lagður til hliðar; líkt og eggskurnin þjónar tímabundnu hlutverki í þróun ungans, en þegar unginn er orðinn nógu þroskaður, brotnar skurnið og því er fleygt. ‘Abdu’l-Bahá segir, að líkami mannsins geti ekki orðið ódauðlegur, því að hann er samsettur og gerður af öreindum og sameindum, og eins og allt, sem er samsett, leysist hann upp á sínum tíma.

Líkaminn ætti að vera þjónn sálarinnar, en aldrei húsbóndi hennar. Hann ætti að vera viljugur, hlýðinn og dugandi þjónn, og vel með hann farið, eins og dyggur þjónn á skilið. Ef farið er illa með hann, veldur það sjúkdómum og hörmungum, sem hafa skaðlegar afleiðingar fyrir húsbóndann jafnt sem þjóninn.

Eining alls lífs

Ein af undirstöðukenningum Bahá’u’lláh er grundvallar-eining allra hinna margbreytilegu forma og stiga lífsins.

Líkamsheilsan er nátengd hugrænni, siðferðilegri og andlegri heilsu okkar, og jafnframt einstaklingsbundinni og samfélagslegri heilsu meðbræðra okkar, já, jafnvel lífi dýra og jurta. Hvað hefur áhrif á annað í miklu ríkari mæli en við gerum okkur venjulega grein fyrir. Þessvegna á engin kenninga spámannsins, til hvaða þátta lífsins, sem hún kann að skírskota, ekki líka við um líkamlegt heilbrigði. Vissar kenningar hafa þó meiri þýðingu fyrir líkamsheilsuna en aðrar, og við munum nú athuga þær nánar.

Óbrotið líf

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Hagsemi er grundvöllur mannlegrar velmegunar. Eyðsluklóin er alltaf í vandræðum. Óhófleg eyðsla er ófyrirgefanleg synd, hver sem í hlut á. Við megum aldrei lifa hver á öðrum eins og sníkjudýr. Sérhver maður verður að hafa atvinnu, hvort sem hún er unnin með höfðinu eða höndunum, og lifa flekklausu, karlmannlegu og heiðarlegu lífi, svo að hann verði öðrum fyrirmynd hreinleikans. Það er konunglegra að gera sér að góðu harða brauðskorpu en njóta ríkulegrar margréttáðrar máltíðar, sem borgað hefur verið fyrir úr vasa annarra. Maður, sem er ánægður með kjör sín, er ætíð glaður og rór í hjarta sínu.“ – (Bahá’í Scriptures, bls. 453.)

Kjöt og fiskmeti er ekki bannað, en ‘Abdu’l-Bahá segir:

„Framtíðarfæðan verður ávextir og kornmatur. Sá tími kemur, að kjöts verður ekki neytt lengur. Læknavísindin eru á bernskuskeiði, samt hafa þau sýnt fram á að það, sem sprettur upp úr jörðinni, er eðlileg fæða okkar.“ (Ten Days in The Light of Akká, eftir Julian Grundy.)

Áfengi og eiturlyf

Bahá’u’lláh hefur stranglega bannað notkun eiturlyfja og hverskyns vímugjafa, nema sem lyf við sjúkdómum.

Skemmtanir

Bahá'í kenningarnar grundvallast á hófsemi en ekki meinlætaliðnaði. Þær ekki aðeins örva okkur heldur hvetja okkur til að njóta gæða og fegurðar lífsins, bæði efnislegar og andlegar. Bahá'u'lláh segir: „Sviptið yður eigi því, sem skapað hefur verið fyrir yður.“ Og hann segir enn: „Sú skylda hvílir á yður, að fögnuður og gleði skíni af ásýðnum yðar.“

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Allt þetta hefur verið skapað fyrir manninn, sem er hátindur sköpunarverksins, og hann verður að vera þakklátur fyrir hinar himnesku gjafir. Allir jarðneskir hlutir eru til okkar vegna, svo að við með þakklæti okkar getum lært að skynja lífið sem guðdómlega náðargjöf. Ef við höfum andúð á lífinu, erum við vanþakklátir, því að jarðnesk og andleg tilvist okkar er ytri sönnun hinnar himnesku náðar. Þessvegna eigum við að vera hamingjusamir og eyða tímanum í lofgjörð, ánægðir með alla hluti.“ – (Divine Philosophy, bls. 104.)

Er ‘Abdu’l-Bahá var spurður hvort bann bahá'í trúarinnar við fjárhættuspili næði til leikja af öllu tagi, svaraði hann:

„Nei, sumir leikir eru saklausir og skaða ekki, séu þeir iðkaðir í tómstundum, en hætt er við að tómstundirnar verði að tímasóun. Tímasóun er ekki þóknanleg í málstað Guðs, en æfingar, sem aukið geta þrótt líkamans, eru æskilegar.“ (A Heavenly Vista, bls. 9.)

Hreinlæti

Bahá'u'lláh segir í *Kitáb-i-Aqdas*:

„Verið sem kjarni hreinlætisins meðal manna . . . temjið yður fagaða siði undir öllum kringumstæðum . . . látið ekki vott af óhreinindum sjást á klæðum yðar . . . Laugið yður úr hreinu vatni; notað vatn og óhreint er forboðið . . . Sannlega höfum vér þráð að sjá í yður birtingu paradísar á jörðu, svo að frá yður

megi berast það, sem vekja mun fögnuð í hjörtum hinna útvöldu.“

Í bók sinni *Bahá'í sannanir* (bls. 89), bendir Mirzá Abu'l-Fadl á hve afar mikla þýðingu þessi boð hafi, sérstaklega í sumum hlutum Austurlanda, þar sem fúlt og óhreint vatn er oft notað til heimilisþarfa, til að baða sig í og jafnvel til drykkjar, og þar sem ástandið í hreinlætismálum er hræðilegt og veldur mikilli eymd og sjúkdómum, sem koma mætti í veg fyrir. Þetta ástand, sem margir telja, að ríkjandi trúarbrögð leggi blessun sína yfir, er aðeins hægt að bæta meðal Austurlandamanna með boðum þess, sem menn trúa að hafi guðdómlegt vald. Víðsvegar í Vesturlöndum mundi dásamleg umbreyting einnig eiga sér stað, ef hreinlæti væri ekki aðeins álitid ganga næst guðrækilegu líferni, heldur vera óaðskiljanlegur hluti þess.

Áhrif hlýðninnar við boð spámannsins

Áhrif þessara boða, sem lúta að óbrotnu líferni, hreinlæti, bindindi á áfengi, ópíum o.s.frv., á heilsu manna, eru of augljós til þess að fara þurfi um þau mörgum orðum, þótt hætt sé við að mikilvægi þeirra sé mjög vanmetið. Ef þeirra væri almennt gætt, mundu flestir smitsjúkdómar og margir aðrir fljótlega hverfa úr sögunni. Þeir sjúkdómar, sem stafa af vanrækslu á einföldum hreinlætisráðstöfunum og neyslu áfengis og ópíums, eru ótölulegir. Auk þess mundi hlýðni við þessi boð ekki aðeins hafa áhrif á heilsuna, heldur mundi hún einnig hafa geysileg áhrif til góðs á hugarfar og hegðun manna. Áfengi og ópíum hafa áhrif á samvisku mannsins löngu áður en þau breyta göngulagi hans eða valda augljósum líkamskvillum, svo að hinn siðferðilegi og andlegi ávinningur af bindindi mundi verða jafnvel meiri en hinn líkamlegi. Hvað hreinlætið varðar segir 'Abdu'l-Bahá:

„Ytra hreinlæti hefir mikil áhrif á andann, jafnvel þótt það aðeins snerti efnið . . . Hreinn og flekklaus líkami hefir áhrif á

anda mannsins.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, III. bindi, bls. 585.)

Ef boðum spámannsins viðvíkjandi skírlífi í kynferðismálum væri almennt hlýtt, mundi önnur veigamikil orsök sjúkdóma verða upprætt. Hinir viðbjóðslegu kynsjúkdómar, sem eyðileggja heilsu margra þúsunda, saklausra og sekra, barna og foreldra, mundu brátt heyra fortíðinni til.

Ef boðum spámannsins varðandi réttlæti, gagnkvæma hjálpssemi og náungakærleika væri framfylgt, hvernig gæti þröngbýli, þrælavinna og ömurleg fátækt annarsvegar, og óhóf, iðjuleysi og andstyggilegur munaður hinsvegar haldið áfram að leggja mannheim í rústir andlega, líkamlega og siðferðilega?

Einföld hlýðni við hreinlætis- og siðaboð Móse, Búddha, Krists, Múhammeds eða Bahá'u'lláh mundi leggja meira af mörkum til að fyrirbyggja sjúkdóma en allir læknar og heilbrigðisreglur hafa getað til þessa. Raunar virðist öruggt, að væri slík hlýðni almenn, mundi góð heilsa einnig verða almenn. Í stað þess að lífið myrkvist af sjúkdómi eða skorið sé á það í barnæsku, á unglingsárum eða í fullum aldursblóma, eins og oft gerist nú, mundu menn lifa til gamalsaldurs, eins og heilbrigðir ávextir, sem þroskast og meyrna áður en þeir falla af trénu.

Spámaðurinn sem læknir

Við lifum nú samt í heimi, þar sem hlýðni við boð spámannanna hefur frá ómunatíð fremur verið undantekning en regla; þar sem sjálfsekska hefur stjórnað hvötunum meira en ástin til Guðs; þar sem takmarkaðir eiginhagsmunir hafa haft forgang yfir hagsmuni mannkynsins í heild; þar sem jarðneskar eigur og skynrænar nautnir hafa verið teknar fram yfir félagslega og andlega velferð mannkynsins. Af þessu hefur sprottið grimmileg samkeppni og deilur, kúgun og harðstjórn, feikileg auðæfi og sárasta fátækt – allt

gróðrastía sjúkdóma, andlegra og líkamlegra. Afleiðingin er sú, að allur mannkynsmeiðurinn er sjúkur og sérhvert lauf á trénu hefur sykst. Jafnvel hinir hreinustu og heilögustu verða að þjást fyrir syndir annarra. Lækningar er þörf – lækningar mannkynsins sem heildar, þjóðanna og einstaklinganna. Bahá'u'lláh, eins og hinir innblásnu fyrirrennarar hans, sýnir því ekki aðeins hvernig vernda eigi heilsuna, heldur einnig hvernig öðlast megi hana aftur, þegar hún hefur glatast. Hann kemur sem hinn mikli læknir, græðari sjúkdóma heims, andlegra og líkamlegra.

Lækning með jarðneskum meðulum

Nú á sér stað á Vesturlöndum merkileg vakning trúar á hugrænar og andlegar lækningar. Raunar hafa margir í uppreisn sinni gegn hugmyndum efnishyggjunnar um sjúkdóma og meðferð þeirra, sem voru ríkjandi á níttjándu öld, tekið jafn öfgafulla afstöðu, er þeir neita því, að efnislegar lækningar eða hreinlætisaðferðir hafi nokkuð til síns ágætis. Bahá'u'lláh staðfestir hvorutveggja: gildi efnislegra og andlegra lækninga. Hann kennir, að þróa verði læknislistina, hlú að henni og fullkomna hana, svo að unnt verði að nota allar lækningaaðferðir með sem bestum árangri, hverja þar sem hún á við. Þegar einhverjir í fjölskyldu Bahá'u'lláh sjálfs veiktust, var lærður læknir kvaddur til, og hið sama ræður hann fylgjendum sínum að gera. Hann segir: „Ef kvillar eða sjúkdómar hrjá yður, ráðgist þá við dugandi lækni.“ (*Kitáb-i-Aqdas*).

Þetta er í fullu samræmi við viðhorf bahá'ía til vísinda og lista yfirleitt. Öll vísindi og listir, sem gagna mannkyninu, jafnvel efnislega, á að virða og efla. Með atbeina vísindanna nær maðurinn valdi á efninu; fáfræðin gerir hann að þræl þess.

Bahá'u'lláh ritar:

„Vanrækið ekki læknismeðferð, þegar nauðsyn krefur; gangist þó ekki lengur undir hana en þörf er á. Meðhöndlið sjúkdóminn með viðeigandi fæðu, ef þess er kostur, og notið

ekki lyf. Og ef þér finnið það sem hentar í einni jurt, notið þá ekki samsett lyf . . . Lyf ætti ekki að nota nema í nauðsyn.“ – (Tablet to a Physician).

‘Abdu’l-Bahá segir í einni af töflum sínum:

„Ó, þú sem leitar sannleikans! Tvennskona aðferðir má nota við lækningar, efnislegar og andlegar. Hin fyrri er notkun efnislegra læknislyfja. Hin er í því fölginn að biðja til Guðs og snúa sér til hans. Báðar þessar aðferðir ætti að nota og ástunda . . . Auk þess eru þær ekki ósamrýmanlegar, og þú ættir að þiggja hina efnislegu lækningu sem gjöf Guðs og miskunn hans, sem birt hefur og kunngert þekkingu læknisvísindanna, svo að þjónar hans megi einnig hljóta ávinning af þessari tegund læknismeðferðar.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá III. bindi, bls. 587.)

Hann kennir, að væri eðlilegum smekk okkar og hneigðum ekki spillt með heimskulegum og óeðlilegum lífsháttum, mundu þær veita okkur örugga leiðsögn um val á réttu mataræði, lækningajurtum, ávöxtum og öðrum heilsugjöfum, líkt og reyndin er á um villt dýr. Undir lok athyglisverðra orða, sem skráð eru í bókinni „Some Answered Questions“ (Nokkrum fyrirspurnum svarað), segir hann:

„Það er því augljóst, að mögulegt er að lækna með mataræði, næringarefnum, ilmsætum ávöxtum og grænmeti, og með ýmskonar vatni, heitu og köldu.“ – (Bls. 241).

Jafnvel þegar um er að ræða efnislegar lækningar, er aflið sem græðir í rauninni frá Guði, því að eigindir jurtarinnar eða steinefnisins eru guðdómlegar náðargjafir. „Allt er háð Guði. Lyf er einungis ytra form eða farvegur hinnar guðdómlegu græðingar.“

Lækning án efnismeðala

Hann kennir, að einnig séu til margar lækningaaðferðir án efnislegra meðala. Til er „heilsusmitun“ eins og sjúkdóms-

smitun, þótt hin fyrrnefnda sé mjög hægvirk og hafi lítil áhrif, en hin síðarnefnda oft bráð og skjótvirk.

Hugarástand sjúklingsins sjálfs hefur miklu öflugri áhrif, og „sefjun“ getur átt mikinn þátt í að ákvarða þetta ástand. Ötti, reiði, áhyggjur o.s.frv., eru mjög skaðleg heilsunni, en von, ást, fögnuður o.s.frv. hafa mjög heilsubætandi áhrif. Bahá'u'lláh segir svo:

„Vissulega er ánægja nauðsynlegust alls undir öllum kringumstæðum; hún er vörn gegn þreytu og sjúklegu ástandi. Látid ekki hryggð eða sorg ná tökum á yður; það veldur mestri eymd. Afbrýði tærir líkamann og reiðin brennir lifrina; forðast þetta tvennt, eins og þér munduð forðast ljón.“ – (Tablet to a Physician).

Og 'Abdu'l-Bahá segir:

„Gleðin gefur okkur vængi. Þegar við erum glaðir, er styrkur okkar meiri, vitsmunir okkar skarpari . . . En þegar hryggðin sækir okkur heim, hverfur styrkurinn.“ – (Paris Talks).

Um aðra tegund andlegra lækninga skrifar 'Abdu'l-Bahá, að hún sé árangurinn af:

„algerri einbeitingu huga sterks manns að sjúkum manni, er hinn síðarnefndi býst við og trúir staðfastlega, að hinn sterki muni lækna hann með andlegri orku sinni, í slíkum mæli, að hjartanleg tengsl myndast milli hins sterka og hins sjúka. Hinn sterki gerir allt sem í hans valdi stendur til að lækna sjúklinginn, og sjúklingurinn er þess þá fullviss, að sér muni batna. Þessi hughrif orsaka taugaæsing, og þessi hrifning og æsing tauganna leiða til bata sjúklingsins.“ – (Some Answered Questions, bls. 238.)

Áhrif þessara lækningaaðferða eru samt sem áður mjög takmörkuð, og sé um mikil veikindi að ræða, kann svo að fara, að engin lækning fáist.

Máttur Heilags Anda

Öflugasta aðferðin til lækninga er kraftur Heilags Anda:

„Þetta er óháð snertingu, sjón og návist . . . Hvort sem sjúkdómurinn er alvarlegur eða ekki, hvort sem líkamssnerting á sér stað eða ekki, hvort sem persónuleg tengsl verða milli sjúklingsins og græðarans eða ekki, á þessi lækning sér stað fyrir mátt Heilags Anda.“ (Some Answered Questions).

‘Abdu’l-Bahá sagði í samtali við Ethel Rosenberg í október 1904:

„Sú lækning, sem fram fer fyrir mátt Heilags Anda, getur átt sér stað án sérstakrar einbeitingar eða snertirigar. Hún verður fyrir ósk eða löngun og bæn hins heilaga manns. Sjúklingurinn kann að vera í Austurlöndum og græðarinn á Vesturlöndum, og verið getur að þeir þekkist ekki, en um leið og hinn heilagi maður snýr hjarta sínu til Guðs og hefur bænina, er sjúklingurinn græddur. Þetta er gjöf, sem heyrir til hinum heilögu birtinum og þeim, sem náð hafa hæstri stöðu.“

Þessa eðlis virðast líknarverk Krists og postula hans hafa verið, og áþekk líknarverk hafa verið eignuð helgum mönnum á öllum öldum. Bæði Bahá'u'lláh og ‘Abdu’l-Bahá var gefinn þessi kraftur, og svipuðum kröftum er heitið trúföstum fylgjendum þeirra.

Viðhorf sjúklingsins

Sérstakar kröfur verður að gera til sjúklingsins, læknisins, vina sjúklingsins og samfélagsins í heild, til þess að máttur andlegrar lækningar komi að fullu gagni.

Hvað viðvíkur sjúklingnum er meginkrafan sú, að hann snúi sér af öllu hjarta sínu til Guðs og treysti fullkomlega á mátt hans og vilja til að gera það, sem er honum fyrir bestu. ‘Abdu’l-Bahá sagði við konu í Bandaríkjunum í ágúst, 1912:

„Öll þessi veikindi munu hverfa, og þú færð fulla heilsu, andlega og líkamlega . . . Vertu vonglöð í hjarta þínu og fullviss

þess, að með gjafmildi Bahá'u'lláh, með örlæti Bahá'u'lláh, mun allt verða þér til ánægju . . . En þú verður að snúa ásjónu þinni algjörlega til konungsríkis Abhá (aldýrlega), og hlusta með athygli, eins og María Magðalena hlustaði með fullri athygli á hans heilagleika Krist, og ég fullvissa þig um að þú munt fá andlega og líkamlega heilsu. Þú ert verðug. Ég færi þér þau fagnaðartíðindi, að þú ert verðug, því að hjarta þitt er hreint . . . Ver fullviss! Ver hamingjusöm! Ver fagnandi! Ver vonglöð!

‘Abdu’l-Bahá gefur ekki ætíð ákveðið fyrirheit um fulla líkamsheilsu, eins og hann gerir hér, jafnvel þótt einstaklingurinn hafi sterka trú. Hann sagði eitt sinn við pílagrím í ‘Akká:

„Bænirnar, sem ritaðar voru í þeim tilgangi að nota við lækningar, eru bæði fyrir andlegar og líkamlegar lækningar. Sé það sjúklingnum fyrir bestu að honum batni, mun hann vissulega fá bata. Fyrir suma sjúklinga mundi lækningin aðeins valda öðrum veikindum. Því er það, að víska ákvarðar ekki svar við sumum bænum.

Ó, þjónustumær Guðs! Kraftur Heilags Anda læknar bæði andlega og líkamlega sjúkdóma.“ (Daily Lessons Received at ‘Akká, bls. 95.)

Hann skrifar ennfremur til sjúklings:

„Vissulega verkar vilji Guðs stundum þannig, að mannkynið fær ekki skilið ástæðuna. Orsakirnar og ástæðurnar munu koma í ljós. Treyst Guði og fel þig honum og gef þig undir vilja Guðs. Vissulega er Guð þinn ástúðlegur, vorkunnlátur og miskunnssamur . . . og mun láta náð sína stíga yfir þig.“ (Star of the West, VIII. bindi, bls. 232.)

Hann kennir, að andleg heilbrigði leiði til líkamsheilsu, en líkamsheilsan er ýmsu háð, og sumt ræður einstaklingurinn ekki við. Andleg viðhorf einstaklingsins geta verið mjög til fyrirmyndar, en það tryggir ekki líkamsheilsu í öllum tilvikum. Helgustu menn og konur þjást stundum af veikindum.

Engu að síður eru þau góðu áhrif, sem rétt andlegt viðhorf hefur á líkamsheilsuna, miklu kröftugri en menn gera sér almennt grein fyrir, og nægja í flestum tilvikum til að bæta úr vanheilsu. 'Abdu'l-Bahá skrifaði til enskrar konu:

„Þú hefur skrifað um vanheilsu líkama þíns. Ég bið þess, að sakir náðargjafar Bahá'u'lláh megi andi þinn verða styrkur, svo að andlegur styrkleiki þinn megi lækna líkama þinn.“

Hann segir ennfremur:

„Guð hefur gefið manninum þá dásamlegu krafta, að hann geti ætíð litið upp til hæða og tekið á móti, ásamt öðrum gjöfum, græðingu frá guðdómlegu örlæti hans. En því miður er maðurinn ekki þakklátur fyrir þessi æðstu gæði, heldur sefur hann svefni gáleysisins, skeytingarlaus um þá miklu náð, sem Guð hefur sýnt honum; snýr ásjónu sinni frá ljósinu og heldur áfram ferð sinni inn í myrkrið.“ (Paris Talks, bls. 20).

Græðarinn

Andleg lækningargáfa er án efa öllum veitt í meira eða minna mæli, en á sama hátt og sumum mönnum eru gefnir óvenju miklir stærðfræði- eða tónlistarhæfileikar, virðast aðrir hafa fengið óvenju mikla lækningahæfileika. Þessir menn ættu að gera læknislist að ævistarfi sínu. Því er verr, að efnishyggja hefur náð þeim tókum á heiminum á síðustu öldum, að mennirnir hafa að miklu leyti misst sjónar á sjálfum möguleikanum á andlegri lækningu. Læknisgáfuna verður, eins og alla aðra hæfileika, að viðurkenna, þjálfra og uppfræða, til þess að hún geti náð fyllstum þroska, og sennilega blundar þessi gáfa eða er óvirk í þúsundum manna í heiminum nú á dögum, sem gæddir eru henni í ríkum mæli. Þegar sá tími kemur, að menn skilja betur möguleika hugrænna og andlegra lækninga, mun læknislistin umbreytast og göfgast og gagnsemi hennar aukast ómælanlega. Og þegar þessi nýja þekking og máttur í lækninum samtvinnast lifandi trú og von sjúklingsins, má búast við stórkostlegum árangri.

„Á Guð verðum við að setja traust okkar. Enginn er Guð nema hann, græðarinn, hjálparinn, sá, sem þekkir . . . Ekkert á himnum og jörðu er utan seilingar Guðs.

Ó, lækni! Er þú stundar hinn sjúka, nefn þú fyrst nafn Guðs þíns, þess er ræður dómsdegi, og fær þér síðan í nyt það, sem Guð hefur áformað fyrir græðingu skepna sinna. Sem ég lifi! Sá lækni, sem drukkið hefur af víni ástar minnar: vitjun hans er lækning og andardráttur hans miskunn og von. Haldið fast við hann sakir verndunar heilsunnar. Guð hefur staðfest hann í starfi hans.

Þessi þekking (á læknislistinni) er mikilvægust vísindanna, því að hún er fremsta tækið frá Guði, lífgjafa duftsins, til þess að varðveita líkama allra manna, og hann hefur hafið hana í forseti vísinda og visku. Því að þetta er sá dagur, er þér verið að rísa upp mér til sigurs.

Seg: Nafn þitt er lækning mín, ó Guð minn, og minningin um þig er mér heilsulind. Nálægðin við þig er von mín og ástin til þín er félagi minn. Miskunn þín er lækning mín og hjálp mín, bæði í þessum heimi og þeim, sem kemur. Þú ert vissulega hinn algjöfuli, hinn alvísi, hinn alvitri.“ – Bahá'u'lláh (Tablet to a Physician).

‘Abdu’l-Bahá skrifar:

„Sá, sem fullur er af ást á Bahá og gleymir öllum hlutum, Heilagur Andi mun tala af vörum hans og andi lífsins fylla hjarta hans . . . Orðin munu streyma af vörum hans eins og perlur, og allar meinsemdir og sjúkdómar læknastrá við snertingu handa hans.“ (Star of the West, VIII. bindi, 133.)

„Ó, þú sem ert hjartahreinn og andlegur! Snú þér til Guðs, með ást í hjarta þínu, helga þig lofgjörð hans, bein augliti þínu til ríkis hans og leita hjálpar hjá Heilögum Anda hans í upphafningu, hrifningu, ást, þrá, gleði og ilman. Guð mun aðstoða þig með anda nærveru sinnar við að lækna meinsemdir og sjúkdóma.

Haldið áfram að lækna hjörtu og líkama og leitið lækningar sjúkra með því að snúa yður til hins æðsta ríkis og einbeita hjartanu að því að lækna með mætti Hins mesta nafns og með anda ástar Guðs.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, III. bindi, bls. 628, 629.)

Hvernig allir geta hjálpað

Lækning sjúkra er mál, sem alla varðar, þótt sjúklingurinn og læknirinn eigi þar mestan hlut að máli. Allir verða að hjálpa, með samúð og þjónustu, réttum lifnaðarháttum og réttri hugsun og þó sérstaklega með fyrirbænum, því að bænin er áhrifamest allra meðala. „Að ákalla Guð og biðja hann,“ segir ‘Abdu’l-Bahá, „mun vissulega hafa mikil áhrif.“ Á vinum sjúklingsins hvílir sérstök ábyrgð, því að áhrif þeirra, til góðs eða ills, eru beinust og öflugust. Í hve mörgum sjúkdómstíflum hefur batinn ekki í aðalatriðum verið háður umhyggju foreldra, vina eða nágranna hins hjálparvana sjúklings!

Jafnvel meðlimir samfélagsins í heild hafa sín áhrif í öllum sjúkdómstíflum. Þau áhrif kunna að virðast lítil í einstökum tilvikum, en þegar á heildina er litið eru þau mikil. Hver og einn verður fyrir áhrifum af því félagslega „andrúmslofti“, sem hann lifir í, af ríkjandi trú eða efnishyggju, dyggðum eða löstum, gleði eða þunglyndi; og sérhver einstaklingur á sinn þátt í að móta þetta félagslega „andrúmsloft“. Það er ekki víst að allir geti náð fullkominni heilsu við ríkjandi þjóðfélagsaðstæður, en hver og einn getur orðið „fús farvegur“ fyrir græðandi mátt Heilags Anda og þannig haft líkandi og heillavænleg áhrif á sinn eigin líkama og alla, sem hann kemst í snertingu við.

Bahá'íar eru framar flestu öðru áminntir um þá skyldu, sem á herðum þeirra hvílir, að lækna sjúka, og margar dásamlegar lækningabætur hafa verið opinberaðar, bæði af Bahá'u'lláh og ‘Abdu’l-Bahá.

Gullöldin

Bahá'u'lláh veitir þá fullvissu, að með samstilltri samvinnu sjúklinga, lækna og samfélagsins í heild og réttri notkun ýmissa heilbrigðisráða, efnislegra, hugrænna og andlegra, geti gullöldin hafist, þegar kraftur Guðs „breytir allri sorg í gleði og allri vanheilsu í heilbrigði.“

‘Abdu’l-Bahá segir, að „þegar boðskapur Guðs verður mönnum auðskilinn, munu allir erfiðleikar hverfa.“ Hann segir ennfreður:

„Þegar heimur efnisins og ríki Guðs eru samstillt, þegar hjörtun verða guðdómleg og metnaðurinn hreinn, munu fullkomin tengsl eiga sér stað. Þá mun þessi kraftur koma til leiðar fullkominni birtingu. Þá munu líkamlegir og andlegir sjúkdómar læknast algerlega.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, II. bindi, bls. 309).

Rétt meðferð heilsunnar

Í lok þessa kafla er viðeigandi að rifja upp kenningu ‘Abdu’l-Bahá um rétta beitingu líkamsheilsunnar. Í einni af töflum sínum til bahá’ía í Washington segir hann:

„Það er þóknanlegt og lofsvert, ef heilsu og velferð líkamans er eytt á vegum Guðsríkis; og ef henni er varið til að gagna heimi mannsins almennt, jafnvel þótt gagnsemin sé efnisleg (eða líkamleg) og leiði þannig til góðs – einnig það er þóknanlegt. En ef heilsu og velferð mannsins er sólundað í munúð, í dýrslegt líferni og djöfullega eftirsókn, þá er sjúkdómur betri en slík heilsa, nei, dauðinn sjálfur er betri en slíkt líf. Ef þér æskið heilsu, æskið heilsu til að þjóna konungsríkinu. Ég vona að þér megið öðlast fullkomið innsæi, ósveigjanlega einurð, fullkomna heilsu og andlegan og líkamlegan styrk til þess að þér megið drekka af brunni eilífs lífs og hljóta aðstoð frá anda guðdómlegrar staðfestingar.

Trúarleg eining

„Ó, þér sem á jörðunni dveljið! Það, sem er helst til marks um ágæti þessarar æðstu opinberunar, er í því fólgið, að vér höfum annarsvegar máð út af blöðum heilagrar bókar Guðs hvaðeina, sem valdið hefur deilum, meinfýsi og svikum meðal mannanna barna, og hinsvegar sett fram meginforsendur samlyndis, skilnings, fullkominnar og varanlegrar einingar. Heill þeim, sem halda boð mín.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh.)

Flokkadrættir á nítjándu öld

Ef til vill hefur heimurinn aldrei virst jafn fjarri trúarlegri einingu og á nítjándu öldinni. Öldum saman höfðu hin miklu trúarsamfélög – sarabústrasinnar, gyðingar, Búddhistar, kristnir menn og moslemar – lifað í náþýli, en í stað þess að blandast í eina samræmda heild, höfðu þeir átt í stöðugum fjandskap og deilum sín á milli. Ekki nóg með það, heldur höfðu þau klofnað í sívaxandi fjölda sértrúarsafnaða, sem voru hatrammlega andsnúnir hverjum öðrum. Þó hafði Kristur sagt: „Á þessu skulu menn þekkja, að þér séuð mínir lærisveinar, að þér elskið hverjir aðra.“ Og Múhammed hafði sagt: „Þessi trúarbrögð yðar eru einu trúarbrögðin . . . Yður hefur Guð ákvarðað þá trú, sem hann bauð Nóa að halda, og sem vér höfum kunngert yður, og sem vér buðum

Abraham, Móse og Jesú að halda með svofelldum orðum: Gætið þessarar trúar og sundrið henni ekki í sértrúarflokka!“ Sérhver stofnandi hinna miklu trúarbragða hefur boðað fylgjendum sínum ást og einingu, en undantekningarlaust misstu menn sjónar á markmiði stofnandans í ólgu þröngsýni og tvískinnungs, formhyggju og hræsni, spillingar og mistúlkunar, klofnings og sundrunga. Samanlagður fjöldi innbyrðis fjandsamlegra sértrúarflokka var líklega meiri í upphafi bahá'í tímabilsins en nokkru sinni áður í sögu mannkynsins. Svo virtist sem mannkynið á þeim tíma væri að gera tilraunir með allar hugsanlegar tegundir trúarbragða, kirkjusiða og helgiathafna, og allar gerðir siógæðisreglna, sem hægt var að upphuga.

Samtímis fjölgaði þeim mönnum stöðugt, sem helguðu krafta sína óttalausri rannsókni og gagnrýninni könnun á lögmálum náttúrunnar og grundvelli trúarinnar. Vísindaleg þekking jókst hröðum skrefum og nýjar lausnir voru fundnar á mörgum vandamálum lífsins. Þróun uppgötvana á borð við gufuskipið og járnbrautina, pósterkrisins og prentlistarinnar, stuðluðu mjög að útbreiðslu hugmynda og frjóum tengslum gerólíkra lífshátta og hugarfars.

Hin svonefnda „deila trúarbragða og vísinda“ varð að grimmilegri baráttu. Í hinum kristna heimi tók biblíugagnrýnin höndum saman við raunvísindin í ádeilu, og að nokkru leyti höfnun, á myndugleika Biblíunnar; myndugleika, sem öldum saman hafði verið hinn almennt viðurkenndi grundvöllur trúarinnar. Sá hópur fólks óx hratt, sem tekinn var að efast um kenningar kirkjunnar. Mikill fjöldi presta efaðist, opinskátt eða á laun, eða tóku með fyrirvara þeim trúarjátningum, sem hinir ýmsu söfnuðir þeirra fylgdu.

Þessi gerjun og ólga í skoðunum samfara vaxandi viðurkenningu á fallvaltleik hins forna rétttrúnaðar og trúarkenninga og knýjandi þörf á fyllri þekkingu og skilningi, var ekki einskorðuð við hinar kristnu þjóðir, heldur varð þeirra meira og minna vart meðal allra þjóða og trúarbragða.

Boðskapur Bahá'u'lláh

Það var þegar þessi barátta og ringulreið hafði náð hámarki sínu, að Bahá'u'lláh lét sinn mikla lúður hljóma yfir mannkynið:

„Að allar þjóðir verði ein í trú og allir menn bræður; að bönd ástúðar og einingar milli mannanna sona styrkist; að trúarbragðaágreiningi linni og mismunun kynþátta hverfi úr sögunni . . . Þessum deilum og þessum blóðsúthellingum og ósætti verður að linna og allir menn verða sem ein fjölskylda, ein ættkvísl.“ (Samtal við prófessor Browne).

Þetta er dýrlegur boðskapur, en hvernig verður honum hrundið í framkvæmd? Spámenn hafa predikað, skáldin ort og helgir menn í þúsundir ára beðið að svo mætti verða; en trúarbragðaágreiningi hefur ekki linnt, deilur og blóðsúthellingar hafa ekki horfið úr sögunni. Hvað ber þess vott, að kraftaverkið eigi að gerast núna? Hafa nokkrir nýir þættir komið fram í málinu? Er mannlegt eðli ekki samt við sig, og verður það ekki óbreytt meðan heimurinn stendur? Ef tveir menn eða tvær þjóðir ásælast sama hlutinn, munu þær þá ekki berjast um hann í framtíðinni, eins og þær hafa gert hingað til? Ef Móse, Buddha, Kristi og Múhammed mistókst að koma á heimseiningu, mun Bahá'u'lláh þá takast það? Ef öll fyrri trúarbrögð hafa spillst og klofnað í sértrúarhópa, mun þá bahá'í trúin ekki sæta sömu örlögum? Við skulum athuga hvaða svör bahá'í kenningarnar gefa við þessum og þvílíkum spurningum.

Er hægt að breyta mannlegu eðli?

Trúarbrögð og uppeldi byggjast hvort tveggja á þeirri skoðun, að mögulegt sé að breyta mannlegu eðli. Raunar þarf aðeins lítilsháttar yfirvegun til að ganga úr skugga um, að hið eina, sem við getum sagt með vissu um nokkra lífveru, er að hún er breytingum undirorpin. Án breytinga er ekkert líf til. Jafnvel steinaríkið getur ekki staðið í gegn breytingum,

og því ofar sem dregur í þróuninni, þeim mun fjölbreyttari, flóknari og undursamlegri verða breytingarnar. Auk þess verðum við varir við tvennskona breytingu í þróun og þroska allra lífvera – önnur er hægfara, stigbundin, næstum ómerkjanleg; hin er hröð, skyndileg og áhrifamikil. Hin síðari á sér stað á svonefndum „tímamótum“ þroskans. Þegar um steinefni er að ræða, finnum við slík tímamót í bræðslu- eða suðumarki þeirra, þegar fast efni verður skyndilega fljótandi eða vökvinn breytist í lofttegund. Þegar um jurtir er að ræða, verða þessi tímamót, er fræið byrjar að spíra eða þegar brumið verður að laufi. Í dýraríkinu verður þess sama vart, hvert sem titið er, eins og þegar lirfan verður skyndilega að fiðrildi, unginn brýst úr egginu eða barnið fæðist úr móðurlífi. Í æðra lífi sálarinnar sjáum við oft slíka ummyndun, þegar maðurinn „endurfæðist“ og gjörtæk breyting verður á öllum markmiðum verundar hans, lundernis og verka. Þessi stökk í þróuninni verða iðulega hjá einni tegund samtímis eða jafnvel mörgum tegundum, eins og þegar margbreytilegur jarðargróðinn lifnar skyndilega til nýs lífs á vorin.

Bahá'u'lláh lýsir því yfir, að á sama hátt og lægri lífverur eiga sér tíma skyndilegrar vakningar til nýs og fyllri lífs, þannig sé mannkynið einnig komið að tímamótum, tíma „endurfæðingar“. Þá munu lífshættir, sem tíðkast hafa frá upphafi sögunnar til þessa dags, breytast skyndilega og óafturkallanlega, og mannkynið hefja nýtt líf, sem er jafn frábrugðið hinu gamla, og fiðrildið er lirfunni eða fuglinn egginu. Í ljósi nýrrar opinberunar mun mannkynið í heild öðlast nýja sýn á sannleikanum; líkt og þegar landið allt baðast ljósi, þegar sólin rís, og ekkert tálmar sjóninni lengur, þótt aðeins klukkustundu áður hafi myrkur grúft yfir öllu. „Þetta er ný hringrás mannlegs máttar,“ segir 'Abdu'l-Bahá. „Allir sjónhringir heimsins eru uppljómaðir og veröldin mun vissulega verða eins og rósagarður og paradís.“ Hliðstæðurnar í náttúrunni styðja allar þetta sjónarmið; spámennirnir til forna hafa allir sem einn sagt fyrir um komu slíks

dýrðardags; tímanna tákn sýna, svo ekki verður um villst, hinar djúpstæðu og umblytandi breytingar á mannlegum hugmyndum og stofnunum, sem enn eiga sér stað. Hvað gæti því verið fánýtara og fjær sanni en sú bölsýna skoðun, að þótt allt annað breytist, þá sé mannlegt eðli ætíð samt við sig?

Til þess að stuðla að trúarlegri einingu kennir Bahá'u'lláh fyllsta umburðarlyndi og vináttu og hvetur fylgjendur sína til að „samneyta fylgismönnum allra trúarbragða í gleði og fögnuði.“ Hann segir í erfðaskrá sinni:

„Þrætur og sundurlyndi hefur hann stranglega bannað í bók sinni (Kitáb-i-Aqdas); þetta er boð Drottins í þessari alhæstu opinberun, – boð, sem hann hefur undanþegið allri riftun og klætt skróða staðfestingar sinnar.

Ó, þér þjóðir heims! Trú Guðs er til sakir ástar og einingar; gerið hana ekki að orsök fjandskapar og deilna . . . Þess er vænst, að lýður Bahá beini sjónum sínum til þessa helgaða orðs: „Sjá! Allt er frá Guði komið!“ – Þetta aldýrlega orð slekkur, eins og vatnið, eld haturs og heiftar, sem brennur í hjörtum og brjóstum. Sakir þessa eina orðs munu hinir ýmsu sértrúarhópar heimsins öðlast ljós sannrar einingar; vissulega mælir hann sannleikann og vísar veginn, og hann er hinn máttki, hinn miskunnsami, hinn fagri.“

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Allir verða að láta af hleypidómum og sækja jafnvel kirkjur og guðshús hvers annars, því að á öllum þessum tilbeiðslustöðum er nafn Guðs nefnt. Hver er munurinn, úr því að allir safnast saman til að vegsama Guð? Enginn þeirra vegsamar Satan. Moslemar verða að sækja kirkjur kristinna manna og samkomuhús gyðinga, og öfugt; hinir verða að sækja moskur moslema. Þeir fordást hverjir aðra aðeins vegna staðlausra hleypidóma og trúarkenninga. Í Ameríku fór ég í samkomuhús gyðinga, sem eru áþekkt kirkjum kristinna manna, og alls staðar sá ég þá tilbiðja Guð.

Á mörgum þessara staða talaði ég við þá um upprunalegan

grundvöll hinna himnesku trúarbragða, og ég skýrði fyrir þeim sannanirnar um gildi hinna guðdómlegu spámanna og heilögu birtenda. Ég hvatti þá til að hverfa frá blindri eftirlíkingu. Allir leiðtogarnir verða á sama hátt að sækja kirkjur hvers annars og tala um undirstöðu og grundvallarreglur hinna himnesku trúarbragða. Þeir verða að tilbiðja Guð í fyllstu einingu og samstillingu á tilbeiðslustöðum hvers annars og hverfa frá öllu ofstæki.“ – (Star of the West, IX. bindi, nr. 3, bls. 37.)

Jafnvel þótt ekki væru stigin nema fyrstu skrefin í þessa átt og komið á gagnkvæmu, vinsamlegu umburðarlyndi hinna ýmsu sértrúarhópa, hversu undraverð breyting yrði þá ekki í heiminum! Eigi að síður þarf meira til en þetta, ef grundvalla á sanna einingu. Umburðarlyndi er dýrmætt lyf við sjúkdómi flokkadráttanna, en það veitir ekki varanlega lækningu. Það fjarlægir ekki orsök sýkingarinnar.

Vandamál forystunnar

Hin ýmsu trúarsamfélög hafa ekki getað sameinast á liðnum tímum, sökum þess að fylgjendur hvers þeirra um sig hafa talið stofnanda síns samfélags æðstan allra leiðtoga og lög hans af Guði gefin. Á sérhvern spámann, sem kunngerði annan boðskap, var því litið sem óvin sannleikans. Leiðir hinna ýmsu sértrúarsafnaða innan hvers samfélags hafa skilið af sömu ástæðum. Fylgjendur þeirra, hvers um sig, hafa aðhyllst einhvern minni háttar leiðtoga og litið á einhverja sérstaka túlkun eða skýringu á boðskap stofnandans sem hina einu sönnu trú, og allt annað falskenningu. Það er augljóst, að meðan þetta ástand varir, er sönn eining óhugsandi. Bahá'u'lláh kennir á hinn bóginn, að allir spámennirnir hafi haft sannan boðskap frá Guði að flytja; að sérhver þeirra hafi á sínum tíma miðlað mönnum allri þeirri fræðslu, sem þeir þá gátu veitt viðtöku, og uppfrætt mennina í því skyni að þeir gætu veitt viðtöku enn frekari fræðslu þeirra spámanna, sem síðar kæmu. Hann áminnir fylgjendur allra trúarbragða, að afneita ekki guðlegum innblæstri sinna eigin spámanna, en viðurkenna þess í stað guðlegan innblástur

þeirra allra, og opna augun fyrir því, að kenningar þeirra eru í höfuðatriðum samhljóða, — áfangar í miklu áformi um uppfræðslu og einingu mannkynsins. Hann áminnir fólk í öllum trúfloknum að sýna spámönnum sínum hollustu með því að helga líf sitt framkvæmd þeirrar einingar, sem allir spámennirnir unnu að og þjáðust fyrir. Bahá'u'lláh segir í bréfi til Viktoríu drottningar, að heimurinn líkist sjúkum manni, sem þjáist enn meira fyrir þá sök, að hann hafi fallið í hendur getulausra lækna, og hann segir hvernig lækning geti orðið:

„Það sem Drottinn hefur ákvarðað sem æðst og máttugast allra meðala til líknar veröldinni er eining allra þjóða hennar í einum allsherjarmálstað, einni sameiginlegri trú. Þetta getur með engu móti tekist nema fyrir kraft hæfs, almáttugs og innblásins lækis. Þetta er vissulega sannleikurinn, og allt annað er einber villa.“ — (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, bls. 254.)

Stighækkandi opinberun

Á leið trúarlegrar einingar hefur mörgum orðið að ásteytingarsteini sá munur, sem er á opinberunum hinna ýmsu spámana. Það, sem einn leyfir, er bannað af öðrum; hvernig geta báðir haft á réttu að standa, hvernig geta báðir kunngert vilja Guðs? Vissulega er sannleikurinn einn og óbreytilegur. Já, algildur sannleikur er einn og óbreytilegur, en hinn algildi sannleikur er óendanlega langt fyrir ofan núverandi skilningsgetu manna, og hugmyndir okkar um hann hljóta stöðugt að breytast. Fyrir miskunn Guðs munu fyrri og ófullkomnari hugmyndir okkar víkja fyrir sífellt fullkomnari skilningi, eftir því sem tímar líða. Bahá'u'lláh segir í töflu til nokkurra bahá'ía í Persíu:

„Ó, menn! Orðin eru opinberuð í samræmi við skilningsþroskann, svo að byrjendurnir geti tekið framförum. Mjólkina verður að gefa samkvæmt máli, svo að kornabarn heimsins geti gengið inn í ríki tignarinnar og fái staðfestu í hirð einingarinnar.“

Mjólkin styrkir hvítvoðunginn, svo að hann getur melt kjarnmeiri fæðu síðar meir. Ef við segðum, að vegna þess að einn spámaður hafi gert rétt í að flytja tiltekna kenningu á tilteknum tíma, hafi annar spámaður gert rangt í að flytja aðra kenningu á öðrum tíma, gætum við með sama rétti sagt, að sökum þess að mjólk er besta fæðan fyrir nýfædd börn, ætti mjólk og ekkert nema mjólk að vera fæða hinna full-orðnu, og rangt væri að gefa nokkra aðra fæðu! 'Abdu'l-Bahá segir:

„Sérhver guðdómleg opinberun er tvíþætt. Annar þátturinn er kjarnlægur og tilheyrir heimi eilífðarinnar. Hann er fólginnt í útlistun guðdómlegra sanninda og meginreglna. Hann er tjáning ástar Guðs. Hann er einn í öllum trúarbrögðunum, óbreytilegur og óhagganlegur. Hinn þátturinn er ekki eilífur; hann lýtur að ytra lífinu, samskiptum og viðskiptum, og breytist í samræmi við þróun mannsins og þarfir þess tíma, sem spámaðurinn lifir á. Svo að dæmi sé tekið . . . Á spádómstímabili Móse var maður handhöggvinn fyrir smáþjófnað; lögin heimtuðu auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, en þar sem þessi lög áttu ekki við á tímum Krists, voru þau numin úr gildi. Einnig höfðu hjónaskilnaðir orðið svo almennir, að engin ákveðin lög voru til um hjónabandið; þessvegna bannaði hans heilagleiki Kristur hjónaskilnaði.

Í samhljóðan við þarfir tímanna opinberaði hans heilagleiki Móses tíu lagaboð um dauðarefsingu. Ógjörningur var á þeim tíma að vernda samfélagið og varðveita félagslegt öryggi án þessara ströngu lagaboða, því að börn Ísraels bjuggu í eyðimörkinni Tah, þar sem voru hvorki dómstólar né fangelsi. En þessarar siðaskrár var ekki þörf á tímum Krists. Saga hins siðarnefnda þáttar trúarbragðanna er ekki mikilvæg, því að hún lýtur að sicium og venjum þessa lífs eingöngu; en grundvöllur trúar Guðs er einn, og hans heilagleiki Bahá'u'lláh hefur endurnýjað þann grundvöll.“ (Divine Philosophy.)

Trúarbrögð Guðs eru ein trúarbrögð og allir spámennirnir hafa kennt þau, en þau eru lifandi vaxtarfyrirbæri, ekki líflaus og óumbreytanleg. Í kenningum Móse sjáum við

brumknappinn, í kenningum Krists blómið og í kenningum Bahá'u'lláh ávöxtinn. Blómið eyðileggur ekki brumknappinn og ávöxturinn eyðileggur ekki blómið. Brumhýðið verður að detta af til þess að blómið geti sprungið út, og krónublöðin verða að falla til þess að ávöxturinn geti vaxið og þroskast. Voru brumhýðið og krónublöðin gagnslaus eða óþörf, fyrst þau urðu að víkja? Nei, hvort tveggja var rétt og nauðsynlegt á sínum tíma; án þeirra hefði ávöxturinn aldrei þroskast. Þannig er því einnig farið með hinar ýmsu spámannlegu kenningar; ytra borð þeirra breytist frá einni öld til annarrar, en sérhver opinberun er uppfylling þeirra, sem á undan hafa gengið; þær eru ekki aðskildar eða ósamhljóða, heldur mismunandi stig í lífssögu einna trúarbragða, sem birst hefur sem fræ, brumknappur, blóm, og fer nú að bera ávöxt.

Óskeikulleiki spámannanna

Bahá'u'lláh kennir, að hverjum þeim, sem spámannskyrtilinn hafi verið lagður á herðar, hafi verið gefnar nægar sannanir fyrir hlutverki sínu, hafi rétt til að krefjast hlýðni af öllum mönnum og hafi vald til að afnema, breyta eða bæta við kenningar fyrirrennara sinna. Við lesum í *Kitáb-i-Íqán*:

„Hve fjarri væri það ekki mildri miskunn hins Algjöfula og ástríkri forsjón hans, að útvelja eina sál meðal allra manna til þess að veita handleiðslu skepnum sínum, og miðla honum ekki fullum mæli hins guðdómlega vitnisburðar, en refsa aftur á móti mönnunum harðlega fyrir að hafa snúið baki við hinum útvalda! Nei, margvísleg hylli Drottins allsherjar hefur á öllum tímum með atbeina birtenda guðlegs kjarna hans umlukið jörðina og alla, sem á henni dvelja.

. . . Og er það þá ekki markmið sérhverrar opinberunar að koma til vegar ummyndun á öllu hugarfari mannkynsins; ummyndun, sem birtast mun bæði hið ytra og hið innra, sem hafa mun áhrif bæði á innra líf þess og ytri kringumstæður? Því að breytist ekki hugarfar mannkynsins, væri fánýti hinnar almennu opinberunar Guðs augljóst.“ – (*Kitáb-i-Íqán*, bls. 14 og 240).

Guð einn er óskekull og spámennirnir eru óskekulir, vegna þess að boðskapur þeirra er sá boðskapur, sem Guð lætur þá flytja heiminum. Þessi boðskapur er í gildi uns annar boðskapur, sem sami spámaður eða aðrir flytja, nemur hann úr gildi.

Guð er hinn mikli lækni, sem einn getur gefið rétta greiningu á sjúkdómi heimsins og fyrirskipað viðeigandi lyf. Það lækislyf, sem er viðeigandi á einu tímabili, er óhæft á öðru, þegar ástand sjúklingsins hefur breyst. Að halda fast í gamla lyfið, þegar lækniinn hefur fyrirskipað nýja meðferð, sýnir ekki trú á læknum, heldur vantraust, gyðingum kann að falla það afar illa, sé þeim sagt, að sum þeirra lyfja, sem Móse fyrirskipaði fyrir þrjú þúsund árum, séu nú úrelt og ónothæf; kristnum mönnum kann að falla það jafn illa, þegar þeim er sagt, að Múhammed hafi einhverju verðmætu eða nauðsynlegu að bæta við kenningar Krists; hið sama gildir um mosleminn, þegar hann er beðinn um að viðurkenna, að Bábinn eða Bahá'u'lláh hafi vald til að breyta tilskipunum Múhammeds, en viðhorf bahá'ía er það, að sönn hollusta við Guð lýsi sér í lotningu fyrir *öllum* spámönnum hans og skýlausri hlýðni við *nýjustu* boð hans, eins og spámaður okkar eigin tíma setur þau fram. Aðeins með slíkri hollustu er hægt að koma á sannri einingu.

Æðsti birtandinn

Eins og allir aðrir spámenn, yfirlýsir Bahá'u'lláh köllun sinni með orðum, sem ekki geta valdið neinum efasemdum.

Í *Lawh-i-Aqdas*, töflu, sem beint er til kristinna manna sérstaklega, segir hann:

„Sannarlega er Faðirinn kominn og hefur uppfyllt það, sem yður var heitið í ríki Guðs. Þetta er orðið, sem Sonurinn hjúpaði slæðu, þegar hann sagði við þá, sem hjá honum voru, að þeir gætu ekki borið það að sinni. En þegar hinn tiltekni tími var liðinn, og stundin rann upp, skein orðið frá sjónhring viljans. Varist, ó hersing sonarins (þ.e. kristnir menn)! Varpið því ekki frá yður, en haldið fast við það. Betra er það fyrir yður, en allt

sem á undan er gengið! Vissulega er sannleiksandinn kominn til að leiða yður í allan sannleika. Sannlega mælir hann ekki af sjálfum sér, heldur af þeim, sem er alvitur og alvís. Hann er sá, sem Sonurinn gerði dýrlegan . . . Hafnið því, sem á undan er gengið, ó þjóðir jarðarinnar, og takið það, sem yður er boðið af hinum Máttka, hinum trúfasta.“

Og í bréfi til páfans, ritað í Adríanópel 1867, segir hann:

„Gæt þess, að lofsöngur haldi þér ekki frá þeim, sem lofsunginn er, og tilbeiðsla frá þeim, sem tilbeðinn er. Sjá Drottinn, hinn máttka, hinn alvísa! Hann hefur komið til þess að annast líf heimsins og sameina alla þá, sem í heiminum dvelja. Komið, ó menn, til dagsbrúnar opinberunarinnar! Tefjið ekki eina stund! Hafið þér numið guðspjöllin og sjáið þó ekki drottin dýrðarinnar?

Þetta sæmir yður eigi, ó lærða hersing! Segið þá, ef þér afneitið þessu, hvað sé til sannindamerkis um trú yðar á Guð! Berið fram sönnunargögnin . . .“

Á sama hátt og hann í þessu bréfi til kristinna manna kunngerir uppfyllingu fyrirheitanna í guðspjöllunum, þannig kunngerir hann einnig moslemum, gyðingum, saraþústrasinum og fylgjendum annarra trúarbragða, að fyrirheitin í heilögum bókum þeirra hafi verið uppfyllt. Hann ávarpar alla menn sem hjörð Guðs, sem fram að þessu hefur skipt sér í ýmsa hópa og dvalið í ýmsum sauðabyrgjum. Hann segir, að boðskapur sinn sé raust Guðs, góða hirðisins, sem komið hafi í fyllingu tímans til að safna saman dreifðri hjörð sinni í eina hjörð og fjarlægja hindranirnar, sem á milli þeirra eru, „svo að það megi verða ein hjörð og einn hirðir.“

Nýjar aðstæður

Staða Bahá'u'lláh meðal spámannanna er einstæð og án fordæma, vegna þess að aðstæðurnar í heiminum, er hann kom fram, voru einstæðar og án fordæma. Eftir langvinna og hægfare þróun í trúarbrögðum, vísindum, listum og menn-

ingu var heimurinn orðinn nógu þroskaður til að geta meðtekið einingarkenninguna. Þær hindranir, sem á liðnum öldum höfðu komið í veg fyrir einingu heimsins, riðuðu til falls, þegar Bahá'u'lláh kom fram, og frá fæðingu hans, 1817, hafa þær fallið með þeim hætti, að undrun sætir. Staðreyndirnar tala sínu máli, hver sem skýringin kann að vera.

Á dögum fyrri spámanna nægðu landfræðilegar hindranir einar saman til að koma í veg fyrir heimseiningu. Nú hefur þeim verið rutt úr vegi. Í fyrsta sinn í sögu mannkynsins geta menn, hver í sinni heimsálfu, haft samband sín á milli fljótt og auðveldlega. Það, sem gerðist í Evrópu í gær, er á hvers manna vörum í öllum heimsálfum í dag, og fyrirlestur, sem fluttur var í Ameríku í dag, má lesa í Evrópu, Asíu og Afríku á morgun.

Annar mikill tálmi voru tungumálavandkvæðin. Unninn hefur verið bugur á þessu vandamáli að miklu leyti með námi og kennslu erlendra mála, og full ástæða er til að ætla, að áður en langt um líður verði alþjóðlegt hjálp tungumál tekið upp og kennt í öllum skólum heims. Þá munu þessir erfiðleikar hverfa algjörlega úr sögunni.

Þriðji mikli tálminn voru trúarbragðahleypidómar og skammsýni. Þetta er einnig að hverfa. Sjóndeildarhringur mannanna er að víkka. Menntun fólksins er í æ minna mæli í höndum kreddufullra presta, og ekki er lengur hægt að koma í veg fyrir að nýjar og frjálsari hugmyndir ryðji sér til rúms, jafnvel meðal afturhaldssömustu sérhagsmunahópa.

Bahá'u'lláh varð þannig fyrstur hinna miklu spámanna til að útbreiða boðskap sinn á tiltölulega fáum árum til allra hluta heims. Ekki líður á löngu, uns meginkenningar Bahá'u'lláh, þýddar úr hans eigin ritum, verða aðgengilegar sérhverjum manni, konu og barni í heiminum, sem kann að lesa.

Fylling bahá'í opinberunarinnar

Bahá'í opinberunin er einstæð og án fordæma meðal

trúarbragða heims vegna fyllingar og fullkomleika áreiðanlegra rita hennar. Þau skráðu orð, sem eigna má með fullri vissu Kristi, Móse, Sarapústra, Búddha eða Krishna, eru mjög fá og láta mörgum spurningum, sem hafa mikla raunhæfa þýðingu í nútímanum, ósvarað. Margar þeirra kenninga, sem venjulega eru eignaðar þessum trúarbragðahöfundum, eiga sér vafasaman uppruna, og sumar þeirra eru bersýnilega síðari tíma viðbót. Moslemar eiga í Kóraninum, og í fjölda arfsagna, miklu fyllri heimildir um líf og kenningar spámanns síns, en Múhammed sjálfur, þótt innblásinn væri, var ólæs, eins og flestir fyrstu fylgismenn hans. Sú aðferð, sem notuð var til að skrá og útbreiða kenningar hans, var á margan hátt ófullnægjandi og áreiðanleiki margra arfsagnanna er mjög vafasamur. Árangurinn er sá, að andstæðar skoðanir og ágreiningur um túlkun hefur valdið deilum og flokkadráttum innan islam, eins og átt hefur sér stað innan allra fyrri trúarsamfélaga.

Á hinn bóginn rituðu bæði Bábin og Bahá'u'lláh mikið og af mikilli orðgnótt og krafti. Þar sem þeim var báðum meinað að tala opinberlega og eyddu mestum hluta ævinnar í fangelsum (eftir að hafa kunngert köllun sína), vörðu þeir miklum tíma til skrifta, með þeim árangri, að engin fyrri trúarbrögð komast nálægt bahá'í opinberuninni hvað snertir auðlegð áreiðanlegra ritninga. Greinilegar og ótvíræðar skýringar eru þar gefnar á ýmsum sannindum, sem fyrri trúarbrögð höfðu aðeins óljóst gefið í skyn, ásamt þeim eilífu meginreglum sannleikans, sem allir spámennirnir hafa kennt, og þær heimfærðar á þau vandamál, sem heimurinn stendur andspænis nú á dögum – flókin og erfið vandamál, sem flest hver voru óþekkt á dögum fyrri spámannanna. Það er augljóst, að þessi fullkomna heimild áreiðanlegrar opinberunar hlýtur að hafa öflug áhrif í þá átt að uppræta misskilning í framtíðinni og leysa úr þeim misskilningi fortíðarinnar, sem tálmað hefur sáttum hinna ýmsu sértrúarhópa.

Bahá'í sáttmálinn

Bahá'í opinberunin er einstæð og án fordæma á enn annan hátt. Áður en Bahá'u'lláh lést, ritaði hann hvað eftir annað sáttmála, þar sem hann skipar elsta son sinn, 'Abdu'l-Bahá, sem hann nefnir oft „Greinina“ eða „Hina mestu grein“, lögmætan túlkanda kenninganna, og lýsir því yfir að allar túlkanir hans og skýringar beri að leggja að jöfnu við orð Bahá'u'lláh sjálfs. Í erfðaskrá sinni segir hann:

„Hugleiðið það, sem vér höfum opinberað í helgastri bók vorri: Þegar haf návistar minnar hefur fjarð út og bók opinberunnar minnar er á enda, snúið ásjónum yðar til hans, sem Guð hefur fyrirhugað, sem runninn er af þessari fornu rót. Þessi heilögu orð eiga við engan annan en Hina máttkustu grein ('Abdu'l-Bahá).“

Og í „Töflu Greinarinnar“, þar sem hann skýrir stöðu 'Abdu'l-Bahá, segir hann:

„Flytjið Guði þakkir, ó menn, fyrir birtingu hans; því að vissulega er hann hin mesta hylli yður til handa, fullkomnasta örlæti, sem yður er sýnt; fyrir hann hefur nýju lífi verið blásið í hvert fúnandi bein. Hver sá, sem snýr sér til hans, hefur snúið sér til Guðs, og hver sá, sem snýr sér frá honum, hefur snúið sér frá fegurð minni, afneitað sönnunum mínum og brotið gegn mér.“

Eftir andlát Bahá'u'lláh fékk 'Abdu'l-Bahá gnægð tækifæra, bæði heima og heiman, til að hitta fólk hvaðanæva úr heiminum, sem hafði margvíslegustu skoðanir. Hann hlustaði á allar spurningar þeirra, erfiðleika og andbárur, og gaf fullar skýringar, sem voru gaumgæfilega skráðar. Um langt árabíl hélt 'Abdu'l-Bahá áfram þessu starfi, að útskýra kenningarnar og sýna fram á hvernig mátti beita þeim á hin margháttuðu vandamál nútímalífsins. Skoðanaágreininger, sem komið hefur upp meðal fylgjendanna, hefur verið skotið undir dóm hans og úr honum skorið af myndugleik, og

þannig hefur enn verið dregið úr hættunni á misskilningi í framtíðinni.

Bahá'u'lláh kom því enn fremur til leiðar, að Allsherjarhús réttvísinnar, fulltrúi allra bahá'ía um víða veröld, hefur verið kjörið til að annast málefni trúarinnar, stjórna og samræma alla starfsemi hennar, koma í veg fyrir flokka-drætti og klofning, skýra óljós málefni og varðveita kenn-ingarnar frá spillingu og mistúlkun. Sú staðreynd, að þessi æðsta stjórnstofnun getur ekki einungis sett lög um öll mál-efni, sem ekki eru skilgreind í kenningunum, heldur einnig numið úr gildi sínar eigin ráðstafanir, þegar nýjar aðstæður krefjast nýrra aðgerða, gerir trúnni kleift að vaxa og laga sig, eins og lifandi vera, að aðstæðum og þörfum þjóðfélags í mótun.

Auk þess lagði Bahá'u'lláh skýrt bann við því, að nokkur annar en hinn lögmæti túlkandi túlkadi kenningarnar. Í erfðaskrá sinni skipaði 'Abdu'l-Bahá Shoghi Effendi Vörð trúarinnar eftir sinn dag og gaf honum umboð til að túlka ritningarnar.

Eftir eitt þúsund ár eða fleiri mun annar birtandi koma fram á sjónarsviðið í skjóli Bahá'u'lláh með ótvíræðan vitn-isburð um köllun sína, en fram til þess tíma er það í orðum Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Varðarins og ákvörðunum Allsherjarhúss réttvísinnar, sem allir átrúendurnir verða að leita leiðsagnar. Enginn bahá'í má stofna reglu eða sér-trúarhóp, sem byggður er á einhverri sérstakri túlkun kenn-inganna né einhverri meintri guðlegri opinberun. Litið er á hvern þann, sem gengur í berhögg við þessi fyrirmæli, sem sáttmálsbrjót.¹

'Abdu'l-Bahá segir:

Meðal óvina málstaðarins er sá, sem reynir að túlka orð Bahá'u'lláh og litar þannig merkinguna samkvæmt sinni eigin hæfni og safnar um sig fylgjendum, myndar sértrúarflokk, setur

1 Frekari skýringar á Vörslunni og Allsherjarhúsi réttvísinnar má finna á bls. 281–284

sína eigin stöðu í forsæti og veldur sundrung innan málstaðarins.“
– (Star of the West, III. bindi, bls. 8).

Hann ritar í annarri töflu:

„Þetta fólk (klofningsmennirnir) er eins og froðan, sem safnast á yfirborði hafsins; brotsjór mun rísa á hafi sáttmálans og í krafti Abhá-ríkisins varpa þessari froðu á land . . . Þessar spilltu hugsanir, sem sprottgar eru af persónulegum og illum fyrirætlanum, munu allar hverfa, en sáttmáli Guðs mun standa óhultur og óhagganlegur.“ – (Star of the West, X. bindi, bls. 95).

Ekkert aftrar mönnum að yfirgefa trúarbrögðin, ef þeir óska þess. ‘Abdu’l-Bahá segir: „Guð sjálfur þvingar enga sál til að verða andleg. Beiting hins frjálsa mannlega vilja er nauðsynleg.“ Ljóst er þó, að hinn andlegi sáttmáli gerir flokkadrætti innan bahá’í samfélagsins óhugsandi.

Engin atvinnuprestastétt

Geta verður sérstaklega um enn eitt séreinkenni bahá’í skipulagsins, en það er útilokun atvinnuklerka. Leyft er að kosta kennara með frjálsum framlögum og margir helga málstaðnum allan tíma sinn, en þess er vænst, að allir bahá’íar leggi sinn skerf til kennslustarfsins o.s.frv., hver í samræmi við getu sína og hæfileika, og ekki er til nein sérstök aðgreind stétt, sem framkvæmir klerkleg störf og hefur klerkleg forréttindi.

Fyrir á tímum var prestastéttin nauðsynleg, því að fólk var ólæst og ómenntað og var háð prestunum um trúarlega uppfræðslu, framkvæmd helgisíða og helgiathafna o.s.frv. Nú eru aftur á móti aðrir tímar. Menntun ryður sér til rúms um allan heim, og ef boðum Bahá’u’lláh er fylgt, mun sérhver drengur og stúlka í heiminum hljóta staðgóða uppfræðslu. Sérhver maður mun þá geta lesið og numið ritningarnar sjálfur, teygð sjálfur af vatni lífsins úr uppsprettunni sjálfri. Flóknir síðir og helgiathafnir, sem krefjast þjónustu

sérstakrar stéttar, eiga sér engan stað í bahá'í trúnni, og réttarfarið er í höndum stofnana, sem settar hafa verið á fót til að annast það.

Barn þarf á kennara að halda, en markmið hins sanna kennara er að koma því til vegar að nemandinn geti komist af án kennara, séð hlutina með sínum eigin augum, heyrt með sínum eigin eyrum og skilið með sinni eigin skynsemi. Í bernsku kynstofnsins var þörf á presti, en raunverulegt starf hans var að gera mönnunum kleift að komast af án hans, að sjá hið guðdómlega með sínum eigin augum, heyra það með sínum eigin eyrum og skilja það með sinni eigin skynsemi. Starfi prestsins er nú að verða lokið, og markmið bahá'í kenninganna er að ljúka því verki, að gera mennina óháða öllu nema Guði, til þess að þeir geti snúið sér beint til hans, þ.e., birtanda hans. Þegar allir snúa sér að einum miðpunkti, geta áformin ekki rekist á og enginn glundroði orðið, og því nær sem allir menn fara miðpunktinum, þeim mun minna verður bilið á milli þeirra.

Sönn siðmenning

„Ó, fólk Guðs! Lát yður eigi annt um sjálfa yður. Gefið mestan gaum að því, sem bæta mun heiminn og uppfræða þjóðirnar.“ – Bahá'u'lláh.

Trúarbrögð eru undirstaða siðmenningar

Bahá'íar líta svo á, að vandamál mannlífsins, einstaklinganna og þjóðfélagsins, séu svo geysilega flókin, að venjulegri mannlegri skynsemi sé um megn að leysa þau með góðu móti. Enginn nema hinn Alvitri veit til fulls hver tilgangur sköpunarinnar er og hvernig ná megi þeim tilgangi. Með spámönnunum sýnir hann mannkyninu hið sanna markmið mannlífsins og hina réttu þroskabraut; og uppbygging sannrar siðmenningar er undir því komin, að leiðsögn hinnar spámannleagu opinberunar sé fylgt af trúmennsku. Bahá'u'lláh segir:

„Trúarbrögðin eru mikilsverðasta tækið til þess að halda uppi reglu í heiminum og stuðla að friði allra lifandi vera. Þegar stóðir trúarbragðanna veikjast, eykst hinum fáfróðu móður og þeir verða djarfir og hrokafullir. Sannlega segi ég, hvaðeina, sem lægir háleita stöðu trúarbragðanna, eykur gáleysi illvirkjanna og afleiðingin verður stjórnsleysi . . .

Gefið gaum að siðmenningu Vesturlanda – hvernig hún

hefur orsakað uppnám og æsing meðal þjóða heimsins. Vítisvélar hafa verið fundnar upp og lífinu eytt á svo grimmuðlegan hátt, að augu heimsins og eyru þjóðanna hafa aldrei séð eða heyrt slíkt áður. Það er ógerlegt, að koma við umbótum á þessum ofsafengnu og yfirþyrmandi öflum nema þjóðir heimsins sameinist um ákveðið málefni eða í skugga einnar trúar . . .

Ó, fólk Bahá! Sérhvert hinna opinberuðu boða er máttugt vígi til verndar heiminum.“ – (Words of Paradise).

Ríkjandi ástand í Evrópu og í heiminum almennt staðfestir, svo ekki verður um villst, sannleiksgildi þessara orða, sem rituð voru fyrir mörgum áratugum. Vanræksla hinna spámannlegu boðorða og ríkjandi trúleysi hafa haft í för með sér glundroða og hroðalega eyðingu, og umbætur á þjóðféluginu sýnast með öllu óhugsandi án þeirrar hugarfars- og stefnubreytingar, sem eru höfuðeinkenni sannra trúarbragða.

Réttlæti

Bahá'u'lláh hefur dregið saman kjarna hinna spámannlegu kenninga í lítilli bók, sem nefnd er „*Hulín orð*“, og fyrsta ráðlegging hans í þeirri bók beinist að lífsháttum einstaklingsins: „Eig hreint, gæskuríkt og geislandi hjarta.“ Hin næsta gefur til kynna meginreglu ósvikins samfélagslífs:

„Ó, andans son! Það, sem ástfólgast er fyrir augliti mínu, er réttlætið; hverf ekki frá því, ef þú þráir mig, og vanræk það ekki, til þess að ég megi gera þig að trúnaðarmanni mínum. Með fulltingi þess munt þú sjá með þínum eigin augum, en ekki með augum annarra, og þekkja af þinni eigin þekkingu, en ekki þekkingu náunga þíns. Hugleið þetta í hjarta þínu, hvernig þér sæmir að vera. Vissulega er réttlætið gjöf mín til þín og tákni um ástríki mitt. Set þér það því fyrir sjónir.“

Eitt höfuðatriði þjóðfélagslífsins er, að einstaklingarnir geti greint sannleika frá lygi og rétt frá röngu og sjái hlutina í sínu rétta ljósi. Meginorsök andlegrar og félagslegrar blindu,

og svarnasti óvinur þjóðfélagslegra framfara, er eigingirninn Bahá'u'lláh segir:

„Ó, þér synir vitsmunanna! Þunn bráin tálmar auganu að sjá heiminn og það, sem í honum er. Hugleiðið þá hver afleiðingin verður, er tjald ágirndarinnar hylur sjón hjartans!“

„Ó, menn! Svartnætti ágirndar og öfundar myrkvar ljós sál-arinnar, eins og skýið byrgir geisla sólarinnar.“ (Tafla til nokkurra bahá'í, sem áður voru sarapústratrúar.)

Löng reynsla hefur loks sannfært mennina um sannleiksgildi þeirrar spámannlegu kenningar, að eigingjörn sjónarmið og eigingjörn verk hafi óhjákvæmilega þjóðfélagslega ógæfu í för með sér, og eigi mannkynið ekki að tortímast með smán, verði sérhver maður að láta sér jafn annnt um hagi náungans og sína eigin og láta eiginhagsmuni víkja fyrir hagsmunum mannkynsins í heild. Hagsmunum hvers og eins verður að endingu best þjónað með þessu móti. Bahá'u'lláh segir:

„Ó, mannsins son! Beinist augu þín að miskunn, snú baki við því, sem gagnar þér, og hald fast við það, sem gagna mun mannkyninu. Og beinist augu þín að réttlæti, kjós náunga þínum það, sem þú kýst sjálfum þér.“ – (Words of Paradise.)

Ríkisstjórn

Kenningar Bahá'u'lláh innihalda tvíþætta tilvísun til sannrar þjóðfélagsgerðar. Önnur er rakin í töflunum, sem sendar voru konungunum, og fjalla um vandamál stjórnar-fyrirkomulagsins, eins og það var á tímum Bahá'u'lláh; hin fjallar um hið nýja skipulag, sem móta á innan bahá'í samfélagsins sjálfs.

Þetta er skýringin á hinum skörpu andstæðum málsgreina, eins og þeirra, sem hér fara á eftir:

„Hinn eini, sanni Guð, vegsömuð sé dýrð hans, hefur ætíð litið á og mun ætíð líta á hjörtu mannanna sem sína eigin

eign. Allt annað, hvort sem það er á láði eða legi, hvort sem það er dýrð eða ríkidæmi, hefur hann ánafnað konungum og stjórnendum jarðarinnar.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, CII, bls. 205–206.)

Og

„Það sæmir öllum mönnum á þessum degi, að halda fast við hið Æðsta Nafn og grundvalla einingu alls mannkynsins. Hvergi er hægt að flýja, hvergi neitt athvarf að finna nema hjá honum.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, C, bls. 202.)

Ósamræmið, sem virðist vera milli þessara tveggja sjónarmiða, hverfur, þegar við íhugum þann greinarmun, sem Bahá'u'lláh gerir á hinum „minni friði“ og hinum „æðsta friði“. Í töflum sínum til konunganna hvetur Bahá'u'lláh þá til að koma saman og gera ráðstafanir til að viðhalda pólitískum friði, draga úr vígbúnaði og létta oki áþjáunar og öryggisleysis af hinum fátæku. En hann tekur af allan vafa um það, að láti þeir undir höfuð leggjast að sinna þörfum tímanna, verði afleiðingin styrjaldir og byltingar, sem kollvarpa muni hinu nýja skipulagi. Þessvegna segir hann annars vegar:

„Það, sem mannkynið þarfnast er hlýðni við þá, sem völdin hafa,“

og hins vegar:

„Þeir menn, sem dregið hafa að sér hégóma og skart jarðarinnar og snúið í fyrirlitningu baki við Guði, þeir hafa glatað bæði þessum heimi og þeim, sem kemur. Áður en langt um líður mun Guð, með hendi valdsins, svipta þá eignum sínum og kyrtli gjafmildi sinnar . . . Vér höfum ákvarðað yður tíma, ó þjóðir! Ef þér á hinni tilteknu stund látið undir höfuð leggjast að snúa yður til Guðs, mun hann vissulega grípa yður heiftartökum og láta hörmulegar þrengingar stöðja að yður á alla vegu . . . Tákn

yfirvofandi umbrota og glundroða má sjá nú þegar, því að ríkjandi skipulag virðist hörmulega gallað . . . Vér höfum heitið sjálfum oss, að tryggja sigur þinn á jörðunni og upphefja málstað vorn yfir alla menn, þótt enginn konungur fyrirfyndist, sem beina mundi ásjónu sinni til þín.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, CII, bls. 206, CIII, bls. 208, CVIII, bls. 213, CX, bls. 215–216.)

„Veran mikla, sem æskti þess að kunngera forsendur friðar og rósemi í heiminum og framþróun þjóða hans, hefur ritað: Sá tími mun koma, þegar allir munu gera sér grein fyrir knýjandi nauðsyn þess að halda mikinn og altækan samfund manna. Konungar og stjórnendur jarðarinnar verða að sækja hann, taka þátt í umræðum hans og yfirvegun, og gaumgæfa leiðir þær og ráð, sem leggja munu grundvöllinn að æðsta friði heimsins meðal manna. Slíkur friður krefst þess, að stórveldin fastráði sakir rósemi þjóða heimsins, að sættast heilum sáttum. Grípi einhver konungur til vopna gegn öðrum, ættu allir að rísa upp í sameiningu og aftra honum.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, CXVII, bls. 248.)

Með slíkum ráðleggingum kunngerði Bahá'u'lláh undir hverskonar kringumstæðum leysa á af hendi almenna samábyrgð á þessum degi Guðs. Jafnframt því sem hann hvatti til alþjóðlegrar samstöðu, varaði hann stjórnendurna við því, með síst óljósara oiðalagi, að áframhald deilnanna mundi grafa undan valdi þeirra. Saga nútímans staðfestir þessa viðvörun í öllum siðmenntuðum löndum heims, þar sem kúgunaröflin hafa safnað eyðileggjandi krafti, og í vígbúnaðarkapphlaupi, sem komið er á það stig, að enginn aðillinn getur unnið fullnaðarsigur.

„Nú er þér hafið hafnað hinum æðsta friði, haldið þá fast við þennan minni frið, svo að yður auðnist að einhverju leyti að bæta yðar eigin aðstæður og þegna yðar.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, CXIX, bls. 253).

„Það, sem Drottinn hefur áformað sem æðsta lyfið og máttugasta tækið til græðingar alls heimsins er eining allra þjóða

hans í einum allsherjarmálstað, einni sameiginlegri trú. Þetta getur með engu móti tekist nema fyrir vald hæfs, almáttugs og innblásins læknis.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, CXX, bls. 254.)

Með hinum minni friði er átt við pólitíska einingu ríkjanna, þar sem hinn æðsti friður er aftur á móti eining, sem felur í sér andlega sem og pólitíska og hagfræðilega þætti.

„Brátt verður ríkjandi skipulagi vafið saman og nýtt breitt út í þess stað.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, IV, bls. 7).

Fyrir á öldum gat ríkisstjórnin sinnt efnislegum ytri mál-efnum, en nú á tímum krefst starf stjórnarinnar forystu-hæfileika, helgunar og andlegrar þekkingar, sem engir hafa aðrir en þeir, sem hafa snúið sér til Guðs.

Pólitískt frelsi

Þótt Bahá'u'lláh mæli með lýðræðislega kjörinni stjórn, svæðisbundinni, þjóðlegri og alþjóðlegri, sem hinu besta hugsanlega stjórnarfyrríkomulagi, þá kennir hann, að þetta sé einungis mögulegt, þegar menn hafa náð nægilegum einstaklings- og félagslegum þroska. Það mundi hafa ógæfu í för með sér að veita óuppfræddu fólki, sem lætur stjórnast af eigingjörnum ástríðum og er fákunnandi um allan almennan ríkisrekstur, skyndilega fulla sjálfsstjórn. Ekkert er hættulegra en frelsi fyrir þá, sem ekki kunna að fara viturlega með það. Bahá'u'lláh ritar í *Kitáb-i-Aqdas*:

„Íhugið hve lágt hugir manna leggja sig. Þeir biðja um það, sem skaðar þá, en varpa frá sér því, sem gagnar þeim. Þeir tilheyra að sönnu þeim, sem fara villur vegar. Vér sjáum suma menn æskja frjálsræðis og miklast af því. Slíkir menn eru vissulega í djúpum fáfræðinnar.

Frjálsræði hlýtur að lokum að leiða til undirróðurs og enginn getur slökkt loga hans. Þannig varar yður sá, sem heldur reikn-

ingsskilin, hinn alvitri. Vitið að holdtekja frjálsræðis og tákn þess er dýrið. Það, sem sæmir manninum, er að gefa sig undir þær hömlur, sem vernda munu hann fyrir eigin fáfræði og varðveita hann fyrir atlögum illvirkjans. Frjálsræðið leiðir manninn til að fara yfir hófsemismörkin og skerða tign stöðu sinnar. Það lægir hann í djúp spillingar og vonsku.

Lítið á mennina sem sauðahjörð, sem þurfa hirði sér til verndar. Þetta er vissulega sannleikurinn, hinn óbyggjandi sannleikur. Vér samþykkjum frjálsræði undir vissum kringumstæðum, en neitum að veita því blessun vora í öðrum tilvikum. Vér erum vissulega hinn alvitri.

Seg: Hið sanna frjálsræði er fólgið í hlýðni mannsins við boð mín, svo lítt sem yður er það kunnugt. Ef menn gættu þess, sem vér höfum sent þeim frá himni opinberunar, mundu þeir vissulega verða alfrjálsir. Sæll er sá maður, sem skilið hefur áform Guðs í öllu því, sem hann hefur kunngert frá himni vilja síns, sem umlykur alla hluti skapaða. Seg: Það frjálsræði, sem gagnar yður, er hvergi að finna nema í fullkominni þjónustu við Guð, sannleikann eilífa. Sá, sem smakkað hefur sætleik þess, mun neita að láta það af hendi, þótt ríki himins og jarðar séu í boði.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, CLIX, bls. 334–335.)

Til þess að bæta aðstæður vanþróaðra kynþátta og þjóða, eru hinar himnesku kenningar besta meðalið. Þegar bæði þjóðir og stjórnendur læra þessar kenningar og taka þær upp, munu allar þjóðir leysast úr fjötrum sínum.

Stjórnendur og þegnar

Bahá'u'lláh bannar afdráttarlaust kúgun og harðstjórn. Hann ritar í „*Huldum orðum*“:

„Ó, kúgarar jarðarinnar!

Látið af harðstjórn, því að ég hefi heitið sjálfum mér að fyrirgefa ekki óréttlæti nokkurs manns. Þetta er sáttmáli minn, sem ég hefi óafturkallanlega ákvarðað í hinni varðveittu töflu og innsiglað með innsigli dýrðar minnar.“

Þeim, sem trúað er fyrir að semja og stjórna eftir lögum og reglum, verða:

„að halda fast í reipi samráðsins, ákvarða og framkvæma það, sem stuðlar að öryggi fólksins, velmegun, velferð og rósemi; því að sé hlutunum háttað á annan veg, leiðir það til sundurlyndis og glundroða.“ – (Tablet of the World.)

Á hinn bóginn verða menn að vera löghlýðnir og trúir réttlátri ríkisstjórn. Þeir verða að reiða sig á menntunaraðferðir og kraft góðs fordæmis, ekki á ofbeldi, til þess að koma málum í betra horf í þjóðfélaginu. Bahá'u'lláh segir:

„Í hvaða landi, sem einhverjir úr þessu samfélagi búa, ber þeim að sýna ríkisstjórninni hollustu, trúnaðartraust og sannsögli.“ – (Glad Tidings).

„Ó, fólk Guðs! Skrýðið musteri yðar kyrtli trúmennsku og heiðarleika; leggið síðan lið Drottni yðar með herskörum góðra verka og góðra siða. Sannlega höfum vér fyrirboðið yður deilur og undirróður í bókum mínum og pistlum, í ritningum mínum og töflum; og með því höfum vér aðeins óskað vegsemdar yðar og upphafningar.“ – (Tablet of Ishráqát).

Embættaveitingar

Þegar um veitingar embætta er að ræða, verður eini mælikvarðinn að vera hæfni til að gegna stöðunni. Fyrir þessu hæfnissjónarmiði verður allt annað að víkja, svo sem starfsaldur, fjármunir og félagsstaða, fjölskyldusambönd og persónuleg vinátta. Bahá'u'lláh segir í Ishráqát-töflunni:

„Hið fimmta Ishráq (ljómun) er þekking ríkisstjórnanna á aðstæðum þeirra, sem stjórnað er, og stöðuveitingar í samræmi við hæfileika og verðskuldun. Sérhverjum yfirmanni og stjórnanda er stranglega boðið að gefa þessu gaum, svo að svikarar sölsi ekki undir sig stöður trúrra manna, og gripdeildarmenn komist ekki í embætti verndara.“

Það er fljótséð, að þegar þessar meginreglur verða almennt viðurkenndar og þeim hrundið í framkvæmd, mun undra-verð breyting verða á þjóðfélagi okkar. Þegar sérhverjum einstaklingi er veitt sú staða, sem hæfir gáfum hans og hæfileikum, getur hann lagt sál sína í starfið og orðið listamaður á sínu sviði til ómetanlegs gagns fyrir sjálfan sig og allan heiminn.

Efnahags vandinn

Bahá'í kenningar kveða mjög fast að orði um þörfina á endurbótum á efnahagslegum tengslum ríkra og fátækra. 'Abdu'l-Bahá segir:

„Fyrirkomulag efnahags manna verður að vera þannig, að fátækt hverfi úr sögunni, að allir fái hlutdeild í farsæld og velmegun, í samræmi við stöðu sína og atvinnu, að svo miklu leyti sem það er unnt. Meðal okkar eru menn, sem lifa í óhóflegu ríkidæmi og á hinn bóginn lánleysingar, sem búa við sult og seyru; þeir, sem eiga margar glæstar hallir, og þeir, sem eiga hvergi höfði sínu að halla . . . Þessi skipan mála er ranglát og úr því verður að bæta. En úrbæturnar verður að framkvæma með gætni. Þær eru ekki fólgnar í algjörum jöfnuði milli manna. Jöfnuður er hugarburður! Hann er með öllu óframkvæmanlegur. Jafnvel þótt hægt væri að koma á jöfnuði, væri ekki hægt að viðhalda honum; væri tilvist hans möguleg, mundi allt skipulag heimsins tortímast. Lögmál reglunnar hlýtur ætíð að eiga við í heimi mannkynsins. Himinninn hefur mælt svo fyrir við sköpun mannsins . . . Líkt og stór her, þarfnast mannkynið hershöfðingja, höfuðsmanna, undirforingja á ýmsum stigum, og hermanna, sem hver um sig gegnir tiltekinni skyldu. Stig eru óhjákvæmileg nauðsyn til að tryggja starfhæft skipulag. Í her geta ekki allir verið hershöfðingjar, eða allir höfuðsmenn, eða allir hermenn án nokkurs yfirvalds . . .

Þar sem sumir eru vellauðugir og aðrir blásnauðir, er vissulega þörf á skipulagi til að stjórna og gera umbætur á þessari skipan mála. Það er mikilvægt að takmarka ríkidæmi, og það er líka mikilvægt að takmarka fátækt. Hvorar tveggja öfgarnar eru slæmar . . . Þegar við sjáum fátækt leiða til sveltis, er það víst

merki þess, að einhversstaðar munum við finna harðstjórn. Menn verða að hrista af sér slenið og fresta því ekki lengur, að breyta þeim kringumstæðum, sem skapa miklum fjölda fólks sárustu neyð og örbirgð.

Hinir ríku verða að miðla af gnægtum sínum; þeir verða að mýkja hjörtu sín og þroska með sér samúðarfulla vitsmuni, og beina hugum sínum að því óhamingjusama fólki, sem þjáist af skorti á brýnustu nauðpurftum.

Sérstök lög verður að setja, sem fjalla um öfga auðs og örbirgðar. Stjórnir landanna ættu að breyta samkvæmt hinu himneska lögmáli, sem lætur alla njóta sama réttar . . . Fyrir verður lögmáli Guðs ekki hlýtt.“ – (Wisdom of ‘Abdu’l-Bahá, bls. 140).

Opinber fjármál

‘Abdu’l-Bahá leggur til, að hver borg, þorp eða hérað fari með stjórn eigin fjármála, að svo miklu leyti sem unnt er, og leggi fram sinn hlutfallslega skerf til að standa straum af hinum almenna ríkisrekstri. Einn helsti tekjustofninn ætti að vera stigrænn tekjuskattur. Fari tekjur manns ekki yfir nauðsynleg útgjöld hans, ætti ekki að krefja hann skatts, en í öllum þeim tilvikum, þar sem tekjur eru meiri en nauðsynleg útgjöld, skulu þær skattlagðar, og hækkar skatturinn hlutfallslega með hækkandi tekjum umfram útgjöld.

Ef einhver, á hinn bóginn, getur ekki aflað sér tekna, sem nægja fyrir lífsnauðsynjum, vegna veikinda, rýrrar uppskeru eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, þá verða opinberir sjóðir að bæta honum og fjölskyldu hans upp það, sem á vantar, svo að hann geti séð sér farborða.

Einnig verða aðrir almennir tekjustofnar, svo sem af erfðafé, námum, sjóðum og frjálsum framlögum. Meðal útgjalda verða styrkir til bágstaddra, munaðarleysingja, skóla, heyrnar- og mállausra og almennrar heilsugæslu. Þannig verður séð fyrir farsæld og vellíðan allra.¹

1 Nánar má fræðast um þetta í útgefnum ræðum ‘Abdu’l-Bahá, sérstaklega þeim, sem hann hélt í Bandaríkjunum.

Frjáls eignaskipting

Í bréfi til Friðarbandalagsins (*The Central Organization for a Durable Peace*), rituðu árið 1919, segir 'Abdu'l-Bahá:

„Meðal kenninga Bahá'u'lláh er sú, að maðurinn megi af frjálsum vilja deila eignum sínum með öðrum mönnum. Þessi frjálsa eignaskipting tekur fram (hinum lögleidda) jöfnuði, og felst í því, að maðurinn ætti ekki að taka sjálfan sig fram yfir aðra, heldur fórna lífi sínu og eignum fyrir aðra. En þessu ætti ekki að koma á með þvingunaraðgerðum eða löggjöf, sem menn séu nauðbeygðir til að lúta. Nei, maðurinn ætti fremur af fúsum og frjálsum vilja að fórna eignum sínum og lífi fyrir aðra, og gefa fúslega til hinna fátæku, eins og gert er meðal bahá'ía í Persíu.“

Vinna handa öllum

Eitt af mikilvægustu fyrirmælum Bahá'u'lláh varðandi efnahagsmál er, að allir taki sér fyrir hendur nytsamlegt starf. Það mega engir iðjuleysingar vera í býkúpu þjóðfélagsins, engin vinnufær sníkjudýr á þjóðarlíkamanum. Hann segir:

„Hverjum og einum yðar er boðið að stunda einhverja at-vinnu – einhverja listgrein, iðn eða annað því líkt. Þessa atvinnu yðar höfum vér lagt að jöfnu við vegsömun Guðs, hins sanna. Hugleiðið, ó menn, miskunn Guðs og hylli hans; þakkið Honum síðan á morgnana og að kvöldlagi.

Sólundið eigi tíma yðar í iðjuleysi og ómennsku og leggið stund á það, sem gagna mun sjálfum yður og öðrum. Með svofelldum hætti hefur þetta málefni verið fastráðið í þessari töflu, og frá sjónhring hennar tindrar sól guðdómlegra orða og visku. Auðvirðilegastur allra manna frammi fyrir Guði er sá, sem situr og biður beininga. Haldið fast í taug viðurværis og treystið Guði, frumorsök allra hluta.“ – (Glad Tidings).

Hversu mikilli orku er ekki varið nú á dögum í viðskiptalífinu til að gera að engu viðleitni annarra manna – í gagnslausum deilum og samkeppni! Og einnig á annan hátt með

aðferðum, sem eru ennþá skaðlegri! Ef allir ynnu, og ef öll vinna, hvort sem hún er unnin með heila eða höndum, væri mannkyninu til gagns, eins og Bahá'u'lláh mælir fyrir um, þá mundi gnægð verða til af öllum nauðsynjum, sem eru forsendur heilbrigðs, þægilegs og göfugs lífs. Fátækrahverfi yrðu ekki framar til, hvorki hungursneyð né örbirgð, iðnaðarþrælkun eða heilsuspillandi strit.

Siðfræði auðsins

Samkvæmt bahá'í kenningunum er auður, sem áunnist hefur með réttum hætti og notaður er með réttu móti, virðingarverður og lofsverður. Koma á sanngjarnt endurgjald fyrir veitta þjónustu. Bahá'u'lláh segir í Tarázát-töflunni:

„Fylgismenn Bahá mega ekki skorast undan því, að láta neinum í té verðskuldað endurgjald, og þeir verða að virða hæfileikamennina . . . Réttlæti verður að einkenna ræðu mannsins og viðurkenning á því, sem horfir til heilla.“

Hvað snertir vexti af fé, ritar Bahá'u'lláh í Ishráqát-töflunni:

„Flestir menn hafa þörf fyrir þetta; því væri ekki leyft að taka vexti, mundu viðskipti líða við það og spillast . . . Varla er hægt að finna þann mann, sem lána mundi nokkrum peninga samkvæmt reglunni „Qard-i-hasan“ (í bókstaflegri merkingu „gott lán“, þ.e. vaxtalaust peningalán, sem greitt er að vild lántaka). Þess vegna höfum vér, sakir mildi við þjónana, mælt fyrir um „arð af peningum“ meðal annarra viðskipta, sem tíðkast manna á milli. Það er að segja . . . það er leyfilegt, lögmætt og flekklaust að taka vexti af fé . . . en gæta verður hófsemi og réttlætis í þessu málefni. Penni dýrðarinnar hefur engar reglur sett hér að lútandi sakir visku frá návist hans og til hagræðis fyrir þjóna hans. Vér áminnum vini Guðs um að breyta réttlátlega og af sanngirni, og með þeim hætti, að miskunn ástvina hans og samúð þeirra komi fram gagnvart öllum . . .

Framkvæmd þessara mála hefur verið fengin í hendur með-

limum Húss réttvísinnar, svo að þeir megi breyta viturlega og í samræmi við þarfir tímans.“

Engin iðnaðarþrælkun

Bahá'u'lláh bannar þrælahald í *Kitáb-i-Aqdas*, og 'Abdu'l-Bahá hefur útskýrt, að ekki einungis þrælahald heldur einnig iðnaðarþrælkun sé í andstöðu við lög Guðs. Þegar hann var í Bandaríkjunum 1912, mælti hann þessi orð til bandarísku þjóðarinnar:

„Á árunum 1860 til 1865 unnuð þér stórkostlegt starf; þér afnámuð þrælahald; en nú verðið þér að framkvæma ennþá stórkostlegra starf: þér verðið að afnema iðnaðarþrælkun . . . Lausn efnahagsvandans felst ekki í því að stilla upp auðmagni gegn vinnuafli og vinnuafli gegn auðmagni í deilum og sundurþykkju, heldur er lausnin fólgin í sjálfviljugu viðhorfi velvildar á báða bóga. Þá mun raunveruleg og réttlát skipan mála verða tryggð . . .

Bahá'íar kúga ekki, sælast ekki eftir fé og beita ekki ranglátum aðferðum; þeir gera ekki þverúðarfullar kröfur og reyna ekki að bylta ríkjandi stjórnarfari . . .

Í framtíðinni geta menn ekki auðgast á striti annarra. Hinir ríku munu af fúsum vilja útdæla auði sínum. Þetta mun gerast smám saman, eðlilega, af frjálsum vilja þeirra sjálfra. Það mun aldrei takast með styrjöld og blóðsúthellingu.“ – (Star of the West, VII. bindi, no. 15, bls. 147.)

Hagsmunum auðmagnsins og vinnuaflsins mun best verða þjónað með vingjarnlegu samráði og samvinnu, með réttlátri sameign og arðskiptingu. Hin bitru vopn verkfalls og vinnustöðvunar eru skaðleg, ekki aðeins þeim iðngreinum, sem í hlut eiga, heldur öllu samfélaginu í heild. Það er því hlutverk ríkisstjórnanna, að finna ráð til að koma í veg fyrir að svo villimannlegum aðferðum sé beitt við jöfnun ágreinings. 'Abdu'l-Bahá sagði í Dublin, New Hampshire, árið 1912:

„Mig langar nú til að fræða yður um lög Guðs. Samkvæmt hinu himneska lögmáli á ekki aðeins að greiða launþegunum

ákveðin laun. Nei, þeir eiga öllu fremur að vera hluthafar í hverju starfi. Vandamál þjóðnýtingarinnar er mjög örðugt viðfangs. Það verður ekki leyst með verkföllum. Allar ríkisstjórnir heimsins verða að sameinast og skipuleggja ráðstefnu, en meðlimi hennar skal kjósa úr hópi göfugmenna heimsins og löggjafarþinga. Þeir verða að taka ráð saman af visku og valdi, svo að hvorki vinnuveitendur né launþegar bíði tjón. Þeir eiga að setja lög af hinni mestu hófsemi og tilkynna síðan almenningi, að réttur hins vinnandi fólks skuli hafður í fyllsta heiðri; einnig verður að vernda rétt vinnuveitendanna. Þegar slík almenn löggjöf er upp tekin með vilja beggja aðila, ættu allar ríkisstjórnir heimsins að andæfa í sameiningu, ef verkfall hefst. Að öðrum kosti mun starfið leiða til mikillar eyðileggingar, sérstaklega í Evrópu. Hræðilegir atburðir munu gerast.

Ein af mörgum orsökum til allsherjarstyrjaldar í Evrópu verður þetta vandamál. Eigendur fasteigna, náma og verksmiðja ættu að skipta tekjum sínum með starfsfólki sínu og afhenda undirmönnum sínum sanngjarnan hundraðshluta af hagnaði sínum, til þess að starfsmennirnir fái auk launanna eitthvað af almennum tekjum verksmiðjunnar, svo að sál starfsmannsins megi vera með í starfi hans.“ — (Star of the West, VIII. bindi, nr. 1, bls. 7.)

Arfur og arfleiðsla

Bahá'u'lláh segir, að hverjum og einum beri frelsi til að ráðstafa eignum sínum að vild, meðan hann lifir, og öllum er gert að skyldu að gera erfðaskrá, þar sem tekið er fram hvernig ráðstafa á eignum hans eftir andlátið. Deyi einhver án þess að láta eftir sig erfðaskrá, ber að meta eigur hans og skipta þeim eftir tilteknum reglum í sjö arfshluta, þ.e. milli barna, eiginkonu eða eiginmanns, föður, móður, bræðra, systra og kennara, og fer skerfur hvers um sig hlutfallslega minnkandi frá hinum fyrsta til hins síðasta. Sé einn eða fleiri þessara flokka ekki fyrir hendi, þá gengur hlutur hans til ríkissjóðs og skal honum varið til að hjálpa fátækum, ekkjum og munaðarleysingjum eða til gagnlegs starfs í þágu almennings. Hafi hinn látni enga erfingja, þá ganga allar eigur hans til ríkissjóðs.

Ekkert í lögum Bahá'u'lláh aftrar manni frá því að ánafna einstaklingi allar eigur sínar, ef hann sjáfur vill það, en bahá'íar munu vitaskuld hneigjast til þess, er þeir gera erfðaskrár sínar, að fylgja þeim reglum, sem Bahá'u'lláh hefur sett varðandi eignir, sem ekki er ráðstafað í erfðaskrá, og tryggja dreifingu eignanna milli allmargra erfingja.

Jafnrétti karla og kvenna

Ein þeirra félagslegu meginreglna, sem Bahá'u'lláh leggur mikla áherslu á, er að litið skuli á konur sem jafningja karlmanna og þær njóti sömu réttinda, sömu menntunar og fái sömu tækifæri.

Hið mikla tæki, sem hann treystir á að koma muni í kring þessum jöfnuði er allsherjar skyldunám. Stúlkur eiga að fá jafngóða menntun og drengir. Raunar er menntun stúlkna mikilvægari en menntun drengja, því að þegar fram líða stundir munu þessar stúlkur verða mæður, og í því hlutverki verða þær fyrstu kennarar næstu kynslóðar. Börn eru eins og grænar og viðkvæmar greinar; sé frumuppeldið rétt, vaxa þær beinar; sé það rangt, verða þær kræklóttar; og áhrif uppeldisins fyrstu árin endast til æviloka. Hve áriðandi er þá ekki, að stúlkur hljóti gott og viturlegt uppeldi!

Á ferðum sínum um Vesturlönd, fékk 'Abdu'l-Bahá mörg tækifæri til að útskýra bahá'í kenningarnar um þessi efni. Á fundi Kvenfrelsisshreyfingarinnar í Lundúnum í janúar 1913, sagði hann:

„Mannkynið er eins og fugl með sína tvo vængi – annar er karlmaðurinn, hinn er konan. Fuglinn getur ekki tekið flugið upp til himins nema báðir vængirnir séu sterkir og knúnir af sameiginlegu afli. Konurnar verða, í samræmi við anda þessara tíma, að þróast og uppfylla hlutverk sitt á öllum sviðum lífsins og verða jafningjar karlmanna. Þær verða að vera á sama sviði og þeir og njóta sömu réttinda. Þetta er ein af undirstöðu-reglum Bahá'u'lláh og innileg bæn mín.

Sumir vísindamenn hafa haldið því fram, að heilar karlmanna vegi meira en heilar kvenna, og segja, að þetta sanni

yfirburði karlmannsins. En þegar við lítum í kringum okkur, sjáum við höfuðsmátt fólk, sem hlýtur að hafa léttvæga heila en hefur afburða vitsmuni og afburða skilning. Við sjáum aðra, sem eru höfuðstórir og hljóta að hafa þungvæga heila en eru samt fávísir. Þess vegna er þyngd og stærð heilans enginn sannur mælikvarði á gáfur eða yfirburði.

Þegar karlmenn staðhæfa, sem frekari sönnun fyrir yfirburðum sínum, að konur hafi ekki unnið jafn mörg afrek og karlar, eru röksemdir þeirra veigalitlar og engin hliðsjón höfð af sögunni. Ef þeir kynnu betri skil á sögunni, mundu þeir vita, að miklar konur hafa lifað og unnici mikil afrek á umliðnum öldum, og að margar slíkar konur eru uppi nú á dögum. sem vinna mikil og merk störf.“

‘Abdu’l-Bahá lýsti síðan afrekum Zenobíu og annarra mikilla kvenna fortíðarinnar og hyllti að lokum hina hugdjörfu Maríu Magðalenu, sem var stöðug í trú sinni, þegar postularnir voru yfirbugaðir af efasemdum. Hann sagði enn fremur:

„Meðal kvenna á okkar eigin tímum má nefna Qurratu’l-Ayn, dóttur prests, sem játaði islam. Þegar Bábin kom fram sýndi hún slíkt framúrskarandi hugrekki og kraft, að allir sem á hana hlýddu urðu furðu lostnir. Hún varpaði blæjunni, þrátt fyrir að persneskar konur höfðu borið hana frá ómunatíð, og þótt það væri talið brot á kurteisiseglum, að konur ávörpuðu karla, átti þessi kvenhetja rökræður við mestu lærdómsmennina og bar ætíð af þeim sigurorð. Persneska stjórnin lét handtaka hana; hún var grýtt á strætunum, bannsungin, hrakin í útleð frá einni borg til annarrar, hótad lífláti, en hún brást aldrei þeim ásetningi sínum að vinna að frelsi kynsystra sinna. Hún þoldi ofsóknir og þjáningar af miklum hetjuskap; jafnvel í fangelsinu sneri hún mönnum til sinnar eigin trúar. Er hún var fangi í húsi eins ráðherrans í Persíu, sagði hún við hann: „Þú getur líflátið mig, hvenær sem þér sýnist, en þú getur ekki stöðvað framsókn kvenna.“ Loks var endir bundinn á harmþrungið líf hennar; hún var færð inn í garð og kyrkt. Samt klæddist hún sínum fegursta búningi, eins og hún væri að fara í brúðkaup. Með slíku veglyndi og hugdirfð gaf hún líf sitt og snart alla og hreif, er sáu

hana. Hún var vissulega mikil hetja. Nú á dögum eru konur meðal bahá'ía í Persíu, sem einnig sýna óbilandi kjark og gæddar eru miklu skáldlegu innsæi. Þær eru mælskar í besta lagi og halda ræður fyrir fjölda tilheyrenda.

Konur verða að sækja fram; þær verða að auka þekkingu sína á vísindum, bókmenntum og sögu til fullkominunar mannkyninu. Áður en langt um líður munu þær ná rétti sínum. Karlmenntu sjá konur í fullri alvöru og virðuleik, bætandi stjórn málin og félagslífið, andstæðar stríðsrekstri; konur, sem krefjast frelsis og jafnréttis. Ég vænti þess að sjá yður sækja fram á öllum sviðum lífsins; þá munu enni yðar verða krýnd djásni eilífrar dýrðar.“

Konurnar og nýi tíminn

Þegar sjónarmiðum kvenna er tilhlýðilegur gaumur gefinn og vilji þeirra tjáir sig með eðlilegu móti í þjóðfélagsmálum, getum við búist við mikilli framför í málum, sem vanrækt hafa verið með hörmulegum afleiðingum í hinu gamla stjórnarfari karlmannanna – málum eins og heilsu, hófsemi, friði og virðingu fyrir lífi einstaklingsins. Umbætur á þessum sviðum munu hafa mjög víðtækar og blessunarríkar afleiðingar. ‘Abdu’l-Bahá segir:

„Á liðnum öldum hefur heiminum verið stjórnað með afli, og maðurinn hefur drottnað yfir konunni í krafti óbilgjarnari eiginleika sinna og árásarhneigðar, bæði andlegrar og líkamlegrar. En metaskálarnar eru að færast til nú þegar; valdbeitingin má sín minna en áður, og hugræn árvekni, innsæi og hinar andlegu eigindir ástar og þjónustu, sem eru hinar sterku hliðar konunnar, eru að ná yfirráðum. Þannig mótast nýi tíminn minna af eigindum karlmannsins en meira af kvenlegum hugsjónum, eða réttara sagt, þetta verður sá tími, þegar meira jafnvægi kemst á milli karllegra og kvenlegra þátta siðmenningarinnar.“ – (*Star of the West*, VIII. bindi, nr. 3, bls. 4.).

Ofbeldi úr sögunni

Bahá'u'lláh ræður fylgjendum sínum til að forðast allt ofbeldi, hvort sem um er að ræða aukin réttindi kvenna eða

önnur mál. Ágætt dæmi um hvernig aðferðum bahá'íar beita við þjóðfélagslegar umbætur er fordæmi bahá'í kvenna í Persíu, Egyptalandi og Sýrlandi. Í þessum löndum er það siðvenja, að konur, sem játa islam, beri blæjur fyrir andlitinu utan heimilanna¹. Bábin gaf það í skyn að í hinni nýju ráðsályktun mundi þessari þreytandi kvöð verða létt af konum, en Bahá'u'lláh ráðleggur fylgjendum sínum, þar sem það brýtur ekki í bága við siðgæðisreglur, að fara eftir viðteknum venjum, uns fólkid verður upplýst, fremur en hneyksla þá, sem þeir lifa á meðal, og vekja þarf lausa andúð. Þótt bahá'í konur geri sér fulla grein fyrir því, að sú úrelta venja, að bera blæju, er bæði óþörf og óþægileg, þá leggja þær á sig þessi óþægindi fremur en vekja ofstækisfullt hatur og heftuga andstöðu með því að ganga bløjulausar á götum úti. Þessi undirgefni við siðvenju orsakast ekki af ótta heldur óhagganlegu trausti á mætti uppfræðslunnar, og ummyndandi og lífgefandi áhrifum sannra trúarbragða. Bahá'íar í þessum löndum beina orku sinni að menntun barna sinna, sérstaklega stúlkanna, og að útbreiðslu bahá'í hugsjóna, fullvissir þess að þegar nýtt andlegt líf vex og breiðist út meðal fólksins, mun úreltum venjum og hleypidómum verða varpað fyrir róða smám saman, jafn eðlilega og óhjákvæmilega og hýðið á brúminu fellur á vorin, þegar laufin og blómin taka að vaxa í sólskininu.

Menntun

Menntun – uppfræðsla og leiðsögn manna, þroski og þjálfun meðfæddra hæfileika þeirra – hefur verið æðsta markmið allra hinna heilögu spámanna frá upphafi heimsins og í bahá'í kenningunum er grundvallarþýðing menntunar og ótakmarkaðir möguleikar hennar ótvírætt kunngerðir. Kennarinn er áhrifamesti þáttur siðmenningarinnar, og starf

1 Þessi siður hefur smám saman verið aflagður í Miðausturlöndum og sýnir það forsjálni þeirra aðferða, sem hér er lýst. Bahá'í konur þurfa ekki lengur að bera blæju í þessum löndum.

hans hið æðsta, sem menn geta sóst eftir. Uppfræðslan hefst í móðurkviði og henni lýkur aldrei fremur en lífi einstaklingsins. Hún er eilíf forsenda rétttra lifnaðarhátta og undirstaða velferðar einstaklingsins og þjóðfélagsins. Þegar rétt uppfærðsla verður almenn, mun mannkynið ummyndast og heimurinn verða að paradís.

Nú á tímum er sannmenntaður maður sjaldgæfastur allra fyrirbæra, því að nær allir eru haldnir hleypidómum, hafa rangsnúnar hugsjónir og hugmyndir og er innrætt slæmir siðir frá barnæsku. Hve fáum er kennt í frumbersku að elska Guð af öllu hjarta sínu og helga honum líf sitt; að líta á þjónustu við mannkynið sem æðsta markmið lífsins; að þroska með sér krafta sína til hagsbóta fyrir alla menn! Þó eru þetta vissulega höfuðatriði góðrar menntunar. Það eitt að fylla minnið staðreyndum um reikning, málfræði, landafræði, tungumál o.s.frv., hefur lítil áhrif í þá átt að göfga mannlífið og gera það nýtsamt.

Bahá'u'lláh segir, að menntun verði að ná til allra:

„Það er ákvarðað, að sérhver faðir skuli mennta syni sína og dætur í lestri og skrift og ennfremur því, sem ákvarðað hefur verið í töflunum. Vanræki einhver það, sem boðið hefur verið (í þessu máli), þá er það skylda meðlima Húss réttvísinnar, að krefja hann þeirrar upphæðar, sem þarf til að mennta börn hans, sé hann auðugur; að öðrum kosti (þ.e. ef foreldrið getur það ekki) verciur Hús réttvísinnar að taka málið í sínar hendur. Sannlega höfum vér gert það (Hús réttvísinnar) að hæli fyrir hina snauðu og þurfandi.

Sá, sem uppfærðir son sinn eða börn annarra, það er sem hann hafi menntað eitt af mínum börnum. — (Tablet of Ishráqát).

Menn og konur verða að fela hluta þess, sem þau afla sér með verslun, akuryrkju eða öðrum viðskiptum, umsjá heiðvirkðrar persónu og það skyldi nota til menntunar og uppfærðslu barnanna. Þessi sjóður verður að ganga til menntunar barnanna undir ráðgjöf meðlima Húss réttvísinnar.“ — (Tablet of the World).

Meðfæddur eðlismunur

Samkvæmt bahá'í kenningunum er barnseðlið ekki eins og vax, sem kennarinn getur mótað á ýmsa vegu eftir geðþótta sínum. Því fer fjarri; hver maður hefur frá upphafi sín eigin skapgerðar- og einstaklingseinkenni, sem Guð hefur gefið honum, og aðeins með sérstökum hætti er hægt að þroska til besta vegar; og sá háttur er einstæður í sérhverju tilviki. Engir tveir menn hafa nákvæmlega sömu hæfileika og gáfur, og hinn sanni fræðari reynir aldrei að steypa tvo einstaklinga í sama mót. Raunar mun hann aldrei reyna að steypa neitt eðli í nokkurt mót. Hann mun öllu fremur með lotningu hlúa að vaxandi eiginleikum hins unga einstaklings, hvetja hann og vernda, veita honum þá næringu og aðstoð, sem hann þarf á að halda. Starf hans er áþekkt starfi garðyrkjumannsins, sem annast ólíkar jurtir. Ein jurtin þráir hlýtt sólskinið, önnur svalan skugga; ein þrífst best á vatnsbakknum, önnur á þurru þúfukolli; ein nýtur sín best í sendnum jarðvegi, önnur í gljúpri gróðurmold. Sérhver verður að fá þörfum sínum réttilega fullnægt, að öðrum kosti kemur fullkomnun þeirra aldrei í ljós. 'Abdu'l-Bahá segir:

„Spámennirnir staðfesta, að menntun hafi mikil áhrif á mannkynið, en kunngera, að hugir mannanna og skilningur séu; í upphafi mismunandi. Við sjáum, að tiltekinn hópur barna á sama aldri, af sama þjóðerni og kynþætti, jafnvel úr sömu fjölskyldu og undir leiðsögn sama kennara, eru ólík í hugsun og skilningi. Það skiptir engu hversu skelin er fægð, hún verður aldrei að tindrandi perlu. Svartur steinninn verður ekki að gimsteini, sem upplýsir veröldina. Hversu mjög sem hlúð er að þyrnirunnum, verður hann aldrei að hinu blessaða tré. Með öðrum orðum, þjálfun breytir ekki innsta eðli hins mannlega gimsteins, en hún hefur dásamleg áhrif á hann. Þessi gagnvirku áhrif munu vekja alla þá eiginleika og þær dyggðir, sem blunda í veruleika (sálu) mannsins.“ – (Tablets of 'Abdu'l-Bahá, III. bindi, bls. 577).

Skapgerðarþjálfun

Þýðingarmesta atriði uppfræðslunnar er skapgerðarþjálfunin. Hvað hana snertir er fordæmið áhrifameira en forskriftin, og líf og skapgerðareigindir foreldra barnanna kennara þess og kunningja hafa úrslitaþýðingu.

Spámenn Guðs eru hinir miklu fræðarar mannkynsins, og segja á börnunum frá lífi þeirra og ráðleggingum strax og barnshugurinn fær skilning á þeim. Mikilvægust alls eru orð hins æðsta fræðara, Bahá'u'lláh, sem opinberar þær grundvallarreglur, sem byggja verður á siðmenningu framtíðarinnar. Hann segir:

„Kennið börnum yðar það, sem penni dýrðarinnar hefur opinberað. Fræðið þau um það, sem stigið hefur niður frá himni valds og mikilleika. Látið þau læra töflur Hins miskunnsama og syngja þær hljómpýðum röddum í salarkynnum Mashriqu'l-Adhkár.“ – (Star of the West, IX. bindi, nr. 7, bls. 81).

Listir, vísindi, iðnir

Þjálfun í listum, vísindum, iðnum og nytsömum starfsgreinum er talin jafn mikilvæg og nauðsynleg. Bahá'u'lláh segir:

„Þekkingin er líkt og vængir fyrir verund (mannsins) og stigi fyrir uppgöngu hans. Öllum ber skylda til að afla sér þekkingar á þeim vísindum, sem efla munu hagsmuni þjóða jarðarinnar, en ekki á þeim vísindum, sem byrja á einberum orðum og enda á einberum orðum. Þeir, sem skil kunna á vísindum og listum, hafa mikinn rétt meðal þjóða heimsins. Að sönnu er hinn raunverulegi fjársjóður mannsins fólgin í þekkingu hans. Þekking er leiðin til heiðurs, velmegunar, fögnuðar, gleði, hamingju og lofsöngs.“ (Tablet of Tajallíyát).

Meðferð sakamanna

‘Abdu'l-Bahá fór eftirfarandi orðum um rétta meðferð sakamanna:

„Mikilvægast alls er, að mennirnir fái slíka uppfræðslu, að engir glæpir verði framdir . . . þannig að sjálfur glæpurinn verði mesta refsingin, hræðilegasta kvölin og fordæmingin. Þannig mundu engir glæpir, sem útheimta refsingu, verða framdir.

Ef einhver kúgar, særir eða beitir annan rangindum, og hann borgar í sömu mynt, þá er það hefnd og þar af leiðandi ámælisvert . . . Ef 'Amru svívirðir Zaid, hefur hinn síðarnefndi engan rétt til að svívirða 'Amru; geri hann það, er um hefnd að ræða og hún er mjög vítaverð. Nei, hann verður öllu fremur að launa illt með góðu og ekki aðeins fyrirgefa, heldur einnig, ef mögulegt er, inna af hendi þjónustu við kúgara sinn. Þessi hegðun er mannum verðug, því að hver er ávinningur hans af hefndinni? Enginn munur er á þessum iveimur gerðum; sé önnur ámælisverð, þá eru báðar ámælisverðar. Eini munurinn er sá, að annað gerðist fyrst og hitt síðar.

En samfélagið hefur rétt til sjálfsvarnar; auk þess hatar samfélagið ekki morðingjann eða sýnir honum fjandskap; það fangelskar hann eða refsar honum einungis sakir verndar og öryggis annarra.

Er Kristur sagði: „Slái einhver þig á hægri kinn þína, þá snú þú einnig hinni að honum,“ þá vakti ekki fyrir honum að kenna mönnum að hefna sín persónulega. Hann átti ekki við það, að ef úlfur réðist á sauðahjörð, þá skyldi hann hvattur til þess. Nei, ef Kristur hefði vitað, að úlfurinn væri kominn í hjörðina og væri í þann veginn að eyða sauðunum, þá hefði hann vissulega komið í veg fyrir það.

Uppbygging samfélaganna er háð réttlæti . . . Það sem Kristur átti við með fyrirgefningu er því ekki það, að þegar þjóðir ráðast gegn yður, brenna heimili yðar, ræna eigum yðar, misþyrma konum yðar, börnum og ættingjum og svívirða heiður yðar, þá eigið þér að vera auðsveipir í návist kúgaranna og leyfa þeim að fremja öll sín grimmdarverk og illdæði. Nei, orð Krists eiga við framferði tveggja einstaklinga, hvors við annan. Ráðist einn maður gegn öðrum, á sá, sem fyrir árásinni verður, að fyrirgefa honum. En samfélagið verður að vernda rétt mannsins . . . Enn er eitt ósagt: nótt sem nýtan dag eru samfélögin önnur kafin við að setja refsilög og undirbúa og skipuleggja leiðir og aðferðir til refsingar. Þau reisa fangelsi, smíða keðjur og fjötra, finna staði til að senda menn í útlegð og upphugsa

hverskyns þrengingar og pyntingar, og telja að með þessum ráðum takist að aga sakamenn; en í rauninni eru þau að grafa undan siðgæði þeirra og skrumskæla skapgerð þeirra. Samfélagið ætti, þvert á móti, nótt sem nýtan dag, að reyna til hins ýtrasta og beina öllum kröftum sínum að því að auka uppfræðslu manna, gera þeim kleift að þroskast og bæta við þekkingu sína, öðlast dyggðir, góða siðu og forðast lesti, svo að glæpir hverfi úr sögunni.“ (Some Answered Questions, bls. 250–253.)

Áhrif blaðanna

Bahá'u'lláh staðfestir ótvírætt það mikilvæga hlutverk, sem blöðin gegna í útbreiðslu þekkingar og uppfræðslu manna, og áhrif þeirra sem siðmenntandi afls, þegar þeim er réttilega beitt. Hann ritar:

„Á þessum dögum eru leyndardómar þessarar jarðar afhjúpaðir og gerðir sýnilegir augunum, og siður hinna hraðfleygu dagblaða eru að sönnu spegill heimsins; þau sýna gerðir og framkvæmdir hinna ýmsu þjóða; þau lýsa þeim í myndum og gera þær heyrinkunnar. Dagblöðin eru eins og spegill, sem gæddur er heyrn, sjón og máli; þau eru dásamlegt fyrirbæri og mikilvert málefni.

En það sæmir höfundum þeirra og ritstjórum, að helga sig frá fordómum, eigingirni og ástríðu og skrýðast skarti sanngirni og réttlætis. Þeir verða að grennslast fyrir um málin, að svo miklu leyti sem það er unnt, svo að þeir kunni skil á hinum raunverulegu staðreyndum og færi þær í letur. Hvað snertir þennan rangtleikna (Bahá'u'lláh), er það, sem blöðin hafa birt, að mestu leyti fjarri öllum sanni.

Gott tal og sannsögli eru, hvað snertir upphafning stöðu sinnar og tignar, eins og sólin, sem runnið hefur upp frá sjónhring þekkingarhimins.“ – (Tablet of Tarázát.)

Leiðin til friðar

„Þessi þjónn hefur vissulega komið á þessum dögum til þess að endurlífga heiminn og sameina alla þá, sem dvelja á yfirborði jarðarinnar. Vilji Guðs mun ná fram að ganga og þú munt sjá jörðina verða að aldyrlegri paradís.“ – Bahá'u'lláh (Tablet to Ra'ís).

Sundrung gegn samstillingu

Síðustu hundrað árin hafa vísindamenn lagt geysimikla stund á rannsóknir á lífsbaráttu jurta og dýra, og andspænis ráðgátum þjóðfélagslífsins hafa margir leitað leiðsagnar í þeim meginreglum, sem taldar eru gilda í óæðri ríkjum náttúrunnar. Þeir hafa með þessu móti komist að þeirri niðurstöðu, að samkeppni og deilur séu lífinu nauðsyn, og miskunnarlaus útrýming veikburða meðlima samfélagsins sé lögmæt og jafnvel nauðsynleg leið til að bæta kynstofninn. Bahá'u'lláh segir okkur, hins vegar, að ef við æskjum meiri þroska, verðum við að beina augliti okkar fram á við og upp á við, ekki um öxl til dýraríkisins, og gera spámennina, en ekki skynlausar skepnurnar, að leiðsögumönnum okkar. Meginreglur einingar, samstillingar og samhygðar, eins og spámennirnir hafa kennt okkur þær, eru í fullkominni andstöðu við þau lögmál, sem stjórna baráttu dýrsins fyrir lífi

sínu, og við verðum að velja hér á milli, því þetta tvennt er ekki hægt að sætta. 'Abdu'l-Bahá segir:

„Í ríki náttúrunnar er baráttan fyrir tilverunni allsráðandi – og afleiðingin er sú, að hinn hæfasti heldur velli. Þetta lögmál náttúruvalsins er undirrót allra erfiðleika. Það er orsök styrjalda og deilna, haturs og fjandskapar milli mannanna. Í heimi náttúrunnar er harðstjórn, eigingirni, árásarhneigð, hroki, skeyt-ingarleysi um rétt annarra og aðrir ámælisverðir eiginleikar, sem eru lestir dýraríkisins. Því er það, að meðan þarfir náttúrunnar skipta meginmáli meðal mannanna barna, er velgengni og velmegun óhugsandi. Náttúran er herská, náttúran er blóðþyrst, náttúran er harðúðug, því að *náttúran er sér ómeðvitandi um almáttugan Guð*. Þess vegna eru þessir grimmu eiginleikar eðlilegir dýraríkinu.

Því hefur Drottinn mannkynsins, af mikilli ást sinni og miskunn, leitt fram spámennina og opinberað hinar heilögu bækur, svo að mannkynið megi frelsast frá spillingu náttúrunnar og myrkri fáfræðinnar með atbeina himneskrar uppfræðslu, og fá staðfestu í fullkomnum dyggðum og andlegum eiginleikum og verða uppspretta miskunnsamra tilfinninga . . .

Því er verr – hundrað þúsund sinnum! – að þjóðirnar eru enn haldnar fávíslegum hleypidómum hver gegn annarri, meginreglur þeirra eru andstæðar og misklíðarefnin óeðlileg. Þannig er fjötur lagður á hina almennu framþróun. Þessi afturför stafar af því, að horfið hefur verið með öllu frá meginreglum himneskrar siðmenningar og kenningar spámannanna hafa gleymst.“ – (Star of the West, VIII. bindi, bls. 15.)

Hinn mesti friður

Á öllum öldum hafa spámenn Guðs sagt fyrir um komu þess tíma, er friður muni ríkja á jörðu og kærleikur meðal manna. Við höfum nú þegar heyrt Bahá'u'lláh staðfesta þessa spádóma á hinn ótvíræðasta og áhrifamesta hátt og kunngera, að uppfylling þeirra sé í nánd. 'Abdu'l-Bahá segir:

Á þessu undursamlega tímabili mun jörðin ummyndast og mannkynið íklæðast skráða friðar og fegurðar. Í stað ágreinings,

deilna og morða mun koma friður, sannleikur og samstilling; meðal þjóða, kynþátta og landa verður ást og vinátta. Samvinna og eining verður byggð á traustum grunni, og að lokum munu stýrjaldir hverfa algerlega úr sögunni . . . Allsherjarfriður mun slá upp tjaldbúd sinni á jörðunni miðri og hið blessaða tré lífsins mun vaxa, uns það yfirskeyggir austrið og vestrið. Sterkir og veikburða, ríkir og fátækir, fjandsamlegir sértrúarflokkar og óvinveittar þjóðir, sem eru eins og úlfurinn og lambið, hlébarðinn og kiðið, ljónið og kálfurinn, munu breyta hver gegn öðrum af fullkominni ást, vináttu, réttlæti og sanngirni. Vísindin munu fylla jörðina ásamt þekkingu á ráðgátum tilverunnar og þekkingu á Guði.“ – (Some Answered Questions, bls. 59–60.)

Trúarfordómar

Til þess að gera okkur skýra grein fyrir því hvernig grundvalla má hinn mesta frið, skulum við fyrst athuga meginorsakir stýrjalda í fortíðinni og sjá hvernig Bahá'u'lláh vill að þessi vandamál séu leyst.

Trúarfordómar hafa verið ein veigamesta orsök stýrjalda. Hvað þetta varðar sýna bahá'í kenningarnar skýrt fram á, að fjandskapur og deilur milli fylgjenda hinna ýmsu trúarbragða og sértrúarhópa eru ekki sök sannra trúarbragða, heldur stafar af skorti á þeim, þ.e. þegar fordómar, eftirlíkingar og mistúlkanir hafa komið í þeirra stað.

‘Abdu’l-Bahá sagði í einu þeirra ávarpa, er hann flutti í París:

„Trúarbrögðin eiga að sameina öll hjörtu og þurrka út stríð og misklið af yfirborði jarðarinnar; þau eiga að fæða af sér andlegleika og færa sérhverju hjarta líf og ljós. Ef trúarbrögðin verða orsök andúðar, haturs og sundrungar, þá er betra að vera án þeirra, og að hverfa frá slíkum trúarbrögðum bæri vott um sanna trú. Því að það er augljóst, að tilgangur meðalsins er að græða, en ef meðalið einungis vinnur gegn batanum, þá er betra að taka það ekki. Öll trúarbrögð, sem ekki stuðla að ást og einingu, eru ekki trúarbrögð.“ – (Paris Talks, bls. 130.)

Enn segir hann:

„Frá því sögur hófust og allt til vorra tíma hafa hin ýmsu trúarbrögð heimsins bannsungid hvert annað og sakað um fals . . . Þau hafa forðast hvert annað á hinn einstrengingslegasta hátt, sýnt gagnkvæma óvild og heift. Hugleiðum sögu trúarbragðastyrjaldanna . . . Ein hin mesta þeirra, krossferðirnar, stóð í u.þ.b. tvö hundruð ár . . . Stundum voru krossfararnir sigursælir; þeir drápu, rændu og tóku moslema höndum; stundum sigruðu moslemarnir, tvístruðu innrásarmönnum og úthelltu blóði þeirra.

Þannig héldu þeir áfram í tvær aldir, ýmist börðust þeir í heift eða drógu sig lé magna í hlé, þangað til heittrúarmennirnir frá Evrópu hurfu frá Austurlöndum og skildu eftir sig auðn og eyðileggingu, en þegar heim kom var uppreisn og glundroði í löndum þeirra . . . Samt var þetta aðeins ein hinna „heilögu styrjalda“.

Trúarbragðastríð hafa verið mörg. Níu hundruð þúsund píslarvottar fyrir málstað mótmælenda var afraksturinn af misklíð og ágreiningi þessa sértrúarhóps við kaþólikka . . . Hversu margir vesluðust upp í fangelsum! Hve miskunnarlaus var ekki meðferð fanganna! Allt í nafni trúarinnar!

Kristnir menn og moslemar litu á gyðinga sem bandamenn Satans og fjandmenn Guðs. Þess vegna formæltu þeir þeim og ofsóttu þá. Mikill fjöldi gyðinga var myrtur, hús þeirra brennd og rænd, börn þeirra flutt burt í ánaud. Gyðingar litu að sínu leyti á kristna menn sem trúvillinga og moslema sem óvini og yfirtroðslumenn laga Móse; þess vegna kölluðu þeir hefnd yfir þá og biðja þeim óbæna allt til þessa dags.

Þegar ljós Bahá'u'lláh rann upp í austrinu, kunngerði hann fyrirheitið um einingu mannkynsins. Hann ávarpaði mannkynið allt og sagði: „Þér eruð allir ávextir eins trés. Trén eru ekki tvö, annað tré himneskrar miskunnar, hitt tré Satans . . .“ Þess vegna verðum við að sýna hvert öðru hina mestu ást. Við megum ekki líta á neina þjóð sem þjóð Satans, heldur eigum við að líta á alla menn sem þjóna eins Guðs. Í mesta lagi er því þannig varið: sumir vita ekki, þeim verður að leiðbeina og þjálf. . . . Sumir eru fáfróðir, þeim verður að kenna. Sumir eru eins og börn, þeim verður að hjálpa til þroska. Sumir eru sjúkir, siðgæðisástand þeirra er slæmt, þá verður að annast uns siðir þeirra verða hreinir. En það á ekki að hata sjúklinginn vegna þess að

hann er sjúkur, ekki sniðganga barnið vegna þess að það er barn, ekki fyrirlíta hinn fáfróða vegna þess að hann skortir þekkingu. Þá verður alla að annast, uppfræða, þjálf og aðstoða í ást. Allt verður að gera til þess að allt mannkynið megi lifa fullkomlega óhult í skjóli Guðs og fái notið hinnar æðstu hamingju.“ – (Star of the West, VIII. bindi, bls. 76).

Kynþátta- og þjóðernisfordómar

Kenning bahá'í trúarinnar um einingu mannkynsins heggur á rætur annarrar stríðsorsakar, það er að segja kynþáttafordóma. Vissir kynþættir hafa talið sér trú um að þeir séu öðrum æðri og hafa gengið að því vísu, á grundvelli náttúruvalsins, að þessir yfirburðir gefi þeim rétt til að arðræna eða jafnvel útrýma veikari kynþáttum. Margar dökkustu síðurnar í annálum heimsins eru dæmi um miskunnarlausu beitingu þessarar meginreglu. Samkvæmt bahá'í kenningunum eru allir einstaklingar af öllum kynþáttum jafnir fyrir augliti Guðs. Allir hafa dásamlega meðfædda eiginleika, sem aðeins þurfa á rétttri umönnun að halda til að þroskast, og allir geta gegnt hlutverki, sem auðgar og uppfyllir líf allra annarra einstaklinga í mannkynsheildinni, í stað þess að gera það tómlegra og snauðara. 'Abdu'l-Bahá segir:

„Varðandi kynþáttafordóma: þetta er blekking, hrein og skær hégilja, því að Guð skapaði okkur öll af einum kynþætti . . . Einnig voru í upphafi engin mörk eða landamæri milli hinna ýmsu landa; engin ein þjóð átti meira í einhverjum hluta jarðarinnar en önnur þjóð. Fyrir augliti Guðs er enginn munur á hinum ýmsu kynþáttum. Hvers vegna skyldi maðurinn finna upp á slíkri bábilju? Hvernig getum við stutt styrjöld, sem orsakast af slíkri blekkingu? Guð hefur ekki skapað mennina til þess að þeir skyldu tortíma hverjir öðrum. Allir kynþættir, kynkvísir, hópar og stéttir eiga jafna hlutdeild í gjöfum síns himneska Föður.

Eini raunverulegi munurinn felst í stigi hollustu og hlýðni við lög Guðs. Til eru þeir, sem eru eins og brennandi kyndlar; aðrir skína eins og stjörnur á himni mannkynsins.

Þeir, sem elska mannkynið, eru æðstir allra, hvert svo sem þjóðerni þeirra, uppruni eða litarháttur kann að vera.“ – (Paris Talks, bls. 148–149).

Jafn skaðlegir og kynþáttafordómar eru stjórnmála- eða þjóðernisfordómar. Sá tími er nú upp runninn, þegar þröngsýn þjóðernishyggja ætti að breytast í þess konar ættjarðarást, sem gerir veröldina alla að ættjörð sinni. Bahá'u'lláh segir:

„Til forna var kunngert: „Ást til föðurlandsins er hluti af trú Guðs.“ Tunga tignarinnar hefur . . . á degi birtingar sinnar kunngert: „Þess er ekki að miklast, sem elskar ættjörð sína, heldur þess, sem elskar heiminn.“ Með fulltingi þess krafts, sem þessi háleitu orð hafa leyst úr læðingi, hefur hann léð fuglum mannshjartnanna nýjan kraft og gefið þeim nýja stefnu, og hefur afmáð sérhvern vott hindrana og takmarkana úr heilagri bók Guðs.“ – (Tablet of the World.)

Landamæraþrætur

Mörg eru þau stríð, sem háð hafa verið út af landspildum, sem tvær eða fleiri þjóðir hafa ásælst. Ágirnd hefur verið jafn frjó uppspretta sundurlyndis meðal þjóða og meðal einstaklinga. Samkvæmt bahá'í kenningunum tilheyrir landið að réttu lagi ekki einstaklingum eða einstökum þjóðum heldur mannkyninu í heild; nei, öllu fremur tilheyrir það Guði einum og mennirnir eru aðeins leiguliðar.

‘Abdu’l-Bahá sagði viðvíkjandi orrustunni við Benghazi:

„Fréttirnar um orrustuna við Benghazi hryggja hjarta mitt. Mig furðar á þeirri villimennsku, sem enn fyrirfinnst í heiminum: Hvernig er mönnunum mögulegt að berjast frá morgni til kvölds, myrða hvern annan, úthella blóði meðbræðra sinna; og til hvers? Til þess að eignast skika af jörðunni! Jafnvel dýrin, er þau berjast, hafa brýnni og skynsamlegri ástæðu fyrir árásum sínum. Hversu hræðilegt er það ekki, að menn, sem tilheyra hinu æðra ríki, skuli lúta svo lágt að drepa og valda meðbræðr-

um sínum hörmungum út af landspildu – hinar hæstu skapaðra vera berjast til að eignast lægsta form efnisins, jörðina!

Landið tilheyrir ekki einni þjóð, heldur öllum þjóðum. Þessi jörð er ekki heimili mannsins, heldur gróf hans . . .

Hversu mikill sem sigurvegarinn er, hversu margar þjóðir sem hann leggur í ánað, getur hann aðeins haldið eftir litlum bletti af hinu eydda landi – grafreit sínum.

Sé þörf á meira landi til að bæta aðstæður þjóðarinnar og útbreiða siðmenninguna . . . þá væri vissulega hægt að afla hins nauðsynlega lands með friðsamlegum hætti. En stýrjaldir eru háðar til að fullnægja metnaðargirnd manna. Til þess að fáeinir menn hljóti veraldlegan ávinning er ótölulegum fjölda heimila steypt í hræðilega ógæfu og hundruðum manna og kvenna valdið ómældri sorg . . .

Eg áminni yður um að einbeita öllum hugsunum hjartna yðar að ást og einingu. Þegar hugsun um stríð lætur á sér bæra, andæfið henni með sterkari hugsun um frið. Hatursfullri hugsun verður að eyða með ennþá máttugri kærleikshugsun . . . Þegar stríðsmenn heimsins draga sverð sín úr slíðrum til að drepa, taka hermenn Guðs hvers í annars hendur. Þannig getur öll villimennska mannanna vikið fyrir miskunn Guðs, sem starfar í hinum hrein hjörtuðu og sálum hinna einlægu. Haldið ekki, að heimsfriður sé hugsjón, sem aldrei verði að veruleika. Ekkert er gæskuríkum Guði um megn. Ef þér af öllu hjarta yðar óskið vináttu við alla kynþætti jarðarinnar, mun hugsun yðar, andleg og jákvæð, breiðast út; aðrir munu gera hana að sinni og hún mun sífellt vaxa að styrkleika, uns hún hefur náð til huga allra manna.“ – (Paris Talks, bls. 28–30).

Alþjóðatungumál

Er við nú höfum litið á meginástæður stýrjalda og hvernig koma má í veg fyrir þær, getum við hugað að vissum uppbyggilegum tillögum Bahá'u'lláh, sem lúta að stofnun hins mesta friðar.

Hin fyrsta fjallar um upptöku alþjóðatungumáls. Bahá'u'lláh ræðir um þetta efni í Kitáb-i-Aqdas og í mörgum töflum sínum. Hann segir svo í Ishráqát-töflunni:

„Hið sjötta Ishráq (ljómun) er samstilling og eining meðal manna. Með geislum einingarinnar hafa öll svæði heimsins verið upplýst á öllum tímum, og æðsta tækið til þess er skilningur á ræðu og riti hvers annars. Vér höfum áður, í pistlum vorum, boðið meðlimum Húss réttvísinnar, að velja annaðhvort eitt af tungumálum heims, eða láta gera nýtt mál, og taka með sama hætti upp sameiginlegt letur og kenna þetta börnum í öllum skólum veraldarinnar, til þess að heimurinn megi verða eins og eitt land og eitt heimili.“

Um sama leyti og Bahá'u'lláh lét heiminum fyrst í té þessa tillögu, var uppi í Póllandi drengur að nafni Ludovic Zamenhof, sem fyrirhugað var af örlögunum að hrinda þessu í framkvæmd. Frá barnæsku var hugsjón alþjóðatungumáls leiðarljósið í lífi Zamenhofs, og árangurinn af trúföstu erfiði hans var uppfinning og víðtæk upptaka tungumáls, sem nefnt var Esperanto, sem nú hefur staðið af sér prófraunir margra áratuga og hefur reynst áhrifamikill og fullnægjandi miðill alþjóðlegra samskipta. Þetta tungumál er þeim kostum búið, að hægt er að læra það á u.þ.b. tuttugu sinnum skemmri tíma en tungumál eins og ensku, frönsku eða þýsku. Í samsæti Esperantista í París í febrúar 1913, sagði 'Abdu'l-Bahá:

„Ein meginorsökin nú á dögum til ágreinings í Evrópu er fjölbreytileiki tungumálanna. Við segjum, að þessi maður sé þýskur, annar ítalskur, þvínæst hittum við Englending og síðan Frakka. Þótt þeir tilheyri sama kynþætti, er tungumálið mesta hindrunin á milli þeirra. Væri allsherjar hjálpartungumál í notkun, mundi verða litið á þá alla sem einn.

Hans heilagleiki Bahá'u'lláh ritaði um þetta alþjóðatungumál fyrir meira en fjörutíu árum. Hann segir, að á meðan alþjóðatungumál sé ekki tekið upp, muni fullkomin eining milli hinna ýmsu hluta heims ekki takast, því að við sjáum, að misskilningur kemur í veg fyrir að fólk samneyti hvert öðru, og þessi misskilningur mun ekki hverfa úr sögunni fyrr en alþjóðatungumál hefur verið tekið upp.

Þjóðir Austurlanda eru almennt ófróðar um það, sem gerist á Vesturlöndum, og Vesturlandabúar geta heldur ekki haft samniðri í skríni – alþjóðatungumál er lykillinn að því. Ef við ættum alþjóðatungumál, væri auðveldlega hægt að þýða vestrænar bækur á það mál og austrænar þjóðir gætu kynnt sér innihald þeirra. Á sama hátt væri hægt að þýða bækur Austurlandamanna á þetta mál til gagns fyrir vestrænar þjóðir. Helsta leiðin til einingar austurs og vesturs mun verða sameiginlegt tungumál. Það mun gera allan heiminn að einu heimili og verða sterkasti aflvakinn fyrir mannlega framþróun. Það mun hefja upp fána einingar mannkynsins. Það mun gera jörðina að einu allsherjar samveldi. Það mun verða orsök ástar milli mannanna barna. Það mun stuðla að samlyndi hinna ýmsu kynþátta.

Lof sé Guði, að dr. Zamenhof¹ hefur búið til Esperanto. Það hefur alla möguleika til að verða alþjóðlegur samskiptamiðill. Við verðum öll að vera honum þakklát fyrir þessa göfugu viðleitni, því að á þennan hátt hefur hann þjónað meðbræðrum sínum vel. Með óþreytandi starfi og sjálfsfórni af hálfu stuðningsmanna sinna mun Esperanto verða alþjóðamál. Þess vegna verðum við öll að læra þetta tungumál og útbreiða það, eins og hægt er, svo að það hljóti aukna viðurkenningu dag frá degi, allar þjóðir og ríkisstjórnir heims taki það upp, og það verði hluti skyldunáms í öllum opinberum skólum. Ég vona, að Esperanto verði tekið upp sem mál allra ráðstefna og þinga í framtíðinni, svo að allir menn þurfi aðeins að læra tvö tungumál sitt eigið og alþjóðatungumálið. Þá mun fullkomin eining verða grundvölluð milli allra þjóða heims. Íhugið hversu erfitt það er að hafa samskipti við hinar ýmsu þjóðir. Þótt maður læri fimmtíu tungumál, getur hann samt ferðast um eitthvert land og ekki talað tungu þess. Ég vona því, að þér munið beina allri atorku yðar að því að útbreiða þetta tungumál, Esperanto.“

Þótt þessar skírskotanir til Esperanto séu gagnorðar og uppörvandi, þá er það engu að síður staðreynd, að fram til þess tíma, er Hús réttvísinnar hefur kveðið upp úrskurð sinn á grundvelli fyrirmæla Bahá'u'lláh, er bahá'í trúin ekki

1 Það er athyglisvert, að dóttir Zamenhofs, Lydia, varð virkur bahá'í.

bundin Esperanto né neinni annarri lifandi eða tilbúinni tungu. ‘Abdu’l-Bahá sagði sjálfur:

„Sú ást og alúð, sem lögð er í Esperanto mun ekki glatast, en enginn einn maður getur búið til allsherjartungumál.“ – (‘Abdu’l-Bahá in London, bls. 95.)

Hvaða tungumál taka á upp, og hvort það verður lifandi tungumál eða tilbúið, er ákvörðun, sem þjóðir heimsins verða að taka.

Allsherjarbandalag þjóðanna¹

Önnur tillaga, sem Bahá’u’lláh setti fram oft og kröftuglega, var stofnun allsherjarbandalags þjóðanna til viðhalds alþjóðlegum friði. Í bréfi, sem hann reit Viktoríu drottningu, meðan hann var fangi í herskálunum í ‘Akká², sagði hann:

„Ó, stjórnendur jarðarinnar! Jafnið ágreining yðar, svo að þér þurfið ekki á meiri vígbúnaði að halda en þeim, sem nægir til að verja lönd yðar og landssvæði. Varist að virða að vettugi ráðgjöf hins Alvísa, hins trúfasta.

Sameinist, ó konungar jarðarinnar, því að þá mun storma sundurlyndisins lægja meðal yðar og þjóðir yðar fá hvíld, ef þér heyrið þeim til sem skilja . . . Skyldi einhver af yður grípa til vopna gegn öðrum, rísið þá allir gegn honum, því að það er eigi annað en augljóst réttlæti.“ – (The Proclamation of Bahá’u’lláh, bls. 13).

Árið 1875 sagði ‘Abdu’l-Bahá fyrir um stofnun Þjóðabandalags, sem er sérlega athyglisvert nú³ með hliðsjón af þeim ítrekuðu tilraunum, sem gerðar eru til að stofna slíkt bandalag. Hann ritaði:

1 Þessar athugasemdir eiga jafn vel við um Sameinuðu Þjóðirnar.

2 1868 til 1870.

3 Höfundurinn ritaði þennan kafla 1919–1920.

„Sönn siðmenning mun hefja upp fána sinn í hjarta veraldarinnar, þegar ákveðinn fjöldi menntaðra og göfugra þjóðhöfðingja hennar – skínandi fordæmi hollustu og einbeitni – munu í þágu velferðar alls mannkyns rísa upp til að staðfesta með einörðum hug og skýrri sýn málstað alþjóðlegs friðar. Þeir verða að taka ráð saman um málstað friðarins og reyna með öllum ráðum að stofnsetja bandalag þjóða heimsins. Þeir verða að gera með sér bindandi samning og festa með sér sáttmála, og fyrirmæli hans skulu skynsamleg, einörð og hafin yfir allan efa. Þeir verða að lýsa honum fyrir öllum heimi og fá til þess umboð alls mannkynsins. Þessi mikla og göfuga framkvæmd, sem er raunveruleg uppspretta alls friðar og velferðar í heiminum, skyldi álitin heilög af öllum þeim, sem á jörðu dvelja. Öll öfl mannkynsins skyldu virkjuð til að tryggja stöðugleika og varanleika þessa æðsta sáttmála. Í þessum alltumlykjandi samningi skyldu landamæri hverrar þjóðar skýrt afmörkuð; hann skyldi innihalda ákveðin lög, sem fjalla um samskipti ríkisstjórnanna og í honum á að ganga frá öllum alþjóðlegum samningum og skyldum. Á sama hátt skyldi takmarka strengilega vopnabúnað sérhverrar ríkisstjórnar, því ef vopnum og vígbúnaði er leyft að aukast mun það vekja grunsemdir annarra. Grundvallarregla samningsins skyldi vera sú, að ef einhver ríkisstjórn riftar einhverju ákvæði hans, muni allar aðrar ríkisstjórnir jarðarinnar rísa gegn henni og beygja hana til algjörar hlýðni; nei, allt mannkynið skyldi fastráða að eyða þeirri ríkisstjórn með öllum tiltækum ráðum. Ef þessari hinni mestu lækningu verður beitt á sjúkan líkama heimsins, mun hann vissulega verða heill af meinum sínum og verða hólpinn og óhultur að eilífu.“ – (The Secret of Divine Civilization, bls. 64–65.).

Bahá'íar sjá alvarlega ágalla á uppbyggingu Þjóðabandalagsins¹, sem gerir það óhæft til að gegna því hlutverki, sem Bahá'u'lláh kunngerði að hefði höfuðþýðingu í grundvöllun heimsfriðar.

‘Abdu’l-Bahá sagði 17. desember, 1919:

1 Þetta á einnig við um Sameinuðu þjóðirnar.

„Allsherjarfriður er nú afar mikilvægur, en eining samviskunnar er höfuðatriði, svo að grundvöllur þessa máls megi verða traustur, stofnun þess stöðug og innviðir þess sterkir . . . Þótt Þjóðabandalagið hafi verið stofnað, er því ókleift að grundvallalla sherjarfrið. En hinn æðsti dómstóll, sem hans heilagleiki Bahá'u'lláh hefur lýst, mun gegna þessu heilaga hlutverki með mestum mætti og valdi.“

Alþjóðagerðardómur

Bahá'u'lláh mælti einnig fyrir um stofnun alþjóðagerðardóms, svo að hægt væri að setja niður deilur, sem rísa upp milli þjóða, í samræmi við réttlæti og skynsemi, í stað þess að lýsa yfir styrjöld.

Í bréfi til ritara Mohonk-ráðstefnunnar um alþjóðagerðardóm, í ágúst 1911, sagði 'Abdu'l-Bahá:

„Fyrir um það bil fimmtíu árum fyrirskipaði Bahá'u'lláh fólki í bók sinni Aqdas, að stofna allsherjarfrið og kallaði allar þjóðir heims til hins himneska veisluborðs alþjóðasáttadómstóls, svo að gerðardómur rnætti skera úr ágreiningi um landamæri, þjóðarheiður, eignir og lífsnauðsynjamál þjóðanna, og að engin þjóð myndi dirfast að brjóta gegn þeim úrskurði, sem þannig væri upp kveðinn. Ef deilur verða milli tveggja þjóða verður þessi alþjóðadómur að leita sátta og fella úrskurð, eins og dómari sker úr málum tveggja einstaklinga. Ef nokkur þjóð dirfðist nokkru sinni að hafa slíkan úrskurð að engu, verða allar aðrar þjóðir að rísa upp og brjóta þessa uppreisn á bak aftur.“

Hann sagði ennfremur í einu ávarpa sinna í París, 1911 :

„Allar þjóðir og ríkisstjórnir munu setja á stofn Hæstarétt, og meðlimir hans verða kosnir frá sérhverju landi og ríkisstjórn. Meðlimir þessa mikla ráðs munu koma saman í einingu. Öllum alþjóðlegum ágreiningi skal skjóta til þessa dómstóls, og hlutverk hans verður að skera úr öllum málum, sem ella mundu leiða til styrjaldar. Hlutverk þessa dómstóls yrði að koma í veg fyrir styrjöld.“ – (Paris Talks, bls. 155.)

Alþjóðadómstóll var stofnaður í Haag árið 1900, sem starfaði stöðugt í aldarfjórðung áður en Þjóðabandalagið var sett á fót, og margir dómsúrskurðir undirritaðir, en flestir þeirra komust hvergi nálægt hinum altæku tillögum Bahá'u'lláh. Engin sáttagerð komst á milli tveggja stórvelda, þar sem öll deilumál þeirra væru tekin með. Ágreiningur, sem laut að „lífснаuðsynjamálum“, „heiðri“ og „sjálfstæði“ voru sérstaklega undanþegin. Ekki nóg með það, heldur var engin trygging fyrir því að þjóðirnar héldu ákvæði þeirra samninga, sem þær höfðu undirritað. Í bahá'í tillögunum, á hinn bóginn, eru málefni eins og landamæri, þjóðarheiður og lífснаuðsynjamál sérstaklega innifalin, og heimsbandalag þjóðanna mun tryggja að samningarnir séu haldnir. Aðeins þegar þessum tillögum verður hrundið í framkvæmd til fulls, mun alþjóðagerðardómur geta nýtt allt svið blessunarríkra möguleika sinna og bölvun styrjalda loks verða létt af heim-inum.

Takmörkun herbúnaðar

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Allar stjórnir heimsins verða að afvopnast samtímis með almennu samkomulagi. Það stoðar ekki, að ein þeirra leggi niður vopn, ef aðrar neita að gera slíkt hið sama. Þjóðir heimsins verða að koma sér saman um þetta mikilvægasta allra málefna, svo að þær geti að fullu og öllu lagt til hliðar hin mannskæðu morðvopn. Meðan ein þjóð eykur vígbúnað sinn og flotastyrk, munu aðrar þjóðir neyðast til að taka þátt í þessari óðu samkeppni, vegna raunverulegra og ímyndaðra hagsmuna sinna. — (Diary of Ahmad Sohrab, 11.–14. maí, 1914.)

Engin sjálfsvörn

Sem trúarsamfélag hafa bahá'íar, að skýrri skipan Bahá'u'lláh, algjörlega forðast notkun vopna til eigin þarfa, jafnvel þótt aðeins sé um tæki til sjálfsvarnar að ræða.

Margar þúsundir fylgismanna Bábsins og Bahá'u'lláh hafa hlotið grimmilegan dauðdaga í Persíu vegna trúar sinnar. Í frumbernsku trúarinnar vörðu fylgismenn Bábsins sig og fjölskyldur sínar með sverði af mikilli dirfsku og hugrekki við ýmis tækifæri. En Bahá'u'lláh lagði bann við þessu. 'Abdu'l-Bahá skrifar:

„Þegar Bahá'u'lláh kom fram, lýsti hann því yfir að ekki mætti undir neinum kringumstæðum beita slíkum aðferðum, jafnvel ekki í sjálfsvarnarskyni. Hann nam úr gildi reglu sverðsins og gerði að engu fyrirmælin um „heilagt stríð“. „Ef þér verðið drepnir,“ sagði hann, „er það betra en að þér drepíð.“ Málstað Drottins verður að útbreiða með atbeina staðfestu og fullvissu hinna trúuðu. Þegar hinir trúuðu, hugprúðir og ótta-lausir, rísa upp, óháðir öllum hlutum, til að upphefja orð Guðs og þjóna honum dyggilega sakir hans sjálfs og með krafti hans, án þess að skeyta nokkru um veraldlega hluti, þá munu þeir gera orð sannleikans sigursælt. Þessar blessuðu sálir bera með blóði sínu vitni um sannleika málstaðarins og staðfesta þann vitnisburð með einlægni trúar sinnar, hollustu og stöðuglyndi. Drottinn kann ráð til að útbreiða málstað sinn og sigrast á hinum veggviltu. Við æskjum einskis annars verjanda en hans, og með líf okkar í framréttum höndunum mætum við óvini okkar augliti til auglitis og fögnum píslarvættinu.“ – Ritað af 'Abdu'l-Bahá fyrir þessa bók.

Bahá'u'lláh reit til eins þeirra manna, sem ofsóttu málstað hans:

„Miskunnsami Guð! Þetta fólk þarfnast ekki eyðingarvopna, því að það hefur styrkt sig til að endurreisa veröldina. Hersveitir þeirra eru hersveitir frækinna verka, og vopn þeirra vopn vandaðrar breytni, og yfirbjóðandi þeirra óttinn við Guð. Sæll er sá, sem dæmir af sanngirni. Sem Guð er réttlátur! Þannig hefur verið háttað þolgæði, rósemi, undirgefni og nægjusemi þessa fólks, að það hefur orðið að boðberum réttlætisins, og þannig er háttað umburðarlyndi þess, að það hefur fremur

viljað deyja en deyða aðra; og þó hefur þetta fólk, sem veröldin hefur leikið grátt, þolað meiri þrengingar en dæmi eru til um áður í sögu heimsins eða nokkur þjóð áður orðið vitni að. Hvað hefur getað fengið það til að setta sig við þessar hörmulegu raunir og neita að lyfta fingri til að afstýra þeim? Hina sönnu ástæðu er að finna í því banni, sem penni dýrðarinnar hefur, dag og nótt, kosið að leggja, og í yfirráðum vorum með krafti og mætti hans, sem er drottinn alls mannkyns.“

Réttmæti þeirrar stefnu Bahá'u'lláh, að verjast ekki, hefur þegar sannað sig áþreifanlega. Fyrir hvern þann, sem leið þíslarvættisdaða í Persíu, hafa hundrað nýir átrúendur gengið bahá'í trúnni á hönd, og hve glaðir og óhræddir þessir þíslarvottar vörpuðu lífi sínu fyrir fætur Drottins síns, hefur verið heiminum skýrasta sönnun þess, að þeir höfðu fundið nýtt líf, þar sem broddur dauðans var horfinn; líf óumræðilegrar fyllingar og fagnaðar, sem gerði gleðiefni jarðarinnar að dufti og ösku við samanburð og ægilegustu líkamlegu pyndingar að smámunum einum.

Réttmætur hernaður

Þótt Bahá'u'lláh, eins og Kristur, ráði fylgjendum sínum sem einstaklingum og í heild til að fyrirgefa óvinum sínum og verjast þeim ekki, kennir hann jafnframt, að það sé skylda samfélagsins að koma í veg fyrir ranglæti og kúgun. Verði einstaklingar fyrir ofsóknum og meiðingum, gera þeir rétt í að fyrirgefa og forðast hefndir, en samfélagið gerir rangt í að leyfa gripdeildir og morð innan vébanda sinna. Það er skylda góðrar stjórnar að koma í veg fyrir ódæðisverk og refsa afbrotamönnum¹. Hið sama gildir um samfélag þjóðanna. Ef ein þjóð undirokar eða skaðar aðra þjóð, er það skylda allra annarra þjóða, að sameinast til að afstýra slíku ranglæti. 'Abdu'l-Bahá ritar:

¹ Sjá einnig um meðferð sakamanna bls. 159–160.

„Þeir atburðir gætu gerst, að villtir og herskáir þjóðflokkar ráðist gegn samfélaginu í heiftaræði með það fyrir augum að útrýma því; undir slíkum kringumstæðum eru varnir nauðsynlegar.“ – (Paris Talks, bls. 183.)

Fram til þessa hefur það tíðkast í heiminum, að ef ein þjóð ræðst gegn annarri, halda aðrar þjóðir heims að sér höndum og taka á sig enga ábyrgð, nema þeirra eigin hagsmunum sé beinlínis ógnað. Sú þjóð, sem ráðist er gegn, verður að verjast ein og óstudd, þótt vanmegna og hjálparþurfi sé. Kenningar Bahá'u'lláh breyta þessari afstöðu og leggja ábyrgðina á vörnunum ekki einungis á herðar þeirrar þjóðar, sem á í vök að verjast, heldur á allar aðrar þjóðir, hverja um sig og sameiginlega. Þar sem mannkynið allt er eitt samfélag, jafngildir árás á eina þjóð árás á allt samfélagið, og það verður að fást við vandamálið. Ef þessi kenning nyti almennrar viðurkenningar og henni væri framfylgt, mundi hver sú þjóð, sem hugleiddi árásarstyrjöld gegn annarri þjóð, vita það fyrirfram, að hún mundi ekki aðeins mæta andstöðu fórnarlambins, heldur alls heimsins. Þessi vitneskja út af fyrir sig mundi nægja til að halda aftur af jafnvel hinni vígreifustu og herskáustu meðal þjóða. Þegar nægilega öflugt bandalag þjóða hefur verið stofnsett, munu styrjaldir heyra fortíðinni til. Á þeim umbrotatímum, þegar alþjóðleg samstaða rís úr rústum alþjóðlegs stjórnleysis, getur enn komið til árásarstyrjalda og undir slíkum kringumstæðum getur það reynst skylt og nauðsynlegt, að beita hervaldi eða öðrum þvingunaraðgerðum í þágu alþjóðlegs réttlætis, einingar og friðar. 'Abdu'l-Bahá skírskotar til slíks möguleika, er hann ritar:

„ . . . Þær stundir koma, þegar styrjöld verður öflugur grundvöllur friðar og eyðilegging eina færa leiðin til uppbyggingar. Ef göfugur þjóðhöfðingi kallar, til að mynda, saman lið sitt til að stöðva frams úppreinsarseggja og árásarmanna, eða ef hann fer sjálfur á vettvang og berst til að sameina sundrað ríki, ef hann í stuttu máli heyrir stríð í réttlátum tilgangi, þá er það, sem sýndist heft, í rauninni miskunnsemin sjálf, og það, sem virðist

kúgun, er í rauninni sjálft inntak réttlætisins og þessi hernaður hyrningarsteinn friðarins. Nú á dögum sæmir það miklum stjórnum að takast á við það verkefni að grundvalla allsherjarfrið, því að í honum er fólgið frelsi allra þjóða.“ – (The Secret of Divine Civilisation, bls. 70–71).

Eining austurs og vesturs

Annar þáttur, sem stuðla mun að því að tryggja allsherjarfrið, eru nán tengsl Austur- og Vesturlanda. Hinn mesti friður tákna ekki aðeins að endir sé bundinn á styrjaldir, heldur einnig frjósama einingu og hjartanlega samvinnu þjóða jarðarinnar, sem fram til þessa hafa átt í illdeilum, og bera mun dýrmætan og ríkulegan ávöxt. Í einu ávarpa sinna í París sagði 'Abdu'l-Bahá:

„Andleg sól sannleikans hefur á umliðnum öldum, jafnt sem á okkar tímum, ætíð skinið frá sjónhring austursins . . . Móse kom fram í Austurlöndum til þess að leiða og fræða fólk. Drottinn Kristur reis upp í austrinu. Múhammed var sendur til austrænnar þjóðar. Bábinn reis upp í Persíu. Bahá'u'lláh lifði og kenndi í Austurlöndum. Allir hinir miklu andlegu fræðarar risu upp í hinum austræna heimi.

En þótt sól Krists rynni upp í austri, lýstu geislar hennar í vestri, þar sem dýrlegur ljómi hennar varð enn skærari. Himneskt ljós kenninga hans skein af meiri styrk á Vesturlöndum, þar sem útbreiðsla þeirra varð hraðari en í heimalandi þeirra.

Nú á dögum þarfnast Austurlönd efnislegra framfara og Vesturlönd þarfnast andlegra hugsjóna. Vesturlönd mundu gera vel í því, að snúa sér til austurs til að fá andlega upplýsingu og miðla í staðinn vísindalegri þekkingu. Það verður að skiptast á gjöfum. Austrið og Vestrið verða að sameinast til að gefa hvort öðru það, sem hvort um sig skortir. Þessi eining mun fæða af sér sanna siðmenningu, þar sem hið andlega er tjáð og framkvæmt í hinu efnislega. Þar sem hver þiggur af öðrum á þennan hátt, mun hin mesta samstilling ríkja, allar þjóðir munu sameinast, háu stigi fullkomnunar verður náð; tengslin verða órjúfanleg og þessi heimur verður skínandi spegill, sem endurvarpar eigindum Guðs.

Við verðum allir, Austur- og Vesturlandamenn, að vinna að því dag og nótt, af lífi og sál, að þessar háleitu hugsjónir nái fram að ganga, að festa í sessi einingu allra þjóða heims. Þá mun sérhvert hjarta öðlast nýjan mátt, öll augu opnast, dásamlegum krafti verða miðlað og hamingja mannkynsins tryggð . . . Þetta verður sú paradís, sem koma skal á jörðu, þegar mannkynið allt hefur safnast saman í tjaldbúð einingarinnar í konungsríki dýrðarinnar.“ – (Paris Talks, bls. 21–22.)

Ýmsar kenningar og fyrirmæli

„Vit, að á hverju aldaskeiði og í sérhverri ráðsályktun er öllum hinum himnesku fyrirmælum breytt og þau sniðin að þörfum tímans, að undanskildu lögmáli ástarinnar, sem, eins og uppsprettan, streymir án afláts og er engum breytingum undirorpin.“ – Bahá’u’lláh.

Munklífi

Eins og Múhammed, bannar Bahá’u’lláh fylgjendum sínum munklífi.

Í töflunni til Napóleons III. lesum við eftirfarandi:

„Ó, munkafjöld! Lokið yður eigi inni í kirkjum yðar og klaustrum. Gangið út úr þeim með mínu leyfi og takið yður það fyrir hendur, sem gagna mun sjálfum yður og öðrum. Þannig býður yður sá, sem er drottinn reikningsskilanna. Lokið yður inni í virki ástar minnar. Þetta er vissulega sú einangrun, sem yður sæmir, væri yður það aðeins kunnugt. Sá, sem byrgir sig inni í húsi sínu, er sem andvana. Það sæmir manninum að gefa af sér það, sem efla mun hag mannkyns. Sá, sem enga ávexti ber, er eldsmatur. Þannig áminnir yður Drottinn yðar. Hann er vissulega hinn máttki, hinn gjöfufli. Gangið í hjónaband til þess að annar megi koma í yðar stað. Vér höfum vissulega lagt bann við saurlífnaði en eigi því, sem stuðlar að trygð. Hafið þér

haldið fast við áeggjanir eðlis yðar og varpað frá yður fyrir-mælum Guðs? Óttist Guð og heyrið eigi til hinum fávísu. Ef eigi væri maðurinn, hver á jörðunni mundi þá minnast mín og hvernig gætu eigindir mínar og nöfn opinberast? Hugleiðið og tilheyrið eigi þeim, sem hafa byrgt sig fyrir honum, eins og með blæju, og voru í hópi þeirra, sem sváfu djúpum svefni. Hann, sem eigi kvæntist (Jesús Kristur) átti engan samastað og hvergi höfði sínu að halla, sakir þess sem hendur hinna svikulu höfðu unnið. Heilagleiki hans var ekki fólgin í því, sem þér hafið trúað og ímyndað yður, heldur fremur í þeim hlutum, sem oss tilheyrdi. Spyrið, að þér megið fá vitneskju um stöðu hans, sem hefur verið upphafin yfir fánýtan hugarburð allra þjóða jarðarinnar. Sælir eru þeir, sem skilja.“

Virðist það ekki undarlegt, að kristin trúfélög skuli hafa sett á stofn munkareglur og bannað prestum að kvænast, ef hliðsjón er höfð af þeirri staðreynd, að lærisveinar Krists voru kvæntir menn, og hann sjálfur og postular hans lifðu starfsömu, blessunarríku lífi í nánnum tengslum og innilegu sambandi við fólkið?

Í Kóraninum lesum við eftirfarandi:

„Jesú, syni Maríu, gáfum vér guðspjallið, og í hjörtu þeirra, sem fylgdu honum, lögðum vér gæsku og samúð; en hvað munklífið varðar, þá er það þeirra eigin uppfinning. Vér áminntum þá um það eitt að þóknast Guði, en þessa gættu þeir eigi, eins og þess skyldi gætt.“ – (Kóraninn, súra LVII. 27.)

Hver svo sem réttlætingin kann að hafa verið fyrir munklífi á liðnum öldum og við aðrar aðstæður, hefur Bahá'u'lláh lýst því yfir, að sú réttlæting sé ekki lengur fyrir hendi. Það virðist raunar augljóst, að þegar mikill fjöldi hinna grandvörustu og guðræknustu manna rýfur tengsl sín við meðbræður sína, hlýtur það að hafa í för með sér andlega hnignun kynstofnsins.

Hjónaband

Bahá'í kenningarnar mæla fyrir um einkvæni og Bahá'u'-

lláh setur það skilyrði fyrir giftingu, að samþykki foreldra beggja aðila sé fyrir hendi. Hann segir í *Kitáb-i-Aqdas*:

„Vissulega hefur þetta málefni í Bayáninum (opinberun Bábsins) verið háð samþykki beggja (brúðar og brúðguma). Þar sem vér óskuðum, að koma á ást og vináttu og einingu meðal manna, settum vér það skilyrði að foreldrarnir gæfu einnig sitt samþykki, til þess að komast mætti hjá óvináttu og óvild.“

‘Abdu’l-Bahá svaraði spurningu um þetta efni á þessa leið:

„Hvað varðar spurninguna um hjónaband samkvæmt lögum Guðs: Fyrst verður þú að velja þér maka, síðan er það háð samþykki föður og móður. Áður en þú velur hafa þau engan íhlutunarrétt.“ – (Tölur ‘Abdu’l-Bahá, III. bindi, bls. 563.)

‘Abdu’l-Bahá segir, að þessi varúðarráðstöfun Bahá’u’lláh hafi haft það í för með sér, að hið stírða samband milli tengdafólks, sem frægt hefur orðið í löndum kristinna manna og moslema, sé nær óþekkt meðal bahá’ía og skilnaður er einnig mjög sjaldgæfur. Hann skrifar um hjúskaparmál:

„Bahá’í hjónaband er eining og hjartanleg ástúð milli beggja aðila. Þeir verða þó að sýna hina mestu varfærni og kynnast skapgerð hvers annars. Þessi eilífu bönd skal tryggja með óhagganlegum sáttmála, og áformið á að vera að rækta samstillingu, samlyndi og einingu og öðlast eilíft líf . . .

Í sönnu bahá’í hjónabandi verða báðir aðilar að sameinast fullkomlega, bæði andlega og líkamlega, svo að þeir megi öðlast eilífa einingu í öllum veröldum Guðs og bæta andlegt líferni hvers annars. Þetta er bahá’í hjúskapur.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá.)

Bahá’í giftingarathöfnin er mjög látlaus. Eina krafan er sú, að brúður og brúðgumi segi, hvort um sig, í návist a.m.k. tveggja svaramanna: „Vissulega munum við öll lúta vilja Guðs.“

Hjónaskilnaður

Hvað varðar hjónaskilnaði hafa spámennirnir gefið ýmis fyrirmæli, eins og um hjúskap, í samræmi við tíma og aðstæður. 'Abdu'l-Bahá skýrir bahá'í kenningarnar um þessi efni þannig:

„Vinirnir (bahá'íarnir) skulu af fremsta megni forðast skilnað, nema eitthvað komi upp, sem þvingar hjón til að skilja sakir óbeitar þeirra hvort á öðru; í því tilviki og með vitund Andlega ráðsins mega þau fastráða skilnað. Þau verða síðan að sýna þolinmæði og bíða í eitt ár. Takist sættir og samstilling ekki milli þeirra á þessu ári, gengur skilnaður þeirra í gildi . . . Grundvöllur Guðsríkis er háður samstillingu og ást, samneyti og einingu, ekki deilum, síst af öllu milli eiginmanns og eiginkonu. Ef annað þeirra er orsök skilnaðarins, mun sá eða sú án nokkurs vafa lenda í miklum erfiðleikum, verða fórnarlamb mikilla þrenginga og iðrast sárlega.“ (Tafla til bahá'ía í Ameríku).

Það gildir um hjónaskilnaði, eins og önnur mál, að bahá'íar eru ekki einungis bundnir af bahá'í kenningunum heldur einnig lögum þess lands, sem þeir lifa í.

Bahá'í tímatalið

Meðal ýmissa þjóða á ýmsum tímum hafa margar mismunandi aðferðir verið notaðar til tímamælinga og niðurröðunar daganna. Allmörg tímátöl eru enn í daglegri notkun og má sem dæmi nefna hið gregoríanska í Vestur-Evrópu, hið júlíanska í mörgum löndum Austur-Evrópu, hið hebreska meðal gyðinga og hið múhammedska í samfélögum moslema.

Báinn kunngerði nýtt tímatal til marks um mikilvægi þeirrar ráðsályktunar, sem hann var kallaður til að fylgja úr hlaði. Í því, eins og í gregoríanska tímatalinu, er horfið frá tunglmánuðinum og sólárið tekið upp.

Bahá'í árið er 19 mánuðir og 19 dagar í mánuðinum (alls 381), að viðbættum „aukadögum“ (fjórum í venjulegu ári og

fimm í hlaupári) milli átjándra og nítjándra mánaðarins, til þess að sníða tímatalið að sólárinu. Bábinns nefndi mánuðina eftir eigindum Guðs.

Arabískt nafn	Þýðing	Fyrstu dagar
1. Bahá	Ljómi	21. mars
2. Jalál	Dýrð	9. apríl
3. Jamál	Fegurð	28. apríl
4. 'Azamat	Tign	17. maí
5. Núr	Ljós	5. júní
6. Rahmat	Miskunn	24. júní
7. Kalimát	Orð	13. júlí
8. Kamál	Fullkomnun	1. ágúst
9. Ásmá'	Nöfn	20. ágúst
10. 'Izzat	Máttur	8. september
11. Mashíyyat	Vilji	27. september
12. 'Ilm	Þekking	16. október
13. Qudrat	Vald	4. nóvember
14. Qawl	Mál	23. nóvember
15. Masá'il	Spurningar	12. desember
16. Sharaf	Heiður	31. desember
17. Sultán	Yfirráð	19. janúar
18. Mulk	Fullveldi	7. febrúar
Aukadagarnir 26. feb. – 1. mars, að báðum meðtöldum		
19. 'Alá'	Upphafning	2. mars

Bahá'í nýárið er, eins og hið forna persneska nýár, stjörnufræðilega ákvarðað, og hefst á jafndægri á vori (yfirleitt 21. mars), en bahá'í tímabilið hefst sama árið og Bábinns kunngerði köllun sína (þ.e. 1844 að kristnu tímatali, 1260 að múhammedsku tímatali).

Áður en langt um líður mun það reynast nauðsynlegt að allar þjóðir heims komi sér saman um eitt tímatal.

Það virðist því við hæfi, að hin nýja öld einingarinnar eigi sér tímatal, sem sé laust við þau tengsl og mótbárur, sem gera hin gömlu tímátöl óaðgengileg fyrir mikinn fjölda jarðarbúa, og það er erfitt að sjá hvernig nokkuð annað fyrirkomulag geti tekið fram að einfaldleik og hagkvæmni því tímatali, sem Bábinns lagði til að tekið yrði upp.

Mánuðirnir í bahá'í tímatalinu eru sýndir hér að ofan.

Andleg ráð

Áður en 'Abdu'l-Bahá lauk jarðnesku starfi sínu, hafði hann lagt grundvöllinn að þróun stjórnskipulagsins, sem Bahá'u'lláh hafði greint frá í ritum sínum. Til að sýna fram á mikilvægi stofnunar Andlega ráðsins lýsti 'Abdu'l-Bahá því yfir í töflu, að Andlega ráðið í Kairó yrði að samþykkja þýðingu tiltekinnar bókar, áður en hún væri gefin út, jafnvel þótt hann sjálfur hefði endurskoðað og leiðrétt textann.

Með Andlegu ráði er átt við níu manna stjórn, sem kosin er árlega í hverju bahá'í samfélagi, og hefur með höndum úrskurðarvald í öllum málum samfélagsins. Þetta heiti stjórnstofnunarinnar er til bráðabirgða; í framtíðinni verða Andlegu ráðin nefnd Hús réttvísinnar.

Andstætt kirkjufélögunum eru þessi bahá'í ráð fremur þjóðfélagslegs eðlis en kirkjulegs. Með öðrum orðum, þau beita lögmáli samráðgunar á öll vandamál og erfiðleika, sem upp kunna að koma milli bahá'ía, sem hvattir eru til að skjóta þeim ekki til borgaralegra dómstóla, og leitast við að stuðla að einingu og réttlæti innan samfélagsins. Andlega ráðið á ekkert skylt við presta eða klerkastétt, en því er skylt að sjá um að kenningarnar séu í heiðri hafðar, örva virka þjónustu, stjórna fundum, viðhalda einingu, sjá um bahá'í eignir af hálfu samfélagsins og koma fram í þess nafni meðal almennings og annarra bahá'í samfélaga.

Eðli Andlega ráðsins, svæðisbundins og þjóðlegs, er nánar lýst í þeim kafla, sem helgaður er erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá í bókarlok, en Shoghi Effendi hefur skilgreint almennt starfssvið þess á svofelldan hátt:

„Hvað kennsluna varðar, stefnu hennar, aðferðir og leiðir, útbreiðslu hennar og styrkingu, svo miklu sem allt þetta skiptir hagsmuni málstaðarins, þá er það engan veginn hið eina, sem þessi Ráð skyldu gefa fullan gaum. Náin könnun á töflum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá mun leiða í ljós, að aðrar skyldur, ekki síður mikilvægar hagsmunum málstaðarins, falla í hlut kjörnum fulltrúum vinanna á hverju svæði.

Þeim ber að sýna árvekni, varúð, gætni og hyggni og vernda ævinlega musteri málstaðarins gegn skeytum friðarspilla og árásum fjandmanna.

Þeir verða að reyna að efla vináttu og samlyndi meðal vinanna, afmá sérhvern viðloðandi vott tortryggni, fálætis og firringar úr hverju hjarta og tryggja í þess stað virka og heilshugar samvinnu í þágu málstaðarins.

Þeir verða að gera sitt ýtrasta til að rétta fátækum, sjúkum, öryrkjum, munaðarleysingjum, ekkjum hjálparhönd á öllum tímum, óháðir litarhætti, stétt og trú.

Þeir verða með öllum tiltækum ráðum að efla jafnt efnislega sem andlega fræðslu áskunnar, tæki til menntunar barna, koma á fót hvenær sem unnt er bahá'í menntastofnunum, skipuleggja og hafa eftirlit með störfum þeirra og afla bestu tækja þeim til eflingar og þróunar . . .

Þeir verða að taka að sér að skipuleggja reglulega fundi meðal vinanna, hátíðir og helga daga sem og sérstök mót til að þjóna og efla félagslega, menningarlega og andlega hagsmuni meðbræðra sinna.

Þeir verða á þessum tímum, meðan málstaðurinn er enn á bernskuskeiði, að hafa eftirlit með allri bókaútgáfu og þýðingum á hans vegum, og sjá almennt um virðulega og nákvæma kynningu allra bahá'í bókmennta og dreifingu þeirra til almennings.“

Þeir möguleikar, sem felast í bahá'í stjórnskipulaginu, verða fyrst metnir að verðleikum, þegar þess er gætt hve óðfluga siðmenningu nútímans hnignar vegna skorts á þeim andlega krafti, sem einn megnað að vekja nauðsynlega ábyrgðartilfinningu og auðmýkt hjá leiðtogunum og samsvarendi hollustu hjá þegnunum í þjóðfélagsheildinni.

Hátíðir, minningardagar og fasta

Naw-Rúz hátíðin (bahá'í nýárið), 21. mars.

Ridván hátíðin (yfirlýsing Bahá'u'lláh), 21. apríl–2. maí.

Yfirlýsing Bábsins, 23. maí¹.

Uppstigning Bahá'u'lláh, 29. maí.

1 Afmæli 'Abdu'l-Bahá ber upp á sama dag.

Píslarvætti Bábsins, 9. júlí.

Fæðingarhátíð Bábsins, 20. október.

Dagur sáttmálans, 26. nóvember.

Uppstigning 'Abdu'l-Bahá, 28. nóvember.

Fastan hefst 2. mars og stendur í níttján daga.

Hátíðir

Sá fögnuður, sem er innsta eðli bahá'í trúarinnar, tjáir sig í mörgum hátíðum og helgum dögum árið um kring.

'Abdu'l-Bahá komst svo að orði í ávarpi, sem hann hélt á Naw -Rúz hátíðinni í Alexandríu í Egyptalandi árið 1912:

„Í hinum helgu lögum Guðs, á hverju aldaskiði og í sérhverri ráðsályktun, hafa blessaðar hátíðir verið haldnar, helgidagar og hvíldardagar. Á slíkum dögum ætti að leggja niður hverskonar vinnu – verslun, iðnað, akuryrkju o.s.frv.

Allir ættu að gleðjast saman, halda almenn mannþing, verða sem ein samkoma, svo að þjóðarsamstaða, eining og samstilling megi ásannast í allra augum.

Þar sem dagurinn er blessaður, ætti ekki að vanrækja hann né svipta hann gagnsemi sinni með því að sækjast eftir skemmtan einni saman.

Á slíkum dögum ætti að setja á fót stofnanir, sem geti haft varanlegt gildi og gagn í för með sér fyrir fólkið . . .

Á okkar dögum er enginn ávöxtur eða árangur verðmætari en sá, að leiðbeina mönnunum. Án efa munu vinir Guðs á slíkum degi vinna áþreifanlegt góðgerðarstarf eða önnur hugsjónaverk, sem ná eiga til alls mannkyns, en ekki aðeins til bahá'ía. Í þessari undursamlegu ráðsályktun er góðgerðarstarfsemi undantekningarlaust fyrir allt mannkynið, vegna þess að hún er birting miskunnar Guðs. Því er það von mín, að vinir Guðs, hver og einn, megi verða sem miskunn Guðs öllu mannkyni.“

Naw-Rúz hátíðin (nýárið) og Ridván, fæðingarhátíð Bábsins og Bahá'u'lláh og yfirlýsingarhátíð Bábsins (sem jafnframt er fæðingardagur 'Abdu'l-Bahá) eru hinir miklu fagnaðardagar ársins fyrir bahá'ía. Í Persíu eru þeir haldnir hátíðlegir með skógarferðum eða samkomum, þar sem tónlist er leikin, ritningargreinar eða töflur sungnar og viðeigandi

ávörp haldin. Aukadagarnir milli átjánds og nítjánds mánaðarins (26. febrúar til 1. mars, að báðum meðtöldum) eru einkum helgaðir vinafagnaði, gjöfum, umönnun sjúkra og fátækra o.s.frv.

Píslarvættis Bábsins og uppstigningar Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá er minnst með viðeigandi fundum og ræðum, bænasöng og upplestri úr töflum.

Fastan

Nítjándi mánuðurinn hefst að loknum aukadögnum, dögum vinafagnaðarins. Hann er föstumánuður. Fastan er haldin í nítján daga með þeim hætti, að hvorki er neytt matar né drykkjar frá sólaruppkomu til sólseturs. Þar sem föstumánuðurinn endar á vorjafndægri, er fastan alltaf á sömu árstíð, þ.e. vori á norðurhveli jarðar og hausti á suðurhveli; aldrei á heitustu eða köldustu árstíðunum, þegar hún kynni að hafa vanlíðan í för með sér. Auk þess er tíminn milli sólarupprásar og sólseturs nokkurnvegin hinn sami í öllum hinum byggilegu hlutum heims á þessari árstíð, þ.e. frá kl. 6 að morgni til kl. 6 að kvöldi. Börnum eða öryrkjum er ekki skylt að fasta, ekki heldur ferðamönnum eða þeim, sem eru of gamlir eða sjúkir (eða konum, sem eru barnshafandi eða hafa barn á brjósti).

Margt bendir til að reglubundin fasta, eins og sú sem bahá'í kenningarnar innleiða, hafi blessunarrík áhrif á líkamsheilsu, en alveg á sama hátt og veruleiki bahá'í hátíðanna felst ekki í neyslu efnislegrar fæðu, heldur í minningu Guðs, sem er andleg fæða okkar, þannig felst veruleiki bahá'í föstunnar ekki einvörðungu í afneitun efnislegrar fæðu, þótt hún kunni að hjálpa til við hreinsun líkamans, heldur í afneitun ástríðna og lystisemda holdsins og í aðskilnaði frá öllu nema Guði. 'Abdu'l-Bahá segir:

„Fastan er tákni. Fastan táknar afneitun fýsna. Líkamleg fasta táknar þessa afneitun og er áminning; það er að segja: eins og maðurinn hafnar líkamlegum fýsnum, þannig hafnar hann

fýsnum og ástríðum sjálfsins. En það eitt að afneita fæðunni hefur engin áhrif á andann. Það er aðeins tákni, áminning. Að öðrum kosti hefur það enga þýðingu. Að fasta í þessum tilgangi þýðir ekki að neyta alls engrar fæðu. Hin gullna regla, hvað fæðuna snertir, er að borða hvorki of mikið né of lítið. Hófsemi er nauðsynleg. Til er sértrúarflokkur í Indlandi, sem temur sér öfgakennda afneitun fæðu, þeir draga úr neyslunni smátt og smátt uns þeir draga fram lífið á svo að segja engu. En vitsmunir þeirra líða fyrir þetta. Maðurinn er ekki hæfur til að þjóna Guði með heila eða líkama, ef hann er veikburða af næringarskort. Sjón hans sljóvgast.“ – (Tilvitnun ungfrú E.S. Stevens í „Fortnightly Review“, júní, 1911.)

Fundir

‘Abdu’l-Bahá leggur mikla áherslu á mikilvægi reglulegra funda átrúendanna til sameinaðrar tilbeiðslu, til þess að skýra og nema kenningarnar og til samráðs um framþróun trúarinnar. Hann segir í einni af töflum sínum:

„Vilji Guðs hefur fastráðið, að eining og samstilling megi aukast dag frá degi meðal vina Guðs og þjónustumeysja hins Miskunnsama. Fyrr en þetta er orðið að veruleika, geta engin málefni þróast, hvaða ráðum sem beitt er! Og æðsta leiðin til einingar og samstillingar allra eru andlegir fundir. Þetta er afar mikilvægt atriði og dregur til sín staðfestingu Guðs eins og segull.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, I. bindi, bls. 125.)

Á andlegum fundum bahá’ía verður að forðast þrætur og stjórnmálaumræður; *eini tilgangur átrúendanna ætti að vera að kenna og fræðast um hinn guðdómlega sannleika*, að láta hjörtu sín fyllast himneskri ást, öðlast fullkomnari hlýðni við vilja Guðs og stuðla að komu Guðsríkis. ‘Abdu’l-Bahá sagði í ávarpi, sem hann hélt í New York árið 1912:

„Bahá’í fundurinn verður að vera fundur hinna himnesku herskara. Hann verður að uppljómast af ljósi hinna himnesku herskara. Hjörtun verða að vera eins og speglar, þar sem geislar frá sól sannleikans birtast. Hvert brjóst á að vera eins og

ritsímastöð: annar endi símans í djúpi sálarinnar, hinn í hinum himnesku herskorum, svo að boð geti borist á milli. Á þennan hátt mun innblásturinn streyma frá Abhá-ríkinu og samstilling mun ríkja í öllum umræðum . . . Því meira sem samkomulag yðar, ást og eining verður, þeim mun meiri verður staðfesting Guðs yður til handa, og hjálp og aðstoð Hinnar blessuðu fegurðar, Bahá'u'lláh, mun veitast yður.“

Í einni af töflum sínum sagði hann:

„Á þessum samkomum verða menn að varast að taka til umræðu utanaðkomandi málefni, og fundina verður að takmarka við söng ritningargreina og upplestur orðanna og þau málefni, sem snerta málstað Guðs, svo sem útlistun sannana, skýrra og augljósra vitnisburða, tákna og ummerkja hins Ástfölgna allra manna. Þeir, sem sækja fundinn, verða, áður en þeir ganga inn, að skryðast fyllsta hreinlæti og snúa sér til Abhá-ríkisins og ganga síðan inn til fundarins í auðmýkt og lítillæti; og meðan töflurnar eru lesnar verða þeir að vera hljóðir og kyrrlátir; og vilji einhver tala verður hann að gera það af fyllstu hæversku, að fengnu leyfi og samþykki viðstaddra, og flytja mál sitt hiklaust og af mælsku.“

Nítjándagahátíðin

Með þróun bahá'í stjórnskipulagsins eftir uppstigningu 'Abdu'l-Bahá, hefur nítjándagahátíðin, sem haldin er fyrsta dag hvers bahá'í mánaðar, gegnt mjög mikilvægu hlutverki. Þar flytja bahá'íarnir ekki aðeins bænir og lesa úr helgum bókum, heldur hafa almennt samráð um þau bahá'í málefni, sem á döfinni eru, og styrkja innbyrðis tengsl sín. Þessi hátíð er vettvangur, þar sem Andlega ráðið flytur samfélaginu skýrslu sína og mælist til umræðna um áætlanir og tillögur um nýjar og betri aðferðir til þjónustu við málstaðinn.

Mashriqu'l-Adhkár¹

Bahá'u'lláh lét eftir sig þau fyrirmæli, að fylgismenn sínir

¹ Framborið: Askar (raddað s).

skyldu reisa musteri til tilbeiðslu í hverju landi og hverri borg. Hann nefndi þessi musteri „*Mashriqu'l-Adhkár*“, sem þýðir „Uppspretta lofsöngs til Guðs“. Musterið á að hafa níu hliðar og hvolfþak og vera eins fagurt og unnt er að byggingarstíl og frágangi. Það á að standa í stórum garði, prýddum gosbrunnum, trjám og blómum. Umhverfis skulu reistar byggingar, sem helgaðar eru fræðslumálum, líknarmálum og félagsmálum, svo að vegsömun Guðs í musterinu sé ætíð nátengd lotningarfullri gleði yfir fegurð náttúrunnar og listanna, og hagnýtu, þjóðfélagslegu umbótastarfi.

Fram til þessa hafa bahá'íar í Persíu ekki fengið leyfi til að reisa musteri til almennrar tilbeiðslu, og þess vegna var fyrsta stóra musterið reist í 'Ishqábád¹ í Rússlandi. 'Abdu'l-Bahá vígði landið, þar sem reisa átti annað bahá'í musteri, á strönd Michiganvatns nokkrar mílur norður af Chicago meðan á heimsókn hans í Ameríku stóð, árið 1912².

Í töflum, þar sem skírskotað er til þessa „móður-musteris“ Vesturlanda, segir 'Abdu'l-Bahá:

„Lof sé Guði að á þessari stundu berast stöðugt framlög frá öllum löndum heims eftir efnum og ástæðum þeirra til musterið í Ameríku . . . Frá dögum Adams og allt til þessa dags hafa menn aldrei orðið vitni að þvílíku, að frá fjarlægasta landi Asíu séu framlög send til Ameríku. Þessu veldur kraftur sáttmála Guðs. Vissulega er þetta undrunarefni skilningsríkum mönnum. Þess er vænst, að hinir trúuðu sýni veglyndi og safni mikilli fjárupphæð til byggingarinnar . . . Ég vil að hverjum og einum sé frjálst að gera það, sem honum líkar. Þski einhver að leggja peninga í annað, leyfið honum að gera það. Látið það með öllu afskiptalaust, en verið þess fullvissir, að nú er ekkert meira aðkallandi en bygging þessa musterið.“

1 Þessi bygging skaddaðist í jarðskjálfta árið 1948 og var rifin nokkrum árum síðar.

2 Byggingu þessa musterið lauk 1953. Síðan hafa önnur bahá'í musteri verið reist í Uganda, Ástralíu, Þýskalandi og Panama. Árið 1972 hafði verið keypt land undir fimmtíu musteri til viðbótar (sjá eftirmála).

Leyndardómur byggingarinnar er mikill, og ekki er hægt að afhjúpa hann enn, en smíði hennar er þýðingarmesta verkefni þessara daga. Í tengslum við musterið eru mikilvægar byggingar, sem hafa undirstöðuþýðingu. Þær eru: skólar fyrir munaðarlaus börn, sjúkrahús og hæli fyrir fátæka, heimili fyrir óvinnufæra, menntastofnun fyrir æðri vísindalega menntun og gistihús. Í hverri borg skal reisa mikið musteri samkvæmt þessari skipan. Guðsþjónusta verður haldin í musterinu á hverjum morgni. Ekkert orgel verður í musterinu. Í nálægum byggingum verða haldnar hátíðir, þjónustur, þing, almennar samkomur og andlegir fundir, en í musterinu verður ekki leikið undir söng. Opnið hlið musterisins öllu mannkyni.

Þegar þessar stofnanir, menntaskóli, sjúkrahús, gistihús og stofnun fyrir ólæknandi sjúklinga, háskóli fyrir æðri vísindi, sem heldur námskeið að loknum prófum, og aðrar stofnanir fyrir mannúðarmál hafa verið reistar, munu dyrnar verða opnaðar öllum þjóðum og trúarbrögðum. Alls engin markalína verður dregin. Líknarstörf verða unnin án nokkurs tillits til litarháttar eða kynþáttar. Hlið þeirra verða opnuð á gátt öllu mannkyni; engum sýndir fordómar, öllum sýnd ást. Miðlæga byggingin verður helguð bænahaldi og tilbeiðslu. Þannig . . . munu trúarbrögðin verða samræmd vísindunum, og vísindin verða þerna trúarbragðanna; í sameiningu munu þau miðla öllu mannkyninu andlegum og efnislegum gjöfum af miklu örlæti.“

Lífið eftir dauðann

Bahá'u'lláh segir okkur, að jarðneskt líf okkar sé aðeins fósturskeið tilverunnar og að viðskilnaðurinn við líkamann sé eins og ný fæðing, sem geri mannsandanum kleift að byrja fyllra og frjálsara líf. Hann ritar:

„Vit með vissu, að sálin mun, eftir viðskilnað sinn við líkamann, halda áfram að þroskast, uns hún kemur í návist Guðs, í þess konar ástandi og ásigkomulagi, sem hvorki umbyltingar alda og tímaskeiða, né breytingar og byltingar þessa heims, fá umbreytt. Hún varir jafn lengi og ríki Guðs, yfirráð hans, fullveldi hans og kraftur varir. Hún mun birta tákn Guðs og eiginindir hans og opinbera ástríki hans og gjafmildi. Hreyfing

penna míns kyrrist, er hann reynir að lýsa, svo vert sé, upphafningu og dýrð svo háleitrar stöðu. Sá heiður, sem hönd miskunnsemdanna mun sæma slíka sál, er slíkur, að engin tunga getur gert því full skil né nokkur annar jarðneskur miðill lýst því. Sæl er sú sál, sem á stundu viðskilnaðar síns við líkamann, er helguð frá fánýtum ímyndunum þjóða heimsins. Slík sál lifir og hrærist í samræmi við vilja Skapara síns og gengur inn í hina alhæstu paradís. Meyjar himinsins, íbúar hinna upphöfnustu bústaða, munu sveima í kringum hana, og spámenn Guðs og hans útvöldu munu leita samneytis við hana. Þessi sál mun ræða við þá óhindrafi og mun skýra þeim frá því, sem hún hefur þolað á vegi Guðs, drottins allra veraldanna. Væri nokkrum manni skýrt frá því, sem slíkri sál hefur verið fyrirhugað í heimum Guðs, drottins hásætisins hið efra og á jörðu, mundi öll verund hans þegar í stað verða altekin óslökkvandi löngun til að hljóta þá upphöfnustu, helguðu og skínandi stöðu . . . Eðli sál-arinnar eftir dauðann er aldrei hægt að lýsa og það er hvorki rétt né leyfilegt að opinbera öll einkenni hennar augum mannanna. Spámenn og sendiboðar Guðs hafa verið sendir niður í þeim eina tilgangi að leiða mannkynið á hinn beina veg sannleikans. Tilgangurinn að baki opinberunar þeirra hefur verið að uppræða alla menn, svo að þeir megi á dauðastundinni stíga upp, í fullkomnum hreinleika og helgun og í algerri andlegri lausn, til hásætis Hins hæsta. Ljósið, sem þessar sálir geisla, er orsökinn fyrir framförum heimsins og þróun þjóða hans. Þær eru eins og súrdeig, sem sýrir heim verundarinnar, og eru aflvakinn, sem lætur listir og furðuverk heimsins birtast. Fyrir tilstuðlan þeirra rigna skýin af örlæti sínu á mennina og jörðin ber ávöxt. Allir hlutir eiga sér orsök, tilgang, lífgefandi meginreglu. Þessar sálir, tákn sjálfslausnar, eru og munu ætíð verða æðsti aflvakinn í heimi verundarinnar. Heimurinn fyrir handan er jafn frábrugðinn þessum heimi. og þessi heimur er frábrugðinn heimi barnsins, meðan það er enn í móðurkviði . . .“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, LXXXI, bls. 155–157.)

‘Abdu’l-Bahá skrifar einnig:

„Þá levndardóma, sem maðurinn er skeytingarlaus um í hinum jarðneska heimi, mun hann uppgötva í hinum himneska

heimi, og þar munu honum verða gerðir kunnir leyndardómar sannleikans; hversu miklu fremur mun hann þá ekki þekkja og bera kennsl á fólk, sem hann hefur verið í tengslum við. Hinar heilögu sálir, sem hafa hreina sjón og gæddar eru innsæi, munu í ríki ljóssins læra að þekkja alla leyndardóma og munu leita þeirrar hylli, að öðlast vitneskju um veruleika allra mikilla sálna. Þær munu einnig augljóslega sjá Fegurð Guðs í þeim heimi. Ennfremur munu þær fyrirhitta alla vini Guðs frá fyrri og síðari tímum samankomna á því himneska móti.

Munur og séreinkenni manna munu að sjálfsgöðu verða augljós eftir viðskilnað þeirra við þennan dauðlega heim. En þessi séreinkenni eru ekki bundin við stað, heldur sál og samvisku. Því að ríki Guðs er helgað (eða frjálst) frá stund og stað; það er annar veruleiki og annar alheimur. Og vit með vissu, að í hinum himnesku heimum munu andlegir ástvinir bera kennsl hver á annan og leita sameiningar, en það er andleg sameining. Einnig mun ást, sem maðurinn hefur borið til einhvers, ekki gleymast í heimi Konungsríkisins, og þú munt ekki heldur gleyma þar því lífi, sem þú lifðir í efnisheiminum.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, I. bindi, bls. 204.)

Himinn og hel

Bahá'u'lláh og ‘Abdu’l-Bahá líta svo á, að þær lýsingar á himnaríki og helvíti, sem finna má í fornum trúarbragðaritum, séu táknrænar, eins og saga Biblíunnar um sköpunina, og því ekki bókstaflega sannar. Þeir segja, að himnaríki sé samræmi við vilja Guðs og meðbræðra okkar, en helvíti skortur á slíku samræmi; að himnaríki sé ástand hins andlega lífs, en helvíti ástand andlegs dauða. Maðurinn getur verið annaðhvort í himnaríki eða helvíti, meðan hann er ennþá í líkamanum. Fögnuður himnaríkis er andlegur fögnuður, en kvalir helvítis felast í því að vera sviptur þessum fögnuði.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Þegar ljós trúarinnar hefur frelsað mennina frá myrkri lastanna, og þeir uppljómast af skærri birtu sólar veruleikans og allar dyggðir hafa göfgað þá, telja þeir, að þetta sé stærsta

endurgjaldið og vita, að þetta er hin sanna paradís. Á sama hátt álíta þeir, að andleg refsing . . . sé í því fólgin, að vera bundinn hinum náttúrulega heimi, vera hulinn Guði, grimmur og fáfróður, gefa sig á vald holdlegum ástríðum, sökkva í dýrslegan veikleika, einkennast dökkum eiginleikum . . . þetta er mesta refsingin og kvölin.

Endurgjald annars heims er sú fullkomnun og friður, sem hlýst í hinum andlegu heimum eftir viðskilnaðinn við þennan heim . . . hinar andlegu dyggðir, hinar ýmsu andlegu gjafir í ríki Guðs, uppfylling óska hjartans og sálarinnar og samfundurinn við Guð í veröld eilífðarinnar. Með sama hætti er refsing annars heims í því fólgin, að vera sviptur hinum sérstöku himnesku blessunum og fullkomnu gjöfum og falla niður á lægsta stig tilverunnar. Sá, sem sviptur er þessari himnesku hylti, er talinn dauður af fólki sannleikans, jafnvel þótt líf hans haldi áfram eftir dauðann.

Auðlegð annars heims er návist við Guð. Því er það fullvíst, að þeim, sem nálægir eru hinni himnesku hirð, er leyft að ganga í milli, og þessi milliganga hefur samþykki Guðs . . . Það er jafnvel mögulegt, að ástand þeirra, sem dáið hafa í synd og vantrú, geti breyst; þ.e. að þeir kunni að öðlast fyrirgefningu fyrir örlæti Guðs, ekki fyrir réttlæti hans; því að örlæti (eða hylti) táknar að gefa án þess að gjöfin sé verðskulduð, en réttlæti að gefa samkvæmt verðskuldun. Líkt og við höfum vald til þess að biðja fyrir þessum sálum hér, höfum við einnig sama vald í öðrum heimi, sem er ríki Guðs . . . Þess vegna geta þeir tekið framförum í þeim heimi. Líkt og þeir geta öðlast ljós hér fyrir sínar eigin bænir, þannig geta þeir einnig þar beðið um fyrirgefningu og öðlast ljós fyrir bænir sínar og grátbeiðni . . .

Bæði fyrir og eftir að maðurinn yfirgefur þessa efnislegu mynd sína, er framþróun í fullkomnun, en ekki í ástandi . . . Engin vera er æðri fullkomnum manni. En þegar maðurinn hefur náð þessu ástandi, getur hann enn tekið framförum í fullkomnun, en ekki í ástandi, því að ekkert ástand er æðra ástandi fullkomins manns. Hann þróast aðeins í ástandi mannlegleikans, því að mannleg fullkomnun er takmarkalaus. Þannig er enginn maður svo lærður, að ekki sé hægt að hugsa sér lærðari mann. Þar af leiðandi, þar sem fullkomnun mannsins er takmarkalaus, getur hann einnig tekið framförum í fullkomnun

eftir að hann skilur við þennan heim.“ – (Some Answered Questions, bls. 209, 215–216, 219–220.)

Eining hinna tveggja heima

Eining mannkynsins, eins og Bahá'u'lláh kennir, á ekki aðeins við um þá, sem lifa á jörðunni, heldur allar mannverur, hvort sem þær eru í líkamanum eða ekki. Ekki aðeins allir þeir, sem á jörðunni búa, heldur einnig þeir, sem lifa í hinum andlegu heimum, eru hlutar af einni og sömu lífheild, og þessir tveir hlutar eru mjög háðir hvor öðrum. Andlegt samneyti þeirra er langt í frá ómögulegt eða óeðlilegt, heldur stöðugt og óhjákvæmilegt. Þeir, sem enn hafa ekki þroskuð andleg skilningarvit, eru sér ómeðvitandi um þessi lífsnaðsynlegu tengsl; en þegar skilningarvit þeirra þroskast, verða samskipti við þá, sem eru handan slæðunnar, smám saman meðvitaðri og ákveðnari. Spámönnum og dýrlingunum er þetta andlega samneyti jafn eðlilegt og raunverulegt og venjuleg sjón og samræða er öðrum mönnum.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Sýnir spámannanna eru ekki draumar; nei, þær eru andlegar uppgötvanir og eiga sér veruleika. Þeir segja, til að mynda: „Ég sá mann í ákveðinni mynd, og ég sagði þetta og þetta, og hann svaraði mér þessu og þessu.“ Þessi sýn á sér stað í heimi vöknunar, en ekki í heimi svefnisins, hún er andleg uppgötvun.

Meðal andlegra sálna er andlegur skilningur, uppgötvanir, samneyti, sem hreinsað er af ímyndun og hugarburði, tengsl, sem eru helguð frá stað og stund. Ritað stendur í guðspjallinu, að Móse og Elía hafi komið til Krists á Taborfjalli, og augljóst er, að hér er ekki um efnislegan fund að ræða. Það var andlegt ástand. Slík samskipti eru raunveruleg og hafa dásamleg áhrif á hugi og hugsanir manna og laða til sín hjörtu þeirra.“ – (Some Answered Questions, LXXI, bls. 234–236.)

Þó að ‘Abdu’l-Bahá viðurkenni „yfirnáttúrulega“ sálræna hæfileika, varar hann eindregið við ótímabærum tilraunum til að flýta þroska þeirra. Þessir hæfileikar munu þroskast á

eðlilegan hátt, þegar rétti tíminn kemur, ef við aðeins fylgjum þeirri andlegu þroskabraut, sem spámennirnir hafa rutt fyrir okkur. Hann segir:

„Að fást við sálræn öfl í þessum heimi spillir skilyrðum sál-arinnar í þeim heimi, sem kemur. Þessi öfl eru raunveruleg, en eru yfirleitt ekki virk á þessu sviði. Barnið í móðurlífinu hefur augu, eyru, hendur, fætur o.s.frv., en þessir líkamshlutar eru ekki virkir. Tilgangur lífsins í efnisheiminum er að ganga inn í veröld raunveruleikans, þar sem þessi öfl munu verða virk. Þau tilheyra þeirri veröld.“ (Úr blöðum ungfrú Buckton, endurskoðað af 'Abdu'l-Bahá.)

Ekki ætti að leita sambands við anda hinna framliðnu sakir sambandsins sjálfs eða til að svala forvitninni einberri. Það eru þó bæði forréttindi og skyldur þeirra, sem dvelja öðru megin tjaldsins, að elska, aðstoða og biðja fyrir þeim, sem eru hinu megin. Bahá'íum er gert að skyldu að biðja fyrir hinum látnu. 'Abdu'l-Bahá sagði við ungfrú E.J. Rosenberg árið 1904:

„Náðargjöf virkrar milligöngu er ein þeirra fullkomnana, sem tilheyrir þroskuðum sálum, sem og birtendum Guðs. Jesús Kristur hafði vald til að ganga í milli og biðja óvinum sínum fyrirgefningar meðan hann var á jörðunni, og hann hefur vissulega vald til þess nú. 'Abdu'l-Bahá nefnir aldrei svo nafn framliðins manns, að hann segi ekki: „Megi Guð fyrirgefa honum“ eða eitthvað í þá átt. Fylgjendur spámannsins hafa einnig þetta vald til að biðja um fyrirgefningu til handa sálum. Við megum því ekki ætla, að nokkur sál sé dæmd til stöðugra þjáninga eða glötunar, sem stafar af algjörrri vanþekkingu á Guði. Vald virkrar milligöngu þeim til handa er ætíð fyrir hendi . . .

Hinir ríku í öðrum heimi geta hjálpað hinum fátæku, líkt og hinir ríku geta hjálpað hinum fátæku hér. Í öllum heimum eru allir menn sköpun Guðs. Þeir þarfnast hans ævinlega. Þeir eru ekki óháðir og geta aldrei orðið það. Meðan þeir eru þurfandi fyrir Guð, verða þeir því ríkari, þeim mun meira sem þeir biðja.

Hver er varningur þeirra, hver auðæfi þeirra? Hvað er hjálp og aðstoð í öðrum heimi? Það er milliganga. Vanþroskaðar sálir verða fyrst að taka framförum fyrir milligöngu hinna andlega ríku, síðan geta þær þroskast með atbeina sinna eigin bæna.“

Hann segir einnig:

„Þeir, sem stigið hafa upp, hafa aðrar eigindir en þeir, sem enn eru á jörðunni; samt er enginn raunverulegur aðskilnaður. Í bæninni verður samruni ástands, samruni skilyrða. Biðjið fyrir þeim, eins og þeir biðja fyrir yður.“ – (‘Abdu’l-Bahá in London, bls. 97.)

Er ‘Abdu’l-Bahá var að því spurður hvort hægt væri með trú og ást að flytja tíðindin um hina nýju opinberun þeim, sem skilist höfðu við þennan heim án þess að heyra um hana, svaraði hann:

„Já, vissulega! Því að einlæg bæn hefur ætíð sín áhrif, og hún er mjög áhrifarík í öðrum heimi. Við erum aldrei aðskilin þeim, sem þar eru. Hin raunverulegu og sönnu áhrif eru ekki í þessum heimi heldur þeim, sem kemur.“ – (Minnisgreinar Mary Hanford Ford, París, 1911.)

Bahá’u’lláh skrifar hins vegar:

„Sá, sem lifir í samræmi við það, sem honum var ákvarðað – hinir himnesku herskarar og þeir, sem dvelja í hinni æðstu paradís og undir hvolfþaki mikilleikans, munu biðja fyrir honum sakir boðs Guðs, hins ástsælasta, hins lofsamlega.“ – (Tafla þýdd af ‘Alí Kulí Khán.)

Þegar ‘Abdu’l-Bahá var spurður að því, hvernig á því stæði að hjartað snýr sér oft ósjálfrátt til einhvers vinar, sem horfinn er til annars lífs, svaraði hann:

„Það er lögmál í sköpun Guðs, að hinn veiki leitar stuðnings hjá hinum sterka. Þeir, sem þú snýrð þér til, kunna að miðla þér

af krafti Guðs, eins og þeir gerðu á jörðunni, en það er hinn Heilagi Andi einn, sem styrkir alla menn.“ – ('Abdu'l-Bahá in London, bls. 97.)

Hið illa er ekki til

Samkvæmt bahá'í heimspekinni leiðir það af kenningunni um einingu Guðs, að hið illa á sér enga sjálfstæða tilvist. Það getur aðeins verið einn bendanleiki. Ef eitthvert afl væri til í alheiminum utan þessa Eina eða andstæður honum, mundi hinn Eini ekki vera óendanlegur. Eins og myrkur er einungis fjarvist eða stigminnkun ljóss, þannig er hið illa einungis fjarvist eða stigminnkun hins góða – vanþróað ástand. Slæmur maður er maður, sem hefur vanþroskað æðra eðli. Sé hann eigingjarn, er hið illa ekki fólgið í ást hans á sjálfum sér – öll ást, jafnvel sjálfelska, er góð og guðdómleg. Hið illa er í því fólgið, að ást hans á sjálfum sér er svo fátækleg, ófullnægjandi og vegvillt, samfara skorti á ást til annarra og til Guðs. Hann lítur á sjálfan sig einungis sem æðra dýr og dekrar í fákænsku sinni við lægra eðli sitt, eins og hann kynni að dekra við kjölturakka – en afleiðingarnar eru skaðlegri fyrir sjálfan hann en þær eru fyrir rakkann.

Í einu bréfa sinna segir 'Abdu'l-Bahá:

„Hvað viðvíkur þeirri athugasemd þinni, að 'Abdu'l-Bahá hafi sagt við nokkra átrúendanna, að hið illa sé ekki til, nei, að það öllu heldur eigi sér enga tilveru, þetta er sannleikur, því að ekkert er eins illt og að maðurinn fari villur vegar og sannleikurinn sé honum hulin. Villa er skortur á leiðsögn; myrkur er fjarvist ljóss; fáfræði er skortur á þekkingu; fals er skortur á sannleiksást; blinda er skortur á sjón; og heyrnarleysi er skortur á heyrn. Þess vegna er villa, blinda, heyrnarleysi og fáfræði ekki til í sjálfu sér.“

Enn segir hann:

„Í sköpunarverkinu er ekkert illt, allt er gott. Vissir eiginleikar og eðliseigindir sumra manna, sem virðast ámælisverðar, eru

Það í rauninni ekki. Svo að dæmi sé tekið; þú kannt strax frá byrjun að sjá bregða fyrir hjá brjóstmylkingnum ílöngun, reiði og heift. Þá má segja sem svo, að gott og illt sé meðfætt veruleika mannsins og þetta sé andstætt hreinni gæsku náttúrunnar og sköpunarinnar. Svarið er, að ílöngun, sem er að vilja meira af einhverju, er lofsverður eiginleiki, sé hann notaður á réttan hátt. Hafi maðurinn löngun til að öðlast þekkingu og kunna skil á vísindum eða verða miskunnsamur, örlátur og réttlátur, er það mjög lofsvert. Sömuleiðis, ef reiði og heift mannsins beinist gegn blóðþyrstum harðstjórum, sem eru eins og grimm villidýr, þá er það afar lofsvert; en noti hann ekki þessa eiginleika á réttan hátt, eru þeir ámælisverðir . . . Sama gildir um alla náttúrulega eiginleika mannsins, sem eru höfuðstóll lífs hans; séu þeir notaðir með ólögmætum hætti, verða þeir ámælisverðir. Það er því ljóst, að sköpunin er eingöngu góð.“ – (Some Answered Questions, bls. 201–202.)

Hið illa er ætíð skortur á lífi. Ef lægra eðli mannsins þróast úr hófi fram, er lækningin ekki minna líf fyrir það, heldur meira líf fyrir æðra eðli mannsins, svo að jafnvægi komist á. Kristur sagði: „Eg er kominn til að flytja líf, svo að þér hafið það í fyllri mæli.“ Þetta er það, sem við þörfnumst öll – lífs, meira lífs, þess lífs, sem að sönnu er líf. Boðskapur Bahá'u'lláh er samhljóða boðskap Krists. „Í dag,“ segir hann, „hefur þessi þjóinn vissulega komið til að endurlífga heiminn.“ (*Konungataflan.*) Og við fylgjendur sína segir hann: „Fylgið mér, að vér megum gera yður að lifgjöfum heimsins.“ (*Tafla til páfans.*)

Trú og vísindi

„Alí, tengdasonur Múhammeds, sagði: „Það, sem samræmist vísindunum, samræmist einnig trúarbrögðunum.“ Það sem skynsemi mannsins fær ekki skilið, ættu trúarbrögðin ekki að viðurkenna. Trú og vísindi haldast í hendur, og öll trúarbrögð, sem fara í bága við vísindin, eru falstrúarbrögð.“ – ‘Abdu’l-Bahá.

Misklið vegna blekkingar

Ein af undirstöðukenningum Bahá’u’lláh er, að sönn vísindi og sönn trúarbrögð hljóti ætíð að vera samhljóða. Sannleikurinn er einn, og þegar árekstrar verða, er ekki sannleikanum um að kenna heldur blekkingu. Harðar deilur hafa verið milli svonefndra vísinda og svonefndra trúarbragða á öllum öldum, en er við lítum um öxl á þessar deilur í ljósi fyllri sannleika, getum við ætíð rakið þær til fáfræði, fordóma, hégómagirndar, græðgi, þröngsýni, ófrjálslyndis, eintrengings eða einhvers af þessu tagi – einhvers, sem er framandi sönnnum anda bæði vísinda og trúarbragða, því að andi beggja er einn og hinn sami. Huxley segir: „Mikil afrek heimspekinganna eru síður að þakka vitsmunum þeirra en stefnu þessara vitsmuna, sem höfðu sterkan trúarlegan grunntón. Sannleikurinn hefur fremur gefið sig þolgæði þeirra, ást, festu og sjálfsafneitun en rökfræðilegri skarp

skyggni.“ Stærðfræðingurinn Boole segist vera þess fullviss, að „rúmfræðileg aðleiðsla sé í höfuðatriðum ferli bænar – ákalls frá hinum takmarkaða huga til hins Ótakmarkaða um að varpa ljósi á takmörkuð viðfangsefni.“ Hinir miklu spámenn trúarbragða og vísinda hafa aldrei fordæmt hvern annan. Það eru óverðugir fylgjendur þessara miklu heimsfræðara – dýrkendur bókstafsins en ekki anda kenninga þeirra, – sem ætíð hafa ofsótt síðari spámenn og verið harðvítugustu andstæðingar framþróunarinnar. Þeir hafa einblínt á ljós sinnar sérstöku opinberunar, sem þeim er heilög, og skilgreint eiginleika hennar og sérkenni, eins og takmörkuð sjón þeirra sjálfra sá hana, af hinni mestu vandvirkni og nákvæmni. Hún er fyrir þeim hið eina sanna ljós. Sendi Guð af takmarkalausum örlæti sínu skærara ljós úr annarri átt, og kyndill innblástursins logar glaðar en áður hjá nýjum kyndilbera, þá reiðast þeir og fyllast skelfingu í stað þess að fagna hinu nýja ljósi og vegsama með endurnýjuðu þakklæti Föður alls ljóss. Þetta nýja ljós samsvarar ekki skilgreiningum þeirra. Það hefur ekki þann rétta lit og skín ekki frá þeim rétta stað, þess vegna verður að neyta allra bragða til að slökkva það, til þess að það leiði ekki menn á villutrúargötur. Margir óvinir spámannsins eru af þessari manngerð – blindir leiðtogar hinna blindu, sem standa í gegn nýjum og fyllri sannleika í þágu hagsmuna þess, sem þeir halda, að sé eini sannleikurinn. Aðrir leggjast lægra og berjast gegn sannleikanum sakir eiginhagsmuna eða tálma framförum vegna andlegs doða og deyfðar.

Ofsóknir á hendur spámönnunum

Hinir miklu spámenn trúarbragðanna hafa ætíð verið fyrirlitnir og þeim útskýfað, þegar þeir komu fram meðal manna. Bæði þeir og fyrstu fylgjendur þeirra hafa verið ofsóttir og fórnað lífi sínu og eignum á vegi Guðs. Þannig hefur það líka verið á okkar eigin tímum. Síðan 1844 hafa margar þúsundir fylgismanna Bábsins og Bahá'u'lláh þolað grimmúðlegan dauðdaga fyrir trú sína, og enn fleiri hafa

þolað þrísund, útleigð, fátækt og niðurlægingu. Hin síðustu hinna miklu trúarbragða hefur verið „skírð í blóði“ í ríkari mæli en fyrirrennarar hennar, og píslarvætti hefur átt sér stað allt til þessa dags. Hið sama er að segja um spámenn vísindanna. Giordano Bruno var brenndur sem trúvillingur árið 1600 e. Kr., meðal annars fyrir að halda fram þeirri kenningu, að jörðin snerist kringum sólina. Fáeinum árum síðar varð hinn aldni heimspekingur Galileo að afneita sömu kenningu knékrjúpandi til þess að komast hjá því að sæta sömu örlögum. Á síðari tímum voru Darwin og brautryðjendur í nútíma jarðfræði heiftúðlega fordæmdir fyrir að dirfast að rengja þá kenningu heilagrar ritningar, að jörðin hafi verið sköpuð á sex dögum fyrir tæpum sex þúsund árum. Andstaða gegn nýjum vísindalegum sannleika hefur samt sem áður ekki öll komið frá kirkjunni. Hinir rétttrúuðu innan vísindanna hafa verið fullt eins andvígir framförum og hinir rétttrúuðu innan trúarbragðanna. Hinir svonefndu vísindamenn, sem voru samtíða Kolumbusi, hæddu hann og hlógu að honum, og þóttust geta fært á það fullar sönnur, að ef skipum tækist að komast niður til andfætlinganna yfir brún hnattarins, væri engin leið fyrir þau að komast upp aftur! Galvani, brautryðjandi á sviði rafmagnsvísinda, var spottaður af lærðum starfsbræðrum sínum og uppnefndur „dansmeistari froskanna“. Starfsbræður Harveys, sem uppgötvaði hringrás blóðsins, drógu dár að honum og ofsóttu hann vegna þessarar villutrúarkenningar, og honum var sagt upp stöðu sinni sem háskólafyrirlesari. Þegar Stephenson fann upp eimreiðina, héldu evrópskir stærðfræðingar, í stað þess að opna augun og kanna staðreyndirnar, árum saman áfram að færa sönnur á, að eimreið á sléttum teinum gæti aldrei dregið hlass, þar sem hjólin mundu einfaldlega snúast á sama stað og lestin ekkert komast áfram. Hægt væri að tilfæra aragrúa dæma þessum lík, bæði úr nútímasögu og frá liðnum öldum. Dr. Zamenhof, sem fann upp Esperanto, varð að heyja harða baráttu fyrir þessu stórkostlega alþjóðamáli og hlaut samskonar spott, fyrirlitningu og heimskulega and-

stöðu og mætti Kolumbusi, Galvani og Stephenson. Jafnvel Esperanto, sem leit dagsins ljós 1887, hefur átt sína píslarvotta.

Árroði sátta

Á síðustu fimmtíu árum hefur þó breyting orðið á anda tímanna, nýtt ljós sannleikans hefur birst, sem hefur gert deilur síðustu aldar einkennilega fjarlægjar okkur. Hvar eru nú hinir steigurlátu efnishyggjumenn og kreddufullu guðleysingar, sem aðeins fyrir nokkrum árum hótuðu að reka trúarbrögðin út í ystu myrkur? Og hvar eru predikararnir, sem í trúarfullvissu sinni vísuðu þeim, sem ekki viðurkenndu kreddur þeirra, í vítiseld og eilífa kvöl? Við kunnum að heyra óminn af háreysti þeirra ennþá, en dagur þeirra er að kvöldi kominn og bríður bornar á kenningar þeirra. Við sjáum núna, að þær kenningar, sem ollu mestum deilum, voru hvorki sönn vísindi né sönn trúarbrögð. Hvaða vísindamaður gæti, í ljósi nútíma sálarrannsókna, haldið því fram lengur, að „heilinn gefi frá sér hugsanir, eins og lifrin gefur frá sér gall“? Eða að hrörnun sálarinnar sé sjálfgefið samfara hrörnun líkamans? Við sjáum nú, að eigi hugsunin að vera laus úr öllum viðjum, verður hún að svífa til sviða sálrænna og andlegra fyrirbæra, en ekki vera bundin efninu einu. Okkur er það ljóst nú, að þekking okkar er eins og dropi í hafinu samanborið við það, sem enn er órannsakað. Við viðurkennum því fúslega tilvist kraftaverka; að sönnu ekki í þeim skilningi, að lögmál náttúrunnar séu brotin, heldur að þau birti virkni afla, sem við kunnum ekki skil á ennþá, fremur en forfeður okkar kunnu skil á rafmagni eða röntgengeislum. Hver af leiðandi trúarbragðakennurum okkar mundi, á hinn bóginn, halda því fram ennþá, að það sé sáluhjálparatriði að trúa því að heimurinn hafi verið skapaður á sex dögum, eða að lýsingin á plágunum í Egyptalandi í annarri Mósebók sé bókstaflega sönn, eða að sólin hafi staðið kyrr á himninum (m.ö.o., að jörðin hafi hætt að snúast) til þess að Jósúa gæti elt uppi óvini sína, eða ef maðurinn

viðurkenni ekki trúarjátningu heilags Aþanasíusar „muni hann án efa glatast eilíflega“. Slíkar kenningar má endurtaka efnislega, en hver viðurkennir þær í bókstaflegri merkingu sinni og án fyrirvara? Tak þeirra á hjörtum og hugum mannanna hefur losnað, eða losnar óðum. Hinn trúaði heimur stendur í þakkarskuld við þá vísindamenn, sem hjálpuðu til að ryðja úr vegi þessum útslitnu kreddum og trúarjátningum, og leyfðu sannleikanum að stíga frjálsum fram. En heimur vísindanna stendur jafnvel í ennþá meiri þakkarskuld við dýrlingana og dulsæismennina, sem héldu fast við lífgefandi sannleika andlegrar reynslu, hvað sem yfir þá dundi, og sönnuðu trúlausum heimi, að lífið er meira en brauðið og hið ósýnilega meira en hið sýnilega. Þessir vísindamenn og helgu menn voru eins og fjallstindarnir, sem morgunsólin sendi fyrstu geisla sína og endurvörpuðu þeim niður í dalina, en nú er sólin hátt á lofti og geislar hennar upplýsa heiminn. Í kenningum Bahá'u'lláh eigum við dýrlega opinberun sannleikans, sem fullnægir bæði huga og hjarta, og í henni eru trúarbrögð og vísindi sameinuð.

Leit að sannleikanum

Bahá'í kenningarnar um þá leið, sem fara verður í leit að sannleikanum, eru í fullu samræmi við vísindin. Maðurinn verður að losa sig við alla fordóma, til þess að hann geti óhindrað leitað sannleikans.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Til þess að finna sannleikann verðum við að hafna fordómum og lítilmótlegum hugmyndum sjálfra okkar. Opinn og næmur hugur er frumskilyrði. Sé bikar okkar fullur af sjálfinu, er í honum ekkert rúm fyrir vatn lífsins. Sú staðreynd, að við höldum, að við höfum sjálf á réttu að standa, og allir aðrir hafi á röngu að standa, er mesti farartálminn á vegi einingarinnar, og eining er höfuðnaðsýn, ef við eigum að höndla sannleikann, því að sannleikurinn er einn . . .

Engin sannindi geta verið í mótsögn við önnur sannindi. Ljós

er gott, á hvaða lampa sem það logar! Rósin er fögur, í hvaða garði, sem hún vex! Stjarnan blikar jafnskært í austri og í vestri! Losið yður við hleypidóma, þá munuð þér elska sól sannleikans, hvar sem hún kemur upp. Þér munuð skilja, að ef hið himneska ljós sannleikans skein í Jesú Kristi, skein það einnig í Móse og Buddha . . . Það er þetta, sem átt er við með „leit að sannleikanum“.

Það þýðir einnig, að við verðum að vera fús til að varpa frá okkur öllu, sem við höfum áður lært, öllu, sem gæti tafið okkur eða tálmað för okkar á vegi leitarinnar að sannleikanum; við megum ekki hika við, ef nauðsyn krefur, að hefja menntun okkar að nýju. Við megum ekki láta ást okkar á neinum trúarbrögðum eða neinni persónu blinda svo augu okkar, að við verðum fjöttraðir af hjátrú. Þegar við höfum losað okkur við alla þessa fjöttra, mun okkur takast að ná takmarki okkar.“ – (Paris Talks, bls. 136–137).

Guð er æðri öllum skilningi

Bahá'í kenningarnar eru samhljóða þeirri skoðun vísindanna og heimspekinnar, að innsta eðli Guðs sé langt ofar mannlegum skilningi. Thomas Huxley og Herbert Spencer leggja á það mikla áherslu, að eðli hinnar miklu Frumorsakar sé óþekkjanlegt, og Bahá'u'lláh leggur jafn ríka áherslu á, að „Guð skilur allt; enginn fær öðlast skilning á honum.“ „Leiðin er lokuð og vegurinn ófær“ að þekkingu á kjarna Guðdómsins, því hvernig getur dropi innihaldið úthaf eða arið, sem dansar í sólargeislanum, umfaðmað alheiminn? Samt er allur alheimurinn talandi tákn um Guð. Í hverjum vatnsdropa eru höf merkinga, og í hverju ari er fölginn alheimur þýðinga, sem er langt fyrir ofan skilning hins lærðasta vísindamanns. Efnafræðingurinn og eðlisfræðingurinn, sem stunda rannsóknir á eðli efnisins, hafa horfið frá massa til sameinda, frá sameindum til frumeinda, frá frumeindum til öreinda, en með hverju skrefi, sem þeir stíga, aukast erfiðleikarnir, uns hinir skörpustu vitsmunir verða að láta staðar numið og geta aðeins beygt sig í þögulli lotningu

frammi fyrir hinum óþekkta Óendanleika, sem er óleysanleg ráðgáta, hjúpuð eilífri dul.

Tennyson yrkir á þessa leið:

„Flower in the crannied wall,
I pluck you out of the crannies,
I hold you here, root and all in my hand,
Little flower, but if I could understand
What you are, root and all, and all in all,
I should know what God and man is.“

Í lauslegri þýðingu:

„Blóm, sem vex í brostnum vegg,
úr brestunum les ég þig
Í hendi minni held ég þér með rót og öllu.
Kynni ég aðeins skil á, kæra blóm,
hvað þú ert með rót og öllu og allt í öllu,
vissi ég hvað er Guð og hvað er maður.“

Ef blómið í hinum brostna vegg – ef aðeins ein öreind efnisins felur í sér leyndardóma, sem hinir skörpustu vitsmunir fá ekki skilið, hvernig fær þá maðurinn öðlast skilning á alheiminum? Hvernig dirfist hann að látast geta skilgreint eða lýst hinni takmarkalausú Orsök allra hluta? Öllum guðfræðilegum vangaveltum um eðli Guðs er þannig ýtt til hliðar sem einskisverðum hégóma.

Þekking á Guði

En þótt kjarninn sé óþekkjanlegur, má hvarvetna finna tákinn um örlæti hans. Þótt ekki sé hægt að gera sér Frumorsökina í hugarlund, skírskota verk hennar til allra skilningarvita okkar. Líkt og þekking á listaverki veitir fagurfræðingi sanna vitneskju um listamanninn, þannig er þekking á alheiminum í öllum sínum myndum – þekking á náttúrunni eða mannlegu eðli, á sýnilegum og ósýnilegum hlut-

um – þekking á handaverki Guðs og veitir þeim, sem leitar guðdómlegs sannleika, sanna þekkingu á dýrð hans.

„Himnarnir segja frá Guðs dýrð, og festingin sýnir verkin hans handa. Hver dagurinn af öðrum mælir orð, hver nóttin af annarri talar speki.“ – XIX. sálmur, 1–2.

Birtendur Guðdómleikans

Örlæti Guðs birtist í öllum hlutum misjafnlega skýrt, líkt og allt efni, sem sólin skín á, endurvarpar sólarljósinu misjafnlega mikið. Öskuhrúgan endurvarpar því lítið eitt, steinninn meira, krítarmolinn ennþá meira, en við getum ekki greint lögun eða lit þessa dýrlega hnattar í neinum þessara hluta. Alfægður spegill sýnir þó sjálfa ímynd sólarinnar og lit hennar; þegar við lítum í hann, er sem við sjáum sólina sjálfa. Með þessu móti tala hlutirnir við okkur um Guð. Steinninn getur sagt okkur eitthvað um eigindir Guðs, blómið getur sagt okkur meira, dýrið, með dásamlega skynhæfileika sína, hvatir og hreyfikraft, getur sagt okkur ennþá meira. Í hinum lægstu meðal bræðra okkar getum við fundið undursamlega eiginleika, sem tala sínu máli um undursamlegan Skapara. Í skáldinu, dýrlingnum, snillingnum finnum við æðri opinberun, en hinir miklu spámenn og trúarbragðahöfundar eru hinir alfáðu speglar, sem endurvarpa ást og visku Guðs til mannkynsins. Speglar annarra manna eru máðir af dusti og flekkjum eigingirni og fordóma, en speglar spámannanna eru hreinir og flekklausir – fullkomlega helgaðir vilja Guðs. Þannig verða þeir mestu fræðarar mannkynsins. Hinar himnesku kenningar og kraftur Heilags Anda, sem gegnum þá streymir, hefur verið og er ástæðan fyrir framþróun mannkynsins, því að Guð hjálpar mönnum með fulltingi annarra manna. Hver maður, sem náð hefur æðri þroska í lífinu, er tæki til hjálpar þeim, sem skemmra eru á veg komnir, og þeir, sem æðstir eru allra, eru fulltingismenn alls mannkynsins. Það er því líkast sem allir menn séu tengdir teygjanlegum böndum. Ef maður hefur sig lítið

eitt yfir meðbræður sína, stríkkar á böndunum. Fyrri félagar hans hneigjast til að toga í hann, en með jafnmiklu afli dregur hann þá upp á við. Því hærra, sem hann kemst, þeim mun betur finnur hann þunga alls heimsins, sem togar hann niður á við, og þeim mun háðari er hann þeirri guðlegu aðstoð, sem nær til hans fyrir atbeina hinna fáu, sem eru fyrir ofan hann. Hæstir allra eru hinir miklu spámenn og frelsarar, hinir guðlegu „birtendur“ – þeir fullkomnu menn, sem áttu sér enga jafningja á sínum dögum og báru byrði alls heimsins, studdir af Guði einum.

Sköpunin

Bahá'u'lláh kennir, að alheimurinn eigi sér ekkert upphaf. Hann er eilíf afleiðing Hinnar miklu frumorsakar. Skaparinn hefur aldrei verið án sköpunar og mun aldrei verða. Heimar og heimskerfi kunna að fæðast og líða undir lok, en alheimurinn stendur að eilífu. Allir hlutir, sem settir eru saman, munu á sínum tíma leysast í sundur, en frumpættir efnisins eyðast ekki. Sköpun heimsins, blómsins eða mannslíkamans er ekki í því fólgin, að „gera eitthvað úr engu“, hún er öllu fremur fólgin í samsetningu efna, sem áður voru dreifð; eitthvað, sem áður var hulið er gert sýnilegt. Smám saman munu frumefnin dreifast á ný, formið hverfur, en ekkert tapast í rauninni eða verður að engu; nýjar samsetningar og form rísa ætíð úr rústum hins gamla. Bahá'u'lláh staðfestir kenningu vísindamannsins, sem segir, að sköpun heimsins hafi ekki tekið sex þúsund ár, heldur billjónir ára. Þróunarkenningin afneitar ekki sköpunarkraftinum. Hún leitast einungis við að lýsa því, hvernig hann birtist, og hin stórfenglega saga hins efnislega alheims, sem stjörnufræðingurinn, jarðfræðingurinn, eðlisfræðingurinn og líffræðingurinn eru smám saman að afhjúpa fyrir sjónum okkar, er, sé hún metin að verðleikum, miklu líklegri til að vekja dýpstu lotningu og tilbeiðslu en sú ófullkomna og óheflaða saga um sköpun heimsins, sem sögð er í hebresku ritningunum. Hin gamla frásögn í fyrstu Mósebók hafði hins vegar þann kost,

að sýna fram á, í fáum táknrænum dráttum, andlegan meginkjarna sögunnar og tjá merkingu, sem grúskaranum hefði yfirsést í nákvæmri leit sinni að smáatriðum. Ef efnisleg smáatriði blinda okkur fyrir hinni andlegu merkingu, værum við betur komin án þeirra, en þegar við einu sinni höfum skilið til fulls meginatriði allrar sögunnar, mun þekking á smáatriðum auðga stórkostlega sýn okkar, ljá henni fyllingu og miðla okkur undursamlegri heildarsýn, þar sem við áður sáum aðeins frumdrættina.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Vit, að það eru ein hinna torskildustu andlegu sanninda, að veröldin, það er að segja, þessi óendanlegi alheimur, á sér ekkert upphaf . . . Vit, að Skapari án sköpunarverks er óhugsandi; gjafari án þiggjenda er óskiljanlegur; því að forsenda allra hinna himnesku nafna og eiginda er mannleg tilvist. Ef við gætum gert okkur í hugarlund tíma, þegar engin vera var til, mundi sú ímyndun fela í sér afneitun á guðdómleika Guðs. Auk þess getur algjör eivera aldrei orðið tilvera. Hefðu verurnar alls enga tilvist haft, hefði aldrei orðið um tilvist að ræða. Því er það, að eins og kjarni einingarinnar, það er að segja, tilvera Guðs, er eilífur og ævarandi og hefur hvorki upphaf né endi, er það víst, að þessi tilveruheimur hefur hvorki upphaf né endi. Samt getur það verið, að einn hluti alheimsins, t.a m. einn hnötturinn, verði til eða eyðist, en hinir hnettirnir eru eigi að síður til. Þar sem sérhver hnöttur á sér upphaf, hlýtur hann einnig að eiga sér endi, vegna þess að öll samsetning, fjölþætt eða einföld, hlýtur að leysast í sundur; eini munurinn er sá, að sumt leysist upp hratt og annað hægar, en það er óhugsandi að samsettur hlutur muni ekki að lokum leysast í sundur.“ – (Some Answered Questions, bls. 168–169.)

Þróun mannsins

Bahá'u'lláh staðfestir einnig þá kenningu líffræðinga, að maðurinn eigi sér þróunarsögu, sem nær yfir margar milljónir ára. Mannslíkaminn þróaðist stig af stigi úr mjög einfaldri og að því er virtist þýðingarlausri mynd, en í rás kyn-

slóðanna varð hann æ flóknari og skipulag hans fullkomnara uns nútímamaðurinn kom fram. Sérhver einstakur mannslíkami stigþróast á þennan hátt, úr örlitlum hlaupkenndum dropa í fullþroska mann. Sé þessu þannig varið um einstaklinginn, hvers vegna skyldum við telja það niðrandi fyrir tign mannsins að viðurkenna, að tegundin hafi þróast með áþekkkum hætti? *Þetta á ekkert skylt við þá kenningu, að maðurinn geti rakið ættir sínar til aðanna.* Mannsfóstrið líkist á einu stigi þróunarinnar fiski með tálknum og spordi, en það er ekki fiskur. Það er mannsfóstur. Þannig getur tegund mannsins¹ á ýmsum stigum síns langa þróunarferils líkst hið ytra ýmsum tegundum óæðri dýra, en samt sem áður var ætíð um tegund mannsins að ræða, sem bjó yfir því leyndardómsfulla afli, að geta þroskast til manns, eins og við þekkjum hann nú á dögum, og væntanlega í eitthvað ennþá æðra í framtíðinni.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Það er augljóst, að þessi jarðhnöttur í núverandi mynd sinni varð ekki til allt í einu, heldur tók hægt og sigandi ýmsum breytingum, uns hann skryddist sinni núverandi fullkomnun . . . Í upphafi tilveru sinnar í skauti jarðar óx maðurinn og þróaðist smám saman, eins og fóstrið í móðurlífi, frá einu formi til annars . . . uns hann steig fram í þessari fegurð og fullkomnun, þessu afli og valdi. Það er víst, að í upphafi átti hann ekki þennan yndisleik og þokka, að hann stig af stigi öðlaðist þessa lögun, þetta mót, þessa fegurð og þokka . . . Tilvera mannsins á jörðunni frá upphafi, uns hann nær þessu ástandi og svipmóti, útheimtir langan tíma . . . en frá upphafi tilveru sinnar, er hann sérstök tegund . . . Þótt finna megi ummerki um líffæri, sem eru horfin (í mannslíkamanum), þá sannar það ekki að tegundin hafi ekki verið til frá byrjun. Það sannar í mesta lagi, að sköpulag mannsins og líffæri hans hafa þróast. Maðurinn var ætíð sérstök tegund, maður, ekki dýr.“ – (Some Answered Questions, bls. 170–172).

1 Orðið „tegund“ er notað hér til að skýra þann mun, sem ætíð hefur verið á mönnum og dýrum, þrátt fyrir ytra útlit. Ekki ætti að leggja í það sérhæfðan líffræðilegan skilning nútímans.

Hann segir um söguna af Adam og Evu:

„Ef við tökum þessa sögu samkvæmt orðanna hljóðan og skilningi fjöldans, er hún vissulega afar sérstæð. Skynsemin getur ekki viðurkennt hana, staðfest eða skilið; því að slíkt fyrirkomulag, slík smáatriði, slíkar orðræður og álasanir eru fjarri öllu, sem skynborinn maður mundi láta sér um munn fara, hvað þá Guðdómurinn – sá Guðdómur, sem hefur skipulagt þennan takmarkalaus alheim í fullkomnustu mynd sinni og sett ótölulegum grúa íbúa hans algilt kerfi, gætt þá styrk og fullkomnun . . .

Þess vegna verður einfaldlega að líta á söguna um Adam og Evu, er átu af trénu og voru rekin úr paradís, sem líkingu. Hún felur í sér guðdómlega leyndardóma, allsherjarþýðingu og getur miðlað dásamlegum útskýringum.“ – (Some Answered Questions, bls. 112–113.)

Líkami og sál

Bahá'í kenningarnar um líkama og sál og lífið eftir dauðann, eru í fullu samræmi við niðurstöður sálarrannsókna. Þær halda því fram, eins og áður er frá skýrt, að dauðinn sé aðeins ný fæðing – lausn úr þrisund líkamans til fyllra lífs – og að þroskanum í því lífi séu engin takmörk sett.

Mikill fjöldi vísindalegra sannana hefur smám saman komið fram, sem að áliti hlutlausra en mjög gagnrýninna könnuða, nægja fyllilega til að staðfesta, að líf er eftir dauðann – að sálin lifir og starfar eftir að líkaminn er orðinn að dufti. Í bók sinni *Human Personality*, þar sem saman eru dregnar niðurstöður margvíslegra rannsókna, sem „The Psychical Research Society“ stóð fyrir, segir F.W.H. Myers:

„Athuganir, tilraunir og aðleiðsla hafa orðið til þess, að margir könnuður, þar á meðal ég, hafa sannfærst um að til er beint samband eða hugsanaflutningur, ekki aðeins milli manna á jörðunni, heldur einnig milli huga eða sálna, sem enn eru á jörðunni, og þeirra, sem burtu eru farnir. Þessi uppgötvun opnar einnig dyrnar að opinberun . . .

Við höfum sýnt, að mitt í svikum og sjálfsblekkingum, falsi og skynvillum, berast sannanlegar vitranir til okkar frá heiminum handan grafar . . .

Með uppgötvun og opinberun hafa vissar bráðabirgðakenningar verið settar fram varðandi þær framlíðnu sálir, sem okkur hefur tekist að komast í samband við. Fyrst og fremst finnst mér ástæða til að ætla, að sálirnar þroskist eilíflega að ást og visku. Jarðnesk ást þeirra varir, en þó umfram allt sú ást þeirra, sem tjáir sig í tilbeiðslu og vegsömun . . . Fyrir þeim virðist hið illa fremur vera ánauð en ógn. Það býr ekki í neinum voldugum höfðingja. en virðist fremur vera einangrandi brjálsemi, sem hinir æðri andar reyna að leysa þjáða sálina undan. Engin þörf er á hirtingu í eldsdíki; sjálfsþekking er refsing mannsins og umbun hans: sjálfsþekking og nálægð eða fálæti annarra sálna. Því að í þeim heimi er ástin í rauninni sjálfsvarðveisla; samneyti heilagra manna skryðir ekki aðeins heldur er í sjálfu sér hið eilífa líf. Af lögmáli hins andlega samneytis (telepathy) leiðir, að þetta samneyti hefur þýðingu fyrir okkur hér og nú. Jafnvel á þessari stundu svarar ást framlíðinna sálna ákalli okkar. Jafnvel nú styður og styrkir ástrík minning okkar – ástin er bæn í sjálfu sér – þá anda, sem leystir eru úr fjötrum holdsins, og stíga upp á við.“

Samræmið milli þessarar skoðunar, sem byggð er á vönduðum, vísindalegum rannsóknum, og bahá'í kenninganna um þessi efni, er vissulega eftirtektarvert.

Eining mannkynsins

„Þér eruð allir ávextir eins trés, lauf einnar greinar, blóm eins garðs.“

Þessi orð eru hvað mest einkennandi fyrir Bahá'u'lláh, og einnig þessi:

„Dýrðin er ekki þess, sem elskar land sitt, heldur þess, sem elskar meðbræður sína.“

Eining – eining mannkyns og allra skapaðra vera í Guði – er meginstef kenninga hans. Hér er samræmi milli sannra trúarbragða og vísinda enn augljóst. Með hverju skrefi, sem

vísindin taka fram á við, verður eining alheimsins og sam-
tvinning allra hluta hans augljósari. Vettvangur stjörnu-
fræðingsins er órjúfanlega tengdur vettvangi eðlisfræðings-
ins, sem aftur er tengdur efnafræðingnum, sem tengdur er
líffræðingnum, sem aftur er tengdur sálfræðingnum o.s.frv.
Sérhver ný uppgötvun á einum rannsóknarvettvangi varpar
nýju ljósi á önnur svið. Líkt og raunvísindin hafa sýnt, að
sérhver efnisögn í alheiminum dregur til sín og hefur áhrif á
aðrar efnisagnir, hversu smáar og fjarlægjar, sem þær kunna
að vera, þannig eru sálvísindin að komast að raun um að
sérhver sál í alheiminum verkar á allar aðrar sálir. Í bók sinni
um samhjálp (*Mutual Aid*) sýnir Kropotkin prins skýrt fram
á, að jafnvel meðal óæðri dýra er gagnkvæm hjálpar-
kvæmileg forsenda fyrir áframhaldandi lífi; hvað mannum
viðvíkur veltur framþróun siðmenningarinnar á, að gagn-
kvæm hjálpar komi í stað óvildar og andstöðu. „Einn fyrir alla
og allir fyrir einn“: aðeins á grundvelli þessarar meginreglu
getur samfélagið vaxið og dafnað.

Tími einingar

Öll tákni tímanna benda til, að við lifum í dagrenningu nýs
tímabils í sögu mannkynsins. Hingað til hefur hinn ungi örn
mankynsins ekki yfirgefið sitt gamla hreiður í traustri
hamraborg eigingirni og efnishyggju. Tilraunir hans til að
nota vængina hafa verið veikburða og hikandi. Hann hefur
borið óljósa þrá í brjósti eftir einhverju, sem hann hefur enn
ekki öðlast. Æ oftast ærist hann í innlokun gamalla kreddu-
kenninga og rétttrúnaðar. En nú er tími innilokunarinnar á
enda og hann getur hafið sig til flugs á vængjum trúarinnar
til æðri sviða andlegrar ástar og sannleika. Hann mun ekki
lengur vera jarðbundinn, eins og hann var áður en vængir
hans uxu, heldur mun hann svífa að vild til heimkynna
viðsýnis og dýrlegs frelsis. Samt er eitt nauðsynlegt, ef flug
hans á að vera öruggt og stöðugt. Vængir hans verða ekki
aðeins að vera sterkir, heldur verða þeir að starfa í fullkomnu
samræmi. 'Abdu'l-Bahá segir:

„Hann getur ekki flogið með einum væng. Reyni hann að fljúga með væng trúarbragðanna einna, mun hann hafna í feni hjátrúar, og reyni hann að fljúga með væng vísindanna einna, hafnar hann í ömurlegu foraði efnishyggjunnar.“ – (Paris Talks, bls. 143.)

Fullkomið samræmi milli trúarbragða og vísinda er skilyrðislaus forsenda æðra lífs fyrir mannkynið. Þegar það hefur tekist og sérhvert barn fær ekki aðeins fræðslu um vísindi og listir, heldur einnig um ást til alls mannkynsins og geislandi undirgefni við vilja Guðs, eins og hann birtist í þróuninni og kenningum spámannanna, þá og aðeins þá mun ríki Guðs koma og vilji hans verða svo á jörðu sem á himni; þá og aðeins þá mun hinn mesti friður úthella blessun sinni yfir veröldina.

„Þegar trúarbrögðin,“ segir ‘Abdu’l-Bahá, „hafna hindurvitnum sínum, hefðum og óskynsamlegum kreddum og eru í samræmi við vísindin, mun mikið skírandi og sameinandi afl flæða um heiminn og ryðja úr vegi sínum öllu stríði, ósamkomulagi, deilum og sundrung, og þá mun mannkynið sameinast í krafti ástar Guðs.“ – (Paris Talks, bls. 146.)

Uppfylling spádómanna í bahá'í trúnni

„Hvað viðvíkur birtingu Hins mesta nafns (Bahá'u'lláh): Hann er sá, sem Guð hefur heitið í öllum bókum sínum og ritningum, Biblíunni, guðspjöllunum og Kóraninum.“ – ‘Abdu’l-Bahá.

Túlkun spádóma

Alræmdir erfiðleikar eru samfara túlkun spádóma og um ekkert málefni eru skoðanir lærdómsmanna jafn skiptar. Þetta er engin furða, því að samkvæmt opinberunarritunum sjálfum var mörgum spádómum miðlað með þeim hætti, að ekki var hægt að skilja þá til fulls fyrr en þeir rættust, og jafnvel þá gátu aðeins hinir hjartahreinu og fordómalaus skilið þá. Þannig var sagt við sjáandann Daníel undir lok sýnar hans:

„En þú, Daníel, halt þú þessum orðum leyndum og innsigla bókina, þar til er að endalokunum líður. Margir munu rannsaka hana, og þekkingin mun vaxa . . . Ég heyrði þetta, en skildi það ekki, og sagði því: Herra minn, hver mun endir á þessu verða? En hann sagði: Far þú, Daníel, því að orðunum er leyndum haldið og þau innsigluð, þar til er endirinn kemur.“ – (Daníel XII. 4–9.)

Hafi Guð innsiglað spádómana, þar til að endalokunum dró og jafnvel ekki birt spámönnunum sjálfum fulla þýðingu þeirra, getum við búist við að enginn nema útvalinn sendiboði Guðs geti rofið innsiglið og afhjúpað merkinguna, sem dulin er í skríni spámannlegs líkingamáls. Íhugun á sögu spádóma og mistúlkun þeirra á fyrri öldum og í öðrum trúarbrögðum, ásamt ströngum viðvörðunum spámannanna sjálfra, ætti að gera okkur mjög varkár, þegar um er að ræða bollaleggingar guðfræðinga um raunverulega merkingu þessaraspádómsorða og uppfyllingu þeirra. Þegar, á hinn spádóm-ana, er það mikilvægt, að við rannsökum tilkall hans með opnum og fordómalausum huga. Sé hann svikari, munu svik hans brátt verða uppvís og enginn skaði er skeður en vei öllum þeim, sem í skeytingarleysi vísa sendiboða Guðs á dyr vegna þess að hann birtist í óvæntri mynd eða á óvæntum tíma.

Líf og orð Bahá'u'lláh bera því vitni, að hann er hinn fyrirheitni allra heilagra ritninga, sem vald hefur til að rjúfa innsigli spádómanna og hella af „innsigluðu úrvalsvíni“ guðdómlegra launmála. Við skulum því hlýða á skýringar hans og endurskoða í þeirra ljósi þau velþekktu en oft á tíðum leyndardómsfullu orð, sem spámennirnir töluðu til forna.

„Koma Drottins“ á „efsta degi“ er sá „fjarlægi, himneski viðburður“, sem allir spámennirnir bíða í eftirvæntingu og syngja sína dýrlegustu söngva. Hvað er þá átt við með „komu Drottins“? Vissulega er Guð allar stundir hjá skepnum sínum, í öllu og yfir öllu. „Nær er hann yður en andardráttur yðar, nær en hendur og fætur.“ Að vísu – en menn geta ekki heyrt Guð eða séð í sköpun hans eða yfirskilvitleik og gera sér ekki ljósa návist hans, fyrr en hann birtir sig í sýnilegri mynd og talar við þá mennskri tungu. Guð hefur ætíð notað mannlegt verkfæri til þess að opinbera æðri eigindir sínar. Sérhver spámannanna var milligöngumaður; Guð vitjaði hans og talaði til fólksins fyrir munn hans. Jesús var slíkur

milligöngumaður, og kristnir menn hafa með réttu litið á birtingu hans sem tilkomu Guðs. Þeir sáu í honum auglit Guðs og heyrðu raust Guðs af vörum hans. Bahá'u'lláh segir okkur, að faðirinn, skapari og lausnari heimsins, sem allir spámennirnir hafa spáð að koma muni á „tíma endalokanna“, tákni ekki annað en birtingu hans í mannlegri mynd, eins og hann birti sig í musteri (líkama) Jesú frá Nasaret; en í þetta sinn flytur hann fyllri og dýrlegri opinberun, sem Jesús og allir hinir fyrri spámenn hafa búið hjörtu og hugi mannanna undir.

Spádómar um Krist

Gyðingar sneru baki við Kristi vegna þess að þeir skildu ekki merkingu spádómanna um yfirráð Messíasar. 'Abdu'l-Bahá segir:

„Gyðingar biða enn komu Messíasar og biðja Guð nótt og dag, að hraða komu hans. Þegar Jesú kom, afneituðu þeir honum og deyddu hann. Þeir sögðu: „Þetta er ekki sá, sem við biðum eftir. Sjá, þegar Messías kemur munu undur og stórmerki verða til vitnisburðar um að hann er í sannleika Kristur . . . Messías mun koma frá óþekktri borg. Hann mun sitja í hásæti Davíðs, og sjá: Hann mun koma með biturt sverð og drottna með járnstaf. Hann mun uppfylla lögmál spámannanna. Hann mun leggja undir sig austrið og vestrið og gera útvalda þjóð sína, gyðinga, dýrlega. Hann mun grundvalla friðarríkið, þar sem jafnvel dýrin munu láta af fjandskap sínum við manninn. Því sjá, úlfurinn og lambið munu drekka úr sömu lind . . . og allar skepnur Guðs munu hvíldar njóta . . .“

Þannig hugsuðu og töluðu gyðingar, því að þeir skildu ekki ritningarnar né þau dýrlegu sannindi, sem í þeim fólust. Bókstafinn kunnu þeir utan að, en hinn lífgefandi anda skildu þeir ekki.

Hlýðið á mál mitt og ég mun sýna yður merkingu þessara orða: Þótt Kristur hafi komið frá Nasaret, sem var þekktur staður, kom hann einnig frá himnum. Líkami hans var fæddur af Maríu, en andi hans kom frá himnum. Sverð, sem hann bar, var sverð tungu hans, og með því greindi hann hina góðu frá

hinum illu, hina sönnu frá hinum fláráðu, hina trúföstu frá hinum ótrúu og ljós frá myrkri. Orð hans var að sönnu biturt sverð! Hásætið, sem hann sat í, er hið eilífa hásæti, þaðan sem Kristur ríkir að eilífu, himneskt hásæti, ekki jarðneskt, því að jarðneskir hlutir líða undir lok, en hið himneska líður aldrei undir lok. Hann túlkaði á ný og fullkomnaði lögmál Móse og uppfyllti lög spámannanna. Orð hans lagði undir sig austrið og vestrið. Konungsríki hans er eilíft. Hann upphóf þá gyðinga, sem báru kennsl á hann. Það voru menn og konur af lágum stigum, en snertingin við hann gerði þau að mikilmönnum og veitti þeim eilífa göfgi. Dýrin, sem búa áttu saman, tákna hina ýmsu trúflokka og kynþætti, sem áður höfðu átt í ófriði, en áttu nú að dvelja saman í ást og samlyndi og drekka saman vatn lífsins úr Kristi, lindinni eilífu.“ – (Paris Talks, bls. 54–56.)

Flestir kristnir menn viðurkenna þessa túlkun Messías-ar-spádómanna, heimfærða á Krist; en hvað snertir svipaða spádóma um Messías hinna síðari tíma, hafa margir þeirra tileinkað sér sömu viðhorf og gyðingar og vænta undra og stórmerkja í heimi efnisins, sem uppfylla muni spádómana bókstaflega.

Spádómar um Bábinn og Bahá'u'lláh

Samkvæmt skýringum bahá'í trúarinnar eiga spádómarnir um „tíma endalokanna“, hina „síðustu daga“, „komu Drottins herskaranna“, „eilífðarföðurinn“ o.s.frv., ekki við um komu Jesú Krists, heldur Bahá'u'lláh sérstaklega. Tökum, til að mynda, hinn alþekktu spádóm Jesaja:

„Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið ljós; yfir þá, sem búa í landi náttmyrkranna, skín ljós . . . Því að hið þunga ok hennar, stafinn, sem reið að herðum hennar, brodd rekstrarmannsins, hefur þú í sundur brotið, eins og á dögum Mídions. Því að öll harkmikil hermannastígúel og allar blóðstokknar skikkjur skulu brenndar og verða eldsmatur. Því er barn er oss fætt, sonur er oss gefinn; á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla; nafn hans skal kallað: undraráðgjafi, guðhetja, eilífðarfaðir, friðarhöfðingi. Mikill skal höfðingjadómurinn verða og friðurinn

engan endi taka á háseti Davíðs og í konungsríki hans, til þess að reisa það og efla með réttvísi og réttlæti héðan í frá og að eilífu. Vandlæting Drottins herskaranna mun þessu til vegar koma.“ – Jesaja, IX. 2.–7.

Þetta er einn þeirra spádóma, sem oft hefur verið talið að vísi til Krists, og margt má vissulega heimfæra á hann, en dálítill athugun mun leiða í ljós í hve miklu ríkari mæli þeir eiga við um Bahá'u'lláh. Kristur hefur að sönnu verið ljósberi og lausnari, en í þau nærfellt tvö þúsund ár, sem liðin eru frá komu hans, hefur mikill meirihluti jarðarbúa haldið áfram að ganga í myrkrinu, og börn Ísraels og mörg önnur Guðs börn hafa haldið áfram að stynja undan oki kúgarans. Á hinn bóginn hefur ljós sannleikans uppljómað austrið og vestrið á fyrstu áratugum bahá'í tímabilsins, fagnaðartíðindin um Guð föður og bræðralag mannanna hafa verið flutt til allra landa heims, hinum miklu hernaðareinveldum hefur verið kollvarpað og fæðst hefur vitund um heimseiningu, sem færir öllum undirokuðum og kúguðum þjóðum heims von um að lausn sé í nánd. Styrjöldin mikla, sem geisaði í heiminum frá 1914–1918, með öllum sínum skotvopnum, íkveikjusprenjum og fljótandi eldsneyti, sem engin dæmi voru til um áður, er vissulega hægt að heimfæra á orðin: „... voru brenndar og urðu eldsmatur.“¹ Bahá'u'lláh, sem fjallað hefur ýtarlega í ritum sínum um vandamál stjórnunar og stjórnskipulags og sýnt hvernig má leysa þau með hagkvæmustum hætti, hefur vissulega tekið „höfðingjadóminn“ á herðar sér á allt annan veg en Kristur gerði. Hvað viðvíkur nöfnunum „eilíðarfaðir“ og „friðarhöfðingi“, þá talar Bahá'u'lláh hvað eftir annað um sjálfan sig sem birtingu Föðursins, sem Kristur og Jesaja töluðu um, en Kristur talaði ætíð um sjálfan sig sem Soninn. Bahá'u'lláh kunngerir, að það sé hlutverk sitt að grundvalla frið á jörðu, en Kristur

1 Síðari heimsstyrjöldin sýndi enn frekar fram á uppfyllingu þessa spádóms, er hún náði hámarki sínu með notkun atómsprengjunnar.

sagði: „Eg kom ekki til að flytja frið, heldur sverð,“ enda hefur það reynst svo, að stríð og trúarbragðadeilur hafa verið tíðir vágestir í heiminum síðan á dögum Krists.

Dýrð Guðs

Nafnið „Bahá'u'lláh“ er arabískt orð og þýðir „Dýrð Guðs“ og hebresku spámennirnir nota tíðum þennan titil um hinn Fyrirheitna, sem birtast mun á tíma endalokanna. Í 40. kafla spádómsbókar Jesaja, l: 5., segir á þessa leið:

„Huggið, huggið lýð minn! segir Guð yðar. Hughreystið Jerúsalem og boðið henni, að áþján hennar sé á enda, að sekt hennar sé goldin, og að hún hafi fengið tvöfalt af hendi Drottins fyrir allar syndir sínar! Heyr, kallað er í eyðimörkinni: greiðið götu Drottins, ryðjið Guði vorum veg í óbyggðinni! Sérhver dalur skal hækka, hvert fjall og háls lækka; hólarnir skulu verða að jafnsléttu og hamrarnir að dalagrundum! Dýrð Guðs mun birtast, og allt hold mun sjá það, því að munnur Drottins hefur talað það!“

Þessi spádómur hefur, eins og fyrri spádómar, að nokkru leyti ræst við komu Krists og fyrirrennara hans, Jóhannesar skírara; en ekki nema að nokkru leyti, því að hernaðinum gegn Jerúsalem lauk ekki á dögum Krists. Margra alda beisk reynsla og niðurlæging beið hennar. Með komu Bábsins og Bahá'u'lláh hafa þó spádómarnir byrjað að rætast í fyllri mæli, því að bjartari tíð er upp runnin fyrir Jerúsalem og ætla virðist mega, að hún eigi í vændum friðsama og dýrlega framtíð.

Aðrir spádómar tala um endurlausnara Ísraels, Dýrð Guðs, sem komi til Landsins helga úr austri, frá landi sólaruppkomunnar. Bahá'u'lláh kom fram í Persíu, sem er austur af Palestínu og í átt sólaruppkomunnar, og hann kom til Landsins helga, þar sem hann eyddi síðustu tuttugu og fjórum árum ævinnar. Hefði hann komið þangað sem frjáls maður, gætu menn hafa sagt, að hér væri um svikabrögð að ræða, sem framin væru til að uppfylla spádómana; en hann

kom sem fangi og útlagi. Hann var sendur þangað af keisar-anum í Persíu og soldáninum af Tyrklandi, sem voru manna ólíklegastir til að leggja Bahá'u'lláh vísvitandi til sönnunar-gögn, er stutt gátu þá staðhæfingu hans, að hann væri „Dýrð Guðs“, sem spámennirnir höfðu spáð að koma mundi.

Kvisturinn

Í spádómum Jesaja, Jeremía, Esekíels og Sakaríá má finna allmargar tilvitnanir til manns, sem nefndur er Kvistur (eða Grein). Kristnir menn hafa oft talið, að þessi nafngift eigi við Krist, en bahá'íar líta svo á, að hún eigi sérstaklega við um Bahá'u'lláh.

Lengsti Biblíuspádómurinn um Kvistinn er í Jesaja 11. kafla, 1., 2., 5., 6., 9., 11., og 12. versí.

„En af stofni Ísaí mun kvistur fram spretta og angi upp vaxa af rötum hans. Yfir honum mun hvíla andi Drottins; andi vís-dóms og skilnings, andi ráðspeki og kraftar, andi þekkingar og ótta Drottins . . . Réttlætið mun vera beltið um lendar hans og trúfesti beltið um mjaðmir hans. Þá mun úlfurinn búa hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum, kálfar, ung ljón og alifé ganga saman og smásveinn gæta þeirra . . . Hvergi á mínu heilaga fjalli munu menn illt fremja eða skaða gjöra; því að jörðin er full af þekkingu á Drottni, eins og djúp sjávarins er vötnum hulið . . . Á þeim degi mun Drottinn útrétta hönd sína í annað sinn, til þess að endurkaupa þær leifar fólks síns, sem eftir eru í Assýríu, Norður-Egyptalandi, Blálandi, Elam, Sinear, Hamat og á eyjum hafsins. Og hann mun reisa merki fyrir þjóðirnar, heimta saman hina brottreknu menn úr Ísrael og safna saman hinum tvístruðu konum úr Júda frá fjórum höfuðáttum heimsins.“

‘Abdu’l-Bahá gerir eftirfarandi athugasemd við þennan og aðra spádóma um Kvistinn:

„Einn þeirra miklu viðburða, sem verða munu á birtingardegi hins óviðjafnanlega Kvists, er að merki Guðs mun verða reist

fyrir allar þjóðir, sem þýðir, að allar þjóðir og kynkvíslir munu dvelja í skugga þessa guðdómlega gunnfána, sem er eigi annar en hinn drottinlegi Kvistur sjálfur, og þær munu allar verða að einni þjóð. Fjandskapur trúarbragða og trúflokka, viðsjár þjóða og kynþátta og deilur landa í milli verða upprættar fyrir fullt og allt. Allir verða einnar trúar, einn kynþáttur, ein þjóð, og munu dvelja í einu föðurlandi, sem er þessi jarðhnöttur. Allsherjarfríður og samstilling kemst á milli allra þjóða, og þessi óviðjafnanlegi Kvistur mun heimta saman allan Ísraelslýð – sem táknar, að í þessari hringför munu gyðingar, sem dreifst hafa til austurs og vesturs, norðurs og suðurs, safnast saman aftur í Landinu helga.

Gefið nú gaum: þessir atburðir urðu ekki á hinu kristna tímaskeiði, því að þjóðirnar söfnuðust ekki saman undir einu merki, sem er hinn himneski Kvistur. En á þessu tímaskeiði Drottins herskaranna munu allar þjóðir safnast saman í skugga þessa fána. Á sama hátt voru Ísraelsmenn, sem dreifðir voru um allan heim, ekki endurheimtir til Landsins helga á hinu kristna tímaskeiði; en í upphafi tímaskeiðs Bahá'u'lláh byrjaði þetta himneska fyrirheit að rætast, eins og glöggst var sagt fyrir um í öllum bókum spámannanna. Þér getið séð, að gyðingar koma nú til Landsins helga frá öllum hlutum heims; þeir búa í þorpum og á svæðum, sem þeir eigna sér, og þeim fjölgar svo dag frá degi, að öll Palestína mun að lokum verða heimkynni þeirra.“ – (Some Answered Questions, bls. 60–61.)

Síðan þetta var skrifað hefur Palestína fallið úr höndum Tyrkja og bandalagsríkin hafa stutt þá stefnu, að gyðingar eignist að nýju þjóðarheimkynni í Palestínu.

Eftir fyrri heimsstyrjöldina var stofnað Þjóðabandalag, sem, þrátt fyrir að því tókst ekki að viðhalda friði og öryggi, hefur skapað nýjan og aukinn skilning meðal þjóðanna á samábyrgð þeirra og hefur tekist að kenna fjölda manna fyrstu lexíuna í heimsborgarafræði. Gallar Þjóðabandalagsins og vanmáttur sýna ljóslega yfirburði nýja skipulagsins, sem Bahá'u'lláh grundvallaði, og verður stöðugt öflugra og

áhrifameira eftir því sem máttur gamla skipulagsins fjarar út.¹

Dagur Guðs

Orðið „dagur“ í orðatiltækjum eins og „dagur Drottins“ og hinn „efsti dagur“ er túlkað sem „ráðsályktun“, þ.e. allt tímaskeið tiltekinna trúarbragða. Sérhver hinna miklu trúarbragðahöfunda hefur sinn „dag“. Hver þeirra um sig líkist sólinni. Kenningar þeirra eiga sér dagrenningu, sannleikur þeirra uppljómar smám saman hugi og hjörtu fólksins meir og meir, uns þær ná hámarki áhrifa sinna. Þá myrkvast þær smám saman, sæta mistúlkun og afbökun, og myrkrið umlykur jörðina, þar til sól hins nýja dags kemur upp. Dagur æðstu birtingar Guðs er hinn efsti dagur, því að það er dagur, sem aldrei mun að kvöldi koma. Sól hans mun aldrei hníga til viðar, heldur uppljóma sálir mannanna bæði í þessum heimi, og þeim, sem kemur. Raunverulega sest aldrei nein þessara andlegu sólna. Sólar Móse, Krists, Múhammeds og allra annarra spámanna skína enn á festingunni með jafn miklum ljóma og áður. En jarðnesk ský hafa hulið börnum jarðarinnar ljóma þeirra. Hin dýrlega sól Bahá'u'lláh mun að lokum dreifa þessum dimmu skýjum, svo að menn af öllum trúarbrögðum munu fagna í ljósi allra spámannanna og vegsama í einu hljóði ljós þess eina Guðs, sem allir spámenirnir hafa endurspeglað.

Dómsdagur

Kristur talaði oft í dæmisögum um hinn mikla dag dómsins, þegar „Mannssonurinn mun koma í dýrð föður síns og með englum sínum, og þá mun hann gjalda sérhverjum eftir breytni hans.“ (Matt. XVI., 27). Hann líkir þessum degi við uppskerutíma, þegar illgresinu er brennt, en hveitinu er safnað í kornhlöður:

1 Þessi þróun hefur orðið enn augljósari síðan þessi orð voru skrifuð.

„Eins og illgresinu er safnað og það brennt í eldi, þannig mun fara við endi veraldar; manns-sonurinn mun senda engla sína, og þeir munu saman safna úr ríki hans öllum hneykslunarmönnum og þeim, er lögbrot fremja, og munu kasta þeim í eldsofninn; þar sem mun vera grátur og gnístran tanna. Þá munu hinir réttlátu skína sem sólin í ríki föður þeirra.“ – (Matt. XIII., 40–43.)

Orðin „endir veraldar“, sem notuð eru á þessum stað og síðar í samskonar merkingu í hinni viðurkenndu útgáfu Biblíunnar, hafa orðið til þess, að margir hafa búist við dómsdegi og skyndilegri eyðingu jarðarinnar, en þetta er auðsjáanlega villa. Hin rétta þýðing orðanna virðist vera -föðurins muni verða stofnað á jörðu eins og á himnum. Hann kennir okkur að biðja: „Þitt ríki komi; þinn vilji verði svo á jörðu sem á himnum.“

Í dæmisögunni um víngarðinn, kemur faðirinn, eigandi víngarðsins, til þess að tortíma hinum illu og ótrúu vínyrkjum, en hann eyðileggur ekki víngarðinn (veröldina), heldur leigir víngarð sinn öðrum vínyrkjum, sem munu færa honum ávöxtinn á réttum tíma. Jörðin á ekki að tortímast, heldur endurfæðast og endurnýjast. Kristur talar um þennan dag við annað tækifæri sem „endurfæðingu, þegar manns-sonurinn situr í hásæti dýrðar sinnar“. Postulinn Pétur talar um hann sem „tíma endurnýjunar“, „tíma endurbóta á öllu, sem Guð hefur talað síðan heimurinn varð til fyrir munn sinna heilögu spámanna“. Dagur dómsins, sem Kristur talar um, er augljóslega hið sama og koma Drottins herskaranna, föðurins, sem spáð var af Jesaja og öðrum spámönnum Gamla testamentisins; tími hræðilegra refsinga fyrir illvirkjana, en einnig sá tími, er réttvísinn verður grundvölluð og réttlætið ríkir, svo á jörðu sem á himnum.

Samkvæmt bahá'í túlkuninni er koma sérhvers birtanda Guðs dómsdagur, en koma hinnar æðstu birtingar Bahá'u'lláh er hinn mikli dagur dómsins fyrir þá tíma, er við lifum á. Lúðurhljómurinn, sem Kristur, Múhammed og margir aðrir

spámenn tala um, er kall birtandans, sem nær til allra, sem eru á himni og jörðu, í líkamanum eða utan hans. Samfundurinn við Guð í birtanda hans er fyrir þá, sem þrá að finna hann, hlið að paradís ástar og þekkingar hans og elsku til allra skepna hans. Þeir, sem á hinn bóginn vilja fara sínar eigin leiðir í stað leiðar Guðs, eins og birtandinn kunngerir hana, hafa með því ofurselt sig víti eigingirni, villu og sundr-ungar.

Upprisan mikla

Dagur dómsins er einnig upprisudagurinn, er hinir dauðu verða reistir úr gröfum sínum. Páll postuli segir í fyrsta bréfi sínu til Korintumanna:

„Sjá, ég segi yður leyndardóm: Vér munum ekki allir sofna, en vér munum allir umbreytast í einni svipan, á einu auga-bragði, við hinn síðasta lúður, því að lúðurinn mun gjalla og hiriir dauðu munu upprisa óförgengilegir, en vér munum umbreytast. Því að hið förgengilega á að íklæðast óförgengileikanum og þetta hið dauðlega að íklæðast ódauðleikanum.“ – I. Kor. XV. 51–54.

Um merkingu þessara orða um upprisu dauðra skrifar Bahá'u'lláh í *Kitáb-i-Íqán*:

„ . . . Með orðunum „líf“ og „dauði“, sem talað er um í ritningunum, er átt við líf trúarinnar og dauða vantrúarinnar. Meginþorri fólksins skildi ekki hvað átt var við með þessum orðum og sneri því í fyrirlitningu baki við persónu Birtingarinnar og fór á mis við guðdómlega handleiðslu hans og neitaði að fylgja fordæmi þessarar ódauðlegu fegurðar.

Því eins og Jesús sagði: „Yður ber að endurfæðast.“ (Jóh. III., 7). Og enn fremur sagði hann: „Ef maðurinn fæðist ekki af vatni og anda, getur hann ekki komist inn í guðsríkið. Það sem af holdinu er fætt, er hold, og það sem af andanum er fætt, er andi.“ (Jóh. III. 5–6.). Þýðing þessara orða er sú, að hver sá, sem í sérhverri ráðsályktun fæðist af andanum og er endurlífgaður af anda birtanda heilagleikans, tilheyrir vissulega þeim, sem öðlast

hafa „líf“ og „upprisu“ og gengið inn í paradís „ástar“ Guðs. Og hver sá, sem ekki tilheyrir þeim, mun smakka „dauða“ og „skort“, „eld“ vantrúarinnar og „reiði“ Guðs.

Tilgangur spámanna Guðs og útvalinna fylgjenda þeirra hefur á öllum tímum verið sá einn, að staðfesta hina andlegu þýðingu orðanna „líf“, „upprisa“ og „dómur“. . . . Gætir þú aðeins öðlast einn daggardropa af kristaltæru vatni guðlegrar þekkingar, mundi þér auðvelt að skilja, að hið sanna líf er ekki líf holdsins, heldur líf andans. Því að líf holdsins er sameiginlegt bæði mönnum og dýrum, en líf andans tilheyrir aðeins hinum hjartahreinu, sem hafa teygð úr hafi trúarinnar og neytt af ávexti fullvissunnar. Þetta líf þekkir engan dauða, og ódauðleikinn er kóróna slíkrar tilveru. Eins og sagt hefur verið: „Sá, sem í sannleika trúir, lifir bæði í þessum heimi og þeim, sem kemur.“ Ef „líf“ táknar þetta jarðneska líf, er augljóst, að það er ofurselt dauðanum.“ – (Kitáb-i-Íqán, bls. 74, 76–78.)

Samkvæmt bahá'í kenningunum á hinn jarðneski líkami enga hlutdeild í upprisunni. Líkaminn er duft eitt og aska eftir dauðann. Hann leysist sundur og frumeindir hans munu aldrei mynda sama líkama.

Upprisan er fæðing einstaklingsins til andlegs lífs; gjöf Heilags Anda, sem gefin er af birtendum Guðs. Gröfin, sem hann rís úr, er gröf fáfræði og skeytingarleysis um Guðs. Svefninn, sem hann vaknar af, er sá andlegi dvali, sem margir hvíla í og bíða þess að roða taki af degi Guðs. Þessi árroði upplýsir alla, sem lifað hafa á yfirborði jarðarinnar, hvort sem þeir eru í líkamanum eða utan hans, en þeir, sem eru andlega blindir, sjá ekki ljósið. Dagur upprisunnar er ekki tuttugu og fjórar stundir, heldur tímabil, sem þegar er hafið, og mun vara jafn lengi og þessi heimstrúarbrögð vara. Það mun halda áfram eftir að sérhver vottur núverandi siðmenningar hefur verið þurrkaður út af yfirborði hnattarins.

Endurkoma Krists

Í samræðum sínum talar Kristur oft um næsta birtanda Guðs í þriðju persónu, en annarsstaðar notar hann fyrstu

persónu. Hann segir: „Eg fer til þess að undirbúa yður stað. Og þegar ég er farinn burt og hef búið yður stað, kem ég aftur og mun taka yður til mín.“ (Jóh. XIV., 2). Við lesum í fyrsta kaþítula Postulasögunnar, að sagt hafi verið við lærisveinana við himnaför Jesú: „Þessi Jesús, sem var uppnuminn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins.“ Vegna þessara orða og annarra í svipuðum dúr, vænta margir kristnir menn þess, að þegar mannssonurinn komi „í skýjum himinsins með mikilli dýrð“, muni þeir sjá í líkamlegri mynd sama Jesús og gekk um götur Jerúsalem fyrir nærfellt tvö þúsund árum og blæddi og þjást á krossinum. Þeir búast við að geta stungið fingrum sínum í naglaforin á höndum hans og fótum, og höndum sínum í síðusár hans. En vissulega þarf ekki nema litla umhugsun um orð Krists sjálfs, til þess að eyða þessari hugmynd. Gyðingar höfðu, á dögum Krists, sömu hugmyndir um endurkomu Elía, en Jesús sýndi þeim fram á villu þeirra og útskýrði, að spádómurinn um að „Elía verður að koma fyrst var uppfylltur í persónu Jóhannesar skírara, en ekki með endurkomu persónu og líkama hins liðna Elía, því að Jóhannes skírari kom „í mætti og anda Elía“. „Og ef þér viljið trúa því,“ sagði Kristur, „þá er þetta Elía, sem átti að koma. Sá, sem hefur eyru að heyra, hann heyrir.“ „Endurkoma“ Elía táknaði því birtingu annarrar persónu, sem fædd var af öðrum foreldrum, en innblásinn sama anda og mætti Guðs. Þessi orð Jesú gefa því vissulega til kynna, að endurkomu Krists er með sama hætti að vænta í birtingu annarrar persónu, sem fædd er af annarri móður, en sem gædd er sama Guðsanda og mætti og Kristur. Bahá'u'lláh útskýrir, að Kristur hafi með þessum hætti „komið aftur“ í persónu Bábsins og sinni eigin persónu (þ.e. Bahá'u'lláh).

Hann segir:

„Gefið gaum að sólinni. Ef hún segði núna: „Eg er sólin frá í gær,“ þá segði hún sannleikann. Og ef hún, með hliðsjón af röð

daganna, segðist vera önnur sól, þá talaði hún enn sannleikann. Á sama hátt væri það rétt og satt, ef sagt væri, að allir dagar væru einn og sami dagurinn. Og ef sagt er, með hliðsjón af sérstökum nöfnum þeirra og heitum, að þeir séu hverjum öðrum frábrugðnir, þá er það einnig rétt. Því að þótt þeir séu einn og hinn sami, má finna í hverjum þeirra sérstök heiti, mismunandi eigindir og auðkenni. Gefið á sama hátt gaum að þeim auðkennum, breytileika og einingu, sem einkennir hina ýmsu birtendur heilagleikans, til þess að þér megið skilja hvernig Skapari allra nafna og eiginda lætur birtast leyndardóma einingar og aðgreiningar og finna svarið við þeirri spurningu, hversvegna sú eilífa Fegurð hefur á ýmsum tímum kallað sig ýmsum nöfnum og heitum.“ – (Kitáb-i-Íqán, bls. 14–15.)

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Vit, að endurkoma Krists táknar ekki það, sem fólk trúir, heldur táknar hún þann, sem heitið var að kæmi á eftir honum. Hann mun koma með ríki Guðs og kraft hans, sem hefur umlukið heiminn. Þessi yfirráð eru í heimi hjartnanna og andanna, en ekki í heimi efnisins; því að fyrir augliti Drottins er þessi heimur efnisins einskis virði, ef þú tilheyrir þeim, sem skilja! Vissulega kom Kristur með ríki sitt frá því upphafi, sem ekkert upphaf hefur, og hann mun koma með ríki sitt frá eilífð til eilífðar, því að í þessum skilningi er „Kristur“ tjáning Hins guðdómlega veruleika, hinn einfaldi kjarni og hin himneska eind, sem hvorki hefur upphaf né endi. Hann hefur komið fram, risið upp, birt sig og gengið til viðar í sérhverri hringför.“ – (Tablets of ‘Abdu’l-Bahá, I. bindi, bls. 138.)

Tími endalokanna

Kristur og postular hans gátu margra tákna, sem boða mundu tíma „endurkomu“ mannssonarins í dýrð föðurins. Kristur sagði:

„Og er þér sjáið Jerúsalem umkringda af herfylkingum, þá vitið, að eyðing hennar er í nánd . . . Því að þetta eru refsingardagar, til þess að allt rætist, sem ritað er . . . Því að mikil neyð mun verða í landinu og reiði yfir lýð þessum. Og þeir munu falla

fyrir sverðseggjum og herleiddir verða til allra þjóða, og Jerúsalem mun verða fótum troðin af heiðingjum, *Þangað til tímar heiðingjanna eru liðnir.*“ – Lúk. XXI., 20–24.

Hann segir enn fremur:

„Gætið þess, að enginn leiðið yður í villu. Því að margir munu koma í mínu nafni og segja: „Ég er Kristur,“ og marga munu þeir leiða í villu. En þér munuð heyra um hernað og spyrja hernaðartíðindi. Gefið gætur, að þér skelfist ekki; því að þjóð mun rísa upp gegn þjóð og konungsríki gegn konungsríki. Bæði mun verða hallæri og landsskjálftar á ýmsum stöðum. En allt þetta er upphaf fæðingarhríðanna. Þá munu menn framselja yður til þrengingar, og menn munu lífláta yður, og þér munuð verða hataðir af öllum þjóðum vegna nafns míns. Og þá munu margir hneykslast og framselja hverjir aðra og hata hverjir aðra. Og margir falsspámenn munu rísa upp og leiða marga í villu, og vegna þess að lögmálsbrotin magnast, mun kærleikur alls þorra manna kólna. En sá, sem stöðugur stendur allt til enda, hann mun hólpin verða. Og þessi fagnaðarboðskapur um ríkið mun predikaður verða um alla heimsbyggðina til vitnisburðar öllum þjóðum; og þá mun endirinn koma.“ – Matt. XXIV., 4–14.

Á þessum tveimur stöðum í guðspjöllunum segir Kristur berum orðum fyrir hluti, sem verða að eiga sér stað áður en mannsönnurinn kemur. Hvert einasta af þessum táknum hefur komið fram á þeim öldum, sem liðnar eru síðan Kristur sagði þau fyrir. Hann getur um atburði í lok hvers spádóms, sem vera eigi til marks um endurkomuna – endurheimt gyðinga úr útlegðinni og endurreisn Jerúsalem, og boðun fagnaðarerindisins um alla heimsbyggðina. Bæði þessi tákn hafa komið fram bókstaflega á okkar tímum. Séu þessir hlutar spádómsins jafn sannir og hinir, hljótum við nú að lifa á „tíma endalokanna“, sem Kristur talaði um.

Múhammed nefnir einnig ákveðin tákn, sem verða munu allt til upprisudagsins. Í Kóraninum segir svo:

„Er Alláh sagði: „Ó, Jesús! Sannlega skal ég láta þig deyja og hefja þig upp til mín og hreinsa þig af ásökunum hinna vantrú-

uðu og setja þá, sem fylgja þér (þ.e. kristna menn) yfir þá, sem ekki trúa (gyðinga og aðra) allt til uppreisudagsins; þá munuð þér snúa aftur til mín, og ég mun skera úr yðar í milli um þau mál, sem yður hefur greint á um.“ – Súra III., 54.

„Hönd Guðs,“ segja gyðingar, „er fjötruð.“ Þeirra eigin hendur skulu fjötraðar verða – og þeir munu bölváðir verða vegna orða sinna. Nei! Útréttar eru báðar hendur hans! Hann gefur gjafir að sinni eigin vild. Það, sem sent hefur verið niður til þín frá Drottni þínum mun vissulega magna uppreist og vantrú margra þeirra; og vér höfum staðfest fjandskap og hatur þeirra í milli, sem ekki mun taka enda fyrir en á uppreisudeginum. Jafnóðum og þeir kveikja eld til stríðs, mun Guð slökkva hann.“ – Súra V., 69.

„Og vér höfum gert sáttmála við þá, sem segja: „Við erum kristnir.“ En einnig þeir hafa gleymt hluta þess, sem þeim var kennt; þess vegna höfum vér magnað óvild og hatur þeirra í milli, sem standa mun til uppreisudagsins; og að lokum mun Guð sýna þeim verk þeirra.“ – Súra V., 17.

Þessi orð hafa einnig ræst bókstaflega í undirokun kristinna manna (og moslema) á gyðingum, og í þeim flokka-dráttum og deilum, sem sundrað hafa bæði kristnum mönnum og gyðingum á öllum öldum frá því Múhammed mælti þessi orð. Ekki fyrir en í upphafi bahá'í tímabilsins (uppreisudagsins) hafa birst tákn, sem boða að endir þessa ástands sé í nánd.

Tákn á himni og jörðu

Tákn þau, sem fylgja eiga komu Hins fyrirheitna, eru merkilega lík í spádómum helgiritra gyðinga, kristinna manna og moslema, og mörgum öðrum.

Í Jóels bók segir:

„Og ég mun láta tákn verða á himni og jörðu: blóð, eld og reykjarstróka. Sólin mun snúast í myrkur og tunglið í blóð, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur . . . Því að sjá, á þeim dögum og í þann tíð, er ég sný við högum Júda og Jerúsalem, vil ég saman safna öllum þjóðum og færa þær ofan í

Jósafatsdal (Jósafat merkir: Drottinn dæmir) og ganga þar í dóm við þær . . . Flokkarnir þyrpast saman í dóms-dalnum; því að dagur Drottins er nálægur í dóms-dalnum. Sól og tungl eru myrk orðin og stjörnurnar hafa misst birtu sína. En Drottinn hrópar frá Zíon og lætur raust sína gjalla frá Jerúsalem, svo að himinn og jörð nötra; en Drottinn er athvarf sínum lýð og vígi Ísraelsmönnum.“ – Jóel II., 30–32; III., 1–2, 14–16.

Kristur segir:

„En þegar eftir þrengingar þessara daga mun sólin sortna og tunglið eigi gefa skin sitt, og stjörnurnar munu hrapa af himni og kraftar himnanna munu bifast. Og þá mun tákn manns-sonarins sjást á himnum; og þá munu allar kynslóðir jarðarinnar kveina, og þær munu sjá mannssoninn komandi á skýjum himinsins með mætti og mikilli dýrð.“ – Matt. XXIV., 29–30.

Í Kóraninum lesum við:

„Þegar sólin missir birtu sína,
og þegar stjörnurnar hrapa,
og þegar fjöllin líða undir lok,
og þegar blöðum bókarinnar er flett
og þegar eldsvítið spýr upp eldinum.“
– Súra LXXXI.

Bahá'u'lláh segir í *Kitáb-i-Íqán*, að spádómarnir um sólina, tunglið og stjörnurnar, himin og jörð, séu táknrænir og ekki beri að leggja í þá bókstaflega merkingu. Spámennirnir létu sig fyrst og fremst skipta andlega hluti, en ekki veraldlega, andlegt ljós, en ekki jarðneskt. Þegar þeir tala um sólina í sambandi við dómsdag, eiga þeir við sól réttlætisins. Sólin er æðsti ljósgjafinn, og þannig var Móse sól gyðinga, Kristur sól kristinna manna og Múhammed sól moslema. Þegar spámennirnir tala um að sólin snúist í myrkur, þá eiga þeir við að óflekkaðar kenningar þessara andlegu sólna hafi flekkast af mistúlkun, misskilningi og fordómum, svo að fólkið er í andlegu myrkri. Tunglið og stjörnurnar eru minni

ljósgjafar, þ.e. þeir trúarleiðtogar og fræðarar, sem áttu að leiða og innblása fólkið. Þegar sagt er að tunglið gefi ekki skin sitt og snúist í blóð, og stjörnurnar hrapí af himnum, þá er gefið í skyn, að kirkjuleiðtogarnir falli í niðurlægingu og taki þátt í deilum og misklið, og að prestarnir verði veraldlega sinnaðir og gefi sig að hinu jarðneska í stað hins himneska.

Ein útskýring nægir þó ekki til að skýra merkingu þessara spádóma og túlka má þessi tákni á fleiri vegu. Bahá'u'lláh segir, að í öðrum skilningi tákni orðin „sól“, „tungl“ og „stjörnur“ þær tilskipanir og fyrirmæli, sem finna má í hverjum trúarbrögðum. Í hverri nýrri opinberun er helgisíðum, ytri formum, venjum og fyrirmælum undangenginnar opinberunar breytt í samræmi við þarfir tímanna, þannig að einnig í þessum skilningi verður breyting á sól og tungli og stjörnurnar hrapa.

Í mörgum tilvikum væri bókstafleg uppfylling þessara spádóma fjarstæða ein og ógjörningur; til dæmis að tunglið breytist í blóð eða stjörnurnar hrapí á jörðina. Hin minnsta hinna sýnilegu stjarna er mörg þúsund sinnum stærri en jörðin, og ef ein þeirra félli á jörðina, væri engin jörð eftir fyrir hinar að falla á! Í öðrum tilvikum er þó bæði um andlega og efnislega uppfyllingu að ræða. Landið helga varð, t.a m., að eyðimörk í bókstaflegri merkingu og óbyggt að mestu í margar aldir, eins og spámennirnir höfðu sagt fyrir um, en nú þegar á upprisudeginum er það byrjað að „fagna og blómgast eins og rósinn“, eins og Jesaja kemst að orði. Blómlegar nýlendur hafa verið stofnaðar, landið ræktað og áveitur gerðar, vínakrar, olífutré og aldingarðar eru nú þar, sem fyrir hálfri öld voru tómara sandauðnir. Það er engum efa bundið, að þegar sverðin verða barin í plóga og spjótin í grisjunarhnífa, verða landauðnir og eyðimerkur ræktaðar upp í öllum heimshlutum; þeir heitu vindar og sandbyljir, sem gera lífið í nánd við eyðimörkina nær óbærilegt, munu heyra fortíðinni til; loftslagið á jörðunni allri verður mildara og jafnara; borgir munu ekki lengur

menga loftið með reykh og eiturgufum, og jafnvel í ytri, efnislegum skilningi verður „nýr himinn og ný jörð.“

Koma Mannssonarins

Með eftirfarandi orðum lýsti Kristur því með hverjum hætti koma sín mundi verða við lok daganna:

„Og þeir munu sjá mannssoninn komandi í skýjum himins með mætti og mikilli dýrð. Og hann mun senda út engla sína með hljómsterka lúðra . . . Þá mun hann setja í hásæti dýrðar sinnar, og allar þjóðir munu safnast frammi fyrir honum, og hann mun skilja þá hverja frá öðrum, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum.“ – Matt. XXIV., 30–31, XXV., 31.

Bahá'u'lláh skrifar um þessa og aðra ritningarstaði í *Kitáb-i-Íqán*:

„Orðið „himinn“ táknar tign og upphafning, því að hann er aðsetur opinberunar birtenda heilagleikans, uppsprettu fornrar dýrðar. Þótt þessar fornu verur hafi fæðst úr móðurkviði, hafa þær í raun réttir stigið niður frá himni vilja Guðs. Þótt þær dvelji á jörðunni, eru hin sönnu hífýli þeirra athvarf dýrðarinnar í ríkjumum hið efra. Meðan þeir ganga meðal dauðlegra manna, svífa þeir á himni návistar Guðs. Án fóta feta þeir stigu andans, og vænglausir hefja þeir sig til upphafinna hæða himneskrar einingar. Í hverju andartaki fara þeir um ómælisdjúp geimsins og á hverju augnabliki ferðast þeir um ríki hins sýnilega og ósýnilega . . .“ – Kitáb-i-Íqán, bls. 43.

„Með orðinu „ský“ er átt við þá hluti, sem fara í bága við óskir og aðferðir mannanna. Þannig hefur hann kunnngert í þeirri ritningargrein, sem áður var vitnað til: „Í hvert sinn sem postuli kemur til yðar færandi það, sem sálir yðar eigi girnast, fyllist þér ofdrambi, ásakið suma um svik, en drepjið aðra.“ (Kóraninn 2:87.) Þessi ský tákna í einum skilningi afnám laga og fyrri ráðsályktana, ógilding helgisíða og venja, sem tíðkast meðal manna, upphafning hinna ólæsu en trúföstu yfir lærða andstæðinga trúarinnar. Í öðrum skilningi tákna þau birtingu þeirrar ódauðlegu Fegurðar í ímynd dauðlegs manns, háða

mannlegum takmörkunum svo sem mat og drykk, fátækt og auðsæld, dýrð og niðurlægingu, svefni og vöku og öðru þvílíku, sem vekur efasemdir í hugum mannanna og snýr þeim í burtu. Allar slíkar blæjur eru á táknrænan hátt nefndar „ský“.

Þetta eru „skýin“, sem valda því, að himnar þekkingar og skilnings allra þeirra, sem á jörðunni dvelja, klofna. Þannig kunngerði hann: „Á þeim degi munu skýin kljúfa himininn.“ (Kóraninn, 25:25). Eins og skýin hylja sólina sjónum mannanna, þannig tálma þessir hlutir sálum mannanna að bera kennsl á ljós hinnar himnesku sólar. Þessu til vitnis er það, sem hinir vantrúuðu hafa látið sér um munn fara og opinberað er í hinni helgu bók: „Og þeir hafa sagt: hvers konar postulí er þetta? Nann neytir fæðu og gengur um göturnar. Verði eigi engill sendur niður til þess að staðfesta viðvörðun hans, munum við ekki trúa.“ (Kóraninn, 25:7.) Aðrir spámenn hafa einnig orðið að þola fátækt og þrengingu, hungur og mæðu þessa hverfula heims. Þar sem þessir heilögu menn urðu að þola þessa neyð og þennan skort, fylltist fólkið tortryggni og efasemdum og var þjakað undrun og ráðvillu. Það furðaði sig á hvernig slíkur maður gæti verið sendur frá Guði, sem yfirlýsti forráð sín yfir öllum þjóðum og kynkvíslum jarðarinnar og staðhæfði, að hann væri markmið alls sköpunarverksins, – líkt og hann hefur sagt: „Væri það eigi sakir þín, hefði ég ekki skapað allt, sem er á himni og jörðu,“ – og samt verið háður svo auvirðilegum hlutum. Án efa hafið þér heyrt um þær þrengingar, fátækt, bágindi og niðurlægingu, sem verið hefur hlutskipti allra spámanna Guðs og félaga þeirra. Þér hljótið að hafa heyrt, að höfuð fylgismanna þeirra voru send að gjöf til ýmissa borga, og með hve hryggilegum hætti þeim var meinað að vinna það verk, sem þeim hafði verið falið. Hver einasti þeirra féll í hendur óvina málstaðar síns og varð að þola allt, sem þeir ákvörðuðu . . . – (Kitáb-i-Íqán, bls. 46–47.)

„Hinn Aldýrlegi hefur fastráðið að einmitt þeir hlutir, sem andstæðir eru óskum illræðismannanna, séu prófsteinninn og mælikvarðinn, sem hann reynir með þjóna sína, til þess að skilja megi illræðismennina frá hinum réttlátu og hina trúföstu frá hinum ótrúu . . . – (Kitáb-i-Íqán, bls. 49.)

„Og hvað þessum orðum hans viðvíkur: „Og hann mun

senda engla sína . . .“ Með „englum“ er átt við þá, sem styrktir hafa verið með afli andans og eytt hafa með eldi ástar Guðs öllum mannlegum einkennum og takmörkunum og íklæðst eigindum hinna upphöfnustu engla og kerúba . . .“ (Kitáb-i-Íqán, bls. 50–51).

„Þar sem fylgjendur Jesú hafa aldrei skilið hina duldu merkingu þessara orða, og þar sem táknin, sem þeir og trúarleiðtogar þeirra hafa beðið eftir, komu ekki fram, hafa þeir allt fram til þessarar stundar neitað að viðurkenna sannleika þessara birtenda heilagleikans, sem birtir hafa verið frá dögum Jesú. Þannig hafa þeir svipt sig úthellingu heilagrar náðar Guðs og undrum himneskra orða hans. Svo lágt eru þeir fallnir nú á Upprisudeginum! Þeir hafa jafnvel ekki komið auga á það, að ef tákn birtingar Guðs á hverju tímaskeiði kæmu fram í hinum sýnilega heimi í samræmi við texta viðurkenndra arfsagna, væri það óhugsandi að nokkur gæti afneitað þeim eða snúið við þeim baki og þá væri ekki hægt að skilja hina blessuðu frá hinum óverðugu né yfirtroðslumennina frá hinum guðhræddu. Dæmið með sanngirni: Ef spádómarnir, sem skráðir eru í guðspjöllunum, rættust bókstaflega; ef Jesús, sonur Maríu, stigi niður frá hinum sýnilega himni í skýjunum, umkringdur englum, hver myndi dirfast að neita að trúa, hver myndi dirfast að hafna sannleikanum og fyllast ofdrambi? Nei, slík skelfing myndi þegar í stað grípa alla íbúa jarðarinnar, að engin sál fengi mælt orð, því síður hafnað sannleikanum eða viðurkennt hann.“ – (Kitáb-i-Íqán, bls. 51, 52.)

Samkvæmt skýringunum hér að framan um komu mannsónarins í lítilsverðum, mannlegum líkama, fæddum af konu, fátækum, ómenntuðum, hrjáðum og fyrirlitnum af stórmönnum heimsins – þessi koma er prófsteinninn, sem hann dæmir með jarðarbúa og skilur þá að, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum. Þeir, sem hafa lokið upp andlegum augum sínum, geta séð gegnum þessi ský og fagnað „í mætti og mikilli dýrð“ – sjálfri dýrð Guðs – sem hann kemur til að opinbera; hinir, sem enn eru blindaðir af fordómum og villu, geta aðeins séð dimm skýin og halda áfram að reika í myrkrinu, sviptir blessun sólskinsins.

„Sjá, ég sendi sendiboða minn, og hann mun greiða veginn fyrir mér; og bráðlega mun hann koma til musteris síns, sá Drottinn, er þér leitið, og engill sáttmálans, sá er þér þráið . . . En hver má afbera þann dag, er hann kemur og hver fær staðist, þegar hann birtist? Því hann er sem eldur málmbraðslumannsins og sem lútarsalt þvottamannanna . . . Því sjá, dagurinn kemur, brennandi sem ofn; og allir hrokafullir og allir þeir er guðleysi fremja, munu þá vera sem hálmleggir . . . En yfir yður, sem óttist nafn mitt, mun réttlætissólin upp renna með græðslu undir vængjum sínum.“ – Malakí III., 1–2, IV., 1–2.

Athugasemd – Ef gera ætti uppfyllingu spádómanna full skil, yrði að skrifa um þetta efni margar bækur. Í einum kafla er ekki annað hægt að gera en rekja í meginráttum túlkun bahá'í kenninganna á þeim. Engin skil hafa verið gerð hinum viðamiklu opinberunum Jóhannesar og Daníels. Fjallað hefur verið um þær að hluta í bókinni *Some Answered Questions*. Frekari útskýringar á spádómunum má finna í Kitáb-i-Íqán, eftir Bahá'u'lláh, Bahá'í Proofs, eftir Mírzá Abu'l-Fadl, og í mörgum töflum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá.

Spádómar Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá

„Og ef þú segir í hjarta þínu: hvernig fáum vér þekkt úr þau orð, er Drottinn hefur ekki talað? Þá vit, að þegar spámaður talar í nafni Drottins, og það rætist eigi né kemur fram, þá eru það orð, sem Drottinn hefur eigi talað; af ofdirfsku sinni hefur spámaðurinn talað það; þú þarft ekki að hræðast hann.“ – Mós. V., 18, 21–22.

Sköpunarkraftur orða Guðs

Guð, og aðeins Guð, hefur vald til að gera það, sem honum líst, og fyllsta sönnun birtanda Guðs er sköpunarkraftur orða hans, – máttur þeirra til að umbreyta og umskapa öll mannleg málefni og sigrast á allri mannlegri andstöðu. Guð kunngerir vilja sinn með orðum spámannanna, og uppfylling þessara orða, samstundis eða síðar meir, er áþreifanlegasta sönnunin fyrir sannleiksgildi þess tilkalls, sem hann gerir, og fyrir áreiðanleik innblásturs hans.

„Því eins og regn og snjór fellur af himni ofan og hverfur eigi þangað aftur fyrr en það hefur vökvað jörðina, gjört hana frjósama og gróandi og gefið sáðmanninum sæði, og brauð þeim, er eta, eins er því farið með mitt orð, það er útgengur af mínum munni: Það hverfur ekki aftur til mín við svo búið, eigi fyrr en það hefur framkvæmt það. sem mér vel líkar, og komið því til vegar, er ég fól því að framkvæma.“ – Jes. LV., 10, 11.

Þegar lærisveinar Jóhannesar skírara komu til Jesú og spurðu hann: „Ert þú sá, sem koma á, eða eigum vér að vænta annars?“ var svar Jesú ekki í öðru fólgið en skírskotun til þeirra áhrifa, sem orð hans höfðu:

„Farið og kunngjörið Jóhannesi það sem þið heyrið og sjáið: Blindir fá sýn og haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra, og dauðir upprisa og fátækum er boðað fagnaðarerindi. Og sæll er sá, sem ekki hneykslast á mér.“ – Matt. XI., 4–6.

Við skulum nú kanna þann vitnisburð, sem fyrir hendi er, til að ganga úr skugga um hvort orð Bahá'u'lláh hafi haft þennan sköpunarkraft, sem einkennir orð Guðs.

Bahá'u'lláh bauð valdhöfunum að grundvalla allsherjarfrið, en framlenging styrjaldarstefnunnar eftir 1869–1870 hefur kollvarpað mörgum gömlum einvaldsríkjum, og ábatinn af sigri hefur stöðugt minnkað með hverju stríði, uns sú staðreynd varð lýðum ljós í heimsstyrjöldinni 1914–1918, að styrjöld veldur sigurvegaranum jafnmiklum skaða og hinum sigraða.¹

Jafnframt bauð Bahá'u'lláh valdhöfunum að hegða sér eins og forsjármenn þegna sinna og beita pólitísku valdi sínu til að efla sanna velferð almennings. Þróun félagslegrar löggjafar er án fordæma í sögunni síðan þá.

Hann fyrirskipaði jafnari dreifingu auðsins, og æ síðan hefur löggjöf um lágmarkslaun, stighækkandi tekjuskatt og erfðaskatt verið stöðugt íhugunarefni. Hann fyrirskipaði afnám þrælahalds og þrælasölu, og æ síðan hefur krafan um aukið frelsi gerjað í öllum hlutum heims.

Bahá'u'lláh kunngerði jafnrétti karla og kvenna, er skyldi tjá sig í jafnri ábyrgð og jöfnum réttindum. Síðan þessi yfirlýsing var gefin hafa konur verið að brjóta af sér hlekkina, sem fjötrað hafa þær öldum saman, og þær eru óðum að

1 Síðari heimsstyrjöldin rennir enn frekari stoðum undir þetta.

tryggja sér sinn réttmæta sess sem jafningjar og félagar karlmannanna.

Hann kunngerði grundvallareiningu trúarbragðanna, og á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa einlægar sálir í öllum heimshlutum unnið einarðlega og markvisst að umburðarlyndi, gagnkvæmum skilningi og samvinnu öllum heiminum í hag. Viðhorf flokkadrátta hafa hvarvetna orðið að lúta í lægra haldi og ekki er lengur unnt að verja sögulega stöðu þeirra. Sömu öfl hafa unnið bug á einangrunarviðhorfum trúarbragðanna og þróttur sjálfumglaðrar þjóðernishyggu er að fjara út.

Hann mælti fyrir um allsherjarskyldunám og gerði sjálfstæða leit að sannleikanum að vitnisburði um andlegan lífsþrótt. Nútíma siðmenning er gegnsýrð þessu nýja viðhorfi. Skyldunám fyrir börn og aðstaða til fullorðinsfræðslu er meginstefna í stjórnámum. Þjóðir, sem af ásettu ráði reyna að hefta sjálfstæða hugsun og anda meðal þegna sinna, hafa kallað yfir sig byltingu innan frá og vakið ugg og tortryggni út á við.

Bahá'u'lláh mælti fyrir um upptöku alþjóðatungumáls, og dr. Zamenhof og aðrir hlýddu hvatningu hans með því að helga líf sitt og snilligáfu þessu mikla verkefni.

Umfram allt gæddi Bahá'u'lláh mannkynið nýjum anda, vakti nýjar þrár í hugum og hjörtum og nýjar þjóðfélags-hugsjónir. Ekkert tímabil í allri mannkynssögunni er jafn viðburðaríkt og áhrifamikið og sá tími, sem liðinn er frá því bahá'í trúin leit fyrst dagsins ljós árið 1844. Ár frá ári hefur afl dauðrar fortíðar með sínum úreltu hugmyndum, siðum, viðhorfum og stofnunum, þorrið, uns svo er komið að öllu skynsömu fólki er ljóst, að aldrei fyrr hefur mannkynið ratað í jafn ægilegar ógöngur. Annars vegar sjáum við rísa upp nýja sköpun, sem í ljósi kenninga Bahá'u'lláh hefur lagt á hina sönnu þróunarbraut. Hins vegar sjáum við ekkert nema glundroða og örvæntingu á öllum sviðum, þar sem því ljósi er hafnað eða það virt að vettugi.

Samt skortir mikið á, að þessar og ótal aðrar sannanir,

hversu áhrifahiklar sem þær eru, gefi trúföstum bahá'um sanna hugmynd um andlega tign Bahá'u'lláh. Líf hans á jörðunni og ómótstæðilegt afl innblásinna orða hans, er eini sanni mælikvarðinn á vilja Guðs.

Nánari athugun á spádómum Bahá'u'lláh og uppfyllingu þeirra er alhliða og óyggjandi vitnisburður um sannleiksgildi orða hans. Fáein dæmi verða nú tilfærð um þessa spádóma, en uppruni þeirra verður ekki véfengdur. Þeir voru birtir víða og kunnir fjölda manna, áður en þeir rættust. Þau bréf, sem hann sendi þjóðhöfðingjum heimsins, þar sem marga þessara spádóma er að finna, voru gefin út í bók, sem fyrst var prentuð í Bombay seint á nítjándu öld. Allmargar útgáfur hafa komið út af henni síðan. Einnig verða tilfærðir nokkrir eftirtektarverðir spádómar 'Abdu'l-Bahá.

Napóleon III

Árið 1869 ritaði Bahá'u'lláh til Napóleons III., átaldi hann fyrir hernaðaræði sitt og fyrir að hafa sýnt öðru bréfi frá Bahá'u'lláh lítilsvirðingu. Í bréfinu er þessi strengilega viðvörðun:

„Sakir þess, sem þú hefir gert, mun glundroði verða í ríki þínu og keisaraveldi þitt hverfa úr höndum þér í refsingarskyni fyrir það, sem þú hefir framkvæmt. Þá munt þú vita hve hrapallega þér hefur skjátlást. Allir íbúar þess lands munu komast í uppnám, nema þú rísir upp til að styðja þennan málstað og fylgir honum, sem er andi Guðs (Jesús Kristur) á þessum beina vegi. Hefur dýrð þín gert þig drembilátan? Sem ég lifi! Hún mun ekki lengi vara; nei, hún mun brátt líða undir lok, nema þú haldir fast við þessa römmu taug. Vér sjáum niðurlægingu fylgja fast á hæla þér, því að þú tilheyrir hinum gálausu.“

Þarflaust er að geta þess, að Napóleon, sem þá var á hátindi valda sinna, skeytti engu þessum aðvörðunum. Næsta ár fór hann í stríð við Prússa, fullviss þess að Berlín yrði

herflokkum sínum auðveld bráð; en sá harmleikur, sem Bahá'u'lláh hafði sagt fyrir um, rættist á honum. Hann beið ósigur við Saarbruck, Weissenburg og Metz, og var að lokum gjörsigraður í hinni frægu úrslitaorrustu við Sedan. Hann var þvínæst fluttur sem fangi til Prússlands og ævi hans lauk í eynd í Englandi tveimur árum síðar.

Þýskaland

Seinna gaf Bahá'u'lláh þeim, sem sigrað höfðu Napóleon, jafn alvöruþrungna viðvörun, en þeir daufheyrðust líka með hræðilegum afleiðingum. Í bókinni *Kitáb-i-Aqdas*, sem Bahá'u'lláh opinberaði í fangavistinni í Adríanópel, ávarpaði hann keisara Þýskalands svofelldum orðum:

„Ó, konungur Berlínar! Ljá eyra þeirri rödd, sem kallar frá þessu birta Musteri: Sannlega, enginn er Guð nema ég, hinn eilífi, hinn óviðjafnanlegi, hinn aldni. Gæt þess, að dramb tálmi þér eigi sjónar á dagselding himneskrar opinberunar, að jarðneskar ástríður byrgi þig ekki, eins og með blæju, frá Drottni hásetisins hið efra og á jörðu. Þannig ræður þér Penni hins hæsta. Hann er vissulega hinn miskunnsamasti, hinn algjöfuli. Minnst þú hans, sem þér var voldugri (Napóleon III.) og hafði æðri stöðu en þú? Hvar er hann? Og hvar eru nú eigur hans? Lát þér segjast og tilheyr eigi þeim, sem eru í fastasvefni. Hann var sá, sem varpaði frá sér töflu Guðs, er vér gerðum honum kunnugt hvert hlutskipti vort hefði orðið í höndum kúgaranna. Af þeim sökum steðjaði smán að honum á alla vegu, og hann hneig í duftið og tjón hans var mikið. Gef þú fullan gaum, ó konungur, að honum og að þeim, sem eins og þú, hafa sigrað borgir og drottnað yfir mönnum. Hinn almiskunnsami hratt þeim úr höllum sínum niður í grafirnar. Hlýð þessari viðvörun og tilheyr þeim, sem gaumgæfa . . . Ó, bakkar Rínar! Vér höfum séð yður hulda blóði, því að sverð hefndarinnar laust yður; og í annað sinn mun að yður koma. Og vér heyrum kvein Berlínar, þótt í dag sé dýrð hennar mikil.“

Meðan Þjóðverjar voru sigursælir í heimsstyrjöldinni 1914–1918, og sérstaklega í síðustu miklu sóknarlotu þeirra

voríð 1918, vitnuðu andstæðingar bahá'í trúarinnar í Persíu iðulega til þessa kunna spádóms í því skyni að varpa rýrð á Bahá'u'lláh; en þegar framsókn hinna sigursælu Þjóðverja breyttist skyndilega í undanhald og yfirpyrmandi ósigur, féll þessi ófrægingartilraun fjandmanna bahá'í trúarinnar um sjálfa sig, en sú frægd, sem þeir höfðu aflað spádómnum, jók mjög á orðstír Bahá'u'lláh.

Persía

Í *Kitáb-i-Aqdas*, sem rituð er, þegar harðstjórinn Násir-i'd-Dín Sháh var á hátindi valda sinna, blessar Bahá'u'lláh borgina Teheran, sem er höfuðborg Persíu og fæðingarstaður hans sjálfs. Hann segir:

„Lát ekkert valda þér hryggð, ó land Tá (Teheran), því að Guð hefur útvalið þig til að vera uppspretta fagnaðar öllu mannkyni. Hann mun, sé það vilji hans, veita þér blessun með atbeina manns, sem ríkja mun í réttlæti og safna saman hjörð Guðs, sem úlfarnir hafa sundrað. Slíkur stjórnandi mun í gleði og fögnuði snúa augliti sínu til fylgjenda Bahá og reynast þeim örlátur. Hann er að sönnu í auglýsingu Guðs sem gimsteinn meðal manna. Á honum hvíli um alla eilífð dýrð Guðs, og dýrð allra þeirra, sem dvelja í ríki opinberunar hans.

Fagna og ver glöð, því að Drottinn hefur gert þig að „dagrenning ljóss síns“, því að í þér fæddist birtandi dýrðar hans. Gledst þú sakir þess nafns, sem þér hefur verið gefið – því að með tilstuðlan þess hefur dagstjarna náðarinnar úthellt ljóma sínum og upplýst bæði himinn og jörð.

Áður en langt um líður verður breyting á högum þínum og fólkið mun taka stjórntaumana í sínar hendur. Sannlega, Drottinn þinn er hinn alvitri, vald hans umlykur alla hluti. Hvíl þú óhult í náðarsamlegri hylli Drottins þíns. Ástrík augu hans munu ætíð beinast til þín. Sá dagur nálgast, er æsing þín breytist í frið og svala rósemi. Þetta er fastráðið í Hinni undursamlegu bók.“ – (Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh, LVI., bls. 110–111.)

Persía er nú að komast út úr því glundroðatímabili, sem

Bahá'u'lláh sagði fyrir um; stjórnarskrárbundin ríkisstjórn hefur verið sett á stofn og margt bendir til, að bjartari tímar séu í nánd.

Tyrkland

Er Bahá'u'lláh var fangi í tyrkneskri prísund (1868) ritaði hann soldáninum af Tyrklandi og forsætisráðherra hans, 'Alí Páshá, einhverjar alvöruþrungnustu viðvaranir sínar. Hann skrifaði soldáninum frá hermannaskálunum í 'Akká:

„Ó, þú, sem hyggur þig allra manna mestan . . . áður en langt um líður mun nafn þitt hverfa í gleysku og tjón þitt verða mikið. Samkvæmt skoðun þinni er þessi endurlífsgari heimsins og friðflytjandi siðlaus undirróðursmaður. Hvaða glæpi hafa konur, börn og grátandi hvítvoðungar framið til að verðskulda heift þína, kúgun og hatur? Þú hefur ofsótt fjölda sálna, sem engan mótpróa sýndu í landi þínu og aldrei kynt undir byltingu gegn stjórninni; nei, öllu fremur hafa þær, nótt sem nýtan dag, verið í friðsemd önnur kafnar við minning Guðs. Þú hefur farið ránshendi um eigur þeirra og sakir harðýðgi þinnar hefur allt, sem þær áttu, verið frá þeim tekið . . . Handfylli dufts er meira virði fyrir augliti Guðs en ríki þitt, dýrð, yfirráð og vald, og sé það hans vilji, mun hann feykja þér burt eins og eyðimerkur-sandi. Áður en langt um líður mun heift hans hremma þig, uppreist verður í ríki þínu miðju og löndum þínum verður skipt; Þá munt þú kveina og harma hlutskipti þitt, og þú munt hvergi finna hjálp eða vernd . . . Gæt þín, því að reiði Guðs er fyrir-huguð, og áður en langt um líður munt þú sjá það, sem penni skipunarinnar hefur ritað.“ (Sjá *Star of the West*, II. bindi, bls. 3).

Og hann skrifaði til 'Alí Páshá:

„Þú hefur, ó, höfðingi, framið það, sem fengið hefur Múhammed, postula Guðs, til að stynja þungan í hinna upphöfnustu Paradís. Veröldin hefur gert þig svo drembilátan, að þú hefur snúið þér frá því augliti, sem með birtu sinni uppljómar herskarana á hæðum. Þú munt brátt bíða augljóst tjón. Þú tókst

höndum saman við stjórnanda Persíu til að vinna mér mein, þótt ég hafi komið til yðar frá sólaruppkomustað Hins al-máttka, hins mikla, flytjandi málstað, sem hýrðaði augu hinna útvöldu Guðs . . .

Hugðir þú, að þér tækist að slökkva þann eld, sem Guð hefur tendrað í alheiminum? Nei! Ég kunngerir það við sanna sál hans, værir þú meðal þeirra, sem hafa skilning. Og það sem meira er, með því, sem þú hefur gert, hefur funi og bál hans aukist. Brátt mun hann umlykja veröldina og íbúa hennar . . . Sá dagur nálgast, er Land leyndardómsins (Adríanópel) og það, sem við hlið þess er, mun breytast og hverfa úr höndum konungsins. og umrót verða og kveinandi raust hljóma, og svikráðin komast upp hvarvetna og glundroði magnast sakir þess, sem fallið hefur í hlut þessara fanga (Bahá'u'lláh og félagar hans) í höndum kúgaranna. Allt mun taka nýja stefnu og kringumstæðurnar verða svo hryggilegar, að sjálfir sandarnir á hinum óbyggðu hæðum munu stynja og trén og fjöllin gráta og blóð renna úr öllum hlutum. Þú munt þá sjá fólkið í sárri áþján . . .

Þetta er þannig fastráðið af Skaparanum, hinum vitra, en herskarar himins og jarðar gátu ekki staðið í gegn skipun hans, og allir konungar og stjórnendur jarðarinnar gátu ekki aftrað honum frá því að gera það, sem honum þóknaðist. Þrengingar eru olía á lampa hans og auka ljós hans, ef þér tilheyrðuð þeim, sem vita. Öll andstaða kúgaranna er að sönnu eins og kallari þessarar trúar og með hennar atbeina hefur birting Guðs og málstaður breiðst út meðal þjóða heimsins.“

Hann ritar enn í *Kitáb-i-Aqdas*:

„Ó, staður á ströndum hinna tveggja hafa! Kúgunarhásætið hefur vissulega verið reist á þér, og eldur hatursins verið kveiktur í brjósti þínu í þeim mæli, að herskararnir á hæðum og þeir, sem sveima umhverfis hið upphafna hásæti, hafa kveinað sáran. Vér sjáum í þér fíráðlinginn drottna yfir spekingnum og myrkið hroka sér gegn ljósinu. Þú ert að sönnu uppfyll af augljósu drambi. Hefur ytri dýrð þín gert þig hégómlega? Við hann, sem er Drottinn mannkyns! Brátt mun hún tortímast, og dætur þínar og ekkjur þínar og allar ættirnar, sem í þér dvelja, munu kveina. Þannig fræðir þig Hinn alvísi, hinn alvitri.“

Hörmungar þær, sem ein af annarri hafa dunið yfir þetta keisaradaemi, sem eitt sinn var svo voldugt, síðan þessar viðvaranir voru gerðar heyrinkunnar, bera mælskt vitni spámannlegu gildi þeirra.

Ameríka

Í *Kitáb-i-Aqdas*, sem opinberuð var í 'Akká 1873, beinir Bahá'u'lláh þessum orðum til Ameríku:

„Ó, þér stjórnendur Ameríku, forsetar og þjóðhöfðingjar lýðveldanna . . . Ljáið eyru þeirri raust, sem kallar frá dagsbrún tignarinnar: Sannlega, enginn er Guð nema ég, drottinn orðs-ins; hinn alvitri. Græðið benjar hinna sundurkrömdu með höndum réttvísinnar, og kremjið kúgarann, sem dafnar, með staf skipunar Drottins yðar, yfirbjóðandans, hins alvísá.“

Í ræðum sínum í Ameríku og víðar lét 'Abdu'l-Bahá oft í ljósi þá von sína, bæn og fullvissu, að fáni alþjóðlegs friðar yrði fyrst dreginn að húni í Ameríku. Hann sagði í Cincinnati, Ohio, 5. nóvember, 1912:

„Ameríka er göfug þjóð, merkisberi friðar um allan heim, lætur ljós sitt skína í öllum löndum. Aðrar þjóðir eru ekki óheftar og lausar við undirróður, eins og Bandaríkin, og geta ekki lagt grundvöll að allsherjafriði. En Ameríka, þökk sé Guði, lifir í friði við allan heiminn og er þess verðug að draga að húni fána bræðralags og alþjóðlegs friðar. Þegar Ameríka mun láta kall út ganga um alþjóðlegan frið, munu allar aðrar þjóðir svara: „Já, vér samþykkjum.“ Þjóðir í öllum heimsálfum munu taka saman höndum og hrinda í framkvæmd kenningum Bahá'u'lláh, sem opinberaðar voru fyrir meira en fimmtíu árum. Í pistlum sínum bauð hann þingum heimsins, að senda bestu og vitrustu menn sína á alþjóðlegt heimsþing, sem skera ætti úr öllum ágreiningsefnum milli þjóða og stofnsetja frið . . . Þá mun verða eitt þing mannkynsins, eins og spámennina dreymdi um.“
– (Star of the West, VI. bindi, bls. 81.)

Hvatningarorð Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá hafa mætt

miklum skilningi í Bandaríkjum N-Ameríku, og hvergi í heiminum hafa bahá'í kenningarnar fengið jafn góðar undirtökur. Það ætlunarverk Ameríku að kalla þjóðirnar til alþjóðlegs friðar hefur þó, enn sem komið er, aðeins verið rækt að litlu leyti, og bahá'íar bíða þess með eftirvæntingu hver þróunin verður í framtíðinni.¹

Heimsstyrjöldin

Bæði Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá sögðu margoft fyrir heimsstyrjöldina 1914–1918 með undraverðri nákvæmni. 'Abdu'l-Bahá sagði í Sacramento, í Kaliforníu, 26. október, 1912:

„Í dag er meginland Evrópu eins og vopnabúr. Það er birgðaskemma sprengiefna og bíður aðeins eftir neistanum, og einn neisti getur kveikt í allri Evrópu, sérstaklega nú, þegar Balkan-deilan er óleyst.“

Hann lét áþekk varnaðarorð falla í mörgum þeirra ávarpa, er hann flutti í Ameríku og Evrópu. Í öðru ávarpi í Kaliforníu í október, 1912, sagði hann:

„Nú sígur yfir okkur rökkur orrustunna við Harmageddon, sem talað er um í sextánda kafla opinberunar Jóhannesar. Tvö ár eru þangað til og þá mun einn neisti kveikja í Evrópu allri, eins og sagt er fyrir um í Daníelsbók og opinberun Jóhannesar.“

Árið 1917 munu konungsríki falla og undirstöður jarðarinnar nötra.“ (Eftir frásögn Corinne True í *The North Shore Review*, 26. september, 1914, Chicago, U.S.A.)

Er leið að hinni miklu orrustu, sagði hann:

„Almenn umbrot hinna siðmenntuðu þjóða er í nánd. Hrikaleg styrjöld er í vændum. Heimurinn er á þröskuldi eins

¹ Það er athyglisvert, að stofnfundur Sameinuðu þjóðanna var haldinn í San Francisco.

hryggilegasta bardaga síns . . . Miklir herir – milljónir manna – eru kvaddir til vígstöðvanna. Verið er að uridirbúa þá fyrir hina ógnvænlegu orrustu. Hið minnsta tilefni mun koma af stað ægilegum hildarleik og slíkt verður bálið, að engu verður til jafnað í liðinni sögu mannkynsins.“ (Haifa, 3. ágúst, 1914 – *Star of the West*, V. bindi, bls. 163.)

Þjóðfélagsvandinn eftir stríðið

Bæði Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá sögðu einnig fyrir um tímabil mikils þjóðfélagsumróts, baráttu og hörmunga, sem óhjákvæmilega afleiðingu af því trúleysi og fordómum, fáfræði og hindurvitnum, sem ríkjandi voru um allan heim. Hin miklu alþjóðlegu vopnaviðskipti voru aðeins eitt stig í þessum umbrotum. 'Abdu'l-Bahá skrifaði í töflu, sem dagsett er í janúar, 1920:

„Ó, þér, sem elskið sannleikann! Ó, þér þjónar mannkynsins! Þar sem ljúfur ilmur hugsana yðar og háleitra áforma hefur borist til mín, finnur sál mín hjá sér ómótstæðilega hvöt til að samneyta yður.

Hugleiðið í hjörtum yðar hinn átakanlega glundroða, sem heimurinn hefur steypst í; hvernig þjóðir jarðarinnar eru ataðar blóði, nei, sjálft landið undir fótum þeirra er orðið að lifruðu blóði. Logi stríðsins hefur kveikt svo ógurlegt bál, að heimurinn hefur aldrei, hvorki fyrr né síðar, orðið vitni að neinu þvílíku. Kvarnarsteinar stríðsins hafa kramið og sundurmolað höfuð mannanna, nei, jafnvel ennþá hörmulegra hefur hlutskipti fórnarlambanna orðið. Blómleg lönd hafa verið lögð í rústir, borgir jafnaðar við jörðu, og broshýr smáþorp brennd til ösku. Feður hafa misst syni sína og synir orðið föðurlausir. Mæður hafa grátið blóðugum tárum yfir börnum sínum, lítil börn orðið munaðarleysingjar og konur komist á vonarvöl. Í fáum orðum sagt: mannkynið hefur verið niðurlægt á öllum sviðum. Háværir eru kveinstafir munaðarleysingjanna og sárar harmtölur mæðranna, og himnarnir bergmála þá.

Frumorsök þessara atburða eru fordómar á grundvelli kynþáttar, þjóðernis, trúarbragða og stjórnmála, og rætur allra þessara fordóma eru úreltar og djúpstæðar hefðir. Meðan þessar

hefðir eru við lýði, eru undirstöður mannfélagsbyggingarinnar ótryggar og mannkynið sjálft er í stöðugri hættu.

Nú, á þessari geislandi öld, þegar kjarni allra vera hefur verið birtur, og huldir leyndardómar allra skapaðra hluta verið afhjúpaðir, þegar nýtt ljós sannleikans er upp runnið og myrkur heimsins hefur verið hrakið á brott, er það þá rétt og sæmandi, að svo hræðilegt blóðbað, sem óhjákvæmilega leggur heiminn í rústir, skuli geta átt sér stað? Sem Guð lifir! Það getur ekki verið.

Kristur kallaði allar þjóðir heimsins til sátta og friðar. Hann skipaði Pétri að slíðra sverð sitt. Slíkar voru óskir hans og ráð, og þó hafa þeir, sem bera nafn hans, dregið sverðið úr slíðrum! Hversu mikill er ekki munurinn á gerðum þeirra og skýrum texta guðspjallsins!

Fyrir sextíu árum skein Bahá'u'lláh, eins og sólin, á festingu Persíu. Hann kunngerði, að heimurinn væri myrkri hulinn og að þetta myrkur hefði geigvænlegar hættur í för með sér og mundi leiða til hræðilegs ófriðar. Meðan hann var fangi í borgvirkinu 'Akká og beittur rangindum af tyrkneska soldánum, reit hann honum skýrt og gagnort bréf þess efnis, að í Konstantínópel mundi verða alvarlegt upphlaup og konur hennar og börn kveina hástöfum. Í stuttu máli, hann sendi pistla öllum konungum og þjóðhöfðingjum heimsins, og allir spádómar hans hafa ræst. Frá dýrðarpenna hans streymdu kenningar, sem lutu að því hvernig koma mætti í veg fyrir styrjaldir, og þær hafa borist vítt og breitt um heiminn.

Fyrsta kenning hans var leit að sannleikanum. Hann lýsti því yfir, að blind eftirlíking deyddi mannsandann, þar sem rannsókn á sannleikanum frelsar heiminn aftur á móti frá myrkri fordómanna.

Önnur kenning hans er eining heimsins. Allir menn eru sem ein hjörð og Guð Hinn ástríki hirðir. Hann veitir þeim sína mestu náð og fyrir honum eru þeir allir sem eitt. „Engan mun munt þú finna á skepnum Guðs.“ Þeir eru allir þjónar hans og sækjast allir eftir hylli hans.

Þriðja kenning hans er, að trúarbrögðin séu voldugasta vígið. Þau eiga að stuðla að einingu, en ekki verða orsök haturs og óvináttu. Ef þau leiða til óvináttu og haturs, væri betra að hafa alls engin trúarbrögð. Því að það er með trúarbrögðin eins og

læknislyfið; ef það magnar sjúkdóminn, þá er betra að vera án þess.

Hið sama gildir um fordóma á grundvelli trúarbragða, litarháttar, þjóðernis og stjórnmála; þeir grafa allir undan undirstöðum mannlegs þjóðernis og stjórnmála; þeir grafa allir undan undirstöðum mannlegs samfélags, leiða allir til blóðsúthellinga, steypa allir mannkyninu í glötun. Meðan þeir þrífast, mun stríðsóginn vofa yfir. Eina úrræðið er allsherjarfriður. Og honum verður aðeins á komið með stofnun allsherjardómstóls, þar sem allar þjóðir og ríkisstjórnir eiga fulltrúa. Öllum vandamálum þjóða í milli og innan einstakra þjóða skal skjóta til þessa dómstóls, og framfylgja ber úrskurðum hans, hverjir sem þeir kunna að verða. Ef þjóð eða ríkisstjórn andmælir, á allur heimurinn í heild að rísa í gegn henni.

Og meðal kenninga hans er jafnrétti karla og kvenna, og margar aðrar kenningar hefur penni hans einnig opinberað.

Nú er það orðið deginum ljósara, að þessar meginreglur eru sjálft líf heimsins og holdtekja hins sanna anda hans. Og nú eigið þér, sem eruð þjónar mannkynsins, að vinna að því af öllum mætti, með hjarta og sál, að frelsa heiminn undan myrkri efnishyggu og mannlegra fordóma, til þess að ljósið frá borg Guðs megi uppljóma hann.

Lof sé honum, yður er kunnugt um hinar ýmsu stefnur, stofnanir og meginreglur heimsins; í dag geta aðeins þessar himnesku kenningar komið á friði og jafnvægi í heiminum. Væri það ekki vegna þessara kenninga, mundi þetta myrkur aldrei hverfa, þessir langvarandi sjúkdómar aldrei verða græddir; nei, þeir mundu magnast dag frá degi. Sundrung mun ríkja áfram í Balkanlöndunum og ástandið versna. Hinir sigruðu munu ekki halda kyrru fyrir, heldur grípa hvert tækifæri sem þeim gefst til að kynda undir nýju ófriðarbáli. Alþjóðlegar hreyfingar nútímans munu gera sitt besta til að framkvæma áform þeirra og fyrirætlanir. Vinstri hreyfingin mun öðlast mikla þýðingu og áhrif hennar vaxa.

Vinnið því að því með upplýstu hjarta, himneskum anda og guðdómlegum styrk, studdir af náð hans, að færa heiminum ríkulegar gjafir Guðs . . . gjöf velfarnaðar og friðsældar fyrir mannkynið allt.“

Hann sagði í ræðu, sem hann hélt í nóvember 1919:

„Bahá'u'lláh spáði því oft, að koma mundi tímabil, er trúleysi og stjórnsleysi, sem af því leiðir, mundi ríkja í heiminum. Orsök glundroðans er of mikið frjálsræði fólks, sem ekki er undir það búið. Þess vegna verður að taka aftur upp einræðisstjórnarfar um stundarsakir fólkinu sjálfu í hag, til þess að koma í veg fyrir róstur og glundroða. Það er augljóst, að sérhver þjóð vill nú fullkominn sjálfsákvörðunarrétt og framkvæmdafrelsi, en sumar þeirra eru ekki undir það búnar ennþá. Ríkjandi ástand heimsins er trúleysi, sem hlýtur að leiða til stjórnsleysis og glundroða. Ég hef alltaf sagt, að friðarsamningarnir eftir styrjöldina miklu hafi aðeins verið fyrstu glampar dögunarinnar, en ekki sólarupprásin sjálf.“

Koma Guðsríkis

Á þessum róstusömu tímum mun málstaður Guðs samt sem áður blómgast. Þær hörmungar, sem eigingjörn barátta fyrir tilveru einstaklingsins eða hagsmunamálum flokks, sértrúarhóps eða þjóðar, hefur í för með sér, mun koma fólki til að leita í örvæntingu þeirrar græðingar, sem fylgið er í orði Guðs. Því meiri sem hörmungarnar verða, þeim mun fremur mun fólkið leita hinnar einu sönnu græðingar. Bahá'u'lláh segir í pistli sínum til keisarans í Persíu:

„Guð hefur gert þrengingar að morgunregni á græn engi sín og kveik á lampa sínum, sem lýsir upp himinn og jörð . . . Sakir þrengingarinnar hefur ljós hans skinið og lofstír hans ljómað án afláts; þessi hefur aðferð hans verið á umliðnum öldum.“

Bæði Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá spá með ótvíræðu orðalagi skjótum sigri andlegleikans yfir efnishyggjunni og samfara því grundvöllun hins mesta friðar. 'Abdu'l-Bahá ritaði árið 1904:

„Vit, að erfiðleikar og ógæfa munu magnast dag frá degi og fólkið verða í nauðum statt. Dyr gleði og hamingju munu lokast á

alla vegu. Ægileg stríð munu skella á. Vonbrigði og örvilnan mun steðja að mönnunum úr öllum áttum, uns þeir tilneyddir snúa sér til Guðs. Þá mun ljós mikillar hamingju upplýsa sjón-deildarhringina og kallið „Yá Bahá'u'l-Abhá!“ hljóma á alla vegu.“ (Tafla til L.D.B., tilvitnun í *Compilation on War and Peace*, bls. 187.)

Er hann var að því spurður í febrúar, 1914, hvort nokkurt stórveldanna mundi játast bahá'í trúnni, svaraði hann:

„Allar þjóðir heims munu játast trúnni. Ef þú berð saman upphafsár málstaðarins við stöðu hans í dag, verður þér ljóst hversu gagnvirk áhrif orð Guðs hefur, og núna hefur málstaður Guðs umlukið veröldina . . . Enginn efi er á því, að allir munu leita skjóls í skugga málstaðar Guðs.“ – (*Star of the West*, IX. bindi, bls. 31.)

Hann lýsti því yfir, að grundvöllun heimseiningar mundi eiga sér stað á þessari öld. Í einni af töflum sínum segir hann:

„Allir meðlimirnir í mannkynsfjölskyldunni, hvort sem það er þjóðir eða ríkisstjórnir, borgir eða þorp, hafa orðið hverjum öðrum háðir í síauknum mæli. Enginn getur lengur verið sjálfum sér nógur, því að stjórnmalaleg bönd tengja allar þjóðir, og bönd verslunar og iðnaðar, akuryrkju og menntunar, styrkjast dag frá degi. Þar af leiðandi er eining mannkynsins möguleg á þessum degi. Sannlega, þetta er eigi annað en eitt af furðuverkum þessara undursamlegu tíma, þessarar dýrlegu aldar. Liðnar aldir hafa farið á mis við þetta, því að þessi öld – öld ljóssins – hefur verið gædd einstæðri og óviðjafnanlegri dýrð, krafti og uppljómun. Því er það, að nýtt kraftaverk er afhjúpað á hverjum degi. Að lokummun koma í ljós hversu bjart kerti hennar brenna á þingi mannanna.“

Í tveimur síðustu versunum í *Daníelsbók* standa þessi leyndardómsfullu orð:

„Sæll er sá, sem þolugur þreyr og nær eitt þúsund þrið hundruð þrjátíu og fimm dögum. En þú, gakk áfram til enda-

lokanna, og þú munt hvílast og upprísa til að meðtaka þitt hlutskipti við endi daganna.“

Fræðimenn hafa gert margar tilraunir til að grafast fyrir um þýðingu þessara orða. Í orðræðu, sem höfundur þessarar bókar hlýddi á, reiknaði 'Abdu'l-Bahá uppfyllingu þessa spádóms Daníels frá upphafi hins islamska tímats.

Af töflum 'Abdu'l-Bahá verður ljóst að þessi spádomur á við hundrað ára ártíð yfirlýsingar Bahá'u'lláh í Bagdad, eða árið 1963:

„Varðandi túlkun þess ritningarstaðar í Daníelsbók, sem þú spurðir um, það er: „Sæll er sá, sem nær eitt þúsund þrjú hundruð þrjátíu og fimm dögum.“ Þessi ár verður að reikna sem sólár, en ekki tunglár. Því að samkvæmt þessum útreikningi mun öld líða frá því að sól sannleikans kemur upp, þá munu kenningar Guðs hafa náð traustri fótfestu á jörðinni og hið himneska ljós mun flæða um heiminn frá austri allt til vesturs. Þá, á þeim degi, munu hinir trúföstu fagna!“

Akká og Haifa

Mírzá Ahmad Sohrab skráði í dagbók sína eftirfarandi spádóm um 'Akká og Haifa, sem hann hlustaði á 'Abdu'l-Bahá segja, er hann sat við gluggann á einu pílagrímsheimilanna í Haifa, 14. febrúar, 1914:

„Útsýnið frá pílagrímshúsinu er mjög fagurt, sérstaklega þar sem það snýr að hinu blessaða grafhýsi Bahá'u'lláh. Í framtíðinni mun svæðið milli 'Akká og Haifa byggjast og borgirnar tvær munu sameinast og taka saman höndum og verða tveir meginhlutar einnar mikillar heimsborgar. Er ég lít nú yfir þetta svæði, sé ég glögg, að hún mun verða ein stærsta verslunarborg í heimi. Þessi mikli hálfhringlaga flói verður gerður að góðri höfn, þar sem skip frá öllum þjóðum munu leita skjóls og hælís. Voldug hafskip allra þjóða munu koma til þessarar hafnar og flytja með sér þúsundir og aftur þúsundir manna og kvenna frá öllum heimshornum. Fjallið og sléttan verða þakín nútímalegum húsum og höllum. Iðnaði verður komið á fót og ýmsar mannúðarstofnanir verða reistar. Blómi menningar og lista frá

öllum þjóðum verður fluttur hingað, blanda saman angan sinni og ryðja veginn fyrir bræðralag mannanna. Dásamlegir lystigarðar, trjálundir og ávaxtagarðar verða gerðir alls staðar. Á kvöldin verður þessi mikla borg uppljómuð rafmagnsljósum. Öll höfnin frá 'Akká til Haifa verður ein uppljómuð braut. Sterk kastljós verða sett beggja vegna á Karmel-fjall til að lýsa skipunum. Sjálft Karmel-fjall verður eitt ljóshaf. Maður, sem stendur á tindri Karmel-fjalls og farþegarnir á skipunum, sem eru á leið þangað, munu líta dásamlegustu og tignarlegustu sjón, sem til er í öllum heiminum. Hvaðanæva af fjallinu munu hljóma margraddað: „Yá Bahá'u'l-Abhá!“, og fyrir dögum mun unaðsleg tónlist og hljómþýður söngur stíga upp til hásætis hins Almáttka.

Vegir Guðs eru að sönnu leyndardómsfullir og órannsakanlegir. Hvaða ytri tengsl eru á milli Shiráz og Teheran, Bagdad og Konstantínópel, Adriánópel, 'Akká og Haifa? Guð vann af þolinmæði, skref fyrir skref, með atbeina þessara borga, samkvæmt sínum eigin ákveðnu og eilífu áformum, til þess að spádómar og forsagnir spámannanna mættu rætast. Þessi gullni þráður fyrirheitisins um þúsund ára ríki Messíasar gengur gegnum Biblíuna, og það var fastráðið, að Guð mundi, þegar honum sjálfum svo þóknaðist, sjá um uppfyllingu þess. Ekkert einasta orð mun reynast þýðingarlaust eða óuppfyllt.“

Fortíð og framtíð

„Eg ber því vitni, ó vinir, að náðin er fullkomnuð, rökleiðslunni lokið, sönnunin augljós og vitnisburðurinn staðfestur. Látið nú í ljós koma hvað viðleitni yðar á vegi sjálfslausnar mun opinbera. Með þessum hætti hefur hið himneska örlæti veist yður í fullum mæli, og þeim, sem eru á himni og jörðu. Allt lof sé Guði, drottni allra veraldanna.“ – Bahá’u’lláh, Hulin orð.

Þróun málstaðarins

Því miður er það ógjörningur innan þeirra marka, sem þessi bók setur okkur, að lýsa í einstökum atriðum þróun bahá’í trúarinnar um allan heim. Um þetta heillandi viðfangsefni mætti skrifa marga kafla og segja margar hrífandi sögur um brautryðjendur og píslarvotta málstaðarins, en stutt yfirlit verður að nægja.

Fyrstu fylgjendur þessarar opinberunar í Persíu urðu að þola heiftuga andstöðu, ofsóknir og grimmd af löndum sínum, en þeir horfðust í augu við allar þrengingar og raunir af framúrskarandi hetjuskap, festu og þolgæði. Þeir voru skírðir í sínu eigin blóði, því að þúsundir þeirra dóu píslarvættisdauða, og þúsundir annarra voru bardar, sviptar eigum sínum, reknar frá heimilum sínum eða sættu illri meðferð á annan hátt. Í sextíu ár eða meira áttu allir þeir, sem dirfðust

að lýsa yfir hollustu sinni við Bábinn eða Bahá'u'lláh, á hættu að missa eignir sínar, frelsi og jafnvel líf. En samt gat þessi ákveðna og harðvítuga andstaða ekki fremur tálmað framsókn Hreyfingarinnar en rykmökkur getur tálmað uppkomu sólarinnar.

Nú eru bahá'íar um þvera og endilanga Persíu¹, í nær öllum borgum og þorpum og jafnvel á meðal hirðingjanna. Í sumum þorpum eru allir þorpsbúar bahá'íar og á öðrum stöðum hefur stór hluti íbúanna játaст trúnni. Þeir koma frá mörgum og ólíkum sértrúarflokkum, sem áður áttu í hatrömmum deilum sín í milli, en mynda nú völdugt vináttusamband, sem viðurkennir bræðralag ekki aðeins sín í milli, heldur við alla menn alls staðar, sem vinna að einingu og þroska mannkynsins, útrýmingu fordóma og deilna og grundvöllun Guðsríkis í heiminum.

Hvaða kraftaverk er meira en þetta? Aðeins eitt, og það er að ljúka því verkefni, sem þeir hafa tekist á hendur, um gjörvallan heim. Og það skortir ekki tákni, sem sýna að þetta hið stærra kraftaverk sé að takast smám saman. Trúin sýndir undraverðan lífsþrótt og sýrir, eins og súrdeigið, alla mannkynsheildina og umskapar menn og samfélög eftir því sem henni vex fiskur um hrygg.

Hinn tiltölulega fámenni hópur bahá'ía getur vírst þýðingarlaus í samanburði við fylgjendur hinna fornu trúar-

1 Curzon lávarður ritar eftirfarandi í bók sinni „Persía og persneska vandamálið“, sem gefin var út sama árið og Bahá'u'lláh lést, 1892:

„Talið er að bábíar í Persíu séu nú að minnsta kosti hálf milljón. Ég hygg þó eftir samræður við dómbæra menn, að tala þeirra sé nær einni milljón. Þá er að finna í öllum stéttum, frá ráðherrum og tignarmönnum við hirðina til sláttumannsins og sóparans, og ekki síst meðal prestanna sjálfra . . .

Ef bábismanum eykst fylgi með sama hraða og hingað til, getur sá tími hugsanlega komið, þegar islam hverfur úr sögunni í Persíu. Ég held, að þetta mundi traudla gerast, ef hann birtist undir fána óvinveittrar trúar. En þar sem meðal nýliða hans eru bestu hermennirnir úr einmitt þeim herbúðum, sem hann ræðst gegn, er þeim mun meiri ástæða til að ætla, að hann vinni lokasigur.“ (I. bindi, bls. 499–502).

1 Fjöldi bahá'ía eykst með ári hverju og árið 1972 voru svæði um allan heim, þar sem bahá'íar eru búsettir, orðin röskegla 60.000 talsins (sjá eftirmála).

bragða, en þeir eru þess fullvissir, að himneskt vald hafi blessað þá með þeim miklu forréttindum að fá að þjóna nýju skipulagi, sem þjóðir austurs og vesturs munu flykkjast til áður en langt um líður.

Það er sannmæli, að Heilagur andi hefur endurspeglast í flekklausum hjörtum í öllum löndum, sem enn eru sér ómeðvitandi um uppsprettuna, og sjá má vöxt trúarinnar í ýmiskonar viðleitni utan bahá'í samfélagsins til að útbreiða hinar eða þessar kenningar Bahá'u'lláh, en engu að síður er það fullnægjandi sönnun um haldleysi gamla skipulagsins, að hugsjónir Guðsríkis geta aðeins borið varanlegan ávöxt innan vébanda bahá'í samfélagsins.

Bábinn og Bahá'u'lláh

Því betur sem við kynnum okkur líf og kenningar Bábsins og Bahá'u'lláh, þeim mun örðugra virðist að finna nokkra aðra skýringu á mikilleika þeirra en guðlegan innblástur. Þeir ólust upp í andrúmslofti ofstækis og einstrengings. Skólaganga þeirra var nær engin. Þeir höfðu engin tengsl við vestræna menningu. Þeir höfðu engan pólitískan eða peningalegan bakhjall. Þeir báðu mennina einskis, og var lítið annað í té látið en ranglæti og áþján. Stórmenni heimsins snerust gegn þeim eða virtu þá að vettugi. Þeir voru húðstrýktir og pyndaðir, fangelsaðir og gefnir óumræðilegum hörmungum á vald, er þeir ræktu köllun sína. Þeir voru einir gegn heiminum, urðu engrar hjálpar aðnjótandi annarrar en Guðs, samt er sigur þeirra augljós og stórkostlegur.

Tign og mikilleiki hugsjóna þeirra, göfgi og sjálfsfórn lífs þeirra, óbilandi hugrekki og sannfæring, undraverð viska og þekking, skilningur þeirra á þörfum austrænna og vestrænna þjóða, viðfeðmi og fylling kenninga þeirra, vald þeirra til að glæða heilshugar hollustu og áhuga fylgismanna sinna, gagntakandi áhrifamáttur þeirra, framsókn trúarinnar, sem þeir grundvölluðu – vissulega sannar allt þetta, að þeir hafa verið gæddir spámannlegri andagift á borð við hvaða trúarbragðahöfund, sem sagan kann frá að greina.

Dýrleg framtíð

Fagnaðartíðindi bahá'í trúarinnar miðla sýn á örlæti Guðs og framtíðarþróun mannkynsins, sem vissulega er hin mesta og dýrlegasta opinberun, sem mannkyninu hefur nokkru sinni verið veitt, uppfylling og framhald allra fyrri opinberana. Áform hennar er ekkert annað en endurlífgun mannkynsins og sköpun „nýs himins og nýrrar jarðar“. Það er sama verkefnið, sem Kristur og allir spámennirnir helguðu líf sitt, og engin samkeppni er á milli þessara miklu fræðara. Verkefnið mun ekki verða unnið af einum spámanni eða öðrum, heldur af þeim öllum í sameiningu.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Það er ekki nauðsynlegt að niðurlægja Abraham til þess að upphefja Jesú. Það er ekki nauðsynlegt að niðurlægja Jesú til að kunngerá Bahá'u'lláh. Við verðum að fagna sannleika Guðs, hvar sem við sjáum hann. Kjarni málsins er sá, að allir þessir miklu sendiboðar komu til að draga að húní hinn himneska fána fullkomnunarinnar. Þeir skína allir eins og sólar á sama himni hins guðdómlega vilja. Þeir eru allir ljós heimsins.“ – (Star of the West, III. bindi, nr. 8, bls. 8.)

Verkefnið er Guðs, og Guð kallar ekki einungis spámenninga til að vera samverkamenn sína í þessu sköpunarstarfi, heldur mannkynið allt. Ef við höfnum boði hans, getum við ekki komið í veg fyrir að verkið verði unnið, því að það sem Guð vill, mun vissulega verða. Ef við innum ekki ætlunarverk okkar af hendi, getur hann reist upp aðra til að hrinda í framkvæmd áformi sínu, en við glötum hinu sanna markmiði og tilgangi okkar eigin lífs. Eining með Guði – að elska hann, þjóna honum, gerast fúslega farvegir sköpunarkrafts hans í þeim mæli, að við þekkjum ekkert annað líf hið innra með okkur en auðugt og guðdómlegt líf hans – þetta er, samkvæmt bahá'í kenningunum, hinn dásamlegi og dýrlegi hátindur mannlegrar tilveru.

Þrátt fyrir allt er mannkynið heilbriggt í hjarta sínu, því að

það er skapað „í mynd og líkingu Guðs“, og þegar það að lokum eygir sannleikann, mun það ekki lengur þverskallast í villu síns vegar. Bahá'u'lláh fullvissar okkur um, að áður en langt um líði muni mannkynið hlýða kalli Guðs og snúast í heild til réttlætis og hlýðni. „Þá mun öll sorg snúast í fögnuð og öll vanheilsa í heilbrigði,“ og öll ríki heimsins verða „ríki Drottins vors og hans smurða, og hann mun ríkja frá eilífð til eilífðar.“ (Opinberun Jóhannesar, XI., 15.) Ekki aðeins þeir sem á jörðunni lifa, heldur einnig þeir sem eru á himnum, munu verða eitt í Guði og fagna í honum um alla eilífð.

Endurnýjun trúarbragðanna

Ástand heimsins í dag er vissulega næg sönnun þess, að fylgjendur allra trúarbragða, með fáum undantekningum, þurfi að vakna til nýrrar vitundar um hina sönnu þýðingu trúar sinnar, og þessi endurvakning er mikilvægur hluti af starfi Bahá'u'lláh. Hann kemur til þess að gera kristna menn betur kristna, moslema að sönnum moslemum, að gera alla menn trúa þeim anda, sem spámennirnir voru innblásnir af. Hann uppfyllir einnig fyrirheitið, sem allir þessir spámenn gáfu, um dýrlegri birtanda, sem koma eigi í „fyllingu tímans“ til þess að krýna og fullkomna erfiði þeirra. Hann miðlar fyllri skýringu á andlegum sannindum en fyrirrennarar hans og opinberar vilja Guðs að því er varðar öll þau einstaklings- og samfélagsvandamál, sem við nú stöndum andspænis. Hann miðlar allsherjarfræðslu, sem er traust undirstaða nýrrar og betri siðmenningar, fræðslu, sem sniðin er að þörfum heimsins á því nýja tímabili, sem nú fer í hönd.

Þörf á nýrri opinberun

Eining mannkynsins, sambræðsla hinna ólíku trúarbragða heims, sættir trúarbragða og vísinda, stofnun allsherjarfriðar, allsherjardómstóls og Allsherjarhúss réttvísinnar, upptaka alþjóðatungumáls, frelsun kvenna, allsherjarskyldunám, afnám þrælahalds og iðnaðarþrælkunar, skipulagning mannkynsins í eina heild, þar sem full virðing er borin fyrir rétti og

frelsi sérhvers einstaklings. – Þetta eru stærstu og örðugustu vandamálin, sem mannkynið stendur andspænis, og kristnir menn, moslemar og fylgjendur annarra trúarbragða voru og eru enn á öndverðum meiði um þessi mál og hafa á þeim mjög skiptar skoðanir, en Bahá'u'lláh hefur opinberað skýrar og ótvíræðar meginreglur varðandi þau, og væri þeim almennt framfylgt er augljóst, að heimurinn myndi breytast í paradís.

Sannleikurinn er fyrir alla

Margir fallast fúslega á, að bahá'í kenningarnar mundu henta ágætlega fyrir Persíu og Austurlönd, en ímynda sér, að þær séu ónauðsynlegar og óhæfar fyrir vestrænar þjóðir. 'Abdu'l-Bahá sagði við mann, sem hélt þessum skoðunum fram:

„Að því er varðar þýðingu málstaðar Bahá'u'lláh, þá er það, sem öllum er til góðs, guðdómlegt, og það guðdómlegt, sem öllum er til góðs. Sé það sannleikur, þá er það fyrir alla; ef ekki, þá er það ekki fyrir neinn; þess vegna er ekki hægt að takmarka guðdómlegan málstað, sem öllum er til góðs, við austrið eða vestrið, því að birtan frá sól sannleikans uppljómar bæði austrið og vestrið og menn finna hita hennar í norðri og suðri – annað heimskautið er ekkert frábrugðið hinu. Er Kristur birtist, héldu Grikkir og Rómverjar, að málstaður hans væri eingöngu fyrir gyðinga. Þeir töldu, að siðmenning sín væri fullkomin og þeir gætu ekkert lært af kenningum Krists, og sakir þessarar röngu hugmyndar fóru margir á mis við náð hans. Vit einnig, að meginreglur kristindómsins og boðorð Bahá'u'lláh eru eitt og hið sama og leiðir þeirra hinar sömu. Þróun á sér stað á hverjum degi; eitt sinn var þessi guðdómlega stofnun (stighækkandi opinberun) á fósturskeiði, síðan nýfædd, svo barn og þvínæst gáfaður unglingur; en í dag skín hún í tærum ljóma og fegurð. Sæll er sá, sem skilur leyndardóminn og haslar sér völl í heimi hinna upplýstu.“

Erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá

Er hinn elskaði leiðtogi, 'Abdu'l-Bahá, lést, hófst nýtt

tímabil í sögu bahá'í trúarinnar. Þetta nýja stig er æðra ástand í tilvist sömu andlegu lífheildar, þroskaðri og jafnframt ábyrgari tjáning þeirrar trúar, sem meðlimir hennar játa. 'Abdu'l-Bahá hafði einbeitt ofurmannlegu starfsþreki sínu og einstæðum hæfileikum að því verkefni að útbreiða ást sína á Bahá'u'lláh til austurs og vesturs. Hann hafði kveikt á kerti trúarinnar í ótölulegum fjölda sálna. Hann hafði leiðbeint þeim og kennt um eigindir hins persónulega andlega lífs. Með hliðsjón af einstæðu mikilvægi erfðaskrár 'Abdu'l-Bahá, alvöru þeirra málefna, sem þar er hreyft, og þeirri djúpu visku, sem liggur að baki fyrimælum hennar, birtum við nokkra údrætti úr henni, sem sýna ljóslega andann og grundvallarreglurnar, sem voru líf og sál 'Abdu'l-Bahá og gefnar eru sem ríkuleg arfleifð trúföstum fylgjendum hans:

„Ó, þér ástvinir Drottins! Í þessari helgu ráðsályktun eru deilur og sundurþykkja stranglega forboðnar. Sérhver árásarmaður sviptir sig náð Guðs. Öllum ber skylda til þess að sýna hina mestu ást, grandvarleik, heiðarleik og einlæga góðvild öllum þjóðum og kynkvíslum jarðarinnar, hvort sem þeir eru vinir eða ókunnugir. Svo ákafur verður andi ástarinnar og ástríkisins að vera, að hinn ókunnugi skynji að hann er vinur, óvinurinn að hann er sannur bróðir, og að alls enginn munur er á þeim . . .

Því að hið algilda er af Guði, en allar takmarkanir eru jarðneskar.

Ó, elskuðu vinir mínir! Samneytið því öllum þjóðum, kynkvíslum og trúarbrögðum jarðarinnar í hinni mestu sannleiksást, heiðarleik, trúfesti, gæsku, góðvild og vináttu; að allur heimur tilvistarinnar megi fyllast heilögum unaði ástar Bahá'u'lláh; að fáfræði, óvinátta, hatur og heift megi hverfa úr heiminum og myrkur óvildar milli þjóða og kynkvísla jarðarinnar megi víkja fyrir ljósi einingarinnar. Ef annað fólk eða þjóðir eru yður ótrúar, sýnið þeim tryggð; beiti þær yður ranglæti, sýnið þeim réttvísi; sé viðmót þeirra kalt, laðið þær að yður; eitri þær líf yðar, mildið sálir þeirra; særi þær yður, verið smyrsl sárum þeirra. Þetta eru eigindir hinna einlægu! Þetta eru eigindir hinna sannsöglu! . . .

Ó, þér ástvinir Drottins! Yður ber skylda til að vera undirgefnir öllum réttlátum þjóðstjórum og sýria tryggð sérhverjum réttvísu konungi. Þjónið valdhöfum heimsins af hinni mestu sannleiksást og hollustu. Verið þeim hlýðin og óskið þeim góðs. Hafið engin afskipti af stjórnámálum án leyfis þeirra og samþykkis; því að ótryggð gagnvart réttlátum þjóðhöfðingja er ótryggð gagnvart Guði. Þetta er ráð mitt og boðorð Guðs yður til handa, heill þeim sem breyta samkvæmt því.

Drottinn! Þú sérð alla hluti gráta vegna mín og ættingja mína gleðjast yfir þjáningum mínum. Við dýrð þína, ó Guð minnri! Jafnvel meðal óvina minna eru menn, sem hryggst hafa yfir erfiðleikum mínum og mæðu, og meðal öfundarmannanna eru ýmsir, sem úthellt hafa tárur vegna rauna minna, útlegðar og þrenginga. Þetta gerðu þeir vegna þess að í mér fundu þeir ekkert nema ástúð og nærgætni og urðu ekki vitni að neinu nema gæsku og miskunn. Er þeir sáu flóð þjáninga og mótlætis færa mig í kaf og örlögin hafa mig að skotspæni, hrærðust hjörtu þeirra af samúð, þeir tárudust og gáfu þennan vitnisburð: „Guð er okkur til vitnis; við höfum ekkert séð í honum annað en trúfesti, örlæti og mikla samúð.“ Sáttmálsbrjótarnir, forboðar hins illa, gerðust æ grimmúðlegri í heift sinni, glöddust, er ég varð fórnarlamb hryggilegustu rauna, bundust samtökum gegn mér og kættust yfir þeim sáru atburðum, sem gerðust umhverfis mig.

Eg ákalla þig, ó Drottinn Guð minn! af allri tungu minni og hjarta, að hegna þeim ekki fyrir grimmd þeirra og rangsleitni, kænsku þeirra og illræði, því að þeir eru fávísir og ógöfugir, þekkja ekki rétt frá röngu, né réttlæti frá ranglæti. Þeir láta leiðast af ástríðum sníum og feta í fótspor hinna fákænustu og ófullkomnustu sín á meðal. Ó Drottinn minn! haf miskunn með þeim, skýl þeim fyrir öllum þjáningum á þessum þrengingartímum og gef að allar raunir og erfiðleikar megi koma í hlut þessa þjóns þíns, sem fallið hefur í þessa dimmu gryfju. Útvel mig fyrir sérhverja mæðu og ger mig að fórn fyrir alla ástvini þína! Ó, Drottinn, hinn hæsti! Megi sál mín, líf mitt, verund mín, andi minn og allt, sem mitt er, verða fórnargjöf fyrir þá! Ó Guð, Guð minn, auðmjúkur, sárþænandi, með andlit mitt á jörðunni, grátþæni ég þig með brennandi ákalli, að fyrirgefa öllum, sem hafa sært mig, að veita aflát þeim, sem bruggað hafa

launráð gegn mér, og að hvítþvo þá af misgerðum sínum, sem hafa beitt mig rangindum. Gef þeim þínar góðu gjafir, veit þeim fögnuð, leys þá frá sorg, fær þeim frið og velmegun; gef þeim unað þinn og úthell yfir þá örlæti þínu. Þú ert Hinn máttki, hinn miskunnsami, hjálpin í nauðum, hinn sjálfnógi.

Lærisveinar Krists gleymdu sjálfum sér og öllum jarðneskum hlutum, yfirgáfu eigur sínar og áhyggjur, hreinsuðu sig af sjálfi og ástríðu og fóru um allt í fullkominni sjálfslausn, önnum kafnir við að kalla þjóðir heimsins til guðdómlegrar handleiðslu, uns þeir að lokum gerðu heiminn að öðrum heimi, upplýstu yfirborð jarðarinnar og fóruðu sjálfum sér til síðustu stundar á vegi þessa Ástvinar Guðs. Að lokum liðu þeir dýrlegt píslarvætti í ýmsum löndum. Látið þá, sem eru menn dáða, fylgja í fótspor þeirra.

Ó, Guð, Guð minn! Ég kalla þig, spámenn þína og sendiboða, dýrlinga þína og heilaga menn, til vitnis um, að ég hefi til fullnustu kunnert ástvinum þínum sannanir þínar og skilmerkilega útskýrt allt fyrir þeim, til þess að þeir megi vaka yfir trú þinni, verja þinn beina veg og vernda geislandi lögmál þitt. Þú ert vissulega hinn alvitri, hinn alvísli!“

Er ‘Abdu’l-Bahá leið, var tími til þess kominn að stofnsetja þá stjórnskipan, sem nefnd hefur verið kjarni og mynstur þess heimsskipulags, sem er sérstakt hlutverk trúar Bahá’u’lláh að grundvalla. Erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá markar þar af leiðandi tímamót í bahá’í sögunni og aðgreinir tímabil vanþroska og ábyrgðarleysis frá því tímabili, er bahá’íum sjálfum er það á herðar lagt, að vinna að sínum eigin andlega þroska með því að færa út mörk hans frá sviði persónulegrar reynslu á svið félagslegrar einingar og samvinnu. Þau þrjú meginatriði í áætlun stjórnskipulagsins, sem ‘Abdu’l-Bahá lét eftir sig, eru:

1. „Vörður málstaðar Guðs.“
2. „Hendur málstaðar Guðs.“
3. „Andleg ráð, svæðisbundin, þjóðleg og alþjóðleg.“

Vörður málstaðar Guðs

‘Abdu’l-Bahá skipaði elsta barnabarn sitt, Shoghi Effendi, í ábyrgðarstöðu „Varðar málstaðar Guðs“ (Valíy-i-Amru’lláh.) Shoghi Effendi er elsti sonur elstu dóttur ‘Abdu’l-Bahá. Faðir hans, Mírzá Hádí, er ættingi Bábsins (þó ekki í beinan lið, þar sem eina barn Bábsins dó í æsku). Shoghi Effendi var tuttugu og fimm ára gamall, þegar afi hans lést, og við nám í Balliol College í Oxford. Tilkynnt er um skipun hans í erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá með þessum hætti:

„Ó, elskuðu vinir mínir! Er þessi rangtleikni þjónn er horfinn á braut, ber greinum og kvistum hins heilaga lóustrés (þ.e. ættingjum Bábsins og Bahá’u’lláh), Höndum málstaðar Guðs og ástvinum Abhá-fegurðarinnar, að snúa sér til Shoghi Effendi – hinnar ungu greinar, sem spröttið hefur af þessum tveimur helgu og veggömuðu lóustrjám (Bábnum og Bahá’u’lláh) og ávexti, sem vaxið hefur af sameiningu tveggja kvista hins heilaga trés, því að hann er tákn Guðs, hin útvalda grein, Vörður málstaðar Guðs, og allar greinarnar, kvistirnir, Hendir málstaðar Guðs og ástvinir hans verða að snúa sér til hans. Hann er útskýrandi orða Guðs, og eftir hans dag tekur við frumburður hans.

Hin unga og heilaga grein, Vörður málstaðar Guðs og Allsherjarhús réttvísinnar, sem stofna á og kosið skal af öllum þjóðum, eru undir verndarvæng og forsjá Abhá-fegurðarinnar, í skjóli og óskeikulli leiðsögn hans heilagleika, hins Upphafna. Megi líf mitt verða þeim báðum fórnargjöf! Allt, sem þeir ákveða, er frá Guði . . .

Ó, þér ástvinir Guðs! Verði málstaðar Guðs ber skylda til að skipa, meðan hann lifir, eftirmann sinn, til þess að ágreiningur rísi ekki eftir andlát hans. Sá, sem skipaður er, verður að birta í sjálfum sér lausn frá öllum veraldlegum hlutum; hann verður að vera kjarni hreinleikans og sýna Guðsótta, þekkingu, visku og lærdóm. Ef því frumburður Varðar málstaðar Guðs birtir ekki í sjálfum sér sannleika orðanna: „Barnið er hinn leyndardómsfulli kjarni föður síns,“ það er, erfi hann ekki hið andlega í honum (Verðinum) og dýrlegu ætterni hans fylgi ekki göfug

skapgerð, þá verður Vörður málstaðarins að velja aðra grein sem eftirmann sinn.

Hendur málstaðar Guðs verða að velja úr sínum eigin hóp nýu menn, sem eiga stöðugt að vera uppteknir af hinni mikilvægu þjónustu við starf Varðar málstaðar Guðs. Þessir nýu menn skulu annaðhvort vera kosnir samhljóða eða með meirihluta atkvæða úr hópi Handa málstaðar Guðs, og þeir skulu, annaðhvort samhljóða eða með meirihluta atkvæða, samþykkja val þess, sem Vörður málstaðar Guðs hefur valið sem eftirmann sinn. Þetta samþykki skal þannig gefið, að ekki vitnist hverjir voru með og hverjir á móti valinu (þ.e. með leynilegri atkvæðagreiðslu).“ – (Will and Testament of ‘Abdu’l-Bahá, bls. 10, 11, 12.)

Hendur málstaðar Guðs

Meðan Bahá'u'lláh lifði, skipaði hann nokkra reynda og trausta vini til að aðstoða við stjórn og eflingu hreyfingarinnar, og gaf þeim titilinn *Ayádiy-i-Amru'lláh* (bókstafleg þýðing: „Hendur málstaðar Guðs.“) Í erfðaskrá sinni gerir ‘Abdu’l-Bahá ráð fyrir stofnun fastaráðs starfsmanna til þjónustu við málstaðinn og aðstoðar við Vörð málstaðarins. hann ritar:

„Ó, vinir! Vörður málstaðar Guðs verður að skipa og útnefna Hendur málstaðar Guðs . . . Skyldur Handa málstaðar Guðs eru í því fölgna, að dreifa hinni guðdómlegu angan og næra sálir mannanna . . . og vera ævinlega og undir öllum kringumstæðum frjálssir og helgaðir frá jarðneskum hlutum. Þeir verða að birta Guðsótta í framferði sínu, siðum sínum, dáðum og orðum.

Þetta ráð Handa málstaðar Guðs er undir stjórn Varðar málstaðar Guðs. Hann verður stöðugt að hvetja þá til að sýna viðleitni og gera sitt ýtrasta til að dreifa ljúfri angan Guðs og leiðbeina öllum þjóðum heimsins, því að það er ljós guðlegrar handleiðslu, sem upplýsir alheiminn!.“ – (Will and Testament of ‘Abdu’l-Bahá, bls. 13.)

1 Af þeim Höndum málstaðarins, sem Shoghi Effendi skipaði á þeim þrjátíu og sex árum, sem hann fór með stjórn trúarinnar, voru tuttugu og sjö á lífi, er hann lést. Arið 1954 stofnaði hann einnig Aðstoðarráðin. Hendurnar tilnefna meðlimi Aðstoðarráðanna og eru þeir aðstoðarmenn, staðgenglar og ráðgjafar Handanna.

Stjórnskipulagið¹

Bahá'u'lláh tjáði meginreglur heimsskipulags í bahá'í málstaðnum, og þessar meginreglur voru þróaðar í ritum 'Abdu'l-Bahá, sérstaklega í erfðaskrá hans.

Tilgangur þessa skipulags er að gera að veruleika sanna og varanlega einingu fólks af ýmsum kynþáttum, stéttum, hagsmunahópum, skapgerð og trúararfleifð. Náin og sanngjörn könnun á þessari hlið bahá'í málstaðarins mun leiða í ljós, að tilgangur og aðferð bahá'í stjórnskipunarinnar er svo fullkomlega sniðin að grundvallaranda opinberunarinnar, að tengslin þar á milli eru eins og tengsl líkama og sálar. Í eðli sínu eru meginreglur bahá'í stjórnskipunarinnar samvinnu-vísindi; í framkvæmd skapa þær nýja og æðri tegund siðgæðis, sem nær um allan heim . . .

Bahá'í samfélagið er ólíkt öðrum hópum, sem koma saman sjálfviljugir; það er reist á svo traustum og viðtækum grundvelli, að þar rúmast allar einlægar sálir. Þar sem önnur samfélög útiloka suma, ef ekki í áformi, þá í framkvæmd, og ef ekki í hugsjón, þá í aðferð, nær bahá'í samfélagið til allra og lokar ekki dyrum sínum á neina einlæga sál. Í sérhverju samfélagi er dulinn eða þróaður útvalningargrundvöllur. Í trúarbrögðunum er þessi grundvöllur trúarjátning, sem takmörkuð er af sögulegu eðli uppruna síns; í stjórnmálum er þetta flokkur eða stefna; í hagfræði er þetta gagnkvæmt ólán eða gagnkvæmt vald; í listum og vísindum er þessi grundvöllur fólgin í sérstakri þjálfun eða starfsemi eða hagsmunum. Hvarvetna gildir sú regla, að því sértækari sem útvalningargrundvöllurinn er, þeim mun sterkari er hreyfingin – en í bahá'í málstaðnum er þessu þveröfugt farið. Þar af leiðandi þróast málstaðurinn, þrátt fyrir allan vaxtarþrótt sinn og framfarir, hægt hvað snertir fjölda virkra fylgjenda.

1 Þessi kafli um stjórnskipulagið er tekinn úr grein eftir Horace Holley, sem nefnist „The Present Day Administration of the Bahá'í Faith“ og birtist árið 1933 í „The Bahá'í World“, V. bindi, bls. 191. Nokkrar tilvitnanir í bahá'í ritningar í grein þessari hafa verið þýddar upp á nýtt.

Því að fólk er vant útvalningu og sundurgreiningu í öllum málefnum. Undirstaðan hefur ætíð verið trygging og réttlæting aðgreiningarinnar. Að ganga í bahá'í trúna jafngildir því að hafna með öllu þessum hugsunarhætti – en sú reynsla hefur í fyrstu óhjákvæmilega í för með sér nýjar prófraunir og þjáningar, er hið mannlega sjálf gerir uppreisn gegn hinni æðstu reglu allsherjarástar. Hinir vísindalega sinnuðu verða að samneyta hinum einföldu og ólærðu, ríkir fátækum, hvítir lituðum, dulsæismaðurinn bókstafstrúarmanninum, hinn kristni gyðingnum, mosleminn parsanum; og allir verða að segja skilið við hefðbundið dramb og forréttindi.

En dýrleg uppbót er á þessari erfiðu reynslu. Við skulum muna, að listin verður ófrjó, er hún snýr baki við fjöldanum, að heimspekin glatar sýn sinni, ef hún þróast í einveru, að stjórnmál og trúarbrögð uppskera ekkert, ef ekki er tekið mið af almennum þörfum mannkynsins. Mannseðlið er ennþá óþekkt, því að við höfum öll lifað í einhverskonar varnaraðstöðu, hugrænni, siðferðilegri, tilfinningalegri eða félagslegri, og sálfræði varnarinnar er sálfræði bælingarinnar. En ástin á Guði hrekur óttann á burt; uppræting óttans leiðir dulda krafta í ljós og samneyti við aðra í andlegri ást veitir þessum kröftum tækifæri til lífrænnar og jákvæðrar tjáningar. Bahá'í samfélagið er vettvangur, þar sem þessi þróun getur átt sér stað á þessari öld, hægt í fyrstu, meðan hinn nýi máttur eflist, en síðan hraðar, er meðlimirnir verða sér meðvitandi um þá krafta, sem láta jurt einingarinnar blómgast meðal manna . . .

Ábyrgð og yfirstjórn svæðisbundinna bahá'í mála er falin ráði, sem nefnt er Andlegt ráð. Þetta ráð (sem telur níu meðlimi) er kosið árlega, 21. apríl, fyrsta dag Ridván (minningarhátíð um yfirlýsingu Bahá'u'lláh) af öllum fullorðnum meðlimum samfélagsins, en fráfarandi Andlegt ráð gerir kosningalistann. Um einkenni og starf þessa ráðs hefur 'Abdu'l-Bahá skrifað eftirfarandi:

„Öllum (átrúendum) ber sú skylda, að stíga ekkert skref (í

Bahá'í starfinu) án þess að ráðfæra sig við hið Andlega ráð, og þeir verða vissulega að hlýðnast boðum þess af hjarta og sál og vera því undirgefnir, til þess að málunum verði vel til hagað og þeim skipað á réttan hátt. Að öðrum kosti mun hver einstaklingur vinna óháður öðrum og samkvæmt eigin skilningi, fara að sínum eigin óskum og vinna málstaðnum tjón.

Frumkrafan til þeirra, sem taka ráð saman, eru hreinar hvatir, geislan andans, frelsi frá öllu nema Guði, eftirsókn eftir himneskri angan hans, auðmýkt og lítillæti meðal ástvina hans, þolinmæði og langlundargæð í örðugleikum og auðsveipni við upphafna fótskör hans. Verði þeim náðarsamlega hjálpað til að öðlast þessa eiginleika, skal þeim tryggður sigur frá hinu ósýnilega ríki Bahá. Á þessum dögum eru ráð til samráðgunar mikilvægust alls og lífsnaðsyn. Hlýðni við þau er grundvallaratriði og skylda allra. Meðlimir þeirra verða að bera saman ráð sín á þann hátt, að eigi hljótist neitt tilefni til óvildar og sundurþykkju. Þetta getur tekist, ef sérhver meðlimir tjáir skoðanir sínar og ber fram rök sín í fullkomnu frelsi. Sé einhver á öndverðum meiði, má hann alls ekki fyrtast, því að hin rétta leið kemur ekki í ljós fyrr en málin hafa verið rædd til hlítar. Hinn skínandi sannleiksneisti birtist aðeins eftir árekstur andstæðra skoðana. Ef ákvörðun er tekin í einu hljóði að loknum umræðum, þá gott og vel; en ef ágreiningur skyldi rísa, sem Guð forði, verður meirihluti atkvæða að ráða.

Fyrsta skilyrðið er algjör ást og eindrægni meðal ráðsmeðlima. Þeir verða að vera fullkomlega lausir við fíring og birta í sjálfum sér einingu Guðs, því að þeir eru öldur eins sjávar, dropar einnar elfur, stjörnur eins himins, geislar einnar sólar, tré eins aldingarðs, blóm í einum reiti. Ef samstillt hugsun og fullkomin eining er ekki fyrir hendi, skal sá fundur leystur upp og það Ráð að engu gert.

Annað skilyrði: Er þeir koma saman, verða þeir að beina augliti sínu til ríkisins hið efra og biðja um aðstoð frá ríki dýrðarinnar . . . Allar umræður verður að takmarka við andleg efni, sem heyra til þjálfun sálna, fræðslu barna, fátækraaðstoð, hjálp til handa veikluðum í öllum stéttum heims, góðvild gagnvart öllum þjóðum, dreifing á angan Guðs og vegsömun hans heilagra orðs. Reyni þeir að fullnægja þessum skilyrðum, verður þeim tryggð náð Heilags Anda, og það Ráð mun verða mið-

punktur himneskrar blessunar, herskarar guðdómlegrar styrkingar munu koma þeim til hjálpar og þeir munu dag frá degi öðlast nýja úthellingu andans . . . — (Bahá'í Revelation, bls. 305–306.)

Shoghi Effendi skrifar nánar um þetta efni:

„Enginn einstaklingur meðal vinanna má birta almenningi neitt, nema Andlega ráðið á svæði hans hafi íhugað það gaumgæfilega og samþykkt; og sé þetta (eins og það ófæð er í þessu tilviki) mál, sem varðar almenna hagsmuni málstaðarins í því landi, þá ber Andlega ráðinu skylda til að senda það til athugunar og samþykkis Andlega þjóðarráðsins, sem er fulltrúi allra Svæðisráðanna. Undantekningarlaust skyldi bera öll mál, sem lúta að hagsmunum málstaðarins á því svæði, einstaklingsbundin eða heildræn, undir úrskurð Andlega ráðsins, en ekki eingöngu þau, sem varða útgáfustarfsemi. Sé um þjóðlega hagsmuni að ræða, má vísa því til þjóðarráðsins. Þjóðarráðið hefur einnig vald til að ákveða hvort tiltekið mál heyrir undir þjóðlega eða svæðisbundna hagsmuni. (Með þjóðlegum hagsmunum eða málefnum er ekki átt við málefni, sem eru pólitísk í eðli sínu, því að vinum Guðs um allan heim er stranglega bannað að gefa sig að stjórnámálum, með hvaða hætti, sem það kann að vera, heldur öllu fremur þeim hlutum, sem áhrif hafa á andlega starfsemi allra vinanna í því landi.)

Mikilvægast alls er þó fullt samræmi og samvinna milli hinna ýmsu svæðisráða og meðlimanna sjálfra, og sérstaklega milli hvers Svæðisráðs og Þjóðarráðsins, því að undir þessu er komin eining málstaðar Guðs, samstaða vinanna, hröð, gagnvirk og heilshugar starf ástvina hans.

Hin ýmsu Ráð, svæðisbundin og þjóðleg, eru í dag það hellubjarg, sem Allsherjarhús (réttvísinnar) verður í framtíðinni að hvíla á. Við getum ekki vænst þess að sjá fyrir endann á þessu millibilsástandi fyrr en þau starfa í samræmi og af fullum krafti . . . Hafið í huga, að grunntónn málstaðar Guðs er ekki einræðisvald, heldur auðmjúkt bræðralag, ekki gerræðislegur myndugleiki, heldur andi einlægs og ástúðlegs samráðs. Ekkert nema andi sanns bahá'ía getur vonast til að setta meginreglur miskunnar og réttvísí, frelsis og undirgefni, réttarhelgi einstakl-

ingsins og sjálfsuppgjafar, árvekni, gætni og varúðar annarsvegjar og bræðralags, hreinskilni og hugrekki hins vegar.“ . . .

Svæðisráð eins lands eru tengd og starfsemi þeirra samræmd af öðru kjörnu níu manna ráði, Andlega þjóðarráðinu. Þessir níu meðlimir eru kjörnir árlega af fulltrúum, sem kosnir eru á svæðisþingum, sem haldin eru í hverju Svæðisráðsumdæmi . . . Landsþingið, þar sem fulltrúarnir koma saman, er kosningaþing, og aðild að því byggir á meginreglu hlutfallskosningar . . . Þessi Landsþing eru yfirleitt haldin á Ridván-tímanum, þ.e. einhverja þá tólf daga, sem helgaðir eru minningu yfirlýsingar Bahá'u'lláh í Ridván-garðinum í grennd við Bagdad. Fráfarandi Andlegt þjóðarráð viðurkennir fulltrúana.

Landsþingið veitir bahá'íunum tækifæri til að dýpka skilning sinn á bahá'í starfseminni og hlýða á skýrslur um þjóðlega og svæðisbundna starfsemi á liðnu ári. Verkefni bahá'í fulltrúanna takmarkast ekki við fundarsetu á Landsþinginu og þátttöku í kosningu Andlega þjóðarráðsins. Fulltrúarnir eru, þegar þeir koma saman, ráðgefandi nefnd og samráðsaðilar, og verður hið nýkjörna þjóðarráð að taka ráðleggingar þeirra til gaumgæfilegrar athugunar . . .

Tengsl Andlega þjóðarráðsins við svæðisráðin og átrúendurna í landinu í heild, eru skilgreind á eftirfarandi hátt í bréfum Varðar málstaðarins:

„Að því er stofnun Þjóðarráða varðar, er það höfuðnaðsyn, að í sérhverju landi, þar sem skilyrði eru hagstæð og fjöldi vinanna hefur aukist allverulega — verði tafarlaust stofnað Andlegt þjóðarráð, sem sé fulltrúi vinanna í landinu öllu.

Það skyldi án tafar setja sér það markmið að örva, sameina og samræma, með tíðu persónulegu samráði, hina margvíslegu starfsemi vinanna sem og svæðisráðanna; og það á að hafa frumkvæði um og yfirhöfuð hafa stjórn á málefnum málstaðarins í því landi, með því að hafa náið og stöðugt samband við Landið helga.

Það þjónar einnig öðrum tilgangi, engu þýðingarminni en

hinum fyrri, því að þegar fram líða stundir mun það þróast í Þjóðhús réttvísinnar (sem í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá er nefnt „Annars stigs Hús réttvísinnar“), sem samkvæmt skýrum texta erfðaskrárinnar mun, ásamt öðrum Þjóðarráðum í öllum bahá'í heiminum, kjósa beinni kosningu meðlimi Alþjóðlegs eða Allsherjarhúss réttvísinnar, það æðsta ráð, sem mun stjórna, skipuleggja og sameina málefni hreyfingarinnar um allan heim.

Þetta Andlega þjóðarráð, sem endurkjósa verður árlega meðan beðið er stofnunar Allsherjarhúss réttvísinnar, tekur augljóslega á sig þunga ábyrgð, því það verður að hafa óskorað vald yfir öllum svæðisráðum í umdæmi sínu, og verður að stjórna starfsemi vinanna, vernda af árvekni málstað Guðs og hafa á hendi yfirstjórn málefna hreyfingarinnar almennt.

Mikilsverð atriði varðandi hagsmunum málstaðarins í því landi, svo sem þýðingar og útgáfa, Mashriqu'l-Adhkar, kennslustörf og önnur svipuð efni, er greinast frá eiginlegum svæðismálum, verða að falla undir fulla lögsögu Þjóðarráðsins.

Eins og svæðisráðin verður það að vísa hverri þessara spurninga til sérstakrar nefndar, er meðlimir hins Andlega þjóðarráðs skulu skipa úr hópi allra vinanna í því landi, og mun hún standa í sömu tengslum við það og svæðisnefndir við sín svæðisráð hver um sig.

Það verður einnig að skera úr um hvort tiltekið málefni sé í eðli sínu svæðisbundið og því beri að fela það svæðisráðinu til athugunar og umfjöllunar, eða hvort það heyri undir Þjóðarráðið sjálft og sé málefni, sem krefjist sérstakrar athygli þess.

Föst sannfæring mín er sú, að í þágu þess málstaðar, sem við öll elskum og þjónum, sé það skýlaus skylda meðlima nýkjörins Þjóðarráðs, kosnu af fulltrúum á þingtíma, að leitast við sem einstaklingar, jafnt sem heild, að taka sem allra mest tillit til yfirvegaðs álits og staðfastra skoðana hinna samankomnu fulltrúa. Þeir skyldu vísa frá sér hverjum minnsta votti launungar, ótilhlýðilegs heimulleika, einræðislegs fálætis og birta, geislandi af hamingju, áform sín, vonir og áhyggjuefni fulltrúunum, sem hafa kosið þá. Þeir skyldu kynna fulltrúunum hin ýmsu mál, er athuga verður það ár; kanna og meta skoðanir og dóma fulltrúa af rósemi og samviskusemi. Þá fáu daga, sem Landsþingið er að störfum, og eftir að fulltrúarnir eru farnir hver til síns heima, ættu þeir að leita að leiðum og aðferðum til þess að rækta

skilning, auðvelda og viðhalda skoðanaskiptum, efla traustið og gera það ljóst með öllum þeim áþreifanlegu aðferðum, sem þeim standa til boða, að eina þrá þeirra er að þjóna og efla hina sameiginlegu velferð.

Með hliðsjón af þeim óhjákvæmilegu takmörkunum sem tíðir og langir fundir Landsþingsins setja, verður Andlega þjóðarráðið að hafa hönd í bagga með lokaákvörðunum um öll mál, sem snerta hagsmunum málstaðarins – svo sem réttinum að ákveða hvort eitthvert svæðisráð starfar samkvæmt þeim meginreglum, sem settar hafa verið um breytni og framþróun málstaðarins . . .

Varðandi gerð kosningalista, sem notaður er í hinum árvissu bahá'í kosningum; ábyrgð á honum er lögð á herðar hvers Andlegs svæðisráðs og Vörðurinn hefur látið í té eftirfarandi leiðsögn um þetta mál:

„Til að vera stuttorður og jafn gagnorður og ríkjandi kringumstæður leyfa: höfuðatriðin, sem íhuga verður, áður en skorið er úr um hvort líta má á einhvern sem sannan átrúanda eða ekki, eru þessi: Full viðurkenning á stöðu Fyrirrennarans, Höfundarins og hinnar sönnu Fyrirmyndar bahá'í málstaðarins, eins og hún er sett fram í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá; skilyrðislaus viðurkenning á og undirgefni við allt, sem penni þeirra hefur opinberað; trú og staðföst fastheldni við öll fyrirmælin í hinni helgu erfðaskrá Ástvinar okkar; og náðið samneyti við anda jafnt sem form hinnar ríkjandi bahá'í stjórnskipunar – þetta tel ég vera grundvallaratriði og höfuðforsendur, sem ganga verður úr skugga um af sanngirni, gætni og árvekni áður en svo mikilvæg ákvörðun er tekin.“ – (Principles of Bahá'í Administration, bls. 5.)

'Abdu'l-Bahá gefur einnig fyrirmæli um frekari þróun bahá'í skipulagsins . . .

„Og nú, varðandi Hús réttvísinnar, sem Guð hefur ákvarðað að sé óskekult og uppspretta alls góðs; það skal kosið í almennum kosningum, það er, af átrúendunum. Meðlimir þess verða að vera birtendur Guðsótta og uppsprettur þekkingar og

skilnings, staðfastir í trú Guðs og velunnarar alls mannkyns. Með þessu húsi er átt við Allsherjarhús réttvísinnar; það er, í sérhverju landi verður að setja á stofn Annars stigs Hús réttvísinnar, og þessi Annars stigs Hús réttvísinnar verða að kjósa meðlimi Allsherjarhússins.¹

Undir þessa stofnun verður að bera alla hluti. Það setur allar reglur og fyrirmæli, sem ekki er að finna í hinum skýru helgu textum. Þetta ráð á að leysa öll erfið vandamál, og Vörður málstaðar Guðs er helgur forseti þess og á sæti í því ævilangt. Geti hann ekki sjálfur tekið þátt í yfirvegun þess, verður hann að skipa annan í sinn stað . . . Þetta Hús réttvísinnar setur lögin og ríkisstjórnin sér um að framfylgja þeim. Löggjafarráðið verður að styrkja framkvæmdavaldið, framkvæmdavaldið verður að styðja og hjálpa löggjafarráðinu, svo að með nánni einingu og samstillingu þessara tveggja afla megi undirstöður sanngirni og réttlætis verða traustar og sterkar, til þess að öll svæði heimsins geti orðið eins og paradís.

Allir verða að snúa sér til Hinnar helgustu bókar, og allt, sem ekki er ótvírætt skráð þar, verður að fela Allsherjarhúsi réttvísinnar. Það sem þetta ráð ákvarðar, hvort sem það er í einu hljóði eða með meirihluta atkvæða, er vissulega sannleikur og áform Guðs sjálfs. Sá, sem víkur frá því, tilheyrir vissulega þeim, sem unna ósamlyndi, hefur sýnt meinfýsi og snúið baki við Drottni sáttmálans.“ – (Erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá, bls. 15, 16, 17, 18.)

Nú þegar hafa bahá’íar í öllum hlutum heims náð og hjartanlegt samband sín í milli með bréfavíðskiptum eða heimsóknum einstaklinga. Þetta samband meðlima af ýms-um kynþáttum, þjóðernum og trúarhefðum er áþreifanleg sönnun þess, að hægt er að varpa af sér fyrir fullt og allt byrði fordóma og ágreinings, sem runnin er af sögulegum rótum, með anda þeirrar einingar, sem Bahá’u’lláh grundvallaði.

1 Allsherjarhús réttvísinnar var kosið í fyrsta sinn í apríl 1963 af meðlimum fimmtíu og sex Andlegra þjóðarráða.

Heimsskipulag Bahá'u'lláh

Shoghi Effendi lýsir þessu skipulagi og því, sem það felur í sér, í mörgum orðsendingum til bahá'í samfélagsins frá því í febrúar, 1929:

„Eg get ekki látið hjá líða, að hvetja þá, sem samkenna sig þessari trú, að virða að vettugi ríkjandi hugmyndir og þær skoðanir, sem í tísku eru á þessum tímum, og gera sér það ljósar en nokkru sinni fyrr, að úr sér gengnar kenningar og hrynjandi stofnanir nútíma siðmenningar hljóta að vera alger andstæða þeirra stofnana, sem Guð hefur gefið okkur, og ákvarðað er að rísi á rústum þeirra . . .

Því að Bahá'u'lláh . . . hefur ekki aðeins gætt mannkynið nýjum og endurlífandi anda. Hann hefur ekki einungis kunn-gert ákveðnar allsherjarmeginreglur eða sett fram sérstakt heimspekikerfi, hversu þróttmikið, heilbrigt og altækt sem það kann að vera. Auk þessa hefur hann, eins og 'Abdu'l-Bahá að honum liðnum, sett skýr og ótvíræð lög, komið á fót sérstökum stofnunum og sýnt fram á meginatriðin í guðlegri hagspeki, en þetta á sér enga hliðstæðu eða fordæmi í ráðsályktunum fortíð-arinnar. Þetta mun verða mynstrið fyrir samfélag framtíðar-innar, æðsta tækið til stofnunar hins mesta friðar og eina verk-færið til að sameina heiminn og kunngera ríki réttssýni og rétt-lætis á jörðunni . . .

Án hliðstæðu í ráðsályktun Krists, án hliðstæðu í ráðsályktun Múhammeds, án hliðstæðu í öllum ráðsályktun fortíðarinnar, hafa postular Bahá'u'lláh í öllum löndum, og hvar sem þeir kunna að starfa og strita, fyrir framan sig svart á hvítu, með ótvíræðu og þungvægu orðalagi, öll lög, reglur, meginreglur, stofnanir og leiðsögn, sem þeir þurfa á að halda til að fram-kvæma verkefni sitt . . . Í þessu eru séreinkenni bahá'í trúar-innar fólgin. Í þessu er fölginn einingarstyrkur trúarinnar og gildi þeirrar opinberunar, sem hvorki vill eyðileggja né gera lítið úr fyrri opinberunum, heldur tengja þær saman, sameina þær og uppfylla . . .

Þótt trú okkar kunni að virðast veikburða í augum mann-anna, sem ýmist fordæma hana sem afsprengi islam eða fullir fyrirlitningar virða hana að vettugi sem einn þeirra lítilsverðu sértrúarflokka, sem úir og grúir af á Vesturlöndum, þá mun

Þessi ómetanlegi gimsteinn guðdómlegrar opinberunar, sem nú er á fósturskeiði, þróast innan vébanda laga hans og sækja fram, óskiptur og ósnortinn, uns hann umlykur allt mannkynið. Aðeins þeir, sem þegar hafa borið kennsl á hina háleitu stöðu Bahá'u'lláh, aðeins þeir, sem í hjarta sínu hafa orðið snortnir af ást hans og kynnst mætti anda hans, geta metið að verðleikum gildi þessarar guðlegu hagspeki – ómetanlega gjöf hans til mannkynsins.“ – 21. mars, 1930.

„Það er að þessu markmiði – markmiði nýs heimsskipulags, sem er guðdómlegt að uppruna, alltumlykjandi, byggt á meginreglu jafnaðar og felur í sér áeggjun í öllum þáttum sínum – sem hið hrjáða mannkyn verður að keppa . . .

Hversu aumkunarverð er ekki viðleitni þessara leiðtoga mannglegra stofnana, sem án nokkurs tillits til anda aldarinnar, reyna að hafa hemil á ferlum innan þjóða sinna, sem sniðnir voru að fornum dögum sjálfnágra þjóða, og laga þá að öld, sem verður að líta einingu heimsins eða tortímast ella. Á slíkri ör-lagastund í sögu siðmenningarinnar sæmir það leiðtogum allra þjóða heims, stórra og smárra, í Austur- og Vesturlöndum, sigurvegurum og sigruðum, að gefa gaum að kalli Bahá'u'lláh og gegnsýrðir skilningi á heimssamstöðu, sem er ófrávikjanlegt skilyrði fyrir hollustu við málstað hans, rísa upp í djörfung og framfylgja í öllum atriðum því græðingaráformi, sem hann, hinn himneski læknir, hefur fyrirskipað sjúku mannkyni. Látið þá hafna í eitt skipti fyrir öll sérhverri gamalgróinni hugmynd, sérhverjum þjóðernisfordómi og gefa gaum að dásamlegum heilræðum 'Abdu'l-Bahá, lögmætum túlkanda kenninga hans. „Þú getur best þjónað landi þínu,“ var svar 'Abdu'l-Bahá við spurningu embættismanns í þjónustu bandarísku stjórnarinnar, er spurði með hverjum hætti hann gæti best eftt hagsmuni stjórnar sinnar og þjóðar,¹ „ef þú reynir sem heimsþegn að stuðla að því, að meginregla sambandsstjórnar, sem er grundvöllur stjórnar þíns eigin lands, verði tekin upp í tengslum og samskiptum allra þjóða heims.“ . . .

Mynda verður einskonar yfirríki, og því í vil munu allar þjóðir heims fúslega afsala sér sérhverju tilkalli til stríðsreksturs, tilteknum réttindum til skattheimtu og öllum rétti til viðhalds

1 Árið 1912.

vopnabúnaðar, nema til þess að halda uppi lögum og reglu innan landamæra sinna. Slíkt ríki verður að hafa með höndum alþjóðlegt framkvæmdavald, sem hefur fullt og óskorað umboð til að koma lögum yfir sérhvern þvermóðskufullan meðlim samveldisins; heimsþing, sem kosið er til af þjóðunum og kjör þingmanna samþykkt af ríkisstjórn viðkomandi lands; og hæstarétt, en dómar hans eru bindandi, jafnvel í þeim tilvikum, þar sem málsaðilar hafa ekki sjálfviljugir samþykkt að málþeirra yrðu lögð fyrir. Í þessu heimssamfélagi mun öllum viðskiptahöftum verða rutt úr vegi og sameiginlegir hagsmunir auðmagns og vinnuafls afdráttarlaust viðurkenndir; þar hefur háreysti trúarofstækis og deilna þagnað að eilífu; þar hefur eldur kynþáttahaturs endanlega verið slökktur; þar gilda ein alþjóðalög – árangur yfirvegaðra dóma sambandsfulltrúa heimsins – og tafarlaus íhlutun sameinaðs herstyrks sambandsríkjanna mun tryggja að þeim sé framfylgt; og loks heimssamfélag, þar sem heift duttlungafullrar og herskárrar þjóðernishyggiu hefur breyst í fullan skilning á nauðsyn heimsborgarahyggiu – þetta er í grófum dráttum skipulagið, sem Bahá'u'lláh boðaði, skipulag, sem litið mun verða á sem fegursta ávöxt seinþroska aldar . . .

Látum engar efasemdir ríkja um tilgang hnattrænnar löggjafar Bahá'u'lláh. Hún stefnir ekki að því að umbylta núverandi undirstöðum þjóðfélagsins, hún reynir að breikka grundvöll þess og endurmóta stofnanir þess á þann hátt sem samræmist þörfum síbreytilegrar veraldar. Hún stríðir ekki gegn réttmætri þjóðhollustu né grefur undan nauðsynlegri löghlýðni. Markmiðið er ekki að kæfa eld heilbrigðrar og skynsamlegrar ættjarðarástar í hjörtum manna, né afnema sjálfsforræði þjóða, sem er svo þýðingarmikið, ef forðast á hættur öfgakenndrar miðstýringar. Hún hvorki lítilsvirðir eða reynir að eyða fjölbreytileik þjóðareinkenna, sögu, tungu og erfðavenjum, hugsunarhætti og siðum, sem aðgreina þjóðir heims. Hún krefst víðtækari hollustu, að keppt sé að göfugra marki en nokkru sinni fyrr í sögu mannkynsins . . .

Boðskap Bahá'u'lláh er fyrst og fremst beint gegn hverskonar þröngsýni, einangrunarstefnu og fordómum . . . Því að lagaákvæði, stjórn mála- og hagfræðikenningar eru aðeins til þess gerðar að vernda hagsmuni mannkynsins í heild, en ekki til að

mannkyninu verði fórnað til að varðveita eitthvert sérstakt lagaákvæði eða kenningu . . . Kenningin um einingu mannkynsins – sá öxull, sem allar kenningar Bahá'u'lláh snúast um – er ekkert heróp fávíslegrar tilfinningasemi eða tjáning óljósrar og guðrækilegrar vonar . . . Hún ristir dýpra og kröfur hennar eru meiri en nokkrum spámanni til forna var leyft að setja fram. Boðskapur hennar nær ekki aðeins til einstaklingsins, heldur snýst fyrst og fremst um eðli þeirra megintengsla, sem tengja verða saman allar þjóðir og ríki sem meðlimi einnar fjölskyldu mannsins . . .

Hún er hátindur þróunar mannsins . . .

Því miður verður það æ ljósara, að aðeins öfl heimsumlykjandi hörmunga geta hafið mannlega hugsun upp á þetta nýja svið . . . Ekkert nema eldskírn, sem göfga og undirbúa mun mannkynið, getur innrætt ábyrgðarvitund, sem leiðtogar nýrrar aldar verða að vera gæddir . . . Hefur 'Abdu'l-Bahá ekki sjálfur fullyrt, að „önnur styrjöld, ógurlegri en hin fyrri, mun geisa“? – 28. nóvember, 1931.

Þessi stjórnskipan . . . þá er heildarhlutar hennar, hinar lífrænu stofnanir hennar, taka til starfa af krafti og þrótti, mun verja þá kröftum og sýna fram á réttmæti þess að mega ekki einungis teljast kjarni, heldur sjálft mynstur hinnar nýju heimsskipunar, sem ætlað er að umlykja allt mannkyn í fyllingu tímans . . .

Þessari trú einni hefur tekist að reisa þær máttarstöðir, sem ráðvilltar áhangendur gjaldþrota og sundurmolaðra trúarkenninga mættu vel nálgast og rannsaka gaumgæfilega og leita í heimsumlykjandi skjóli hennar óbifanlegs öryggis, áður en það er um seinan . . .

Við hvað geta þessi orð Bahá'u'lláh átt, ef ekki vald og tign þessa stjórnskipulags – fyrstu frjóanga alltumlykjandi bahá'í samveldis framtíðarinnar: *„Jafnvægi heimsins hefur raskast vegna gagntakandi áhrifa þessa æðsta, þessa nýja heimsskipulags. Reglubundnu lífi mannkynsins hefur verið umbýlt með tilstuðlan þessa einstæða, þessa undursamlega kerfis – en dauðleg augu hafa aldrei litið þess líka . . .“*

Bahá'í heimsveldi framtíðarinnar, en meginuppistaða þess er hið mikla stjórnskipulag, er bæði í kenningu og framkvæmd ekki aðeins einstætt í allri stjórnmálasögunni, heldur á sér enga

hliðstæðu í annálum neinna viðurkenndra trúarbragðakerfa heimsins. Engin tegund lýðræðisstjórnar, ekkert kerfi einræðis eða alræðis, hvort sem um er að ræða lýðveldi eða konungsveldi, engin meðalvegs áætlun að hreinni höfðingjaskipan, jafnvel engin hinna viðurkenndu tegunda guðsstjórna, hvort sem um er að ræða hebreska samveldið eða hin ýmsu kristnu kirkjufélög eða . . . kalífastjórn í islam – engri þeirra er hægt að jafna saman við eða telja að samræmist þeirri stjórnskipan, er meistarahönd Hins fullkomna höfundar hefur mótað . . .

Látið engan gera lítið úr þýðingu þessa kerfis, meðan það enn er á bernskuskeiði, eða mistúlka áform þess. Sá grunnur, sem stjórnskipunin byggir á, er hinn óhagganlegi tilgangur Guðs fyrir mannkynið á þessum degi. Uppspretta innblásturs þess er engin önnur en Bahá'u'lláh sjálfur . . . Hið miðlæga grundvallarmarkmið, sem gefur því líf og anda, er stofnun nýs heimsskipulags, sem Bahá'u'lláh hefur lagt drögin að. Þær aðferðir, sem það notar, merkið, sem það heldur á lofti, gerir það hvorki austrænt né vestrænt, hvorki gyðinglegt né heiðinglegt, hvorki ríkt né fátækt, hvorki hvítt né litað. Lykilorð þess er eining mannkynsins; fáni þess „hinn mesti friður“ . . . 8. febrúar, 1934.

Andstæðurnar milli samsafnaðs vitnisburðar um þá stöðugu treystingu, sem er samfara upphafi stjórnskipunar trúar Guðs, og eyðingar aflanna, sem grafa undan stöðum jóðsjúkrar aldar, eru jafn augljósar og þær eru athyglisverðar. Bæði innan og utan bahá'í heimsins fjölgar sífellt þeim táknum og ummerkjum, sem boða á leyndardómsfullan hátt fæðingu þess heimsskipulags, sem táknar upphaf gullaldar málstaðar Guðs, er það kemst á fastan grundvöll . . .

Bahá'u'lláh kunngerir það sjálfur: „*Brátt mun ríkjandi skipulagi verða vafið saman og nýtt breitt út í þess stað.*“

Á opinberun Bahá'u'lláh . . . ætti . . . að líta sem tákn um það, að með tilkomu hennar *hefur allt mannkynið orðið fullveðja*. Hana ber ekki aðeins að skoða sem enn eina andlega vakningu í sífbreytilegum örlögum mannkyns, ekki aðeins sem enn frekari áfanga í röð stighækkandi opinberana né sem hámark kerfisbundinna spádómsstímabíla, heldur öllu heldur sem síðasta og efsta þrepið í hinni magnþrungnu þróun samfélagslífs manna á þessari plánetu. Tilkoma alheimssamfélags, meðvitund um al-

heimsþegnrétt, grundvöllun hnattrænnar siðmenningar... ætti... að skoða, að svo miklu leyti sem þessu jarðlífi viðkemur, sem ystu mörkin í skipulagningu mannlegs samfélags, þótt maðurinn, sem einstaklingur muni, nei, öllu heldur hljóti í framhaldi af slíkri fullkomnun að þróast og þroskast endalaust.

Eining mannkynsins, eins og Bahá'u'lláh sér hana, felur í sér stofnun heimssamveldis, þar sem allar þjóðir, kynþættir, trúflokkar og stéttir eru tengdar nánnum böndum, þar sem sjálfsforræði sambandsríkjanna og persónulegt frelsi og framtak einstaklinganna er afdráttarlaust og fullkomlega verndað. Þetta heimssamveldi verður, að svo miklu leyti, sem við getum gert okkur grein fyrir því, að styðjast við alheimslöggjafarþing og meðlimir þess verða fulltrúar alls mannkynsins og munu hafa yfirumsjón með auðlindum allra sambandsþjóðanna og setja lög, sem tryggja reglubundið líf, fullnægja þörfum og bæta tengsl allra þjóða og kynþátta. Alheimsframkvæmdavald, sem styðst við alþjóðaher, mun sjá um framkvæmd þeirra ákvarðana, sem teknar eru, og framfylgja þeim lögum, sem þetta heimslöggjafarþing setur og vernda einingu alls samveldisins. Alheimsdómstóll mun kveða upp endanlega dóma í öllum deilum, sem kunna að rísa milli meðlimanna í þessu heimskerfi. Samskiptakerfi verður skipulagt um allan heim, sem laust er við öll höft og takmarkanir einstakra þjóða og starfa með undursamlegum hraða og fullkominni reglu. Heimshöfuðborgin mun verða brennipunktur heimsmenningarinnar, sem sameinandi öfl lífsins munu beinast að, og þaðan sem stafa mun eflandi áhrifum. Heimsmál mun annaðhvort verða búið til eða valið eitt þeirra tungumála, sem talað er í heiminum, og það kennt í skólum allra sambandsþjóðanna ásamt móðurmálinu. Heimsletur, heimsbókmenntir, samræmd heimsmynt, mál og vog munu auðvelda samskipti og skilning þjóða og kynþátta á milli. Í slíku heimsþjóðfélagi munu vísindi og trúarbrögð, tvö máttugustu öfl mannlegs lífs, sættast heilum sáttum, starfa saman og þróast í fullu samræmi. Samkvæmt þessu skipulagi munu blöðin birta margvíslegustu skoðanir og sannfæringu manna, en ekki verða framar stjórnað af sérhagsmunum einstaklinga eða flokka og leyst undan áhrifavaldi andstæðra ríkisstjórna og þjóða. Auðlindir heimsins verða skipulagðar, hráefnisauðlindir

beislaðar og nýttar til fulls, markaðir samræmdir og þróaðir og dreifing vörunnar skipulögð af sanngirni og jöfnuði.

Samkeppni, hatur og samsæri milli þjóða mun hverfa að fullu, og kynþáttaofsóknir og fordómar víkja fyrir vináttu, skilningi og samvinnu. Orsakir trúardeilna munu upprættar að fullu og öllu, viðskiptabönn og hömlur verða algerlega numin úr gildi og óhóflegur stéttamunur hverfa úr sögunni. Örbirgð annars vegar og geysileg auðsöfnun hins vegar mun ekki sjást framar. Hin gífurlega orka, sem glatast og eytt er í styrjaldir, bæði fjárhagslegs og stjórnmálalegs eðlis, verður hagnýtt í þágu mannlegra uppgötvana og tækniþróunar, til að auka framleiðslu mannkynsins, til sjúkdómarannsókna, til aukinna vísindarannsókna, til úrbóta í heilbrigðismálum, til að þroska og skerpa mannsheilann, til að beisla ónotaðar og ófundnar orkulindir jarðarinnar, til að lengja mannsævina og til styrktar hverju því afli, sem örvað getur vitsmunalegt, siðferðilegt og andlegt líf alls mannkynsins.

Heimsbandalagskerfi, sem ríkir yfir allri jörðunni, hefur óskorað vald yfir hinum geysilegu auðæfum hennar, sem samræmir og sýnir í verki hugsjónir austurs og vesturs, leyst undan bölvun styrjalda og hörmungum þeirra; sem vinnur markvisst að nýtingu allra tiltækra orkulinda á yfirborði jarðar; kerfi, þar sem aflinu er gert að þjóna réttlætinu; líf, þar sem grunntónninn er allsherjarviðurkenning á einum Guði og hollustu við eina sameiginlega opinberun – þetta er markmiðið, sem mannkynið, knúðið áfram af sameinandi afli lífsins, sækir að . . .

Allt mannkynið þjáist, væntir þess í örvilnan að verða leitt til einingar og endir verði bundinn á aldalangri kvalagöngu þess. Samt neitar það í þvermóðsku að umfaðma ljósið og viðurkenna alger yfirráð þess eina Valds, sem getur brotið af því hlekkina og komið í veg fyrir hinar skelfilegu hörmungar, sem hóta að færa það í kaf . . .

Sameining alls mannkynsins er einkenni þess þróunarstigs, sem mannkynið nálgast nú. Eining fjölskyldunnar, kynflokksins, borgrikisins og þjóðarinnar hefur verið reynd og hún tekist. Heimseining er nú það takmark, sem hið hrjáða mannkyn stefnir að. Uppbyggingu þjóðanna er nú lokið. Stjórnleysið, sem yfirráð einnar þjóðar kallar á, er að ná hámarki. Heimur á

þroskabraut verður að hverfa frá þessu úrelta fyrirkomulagi, viðurkenna einingu og heild mannlegra samskipta og stofnsetja í eitt skipti fyrir öll það skipulag, sem best er til þess fallið að framfylgja þessari meginreglu lífsins . . . — 11. mars, 1936.

Eftirmáli

Undir innblásinni leiðsögn Shoghi Effendi jókst bahá'í málstaðnum stöðugt fylgi og stjórnskipunin varð fastmótadri, uns ellefu Andleg Þjóðarráð voru starfandi í heiminum árið 1951. Þá sneri Vörðurinn sér að þróun stofnana trúarinnar á alþjóðlegum grundvelli. Hann skipaði Alþjóðlega bahá'í ráðið, fyrirrennara Allsherjarhúss réttvísinnar, og skömmu síðar skipaði hann fyrsta hópinn af Höndum málstaðar Guðs. Áður hafði Shoghi Effendi útnefnt nokkra bahá'ía, sem þjónað höfðu trúnni af einstakri hollustu Hendur málstaðar Guðs eftir andlát þeirra, en þeirra á meðal var dr. John E. Esslemont. Það var þó fyrst árið 1951, sem hann taldi tíma til þess kominn að hefja þróun og uppbyggingu þessarar mikilvægu stofnunar af fullum krafti. Hann skipaði þrjátíu og tvær Hendur með stuttu millibili á árunum 1951–1957, og færði út starfssvið þeirra og stofnaði Hjálparráð í öllum heimsálfum. Hendurnar völdu sjálfar meðlimi Hjálparráðanna sem staðgengla sína, aðstoðarmenn og ráðgjafa. Er Shoghi Effendi lést voru tuttugu og sjö þessara Handa enn á lífi.

Í fjölda bréfa, sem sum voru stíluð til bahá'ía um allan heim, og önnur til bahá'ía í tilteknum löndum, dýpkaði Vörðurinn skilning þeirra á kenningunum, byggði upp

stjórnstofnanir trúarinnar, leiðbeindi átrúendunum um rétta og gagnvirka notkun þeirra og árið 1937 fól hann ameríska bahá'í samfélaginu að hefja framkvæmd hinnar guðlegu áætlunar um útbreiðslu boðskapar Bahá'u'lláh. 'Abdu'l-Bahá hafði opinberað þessa guðlegu áætlun í fjölda taflna, sem ritaðar voru meðan á heimsstyrjöldinni fyrri stóð og eru grundvöllurinn að boðun og útbreiðslu trúarinnar.

Innan ramma þessarar áætlun var fjöldi kennsluáætlana hrundið af stað, fyrst í Vesturheimi, síðan einnig í Evrópu, Asíu, Eyjaálfunni og Afríku, en árið 1953 ákvað Vörðurinn að hefja „andlega krossferð, sem ná átti til alls heimsins og skyldi standa í einn aítug“. Markmiðið var að flytja boðskap trúarinnar til allra sjálfstæðra ríkja og nýlendna í heiminum.

Árið 1957, er þessi krossferð var hálfnuð, lést Vörðurinn, meðan á heimsókn hans til Lundúna stóð, eftir þrjátíu og sex ára þrotlaust starf.

Þar sem Shoghi Effendi átti engan erfingja var starfsemi trúarinnar samræmd og stjórnað af tuttugu og sjö Höndum málstaðarins eftir lát hans, uns krossferðinni lauk með sigri í apríl 1963, en þá var fyrsta Allsherjarhús réttvísinnar kosið af meðlimum fimmtíu og sjö Andlegra þjóðarráða, sem Hendur málstaðarins höfðu kallað saman í bahá'í heims-miðstöðinni í Haifa.

Strax að loknum þessum sögulegu kosningum komu bahá'íar frá öllum heismshlutum saman í Lundúnum á fyrsta heimsþingi trúarinnar til að fagna hundrað ára ártíð yfirlýsingar Bahá'u'lláh og útbreiðslu trúar hans um allan heim.

Æðsta stofnun trúarinnar í dag er Allsherjarhús réttvísinnar, sem Bahá'u'lláh skapaði í helgastri bók sinni (Kitáb-i-Aqdas), en þessi stofnun hefur vald til að setja löggjöf um öll þau málefni, sem ekki er fjallað um í bahá'í ritningunum, og henni er tryggð guðleg handleiðsla í sjálfum hinum heilaga texta. Í erfðaskrá sinni segir 'Abdu'l-Bahá með hverjum hætti skal kosið til Allsherjarhúss réttvísinnar,

kilgreinir stöðu þess og skyldur nánar, staðhæfir að það njóti beinnar handleiðslu Bábsins og Bahá'u'lláh og sé sú stofnun, sem allir verði að snúa sér til.

Hin einstæðu séreinkenni bahá'í trúarinnar eru fólgin í sáttmála Bahá'u'lláh, þeirri undirstöðu, sem trúin reisir á alla þróun sína og stofnanir. Sáttmálinn er einstæður að því leyti, að þetta er í fyrsta sinn í sögu trúarbragðanna sem birtandi Guðs heimilar á skýran og ótvíræðan hátt tilteknum aðila ('Abdu'l-Bahá) túlkun orðs síns og tryggir samfellt samhengi þess guðdómlega valds, sem streymir frá uppsprettu trúarinnar.

Í eldri trúarbrögðum hefur túlkun ritninganna ætíð verið helsta orsök sundrungar og klofnings. Í Bók sáttmálans veitir Bahá'u'lláh elsta syni sínum, 'Abdu'l-Bahá, fulla heimild til að túlka ritningar sínar og annast stjórnun málstaðarins. Í erfðaskrá sinni skipaði 'Abdu'l-Bahá elsta barnabarn sitt, Shoghi Effendi, Vörð trúarinnar og eina túlkanda ritninganna. Í trúnni er engin prestastétt og enginn einstaklingur getur gert kröfu til sérstakrar stöðu eða haldið því fram að hann njóti sérstakrar leiðsagnar; valdið er í höndum stofnana, sem mótaðar eru í bahá'í ritningunum. Hið opinberaða orð Bahá'u'lláh og heimiluð túlkun þess verður á öllu trúarbragðatímabilinu hreint og flekklaust; óspillt og óspillanleg uppspretta andlegs lífs fyrir mennina.

Árið 1968 gerði Allsherjarhús réttvísinnar sérstakar ráðstafanir til að tryggja framhald þeirrar verndar og útbreiðslu, sem verið hefur sérstakt hlutverk Handa málstaðarins, með stofnun Álfuráða. Í sérhverju ráði eru nokkrir ráðgjafar, sem Allsherjarhús réttvísinnar skipar, og starfa þeir í náinni samvinnu við Hendur málstaðar Guðs. Álfuráðin annast stjórn Aðstoðarráðanna og skipun meðlima þeirra, en starfs svið Handanna, sem nú eru sautján talsins, hefur verið fært út og nær nú til heimsins alls.

Vörðurinn hafði ritað um hnattrænar kennsluáætlanir framtíðarinnar, sem lytu stjórn Allsherjarhúss réttvísinnar, og hin fyrsta – níu ára áætlun – hófst 1964. Þegar þetta er

ritað, 1972, hefur bahá'í trúin náð fótfestu í meira en 130 sjálfstæðum ríkjum heims. Bahá'íar eru búsettir á rösklega 60.000 svæðum um allan heim, bækur um bahá'í trúna hafa verið þýddar og gefnar út á meira en 430 tungumálum, lokið hefur verið við byggingu fimmta bahá'í musterisins í Panama, keypt hefur verið land víða um heim undir 58 musteri til viðbótar, Andleg þjóðarráð eru 113 talsins (130 í apríl 1978) og rúmlega 10.000 Andleg svæðisráð.

Athyglisverðust eru viðbrögð fjöldans í Afríku, SA-Asíu og Suður-Ameríku, þar sem hinir innfæddu játast Málstaðnum í tugþúsundatali, og hefst þar með nýtt skeið í þróun stjórnarfarslegrar og félagslegrar starfsemi bahá'í samfélagsins í heiminum.

Eftirmáli útgefanda

Unnið er að kennslu og útbreiðslu bahá'í trúarinnar í áætlunum, sem Shoghi Effendi og síðar Allsherjarsmús réttvísinnar hafa sett bahá'í samfélögunum um allan heim.

Í tíu ára áætluninni (1953–1963) fengu bahá'íar í Kanada það verkefni að kenna trúna og festa stofnanir hennar í sessi hér á landi. Margir brautryðjendur fluttust hingað frá Kanada í þessu skyni og settust hér að, sumir um stundarsakir, aðrir til frambúðar. Árangurinn af starfi þeirra varð sá, að árið 1971 var fyrst kosið til Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi og í lok þessarar áætlunar voru fimm Andleg svæðisráð starfandi hérlandis.

Í fimm ára áætlun bahá'í heimsins um útbreiðslu trúar Bahá'u'lláh, sem hófst árið 1974, var m.a. ráð fyrir því gert, að í lok áætlunarinnar yrðu níu Andleg svæðisráð starfandi á landinu og 45 svæði, þar sem bahá'íar væru búsettir. Í september 1978 höfðu þegar verið stofnuð átta svæðisráð og á landinu öllu eru 22 svæði, þar sem bahá'íar eru búsettir. Í þessari áætlun var íslenska bahá'í samfélaginu einnig fengin í hendur umsjón með málefnum bahá'ía í Færeyjum, en þar er starfandi eitt svæðisráð.

Á fjórða Alþjóðþingi bahá'ía í Haifa í maí 1978, þar sem meðlimir Andlegra þjóðarráða um allan heim kusu til Alls-

herjarhúss réttvísinnar, var skýrt frá því, að nú væru alls 130 Andleg þjóðarráð starfandi í heiminum. Andleg svæðisráð eru rösklega 19.000 talsins (10.000 árið 1972) og svæði, þar sem bahá'íar eru búsettir, eru rúmlega 83.000 (60.000 árið 1972). Tvö bahá'í musteri eru í byggingu í viðbót við þau fimm, sem þegar hafa verið reist: annað á Indlandi, hitt á Vestur-Samoa í Kyrrahafi. Hafa þá bahá'í musteri verið reist í öllum álfum heims, að Eyjaálfunni meðtalinni.

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi